*„Okkur Mezzoforte-kærustunum var meira að segja stundum meinaður aðgangur að búningsherbergjunum.“*

**ELLEN KRISTJÁNS RÆÐIR UM FERILINN, NÝJU PLÖTUNA OG MUNINN Á RÍKASTA LANDI Í HEIMI OG ÞVÍ FÁTÆKASTA.**

FRÍTT

# FRÉTTABLAÐIÐ

15. desember 2007 — 341. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

## LAUGARDAGUR

### Kokkteilar og kökur í Kaupmannahöfn

Jón Atli Jónasson rithöfundur og leikritaskáld er 35 ára.

TÍMAMÓT 34

### Í nýja hljómsveit

Eiríkur Hauksson syngur með gítarleikara WigWam í nýrri hljómsveit.

FÓLK 98

### Af hverju fór Eggert?

Umdeildir stjórnunarhættir og háir launasamningar eru á meðal þess sem varð Eggerti Magnússyni að falli.

ÍÞRÓTTIR 90

### hús&heimili

Nýju þulurnar á RÚV bjóða lesendum Fréttablaðsins í heimsókn.

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

### VEÐRIÐ Í DAG




**ÞORNAR OG LÉTTIR TIL** Í dag verður suðvestan eða vestan átt 8-13 m/s en hvassara allra vestast á landinu. Víða úrkoma með morgninum en þornar upp nálægt hádegi og léttir til, einkum suðaustan til. Hiti 0-5 stig mildast vestast.

VEÐUR 4

# Vilja 400 manna hátækni-vinnustað í Þorlákshöfn

**Fulltrúar ítalska iðnfyrirtækisins Becromal og fjárfestingarfélagsins Strokks ehf. stefna að því að reisa kísilhreinsun fyrir sólarorkusellur fyrir 400 starfsmenn. Allt til alls, segir Ólafur Áki Ragnarsson bæjarstjóri.**

**IÐNAÐUR** „Ég horfi ávallt fram á við og hugsa til framtíðar […]. Ég trúi því að starfsstöð okkar á Þorlákshöfn verði tilbúin fyrir jólin 2009,“ segir Aldo Si Fasano, aðstoðarframkvæmdastjóri ítalska fyrirtækisins Becromal, en það vinnur nú að því í samstarfi við fjárfestingarfélagið Strokk Energy ehf. að reisa kísilhreinsun fyrir sólarorkusellur í Þorlákshöfn. Sömu félög vinna að uppbyggingu aflþynnuverksmiðju á Akureyri en hún verður komin í gagnið í lok næsta árs samkvæmt áætlunum.

Aldo staðfesti í samtali við Fréttablaðið í gær að undirbúningur vegna verkefnisins væri langt kominn og hefði staðið lengi. Hann var staddur hér á landi á fundum vegna verkefnisins á Akureyri og undirbúnings kísilhreinsunarinnar. „Þetta verður hátæknivinnustaður sem krefst fjölbreytilegrar þekkingar og framsýni. Um 40 starfsmenn þurfa að hafa lokið háskólamenntun á sviði hátækni af ýmsu tagi. Einnig verður stór hluti starfsmanna að hafa lokið sérhæfðri iðnmenntun.“

Ólafur Áki Ragnarsson, bæjarstjóri í Þorlákshöfn, segist ánægður með áætlanirnar en hreinsuninni hefur þegar verið fundinn staður á tólf hektara lóð vestan byggðarinnar. „Þessar viðræður hafa farið leynt enda verkefnið stórt. Við höfum allt til alls svo hægt sé að uppfylla þær þarfir sem hreinsunin þarf og vonandi verður hún að veruleika. Ég tel vel raunhæft að svo geti verið.“

Hreinsunin þarf 150 megavött af rafmagni allan ársins hring. Viðræður milli Landsvirkjunar og fulltrúa Becromal og Strokks eru á frumstigi. Horft er til þess að nýta raforku frá virkjunum í neðri hluta Þjórsár en nýting raforkunnar héldist þá innan Suðurlands sem margir hafa lagt áherslu á. - mh

**VIÐ ÖLLU BÚIN** Þrjú hundruð björgunarsveitamenn stóðu í ströngu um allt land annan óveðursdaginn í röð. Hálfdán Ágústsson, Björk Hauksdóttir, Halldór Ingi Ingimarsson, Árni Þór Lárusson og Snorri Maríusarson hjá Hjálparsveitar skáta í Reykjavík sjást hér standa stolt í höfuðstöðvum hjálparsveitarinnar eftir langan vinnudag. Sjá síðu 16 og 18. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Falið vandamál kvenna:

## Misnota svefn- og róandi lyf með áfengi

**HEILBRIGÐI** Um 35 prósent kvenna sem koma á Vog í meðferð leita þangað vegna misnotkunar á róandi lyfjum og svefnlyfjum með áfengi.

„Þessum hópi hefur fjölgað jafnt og þétt síðustu tíu árin,“ segir Valgerður Rúnarsdóttir, meðferðarfulltrúi hjá SÁÁ. Að sögn hennar er hlutfall karlmanna í sama hópi mun minna og hefur ekki breyst undanfarin ár.

Jenný Anna Baldursdóttir fór í meðferð fyrir fjórtán mánuðum vegna ofneyslu á róandi lyfjum með áfengi og hefur bloggað um reynslu sína. „Ég laug að læknunum mínum og var orðin blekkingarmeistari af guðs náð. Ég skutlaði mér bara í sparifötin þegar ég þurfti að fara út úr húsi til að ná í meiri lyf,“ segir hún í viðtali við Fréttablaðið í dag. Hún segist fá ótal bréf frá konum sem eru í sömu sporum og hún var í og segir þetta vera vandamál sem margar konur reyni að leyna.

- jma / sjá síðu 46

Fjárfestum stóð til boða að kaupa hlutabréf í FL Group fyrir 15 milljarða:

## Vildu kaupa 21 milljarð í FL

**VIÐSKIPTI** Fjárfestar vildu kaupa hlutafé í FL Group að andvirði 20,6 milljarða króna í hlutafjárútboði félagsins sem lauk í gær. Jón Sigurðsson, forstjóri félagsins, segir þetta staðfesta trú fjárfesta á breytingum sem kynntar hafa verið á félaginu.

Hlutaféð sem selt var skiptist þannig að nýir hlutir voru seldir fyrir um tíu milljarða króna og Baugur Group seldi hlutafé fyrir um fimm milljarða króna. Það er í samræmi við yfirlýsingar þegar FL Group keypti hluti í fasteignafélögum af Baugi Group. Gengi FL Group var 14,7 í útboðinu.

Fimm nýir stjórnarmenn voru kjörnir á hluthafafundi FL Group í gærmorgun. Jón Ásgeir viðurkenndi að einstakar fjárfestingar hefðu verið of umfangsmiklar miðað við stærð félagsins. Dregið yrði úr kaupum í skráðum fyrirtækjum og markaðsáhætta minnkuð.

Hannes Smárason, fyrrverandi forstjóri, sagði félagið hafa vaxið mikið eftir að hann kom að því árið 2004. Það þýddi ekki endilega að allt hefði verið rétt gert heldur að oftar var gert rétt en rangt. - bg

Girnilegar jólauppskriftir á www.jolamjolk.is

**SPURNING DAGSINS**

*Já, sæll!*

„Eigum við að ræða það eitthvað? Nei, ég hélt ekki.“

Ögmundur Jónasson er þingmaður Vinstri grænna. Ögmundur og félagar hans hafa mótmælt afgreiðslu laga um þingsköp, þar sem ræðutími þingmanna er takmarkaður.

Umsókn um lóð fyrir skíðahús í Úlfarsfelli væntanlega afgreidd innan skamms:

# Fjárfestir lýsir áhuga á þátttöku

**FRAMKVÆMDIR** Einn fjárfestir, með mikið fjárhagslegt bolmagn, hefur lýst áhuga á að taka þátt í byggingu yfirbyggðs skíðasvæðis í hlíðum Úlfarsfells í Reykjavík.

Daníel Jakobsson, formaður Skíðasambands Íslands, vill ekki upplýsa um hvern ræðir en segir viðkomandi vilja koma að fullnaðarþróun verkefnisins og framtíðarrekstri skíðahússins.

Umsókn undirbúningsfélags í eigu Skíðasambandsins um lóð í Úlfarsfelli hefur verið til meðferðar í borgarkerfinu síðan í vor og segir Björn Ingi Hrafnsson, formaður borgarráðs, að til standi að afgreiða hana á næstu dögum eða vikum. Honum hugnast hugmyndin vel enda hafi opnunardögum á skíðasvæðinu í Bláfjöllum farið fækkandi þrátt fyrir kostnaðarsama uppbyggingu á síðustu árum. Fyrir vikið þurfi afreksfólk í skíðaíþróttinni að stunda æfingar í útlöndum.

TÖLVUMYND AF FYRIRHUGUÐU SKÍÐAHÚSI

Daníel kveðst vongóður um jákvæða afgreiðslu enda hafi hugmyndin mætt velvilja. „Við reynum að sparka þessu í gegn,“ segir hann en telur eðlilegt að afgreiðslan taki tíma þar sem lóðin sé stór.

Áætlanir gera ráð fyrir að verkefnið kosti tæpa þrjá milljarða króna og í kynningu er það sagt raunhæfur kostur fyrir fjárfesta. - bþs

Banaslysið í Reykjanesbæ:

# Maðurinn enn í farbanni

**DÓMSMÁL** Maður, sem grunaður er um að hafa valdið dauða fjögurra ára drengs í Reykjanesbæ fyrir hálfum mánuði, verður áfram í farbanni, samkvæmt dómi Hæstaréttar í gær. Lögreglustjórinn á Suðurnesjum hafði krafist framlengingar á gæsluvarðhaldsvist mannsins, en héraðsdómur hafnaði því í vikunni. Hæstiréttur staðfesti í gær farbann á manninn til 8. janúar.

Ýmsir tæknilegir rannsóknarþættir benda til þess að drengurinn hafi orðið fyrir bíl sem maðurinn er grunaður um að hafa ekið þegar slysið varð. Maðurinn neitar enn sök. - jss

Brjóstakrabbamein:

# Brjóst fjarlægð af fyrirbyggjandi ástæðum

**HEILBRIGÐISMÁL „Ef staðfesting fæst á því að kona sé með ættgengt brjóstakrabbamein kemur jafnvel til álita að fjarlægja „heilbrigða“ brjóstið af fyrirbyggjandi ástæðum og byggja nýtt upp um leið,“ segir Þórdís Kjartansdóttir, lýtalæknir og sérfræðingur á almennu skurðsviði Landspítalans, en hún byggir upp brjóst kvenna sem fengið hafa brjóstakrabbamein.**

ÞÓRDÍS KJARTANSDÓTTIR

**„Í flestum tilfellum er áhættan við brjóstauppbyggingar forsvaranleg miðað við ávinninginn en öllum aðgerðum fylgir áhætta,“ segir Þórdís. Þá geta læknisfræðilegar ástæður einnig mælt með slíkri aðgerð.** - eb / sjá síðu 40

Ritstjórn Fréttablaðsins:

# Nýr fréttastjóri

TRAUSTI HAFLIÐASON

Trausti Hafliðason hefur verið ráðinn fréttastjóri á Fréttablaðinu.

Trausti starfaði sem blaðamaður á Morgunblaðinu frá árinu 1999 til 2001, þegar hann hóf störf hjá Fréttablaðinu við stofnun þess. Hann var blaðamaður og síðar fréttastjóri Fréttablaðsins um nokkurra ára skeið þar til hann réði sig sem ritstjóra Blaðsins fyrir ári.

Aðrir fréttastjórar Fréttablaðsins eru Arndís Þorgeirsdóttir og Kristján Hjálmarsson.

# Hjúkrunarrýmum fækkað um hundrað

**Mikill vandi steðjar að Landspítala vegna fyrirhugaðra endurbóta á hjúkrunar- og dvalarheimilinu Grund. Heilbrigðisráðuneytið hefur ekki gert ráðstafanir þótt ljóst sé að rýmum fækki verulega á hjúkrunarheimilum á næstunni.**

**HEILBRIGÐISMÁL** „Ég vakti athygli heilbrigðisráðuneytisins á því að best væri fyrir samfélagið að byggja nýtt hús áður en ráðist yrði í þessar framkvæmdir, en því var ekki sinnt,“ segir Júlíus Rafnsson, framkvæmdastjóri Grundar. Breytingar og endurbætur hefjast á Grund í mars og er markmiðið að stækka híbýli heimilismanna og setja baðherbergi inn á hvert herbergi. Eftir breytingarnar munu verða 100 færri rými á heimilinu. Þar eru nú um 220 heimilismenn en áætlað að 120 verði þar eftir endurbætur.

„Þetta er stórmál,“ segir Magnús Pétursson, forstjóri Landspítalans, en helmingur þeirra sem flust hafa inn á Grund á síðustu árum hafa komið frá Landspítalanum. Hann segir að verði ekki brugðist við stöðunni með einhverju móti innan skamms sé ljóst að enn meiri teppur munu myndast á deildum spítalans en fyrir eru. Jafnvel þó að Grund ætli að sinna endurbótunum smám saman til að reyna að koma á móts við þarfir spítalans. „Við metum tillitssemi forsvarsmanna Grundar mikils,“ segir Magnús.

Magnús hefur haft samband við Guðlaug Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra vegna málsins og beðið um að þrýst verði á önnur dvalar- og hjúkrunarheimili um að þau taki við fleiri útskrifuðum sjúklingum af Landspítalanum en verið hefur og er það í athugun hjá ráðuneytinu.

„Nú þegar vantar að minnsta kosti 400 ný rými, því eldri heimili eru öll að byrja á hliðstæðum breytingum og við,“ segir Júlíus. Hann telur stjórnvöld ekki hafa gefið málinu nægilegan gaum og bendir á að á síðasta ári hafi verið ákveðið að 100 milljónum yrði veitt á næstu þremur árum til að auðvelda eldri hjúkrunarheimilum endurbætur. Ljóst hafi verið að við slíkar breytingar myndi hjúkrunarrýmum fækka umtalsvert. „En það var ekki einu sinni spurt hvað þyrfti að gera til að koma til móts við þá fækkun,“ segir hann.

Júlíus segir áætlað að fyrsti áfangi breytinganna á Grund taki um átta til níu mánuði. „Við gætum farið mikið hraðar í þetta mál en við viljum milda þetta til að taka tillit til þarfa spítalans þótt við séum þeim ekki samningsbundin.“

Ekki náðist í Guðlaug Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra við vinnslu fréttarinnar.

karen@frettabladid.is

BETRI HERBERGI EN UM HUNDRAÐ FÆRRI Eldri hjúkrunarheimili stefna öll að endurbótum sem munu hafa í för með sér mikla fækkun á hjúkrunarrýmum.

FRÉTTABLAÐIÐ/HILMAR

MAGNÚS PÉTURSSON

JÚLÍUS RAFNSSON

RISAOLÍUSKIP Bera allt að 100 þúsund tonn af olíu. 500 fara fram hjá Íslandi 2015. MYND/LHG

Landhelgisgæslan í samstarf:

# Stórt skref til að auka öryggi

**ÖRYGGISMÁL Landhelgisgæslan hefur gert samstarfssamning við skipaumferðarmiðstöðina Vardö VTS í Noregi. Samstarfið er afar mikilvægt vegna aukinnar áherslu á eftirlit með stórum flutningaskipum sem leggja leið sína framhjá Íslandi.**

**Spáð er að allt að 500 stór tankskip fari árlega með farma allt að 100 þúsund tonn um lögsögu Íslands á leið sinni vestur um haf árið 2015 eða eftir einungis sjö ár. Alþjóðasiglingastofnunin (IMO) hefur nýverið samþykkt reglur um siglingaleiðir skipa yfir 5.000 tonnum að stærð og skipa með hættulega farma við Suðvesturland, undan Reykjanesi og í Faxaflóa og taka þær gildi 1. júlí á næsta ári.**

- shá

**KÓPAVOGUR**

## Íbúar verða 30 þúsund 2008

Áætlað er að íbúar í Kópavogi verði 30 þúsund talsins í lok næsta árs að því er kom fram á bæjarstjórnarfundi. Íbúar í Kópavogi voru 27.536 1. desember í fyrra samkvæmt Hagstofu Íslands.

Viðamikil rannsókn lögreglu á þjófnaði úr dánarbúi Böðvars Kvaran:

# Fimmtán bókum af nokkrum tugum hefur verið skilað

**LÖGREGLUMÁL** Fimmtán bókum sem teknar voru ófrjálsri hendi úr dánarbúi Böðvars Kvaran hefur nú verið skilað til lögreglu, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins. Eins og greint hefur verið frá var tugum bóka stolið úr dánarbúinu og kærðu aðstandendur þjófnaðinn til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu síðla sumars.

Um er að ræða mjög verðmætar bækur og fleiri skjöl sem reyndust vera horfin úr dánarbúinu þegar verknaðurinn komst upp. Böðvar var mikill bókasafnari og mörg gömul og afar verðmæt verk í safni hans.

Rannsókn lögreglunnar á málinu hefur verið mjög viðamikil og flókin og skýrslur verið teknar af fjölmörgum einstaklingum. Einhverjar bókanna eru taldar hafa komist í umferð á markaði bókasafnara og listunnenda.

Meðal bóka sem saknað er úr dánarbúinu má nefna tölusett eintak af bókinni Pétri Gaut sem Einar Benediktsson þýddi og gaf út í þrjátíu tölusettum eintökum árið 1901. Lögreglu hefur tekist að hafa uppi á gömlum landakortum, sem tekin höfðu verið úr dánarbúinu auk bókanna fimmtán. - jss

BÓKASAFN Í umræddu dánarbúi er fjöldi verðmætra bóka og skjala. Myndin er úr safni og ótengd efni fréttarinnar.

Fíton / SÍA

# Jólagleði í Kringlunni

## Í dag skemmta Birgitta og Magni, Ottó trúður og kátir jólasveinar

### Dagskrá

Sviðið á blómatorginu, 1. hæð

- Kl. 13.00
  Jólaleikrit
- Kl. 14.00
  Birgitta og Magni
  Stekkjastaur og Stúfur
- Kl. 15.30
  Ottó trúður
  Stekkjastaur og Stúfur

**Opið til 22 öll kvöld til jóla**

Barnagæsla Ævintýralands er opin til 22

Kringlan

**GENGIÐ 14.12.2007**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 62,00 | 62,30 |
| Sterlingspund | 125,85 | 126,47 |
| Evra | 90,16 | 90,66 |
| Dönsk króna | 12,081 | 12,151 |
| Norsk króna | 11,333 | 11,399 |
| Sænsk króna | 9,552 | 9,608 |
| Japanskt jen | 0,5499 | 0,5531 |
| SDR | 97,60 | 98,18 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
119,5766
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Misserislokafundur leiðtoga Evrópusambandsins:

# Bakkað frá flýtiaðild fyrir Serba

**BRUSSEL, AP** Leiðtogar Evrópusambandsins bökkuðu á misserislokafundi sínum í Brussel í gær frá því að bjóða Serbíu flýtimeðferð til aðildar að sambandinu og vöruðu ráðamenn í Belgrad við því að innganga landsins í framtíðinni væri undir fullu samstarfi um að koma eftirlýstum meintum stríðsglæpamönnum fyrir rétt.

Leiðtogar ESB-ríkjanna 27 urðu heldur ekki ásáttir um að styðja einhliða sjálfstæði Kosovo-Albana, sem líkur eru á að þeir muni lýsa yfir fljótlega.

Vangaveltur höfðu verið uppi um að ESB-leiðtogarnir myndu bregða á það ráð að bjóða Serbum flýtiinngöngu í sambandið til að gera þeim hægara að sætta sig við að Kosovo-hérað segi sig formlega úr lögum við Serbíu, sem margir álíta að sé pólitískt óhjákvæmilegt þótt ekki hafi náðst um það alþjóðleg sátt. En leiðtogarnir völdu orð sín af varkárni; Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti talaði um nauðsyn þess að „senda jákvæð skilaboð til Serbíu“.

**EKKI EINTÓM ALVARA** Leiðtogarnir slá á létta strengi við töku hinnar hefðbundnu „fjölskyldumyndar“. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Leiðtogafundinum lauk með þeim orðum að tíminn væri ekki kominn fyrir einhliða sjálfstæðisyfirlýsingu Kosovo. Rúmenar og Slóvakar bættust við Kýpverja í afdráttarlausri andstöðu við sjálfstætt Kosovo. En leiðtogarnir samþykktu að sambandið sendi 1.800 manna öryggisgæslulið til héraðsins til að taka við því hlutverki sem starfsmenn Sameinuðu þjóðanna hafa gegnt þar til þessa. - aa

Svar við fyrirspurn á Alþingi:

# 32 Breiðavíkurdrengir fá hjálp

**ALÞINGI Alls 32 fyrrverandi vistmenn Breiðavíkurheimilisins og tólf fyrrverandi vistmenn annarra vistheimila hafa þegið sálfræðimeðferð hjá ríkinu. Þetta kom fram í svari Guðlaugs Þórs Þórðarsonar heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur, þingmanns Vinstri grænna, á Alþingi.**

**Öllum fyrrverandi vistmönnum vistheimila hefur boðist sálfræðimeðferð frá því um miðjan febrúar. Geðsvið Landspítala hefur skipulagt þjónustuna og er hún í boði að kostnaðarlausu. Gert er ráð fyrir að sumir þurfi á langtímameðferð að halda.** - sgj

**HIMINNINN FOKINN** Fárviðrið lék heimili þeirra Sævars og Ólínu Ragnheiðar grátt í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Tjaldbúarnir í Laugardal:

# Nýi himinninn fauk um koll

**FÓLK** Fárviðrið í gær kom illa niður á hjónunum Sævari Arnfjörð og Ólínu Ragnheiði Gunnarsdóttur sem búa í tjaldi í Laugardal. Himinninn sem þau voru nýbúin að fá frá ungum góðgerðarmönnum fauk um koll og föt, teppi og fleiri hlutir sem þau geymdu í honum ruku út í veður og vind.

Hjónin voru vant viðlátin þegar blaðamaður kom að. Spáð er öðru fárviðri á morgun og því ekki von á góðu.

Þetta hafa verið erfiðir dagar hjá þeim því í síðustu viku var mikið frost og áttu þau ekki gas á prímusinn í nokkrar nætur. - jse

Líkamsárás á Akureyri:

# Barði sambýliskonu sína

**LÖGREGLA Kona á Akureyri hefur kært sambýlismann sinn til lögreglu vegna alvarlegrar líkamsárásar síðastliðinn laugardag. Sambýlismaðurinn hafði þá gengið í skrokk á henni eftir að hann kom ölvaður heim eftir gleðskap. Konan var blóðug og marin en starfsfólks sjúkrahússins hafði samband við lögreglu vegna þess hversu illa konan var leikin. Stöð 2 greindi frá þessu í kvöldfréttum í gær.** - shá

# Óvíst að þjónustustig Landspítalans haldi

**Lækningaforstjóri segir að reynt verði að koma í veg fyrir að þjónusta við sjúklinga skerðist við hagræðingu. Þó sé óvíst að það gangi eftir. Spítalinn búi við allt að sjö hundruð milljóna skort. Reynt að halda öllum skurðstofum opnum.**

**HEILBRIGÐISMÁL** „Til að halda óbreyttri starfsemi hefðum við þurft milli 600 til 700 milljónum meira úr fjárlögum. Við ætlum að reyna að hagræða þannig að það komi ekki niður á þjónustu við sjúklinga, en það er ekki víst að það gangi eftir,“ segir Björn Zoëga, lækningaforstjóri Landspítala.

Yfirstjórn spítalans vinnur nú að tillögum að niðurskurði. Ein þeirra hefur nú þegar hlotið umfjöllun; að engir læknar verði í neyðarbílnum, sjúkrabílnum sem sækir sjúklinga í lífshættu. Með því sparast 30 milljónir árlega. En þá standa eftir allt að 670 milljónir, sem spítalann skortir.

„Hagræðingin á neyðarbílnum er ekki stærsta aðgerðin, hún er bara dropi í hafið,“ segir Björn. Fleiri tillögur séu hins vegar ekki frágengnar og verða ekki fyrr en um seinni part næstu viku.

„En markmiðið er skýrt: að reyna að viðhalda sem mestri þjónustu; hafa öll sjúkrarúm opin og allar skurðstofur líka. Þetta er ekkert auðvelt,“ segir Björn.

Hann telur líklegt að hagræðingaraðgerðirnar komi niður á pyngju starfsfólksins.

„Við þurfum að draga úr yfirvinnu og breyta starfsfyrirkomulagi. Það er augljóst að þegar á að spara á stofnun þar sem laun eru jafn hátt hlutfall kostnaðar og hér, þá mun það koma við starfsmenn og þeirra laun.“

Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu er einnig unnið að því að dreifa verkefnum Landspítalans á sjúkrahús í nærliggjandi sveitarfélögum.

**BJÖRN ZOËGA** Lækningaforstjóri Landspítalans segir að reynt verði að halda öllum sjúkrarúmum og skurðstofum opnum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

„Við erum í samstarfi við heilbrigðisráðuneytið um þetta og sjúkrahúsin á Akranesi, Selfossi og í Keflavík hafa fengið fjárhagsstyrkingu til þessa verkefnis.“

klemens@frettabladid.is

## AÐFÖR AÐ ÖRYGGI ALLRA BORGARBÚA

Stjórnendur Landspítala eiga að huga að öðrum sparnaðarleiðum en þeirri að skera niður þjónustu Neyðarbílsins, að mati Félags ungra lækna. Niðurskurðurinn sé aðför að öryggi borgarbúa.

Félagið telur að bráðatæknar með átta mánaða námskeið að baki komi ekki í stað lækna. Ákvörðun um að læknar verði ekki í sjúkrabílum sé vart byggð á faglegum forsendum.

Neyðarbíll er sjúkrabíll sem sinnir fólki í lífshættu og kemur að um hundrað endurlífgunum á ári. Bjarni Þór Eyvindarson deildarlæknir benti á í Fréttablaðinu í gær að reynsla frá Finnlandi af svipuðum niðurskurði hefði verið slæm, með færri heppnuðum endurlífgunum.

Björn Zoëga lækningaforstjóri segir engar rannsóknir hafa sýnt fram á þetta. Bráðatæknar á sjúkrabílunum séu háskólamenntaðir og í þau 26 ár sem læknar hafi verið í bílunum hafi árangur, mældur í endurlífgunum, ekki aukist. Spurður hvort læknarnir hafi þá ekki gert neitt gagn, segir Björn að þeir hafi líklegast gert gagn. En það geri bráðatæknarnir einnig. Læknarnir á bílunum séu heldur engir sérfræðingar, heldur læknar í námi. „Og spítalinn vill láta þá á gólfið til að sinna fjölda sjúklinga í stað þess að bíða eftir útkalli Neyðarbílsins.“

Varnarmál rædd á vorþingi:

# Frumvarp rætt í þingflokkum

**UTANRÍKISMÁL** Ekki tókst að koma frumvarpi Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur utanríkisráðherra á dagskrá Alþingis fyrir jólafrí þingsins, en reiknað er með að það verði lagt fram og rætt snemma á vorþinginu.

INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR

Í frumvarpinu verður meðal annars lagt til að sérstakri varnarmálastofnun verði komið á laggirnar. Málið er nú til umræðu í þingflokkum stjórnarliða.

Ingibjörg segir að upphaflega hafi staðið til að ræða málið á Alþingi fyrir jólafrí. Þegar ljóst hafi orðið að ekki næðist að klára málið fyrir þinghlé hafi verið ákveðið að bíða með málið þar til eftir áramót. - bj

Bretar og Rússar deila:

# Mótmæla lokun breskra stofnana

**BRETLAND, AP** Utanríkisráðherra Breta sagði á fimmtudag að ákvörðun rússneskra yfirvalda um að loka útibúum bresku menningarstofnunarinnar British Council og segja upp aðild sinni að mikilvægum samningi um vígbúnaðarhömlur myndi spilla áliti umheimsins á Rússlandsstjórn.

David Miliband sagði að áform um að banna starfsemi British Council í Sankti Pétursborg og Jekaterínburg myndu spilla tengslum landanna tveggja.

Samskiptin voru þegar orðin stirð vegna morðs í Lundúnum á rússneskum andófsmanni og neitun Rússa við beiðni Breta um framsal sakbornings í málinu. - aa

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

## VEÐURSPÁ

LÉTTIR VÍÐA TIL EFTIR HÁDEGI

Jæja, eftir öll ósköpin í gær er þetta nú allt heldur rólegra. Núna með morgninum er yfirleitt þolanlega hægur vindur en um og eftir hádegi bætir í hann á landinu vestanverðu og má búast við 10-18 m/s þar, hvassast á annesjum á Snæfellsnesi og vestast á Vestfjörðum, einkum sunnanverðum. Núna í fyrstu verður víða væta, rigning austan til og skúrir eða él vestan til en eftir hádegi ætti að vera orðið þurrt og víða ágætlega bjart en þá kólnar reyndar aðeins.

*um hádegi »*



*» á morgun*



15-20 m/s við sunnan og vestanvert landið, annars mun hægari.

*» mánudagur*



5-13 m/s, hvassast syðst..

*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 4°C heiðskírt | London | 5°C heiðskírt | Friedrichshafen | 0°C léttskýjað |
| Billund | 5°C léttskýjað | París | 2°C heiðskírt | Lúxemborg | 1°C heiðskírt |
| Osló | -6°C hálfskýjað | Amsterdam | 4°C hálfskýjað | Alicante | 16°C heiðskírt |
| Stokkhólmur | 1°C léttskýjað | Frankfurt | 3°C heiðskírt | Róm | 6°C hálfskýjað |
| Gautaborg | 5°C heiðskírt | Berlín | 1°C heiðskírt | Las Palmas | 22°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

ENNEMM / SÍA / NM31338

# JÓLAÆVINTÝRI Í SMÁRALIND

## KOMDU Í SMÁRALIND OG UPPLIFÐU JÓLASTEMNINGUNA
## OPIÐ TIL KL. 22 ALLA DAGA TIL JÓLA

SÝNING Í DAG KL. 14.00

*Jóladagskrá í Vetrargarðinum*

**Laugardagur 15. desember**

**14.00**
Jólaævintýri Smáralindar,
Örn Árnason, Björgvin Franz
og fjöldi þekktra leikara

**15.00**
Hara-systur syngja

**Kórar og jólasveinar halda uppi jólastemningunni í göngugötunni alla helgina.**

Smáralind
BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA FYRIR JÓLIN

Opið til kl. 22 til jóla. Þorláksmessu til kl. 23 / smaralind.is / 528 8000

## KJÖRKASSINN

*Þykir þér landamæraeftirlit bandarískra stjórnvalda vera of strangt?*

| | |
|---|---|
| Já | 78,4% |
| Nei | 21,6% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Borðar þú rjúpur á aðfangadag?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Óhugur í fólki í Vestmannaeyjum vegna tíðra bruna:

# Einn handtekinn vegna brunans

**LÖGREGLUMÁL** Einn maður var handtekinn síðdegis í gær vegna íkveikju í húsi gömlu Fiskiðjunnar í Vestmannaeyjum. Grunur leikur á að kveikt hafi verið í eldfimum hlutum í fiskikari að sögn varðstjóra lögreglunnar í Eyjum.

Nokkur eldur var í húsinu þegar Slökkvilið Vestmannaeyja bar að garði í gærnótt. Mestur eldur var í gamla vinnslusalnum á annarri hæð og um tíma talin hætta á að eldurinn næði til nærliggjandi húsa, meðal annars höfuðstöðvar Ísfélags Vestmannaeyja. Lögreglan yfirheyrði í gær tug manna sem sést höfðu við húsið eða höfðu aðgang að því.

**VIÐ FISKIÐJUNA Í NÓTT** Slökkvilið Vestmannaeyja að störfum á vettvangi. MYND/ÓSKAR

Á fyrstu hæð hússins er bifreiðaverkstæði. Ungt tónlistarfólk hefur einnig haft aðstöðu í húsinu en til stóð að það færi þaðan í dag.

Kveikt var í á sama stað í desember í fyrra. Þá náðist að slökkva eldinn í húsi Fiskiðjunnar en hús loðnubræðslu Ísfélagsins stórskemmdist. Eyjamenn eru slegnir óhug vegna tíðra bruna. Nánast árlega kemur upp eldur í húsunum í desember og hafa sögusagnir um að brennuvargur gangi laus í Eyjum fengið byr undir báða vængi.

Heimildarmaður Fréttablaðsins sagði tugi starfa í húfi ef hús á þessu svæði yrðu eldi að bráð og þetta væri mál sem snerti alla Eyjamenn. - ovd / - eb

Lögregla tók sex manns:

# Tóku fíkniefni og riffil í bíl

**LÖGREGLUMÁL** Karl og tvær konur, sem öll eru á miðjum aldri, voru handtekin í húsleit í íbúð í miðborginni í fyrrakvöld. Þar fundust 200 grömm af hassi og lítilræði af amfetamíni. Tveir fíkniefnaleitarhundar voru notaðir við leitina. Um svipað leyti hafði lögreglan á höfuðborgarsvæðinu afskipti af þremur piltum, 17 til 19 ára, sem allir eru grunaðir um fíkniefnamisferli. Til þeirra náðist á hafnarsvæði borgarinnar en þeir voru með ætluð fíkniefni í fórum sínum. Og í fyrrinótt var karl á þrítugsaldri handtekinn í Bankastræti. Í bíl hans fundust ætluð fíkniefni og riffill. - jss

## STJÓRNSÝSLA

### Breytingar á Hagstofunni

Hallgrímur Snorrason hættir sem hagstofustjóri þegar Hagstofan verður lögð niður sem ráðuneyti og breytist í sjálfstæða stofnun sem heyrir undir forsætisráðherra. Á vef forsætisráðuneytisins segir að Hallgrímur hafi gegnt starfi hagstofustjóra í 23 ár, lengst allra núverandi hagstofustjóra í heiminum.

## SJÁVARÚTVEGUR

### Vestmannaey veiðir tannfisk

Frystitogarinn Vestmannaey, sem Bergur-Huginn seldi til Argentínu fyrr á árinu, er nú kominn til Buenos Aires til breytinga áður en skipið heldur á gildruveiðar á tannfiski við Suðurskautslandið. Þetta kemur fram í viðtali við Guðmund Alfreðsson útgerðarstjóra Bergs-Hugins í Vestmannaeyjablaðinu Fréttum.

# Kennari sagður slíta fræðslu úr samhengi

**Barnaskólakennari telur fyrirlesara Alnæmissamtakanna hafa verið utan velsæmismarka á fræðslufundi með unglingum í Vestmannaeyjum. Fulltrúi samtakanna segir kennarann slíta orð fyrirlesarans úr samhengi.**

**MENNTAMÁL** Birna Þórðardóttir, framkvæmdastjóri fræðsluverkefnis Alnæmissamtakanna, segir Gísla Óskarsson, barnakennara í Vestmannaeyjum, slíta orð fyrirlesara samtakanna úr samhengi í kvörtunum sínum um fræðslu sem Alnæmissamtökin veittu unglingunum í níunda og tíunda bekk í Eyjum í síðustu viku.

Gísli segir í bréfi sínu til Landlæknisembættisins og Árna Johnsen þingmanns að fyrirlesari Alnæmissamtakanna hafi sagt unglingunum að í kynlífi væri ekkert rangt. Aðeins skipti máli hvað unglingarnir sjálfir vildu gera. Hann tiltekur að fyrirlesarinn hafi varað unglingana við endaþarmsmökum undir áhrifum áfengis þar sem æðakerfið væri svo fínt í endaþarminum. „Þið gætuð meitt ykkur. Notið smurefni og smokkinn," hefur Gísli eftir fulltrúa Alnæmissamtakanna.

„Ég hef ekki kynnt mér þetta mál nægilega vel en það eru skiptar skoðanir um þetta meðal kennaranna. Sumir taka undir með Gísla en aðrir telja hér um einhvern misskilning að ræða," segir Jón Pétursson, framkvæmdastjóri fjölskyldu- og fræðslusviðs Vestmannaeyja.

Birna Þórðardóttir, framkvæmdastjóri fræðsluverkefnis Alnæmissamtakanna, var á fundunum í Eyjum. Hún segir Gísla slíta orð fyrirlesarans úr samhengi og gefa þeim þannig ranga merkingu.

**UNGLINGARNIR Í EYJUM** Elstu grunnskólanemendurnir í Vestmannaeyjum skemmtu sér vel á balli í Höllinni í síðustu viku. Daginn eftir fengu þeir fræðslu Alnæmissamtakanna um kynsjúkdóma og smitleiðir. MYND/ÓSKAR

„Ég get alveg staðið fastar á því en fótunum að í þessum fyrirlestrum var ekki verið að hvetja unglinga til þess að gera eitthvað ósæmilegt eða misbjóða sjálfum sér á nokkurn einasta hátt," segir Birna og fullyrðir að ekkert dónalegt hafi verið sagt:

„Mörgum finnst dónalegt að nota orð eins og endaþarmsmök en ég hef ekki önnur orð yfir þessa athöfn þótt það kunni að vera til," segir Birna. Aðspurð segist hún alls ekki hafa merkt vanlíðan hjá unglingunum undir fyrirlestrunum: „Ég talaði við umsjónarkennarann og skólastjórann á eftir sérstaklega til að hrósa þessum krökkum því ég hef hvergi fyrirhitt jafn stóra hópa unglinga sem hafa verið jafn kurteisir og elskulegir og þessir hópar í Vestmannaeyjum."

gar@frettabladid.is

Áherslur meðal fulltrúa REI-stýrihópsins skýrast:

# Orkuveita undir stjórnsýslulög

**ORKA** Meðal fulltrúa REI-stýrihópsins er rætt um að eðli Orkuveitu Reykjavíkur verði endurskilgreint þannig að fyrirtækið verði talið opinbers eðlis en ekki einkaréttarlegs eðlis. Það lúti að öllu leyti stjórnsýslulögum.

Svandís Svavarsdóttir, formaður hópsins, staðfestir þetta. Opinberar reglur eigi að gilda um fyrirtækið. Hún telur ekki að breyta þurfi lögum til þessa.

„Það stendur hvergi í lögum að sameignarfyrirtækið Orkuveita Reykjavíkur sé einkaréttarlegs eðlis. Þetta er bara skilgreining einhverra lögmanna," segir hún.

Þetta þýðir að horfið er með öllu frá hlutafélagsvæðingu fyrirtækisins og það sett undir upplýsingalög og jafnræðisreglu.

**SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR** Segir opinberar reglur eiga að gilda um fyrirtækið og telur ekki að breyta þurfi lögum vegna þess.

Orkuveitan var með lögum frá 2001 gerð að sameignarfyrirtæki. Atburðarás í REI-málinu, í svarbréfi borgarlögmanns til umboðsmanns Alþingis, var skýrð út frá því að „fyrirtækin séu einkaréttarlegir aðilar. Þau lúti sem slík ekki reglum opinbers réttar". - kóþ

**FJARÐARBYGGÐ** Fasteignagjöld hækka vegna álversins á Reyðarfirði.

Fjárhagsáætlun Fjarðabyggðar:

# Fasteignagjöld hækka vegna álversins

**FJARÐABYGGÐ** Fimm hundruð milljóna króna afgangur verður af rekstri Fjarðabyggðar á nýju ári, samkvæmt drögum að fjárhagsáætlun. Tekjur sveitarfélagsins og stofnana þess eru áætlaðar 3,7 milljarðar og gjöld 3,2 milljarðar.

Útsvarstekjur lækka nokkuð og eru áætlaðar 1,5 milljarður. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir að aukning fasteignagjalda nemi rúmum 200 milljónum, sem að mestu helgast af tilkomu álversins. - bþs

# 20% afsláttur af öllum

Keel Toys

Gildir einungis 15. og 16. des.

20% afsláttur við kassa

VERÐDÆMI
loðdýr 25 cm
639kr
Verð áður 799.-

OPIÐ TIL 22:00 alla daga til jóla

GERIÐ VERÐ-SAMANBURÐ

Gildir til 16. desember á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Leggðu frítt í miðbænum

Nú fá allir sem leigja Toyota Aygo, Toyota Prius Twin eða Toyota Prius vetnisbíl frítt í stöðumæla miðborgarinnar.*

*Hámark 90 mín í senn í hefðbundum stæðum bílastæðasjóðs

ÍSLENSKA/SIA.IS/HER 40300 12/07

Hertz
522 44 00 • www.hertz.is

RITHÖFUNDAR AFGREIÐA:

Vigdís Grímsdóttir, Þórarinn Eldjárn, Árni Þórarinsson, Dr. Gunni, Óttar M. Norðfjörð, Sigmundur Ernir Rúnarsson, Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir, Marta María, Auður Ólafsdóttir, Helgi Jean og Hjálmar Örn.

Rithöfundarnir verða við afgreiðslustörf í dag, laugardag kl. 14.

BOKABÚÐ MÁLS & MENNINGAR LAUGAVEGI 18

Auglýsingasími 512 50 50

– Mest lesið

Ásgeir Ebenezersson er með sting í hjarta eftir meint svik Björgólfs:

# Erfitt að lögsækja þá voldugu

**REYKJAVÍK** Ásgeir Ebenezersson kveður erfitt að lögsækja Björgólf Guðmundsson fyrir meintan hugverkaþjófnað, enda séu fyrirtæki honum tengd afar valdamikil í þjóðfélaginu.

„Ég hef nú þegar talað við þrjár stórar lögfræðiskrifstofur en þær sögðust allar vera of tengdar Landsbankanum eða Samson Properties," segir hann.

Ásgeir telur Landsbanka, Samson Properties og Björgólf Guðmundsson hafa stolið af sér hugmynd að uppbyggingu verslunarmiðstöðvar í miðbænum, eins og fram kom í Fréttablaðinu á miðvikudag.

**BARÓNSREITUR SAMKVÆMT SAMSON** Tölvugerð hugmynd Samson Properties að uppbyggingu á Vitastíg við Barónsreit. MYND/SAMSON PROPERTIES

„Þannig að ég er ekkert viss um að ég geti farið í mál við þá. Þeir geta líka snúið þeim sundur og saman og lagt tíu sinnum meiri vinnu í þau en ég. Það er samt aldrei að vita hvað ég geri."

Ásgeir hefur ávallt borið mestu virðingu fyrir Björgólfi Guðmundssyni og litið upp til hans, en þeir kynntust á unga aldri.

„Ég er enn með sting í hjartanu út af Björgólfi. Mér þykir vænt um þennan mann og það hefur enginn mátt tala illa um hann í mín eyru hingað til," segir hann.

Þess skal getið að talsmaður Samson Properties hefur útilokað með öllu að hugmyndum Ásgeirs hafi verið stolið.

**- kóþ**

# Styttri ræðutími á þingi eftir áramót

**Þingstörfum ársins lauk í gær, degi eftir að jólafrí Alþingis hófst. Þingmenn Vinstri grænna vildu fresta afgreiðslu frumvarps um styttri ræðutíma fram yfir áramót. Þingmaður Framsóknar sagðist þreyttur á málæði Vinstri grænna.**

**ALÞINGI** Ræðutími þingmanna verður styttri eftir áramót og umræður án tímamarka munu heyra sögunni til. Frumvarp um þingsköp Alþingis var tekið til annarrar og þriðju umræðu í gær og var samþykkt af öllum þingmönnum nema Vinstri grænum.

„Það voru óneitanlega vonbrigði að kynnast vinnulaginu á Alþingi," sagði Guðfinna Bjarnadóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokks. „Þess vegna fagna ég sérstaklega þessum lögum."

Atli Gíslason, þingmaður Vinstri grænna, sagði frumvarpið bera vott um lýðræðisþreytu. „Ég harma það að hér skuli vera keyrt í gegn frumvarp gegn vilja minnihluta á þingi," sagði Atli.

„Það er engin lýðræðisþreyta hér, það er málæðisþreyta," sagði Siv Friðleifsdóttir, þingmaður Framsóknarflokks. „Við erum orðin þreytt á að bíða eftir að afar löngum og innihaldslitlum ræðum ljúki. Ég tel víst að eftir nokkur ár munum við hlæja að núverandi fyrirkomulagi."

> Ég tel víst að eftir nokkur ár munum við hlæja að núverandi fyrirkomulagi.
>
> **SIV FRIÐLEIFSDÓTTIR**
> ÞINGMAÐUR FRAMSÓKNARFLOKKS

Samkvæmt frumvarpinu fá formenn flokka stjórnarandstöðunnar og þingmenn landsbyggðarinnar sérstaka aðstoðarmenn. Starfstími Alþingis verður jafnframt lengdur. Þing- og nefndarfundir hefjast í september og lýkur vorþingi í lok maí.

**JÓLAFRÍ ÞINGMANNA** Þingmenn héldu í jólafrí að loknum þingfundi í gær. Sturla Böðvarsson, forseti Alþingis, óskaði þeim og landsmönnum gleðilegra jóla í ræðu sinni við fundarslit. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Vinstri græn lofuðu að draga til baka breytingartillögur sínar, ef afgreiðslu frumvarpsins yrði frestað fram yfir áramót. Ekki var orðið við því og frumvarpið afgreitt sem lög.

Lúðvík Bergvinsson, þingflokksformaður Samfylkingar, sagði frumvarpið munu bæta störf þingsins.

„Ég er sannfærður um að þetta frumvarp mun einnig bæta starf þessa þingflokks sem hefur ekki viljað koma með í þetta ferðalag," sagði Lúðvík.

**steindor@frettabladid.is**

Norski herinn:

## Þáðu boð í kynlífsklúbba

**NOREGUR** Tveir yfirmenn í norska hernum heimsóttu kynlífsklúbba í Amsterdam í tvígang árið 2003 í boði hernaðarrafeindafyrirtækisins Thales Norway.

Reikningur upp á samtals tæpar áttatíu þúsund krónur íslenskar var greiddur af norska fyrirtækinu en heimsóknirnar voru í tengslum við frágang á viðskiptasamningi. Þetta kemur fram í norska dagblaðinu Aftenposten sem vitnar í trúnaðarskýrslu. Í skýrslunni kemur fram að yfirmenn í norska hernum hafi einnig þegið ferðalög til Parísar, laxveiði og bátasiglingar auk jólahlaðborðs fyrir samtals tæpar þrjátíu milljónir króna á tímabilinu 2000-2006. **- ghs**

**RÚSSLAND**

### Samið um kjarnorkuver

Stjórnvöld í Rússlandi og Íran hafa komist að samkomulagi um framkvæmdaáætlun við að ljúka byggingu Bushehr-kjarnorkuversins í Íran. Rússneskar fréttastofur höfðu eftir Sergei Shmatko, yfirmanni hins rússneska Atomstroiexport, að nánari upplýsingar um áætlunina yrðu birtar fyrir áramót.

OPIÐ TIL KL.
**22:00**
TIL JÓLA

# FLOTTUSTU JÓLATRÉN Á FLOTTU VERÐI!

## JÓLATRJÁAÚRVALIÐ ER Í GARÐHEIMUM!

**ÍSLENSK TRÉ**
Blágreni - Rauðgreni
Fura - Fjallaþinur

**DÖNSK TRÉ**
Nordmannsþinur
Nobilis-tré

**JÓLABORÐSKRAUT Í ÚRVALI!**

**JÓLABORÐSKRAUT SJÁIÐ HUGMYNDIRNAR!**

**JÓLASVEINA-HEIMSÓKN**
Skyrgámur og harmonikkusveinninn mæta í jólatrjáaskóginn
kl. 15.30
laugardag og sunnudag!

GARÐHEIMAR

*heimur skemmtilegra hluta og hugmynda*

Stekkjarbakka 6 - sími 540 3300 - www.gardheimar.is

vodafone

Frábær jólatilboð

Fyrir þá sem kjósa einfaldleikann

Nokia 2626
FM-útvarp
Bleikur, blár og hvítur
Fer á Netið með Vodafone live!

7.900 kr.

Nettur sími fyrir samskiptaóða

Samsung M300
VGA myndavél
FM-útvarp
Edge
Bleikur og blár
Fer á Netið með Vodafone live!

12.900 kr.

Flottur samlokusími fyrir þá kröfuhörðu

Nokia 2760
VGA myndavél
FM-útvarp
Bluetooth
Rauður, grár og brons
Fer á Netið með Vodafone live!

14.900 kr.

Komdu við í næstu Vodafone verslun

Gríptu augnablikið og lifðu núna

Söguleg atkvæðagreiðsla á ríkisþingi New Jersey:

# Dauðarefsingar afnumdar

**BANDARÍKIN, AP** Þing New Jersey samþykkti á fimmtudagskvöld að afnema dauðarefsingar í ríkinu. Þar með er New Jersey fyrsta ríki Bandaríkjanna til að gera það formlega síðan árið 1965.

Atkvæði féllu þannig að 44 af 80 þingmönnum samþykktu nýju lögin en 36 höfnuðu þeim. Öldungadeild þingsins hafði áður samþykkt frumvarpið. Jon S. Corzine ríkisstjóri hefur sagst munu undirrita lögin innan viku.

Andstæðingar dauðarefsinga vestra vonast til að ákvörðun New Jersey-manna verði þingmönnum í öðrum ríkjum, þar sem dauðarefsing tíðkast enn, hvatning til að taka

**Á NJ-ÞINGI** Þingmennirnir Sharpe James og Shirley K. Turner ræða frumvarpið.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

málið upp. Diann Rust-Tierney, framkvæmdastjóri samtaka sem berjast fyrir afnámi dauðarefsinga, sagði ákvörðunina í New Jersey endurspegla hreyfingu sem hún vonaðist til að yrði til þess að fleiri ríki fylgdu í kjölfarið.

37 af 50 ríkjum Bandaríkjanna heimila enn dauðarefsingar. Í sumum þeirra hefur þó engin aftaka farið fram um árabil. Þannig hafði til að mynda enginn verið líflátinn í New Jersey síðan árið 1963. Texas er það ríki sem fullnægir flestum líflátsdómum.

Í skýrslu sem samin var fyrir New Jersey-þing segir að dauðarefsingar hafi reynst dýrari en lífstíðarfangelsi, hafi ekki fælingarmátt til að draga úr morðum og það geti komið fyrir að saklaus maður sé líflátinn. - aa

Tilkynningar hafa borist um þunglyndi og sjálfsvíg eftir neyslu lyfsins Champix:

# Vinsælasta reykingalyfið í rannsókn

**LYFJAMÁL** Vinsælasta lyfseðilsskylda reykingalyfið á Íslandi, Champix, er í rannsókn hjá Lyfjastofnun Evrópu í kjölfar tilkynninga um þunglyndi og sjálfsvíg hjá neytendum þess.

„Byggt á fyrstu skoðun á skýrslum sjúklinga hefur nefndin úrskurðað að þetta geti verið vandamál," sagði Monika Benstetter, talskona stofnunarinnar sem sinnir eftirliti og útgáfu leyfa fyrir lyf í Evrópu.

Stofnunin óskaði í gær eftir því að framleiðandi Champix, lyfjafyrirtækið Pfizer, uppfærði upplýsingabækling með lyfinu strax í næstu viku þar sem læknar og sjúklingar yrðu varaðir við mögu-leika á þunglyndi eða sjálfsvígshættu við inntöku lyfsins. Í núgildandi upplýsingabæklingi er ekki varað við hættu á sjálfsvígshugleiðingum.

Sala á Champix hófst í ríkjum ESB í september 2006 og á Íslandi um síðustu áramót að sögn Mímis Arnórssonar, lyfjafræðings og upplýsingafulltrúa Lyfjastofnunar Íslands.

Mímir sagði það gerast nánast í hverjum mánuði að breyta þyrfti upplýsingum um lyf en sjaldgæft væri að lyf séu alveg tekin af markaði. „Við munum taka nákvæmlega sömu stefnu og Lyfjastofnun Evrópu og er það gert í öllum löndum á evrópska efnahagssvæðinu."

Aðspurður um alvarleika þessara aukaverkana sagðist Mímir þurfa að kynna sér málið betur áður en hann gæti svarað því. - sdg

KIRKJUR ÍSLANDS
9. og 10. bindi - Eyjafjörður

FJÖGUR FYRSTU BINDIN NÚ SAMAN Í PAKKA

*Ritstjórar: Jón Torfason og Þorsteinn Gunnarsson*
*370+353 bls.*

TVÖ NÝ BINDI UM KIRKJUR ÍSLANDS

Í glæsilegri ritröð um KIRKJUR ÍSLANDS er viðfangsefni 9. og 10. bindis Eyjafjarðarprófastsdæmi, þar sem skoðaðar eru 18 friðaðar kirkjur í Eyjafirði frá sjónarhóli byggingarlistar, stílfræði og þjóðminjavörslu. Í máli og myndum er fjallað um kirkjurnar sjálfar ásamt kirkjugripum og minningarmörkum.

Í 1.–4. bindi er fjallað um 19 friðaðar kirkjur í Árneprófastsdæmi, sem komu upphaflega út hvert í sínu lagi, en bjóðast nú saman í pakka á betra verði.

Ritröðin opnar sýn inn í mikilvægan þátt í menningarsögu okkar heima í héraði, því kirkjan er ekki aðeins musteri trúar, heldur einnig sýnileg táknmynd þess besta í byggingar- og listasögu þjóðarinnar á hverjum tíma. – Þetta eru vandaðar, ríkulega myndskreyttar listaverkabækur. Bækur um friðaðar kirkjur í Skagafjarðar- og Húnavatnsprófastsdæmum eru einnig fáanlegar.

**Þeir aðilar sem koma að útgáfu bókanna eru: Þjóðminjasafnið, Húsafriðunarnefnd, Fornleifavernd, Biskupsstofa, Minjasafnið á Akureyri og Byggðasafn Dalvíkur.**

Hið íslenska bókmenntafélag
Skeifunni 3b • Sími 588 9060 • Netfang: hib@islandia.is • Heimasíða: www.hib.is

Greiðir 35 þúsund í sekt:

# Mátti ekki keyra með Kínverja

**DÓMSMÁL** Kona hefur verið dæmd til að greiða 35 þúsund krónur í sekt fyrir að hafa ekið hópferðabíl í atvinnuskyni án þess að hafa réttindi til þess. Hún var stöðvuð af lögreglu með sex kínverska farþega innanborðs á leið til Geysis í Haukadal í lok nóvember í fyrra.

Fyrir dómi sagðist konan, sem starfar sem leiðsögumaður hjá ferðaskrifstofu, hafa ökuréttindi frá Hong Kong sem ættu að gilda hér á landi. Héraðsdómur Suðurlands komst að þeirri niðurstöðu að erlendar ökuheimildir giltu ekki fyrir farþegaflutninga í atvinnuskyni, og dæmdi konuna til sektargreiðslu. **- sþs**

Bækjarstjórn Hveragerðis unir ekki ákvörðun sýslumanns vegna þinglýsingar:

# Höfðar mál vegna Tívolílóðar

**DÓMSMÁL** Bæjarstjórn Hveragerðis hefur ákveðið að höfða mál fyrir Héraðsdómi Suðurlands til að fá staðfest eignarhald sitt á lóðinni á Austurmörk 24, svokallaðri Tívolílóð.

Sýslumaðurinn á Selfossi hafði hafnað ósk bæjaryfirvalda um að gera breytingar í þinglýsingarbókum sínum þannig að eignarhaldið á lóðinni yrði í höndum Hveragerðisbæjar en ekki þess aðila sem keypti byggingarrétt á lóðinni af bænum. Hvergerðingar telja að sýslumaður hafi gert mistök þegar eignarhaldinu á lóðinni var þinglýst á byggingarréttarhafann sem lagt hafi fram breytt skjöl á sýslumannsskrifstofunni.

Byggingarrétturinn á Austurmörk 24 var boðinn upp hjá sýslumanninum í síðustu viku. Guðmundur Sigurðsson á Selfossi sem keypti byggingarréttinn á sínum tíma óskaði eftir uppboðinu vegna vanskila á skuldabréfum sem voru 400 milljónir króna að höfuðstóli. Það var síðan nýtt félag í eigu Guðmundar sjálfs, Gaupnir ehf, sem keypti byggingarréttinn fyrir 60 milljónir á uppboðinu. Lögmaður Guðmundar lýsti því síðan yfir á uppboðinu að Guðmundur heimilaði að skuldirnar hvíldu áfram á eigninni. **- gar**

**HJÁ SÝSLUMANNI** Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri Hveragerðis, önnur frá vinstri, mætti á uppboð á byggingarrétti á Austurmörk 24. MYND/EGILL BJARNASON

Uppbygging við Strandgötu:

# Húsið verður sjö hæða hátt

**HAFNARFJÖRÐUR Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á þriðjudag að háhýsi á lóðum Strandgötu 26-30 yrði sjö hæðir, en ekki níu eins og áformað hafði verið. Minnihluti sjálfstæðismanna fór fram á frestun afgreiðslu deiliskipulagstillögunnar, en fékk ekki. Bæjarfulltrúi Vinstri grænna lagðist einnig gegn tillögunni.**

**Íbúar höfðu gagnrýnt byggingu háhýsisins vegna áhrifa þess á vindafar. Í áliti meirihluta Samfylkingar segir að komið hafi verið til móts við þessa gagnrýni með lækkun hússins í sjö hæðir. Það verði þar með 25,5 metra hátt, álíka hátt og verslunarmiðstöðin Fjörður. - sgj**

Breska sendiráðið:

# Sendiherraskipti í sumar

**UTANRÍKISMÁL** Ian Whitting hefur verið skipaður næsti sendiherra Breta á Íslandi í stað Alps Mehmet, sem gegnt hefur embættinu frá árinu 2004. Sendiherraskiptin fara fram í júnímánuði næstkomandi.

Ian Whitting á að baki 35 ára feril í utanríkisþjónustunni. Hann hefur undanfarin fjögur ár þjónað í sendiráði Breta í Aþenu, síðast sem staðgengill sendiherra, að því er segir í fréttatilkynningu frá breska utanríkisráðuneytinu. Meðal annarra staða sem Whitting hefur þjónað á eru Moskva, Dublin, Abidjan og ráðuneytið í Lundúnum. **- aa**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Fleiri virða hraðatakmörk

Vöktun lögreglu á hraðakstri í Hvalfjarðargöngum hefur skilað góðum árangri. Í vikunni ók lítill hluti ökumanna, eða rúmlega 1 prósent, of hratt. Við vaktanir á sama stað í haust óku 4 prósent ökumanna of hratt.

Franch Michelsen
ÚRSMÍÐAMEISTARI
LAUGAVEGI 15 • SÍMI 511 1900
WWW.SVISS.IS

SONY ERICSSON K810i - 3G
Léttkaupsútborgun:
5.900 kr.
2.000 kr. á mánuði í 12 mánuði. Verð 29.900 kr.
Sjónvarp, tónlist, myndsímtal og háhraðanettenging í símanum þínum.

SONY ERICSSON Z310i
Léttkaupsútborgun:
1.900 kr.
750 kr. á mánuði í 12 mánuði. Verð 10.900 kr.
Léttur og lipur samlokusími með myndavél.

NOKIA 6267 - 3G
Léttkaupsútborgun:
900 kr.
2.000 kr. á mánuði í 12 mánuði. Verð 24.900 kr.
Tónlist, myndsímtal og háhraðanettenging í símanum þínum.

ENNEMM / SÍA / NM31315

Harðir pakkar

Símabúðirnar eru fullar af frábærum jólatilboðum í desember. Þar færðu jólagjöfina í harða pakkann ásamt skemmtun og afþreyingu til að lífga upp á jólaundirbúninginn.

800 7000 • siminn.is

Það er Síminn

Sími

Netið

Sjónvarp

• Félagsfundur Samfylkingarfélagsins í Reykjavík •

Félagsfundur Samfylkingarfélagsins í Reykjavík

# Aðventugleði

Samfylkingarfélagið í Reykjavík heldur sína árlegu aðventugleði laugardaginn 15. desember kl. 17– 19 í húsnæði Samfylkingarinnar að Hallveigarstíg 1.

Einar Már Guðmundsson
les úr bók sinni „Rimlar hugans"

og **Kristín Jónsdóttir** úr bók sinni „Hlustaðu á þína innri rödd".

*Ljúfar jólaveitingar*
Allir velkomnir

Samfylkingarfélagið í Reykjavík

• Félagsfundur Samfylkingarfélagsins í Reykjavík •

## Minningarsjóður Jóhanns Péturs Sveinssonar

Minningarsjóður Jóhanns Péturs Sveinssonar óskar eftir umsóknum um styrki sem koma til úthlutunar í janúar 2008. Umsóknunum skal skila til Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra, Hátúni 12, 105 Reykjavík fyrir 10. janúar 2008 í umslagi merktu minningarsjóðnum.

Tilgangur sjóðsins er einkum tvíþættur; a) að styrkja hreyfihamlaða einstaklinga til náms og b) að styrkja einstök málefni með aðgengi fyrir hreyfihamlaða í huga.

Stjórn sjóðsins áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum ef svo ber undir.

Stjórn minningarsjóðs
Jóhanns Péturs Sveinssonar

Páll E. Winkel nýr forstjóri Fangelsismálastofnunar ríkisins:

# Mjög áhugaverður vettvangur

**FANGELSISMÁL** „Þetta er mjög áhugaverður vettvangur," segir Páll E. Winkel, nýráðinn forstjóri Fangelsismálastofnunar ríkisins. Páll tekur við starfinu af Valtý Sigurðssyni sem nýlega var skipaður í embætti ríkissaksóknara.

Páll hefur starfað sem aðstoðarríkislögreglustjóri, en var áður framkvæmdastjóri Landsambands lögreglumanna. Hann flytur sig nú um set til Fangelsismálastofnunar og hefur störf 1. janúar.

„Ég starfaði þarna um nokkurra ára skeið og þekki því ágætlega til í Fangelsismálastofnun. Ég veit að þar starfar frábært starfsfólk

PÁLL WINKEL

bæði í stofnuninni og í fangelsum landsins," útskýrir Páll og kveðst hlakka til að taka þátt í þeirri uppbyggingu sem fram undan sé í fangelsismálum.

„Á liðnum árum hefur verið unnið mikið uppbyggingarstarf á þeim vettvangi," bætir Páll við. „Ég tek við afar góðu búi af Valtý Sigurðssyni."

Auk Páls sóttu tveir aðrir um stöðuna. Það voru þau Erla Kristín Árnadóttir, lögfræðingur hjá Fangelsismálastofnun, og Halldór Frímannsson, lögmaður á fjármálasviði Reykjavíkurborgar. - jss

LITLA-HRAUN Páll hlakkar til að taka þátt í uppbyggingu í fangelsismálum.

Frumvarp viðskiptaráðherra:

# Þak verði á innheimtuþóknun

**ALÞINGI** Ráðherra má með reglugerð setja þak á innheimtukostnað, ef frumvarp Björgvins G. Sigurðssonar viðskiptaráðherra til innheimtulaga nær fram að ganga á Alþingi.

BJÖRGVIN G. SIGURÐSSON

Með frumvarpinu eru settar meginreglur um innheimtu í þágu neytenda, meðal annars um innheimtuviðvörun, góða innheimtuhætti og að draga úr óeðlilegum kostnaði skuldara. Gert er ráð fyrir að skuldarar ættu almennt kost á að greiða skuld sína innan stutts frests með lágmarkskostnaði.

Frumvarpið snertir meðal annars innheimtustarfsemi viðskiptabanka, lögmanna, sparisjóða og verðbréfafyrirtækja. - sgj

REYKJAVÍKURBORG

### Varamenn fá tölvu og gemsa

Fyrstu varamenn framboðslista í borgarstjórn fá eftirleiðis farsíma, fartölvu og nettengingu á kostnað borgarsjóðs eins og aðalmenn í borgarstjórn. Þetta samþykktu þau Ólafur F. Magnússon, Svandís Svavarsdóttir og Hanna Birna Kristjánsdóttir á fundi í forsætisnefnd borgarinnar.

UMHVERFISVERNDARSINNAR Á RÁÐSTEFNUNNI Markmið ráðstefnunnar var að marka upphaf viðræðna um hvað tekur við af Kyoto-bókuninni sem rennur út árið 2012. NORDICPHOTOS/AFP

# Árangurs er vænst á Balí

**Boðað var til framhaldsfundar á loftslagsráðstefnunni á Balí á Indónesíu í dag. Deilt er um nákvæmni áætlana um losun gróðurhúsalofttegunda.**

**BALÍ, AP** Ekki tókst að ná samkomulagi um markmið um losun gróðurhúsalofttegunda á áætluðum lokadegi tveggja vikna loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna á Balí í Indónesíu í gær. Var því boðað til nýs allsherjarfundar í morgun að því er Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra, sem situr ráðstefnuna fyrir Íslands hönd, sagði í samtali við Fréttablaðið á miðnætti að staðartíma. Voru þá enn fundir í gangi. „Menn vonuðust til að þetta gæti klárast í kvöld [í gærkvöld] ... en það er enn dálítil bið eftir niðurstöðum."

Vandinn kristallast í deilum milli Bandaríkjanna og Evrópusambandsins um hve nákvæm áætlun um niðurskurð á losun eigi að vera að sögn Þórunnar. „ESB vill tímasett markmið. Ísland, Noregur og fleiri ríki fylgja ESB að málum en Bandaríkin ekki."

ESB leggur til að í samkomulaginu verði sett markmið um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um 25 til 40 prósent frá því sem losunin var árið 1990, fyrir árið 2020. Þórunn sagði meirihluta ríkjanna á ráðstefnunni fylgjandi þessum mörkum og að mjög hart væri deilt á bandarísk stjórnvöld fyrir að standa í vegi fyrir þeirri niðurstöðu.

Þórunn var þó bjartsýn á að samkomulag náist í dag og sagði allt snúast um að semja. „Það er beinlínis ætlast til þess að menn nái árangri hér á Balí."

Í tilraun til að sætta deiluaðila lagði forseti loftslagsráðstefnunnar, indónesíski umhverfisráðherrann Rachmat Witoelar, til að tekið yrði út úr samkomulagsdrögunum markmið um 25 til 40 prósenta niðurskurð og í staðinn ítrekað að losun skuli hafa dregist saman um að minnsta kosti helming fyrir árið 2050.

Framkvæmdastjóri ráðstefnunnar og yfirmaður loftslagsmála hjá Sameinuðu þjóðunum, Yvo de Boer, sagði hins vegar við blaðamenn 25 til 40 prósenta markmiðin nauðsynlega forsendu þess að ná takmarkinu um helmingsminnkun losunar árið 2050.

sdg@frettabladid.is

Íbúum Akureyrar hefur fjölgað um 430 á einu ári:

# Mesta fjölgun í 30 ár

**MANNFJÖLDI** Íbúum Akureyrar fjölgaði um rúmlega 430 á heilu ári, frá 1. desember á síðasta ári til 1. desember í ár. Nemur fjölgunin 2,56 prósentum og er sú mesta sem orðið hefur í bænum í þrjá áratugi. Meðaltalsfjölgun á því tímabili er um 1,3 prósent.

Samkvæmt bráðabirgðatölum Íbúaskrár Akureyrar voru bæjarbúar 17.253 um síðustu mánaðamót.

Frá þessu er greint á heimasíðu Akureyrarbæjar.

Fæddir umfram dána á síðustu tólf mánuðum eru 158. 261 barn fæddist en 103 bæjarbúar létust. Aðfluttir umfram brottflutta voru hátt í 300 manns. Stór hópur aðfluttra hefur komið frá útlöndum, einkum Póllandi. - bþs

FRÁ AKUREYRI Bæjarbúum fjölgaði meira á síðasta ári en árin 30 á undan.

Jónas Hallgrímsson




Jólagjöf bókamannsins á Jónasarári

**Undir Hraundranga** er úrval ritgerða um Jónas Hallgrímsson frá 19. öld til nútímans. Hér er að finna fjölbreytt skrif um ævi og örlög Jónasar, um vísindastörf hans og hugmyndaheim, um áhrifavalda og umhverfi hans. Fjallað er um mörg áhugaverðustu verk skáldsins og tekist á um túlkun þeirra. Elstu ritgerðirnar eru eftir Konráð Gíslason og Hannes Hafstein og hinar yngstu eru frá allra síðustu árum. Auk núlifandi fræðimanna og skálda eiga margir þekktir höfundar frá 20. öld efni í bókinni. Meðal þeirra eru Einar Ól. Sveinsson, Halldór Laxness, Jakob Benediktsson, Kristinn E. Andrésson, Sigurður Nordal og Svava Jakobsdóttir.
Bókin er gefin út í tilefni af því að tvær aldir eru liðnar frá fæðingu Jónasar. Ritstjóri er Sveinn Yngvi Egilsson sem einnig ritar inngang.

Hið íslenska bókmenntafélag
Skeifunni 3b • Sími 588 9060 • Netfang: hib@islandia.is • Heimasíða: www.hib.is

# Jólaóskir útiverunnar

**Góður fatnaður, innst sem yst, skiptir öllu máli, hvort sem farið er í lengri ferðir til fjalla eða í stuttar dagsferðir.**

**Devold-nærfatnaðurinn er einkar notalegur viðkomu og heldur líkamanum heitum og þurrum hvort sem bleytir eða frýs.**

**20% jólaafsláttur af öllum Devold-vörum**

**Bolur m/rennilás**
Verð áður 4.950 kr.
**3.960** kr.

**Bolur**
Verð áður 4.950 kr.
**3.960** kr.

**Bolur**
Verð áður 5.581 kr
**4.465** kr.

**Bolur**
Verð áður 2.190 kr.
**1.752** kr.

**Bolur**
Verð áður 2.495 kr.
**1.996** kr.

**Buxur**
Verð áður 4.950kr.
**3.960** kr.

**Buxur**
Verð áður 4.950 kr.
**3.960** kr.

**Buxur**
Verð áður 5.581 kr.
**4.465** kr.

**Buxur**
Verð áður 2.190 kr.
**1.752** kr.

**Buxur**
Verð áður 2.495 kr.
**1.996** kr.

**DEVOLD MULTI SPORT**
**dömu og herra, XS–XXL**
Einfaldur og léttur ullarnærfatnaður úr hreinni ull sem lagar sig fullkomlega að líkamanum. Miðast við allt að -10 °C. fari niður í -50 °C.

**DEVOLD ACTIVE**
**dömu og herra, XS–XXL**
Hrindir frá sér raka og heldur líkamanum þurrum og heitum jafnvel þótt flíkin sé blaut af svita eða snjó og frostið fari niður í -20 °C.

**DEVOLD EXPEDITION**
**dömu og herra, XS–XXL**
Tveggja laga fatnaður, bæði lögin úr merínóull. Heldur líkamanum heitum og þurrum þótt frostið fari niður í -50 °C.

**DEVOLD MULTI SPORT**
**dömu og herra, XS–XXL**
Einfaldur og léttur ullarnærfatnaður úr hreinni ull sem lagar sig fullkomlega að líkamanum. Miðast við allt að -10 °C. fari niður í -50 °C.

**DEVOLD ACTIVE KIDS**
**barna og unglinga, 4–16 ára**
Tvöfaldur innanundirfatnaður með ytra lagi úr fínni og mjúkri merínóull sem einangrar gegn kulda og eyðir rakanum úr innra byrðinu.

DEVOLD

Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • www.ellingsen.is • Póstsendum um allt land
Tryggvabraut 1–3, Akureyri • Sími 460 3630
Opið mánud.–föstud. 10–18, laugard. 10–18 og sunnud. 12–16

Ellingsen
– fullt hús ævintýra

TBWA\REYKJAVÍK \ SÍA \ 9071467

SMÁRALIND SÍMI 545 1550 • GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 • KRINGLUNNI SÍMI 545 1580

ÚTILÍF

ÍSLENSKA/SÍA.IS / UTI 39986 11/07

Hefurðu fengið desember-uppbótina þína?

Desemberuppbót á að greiða ekki seinna en 15. desember.

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK
S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS

Virðing
Réttlæti

VR

vodafone

Tónlist í símann

Milljón íslensk og erlend lög sem þú getur eignast

Sony Ericsson V640i
Lipur og nettur Walkman tónlistarspilari. 3G, EDGE, 256 Mb minniskort. Fer á netið með Vodafone live! Fæst í "Havana Gold" og svörtu. Fæst eingöngu hjá Vodafone.

19.900 kr.

Gríptu augnablikið og lifðu núna

AFTAKAVEÐUR GENGUR YFIR LANDIÐ

FAUK Í SUNDUR Óveðrið reif þakið og aðra hliðina af þessum flutningabíl í Flatahrauni rétt fyrir hádegi í gær. Björgunarsveitarmenn og lögregluþjónar bundu niður það sem eftir var af bílnum, og því næst var honum ekið í skjól. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Allt fauk sem fokið gat í veðurofsanum

**Um þrjú hundruð manns sinntu útköllum vegna óveðursins sem gekk yfir landið í gær. Engin slys urðu á fólki en nokkurt tjón varð þegar lausamunir fuku. Búist er við öðrum stormi á morgun, þó ekki jafn hvössum og í dag.**

**VEÐUR** Mikið var að gera hjá björgunarsveitum landsins vegna óveðursins í gær. Hátt í þrjú hundruð sjálfboðaliðar frá björgunarsveitunum, auk lögreglu- og slökkviliðsmanna, sinntu útköllum í veðurofsanum. Flest þeirra voru vegna vatnsleka og lausamuna sem höfðu fokið. Engin slys urðu á fólki.

Innanlands- og millilandaflug lá niðri fram eftir degi, og enginn póstur var borinn út. Kennslu í grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu og víðar var aflýst vegna veðursins.

Mest var að gera hjá björgunarsveitunum á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Vesturlandi. Fjöldi útkalla náði yfir þrjú hundruð áður en dagurinn var úti. Meðal annars rifnaði stórt grenitré upp með rótum og fauk inn um stofuglugga í Kópavogi, og heitur pottur fór á flakk um götur Mosfellsbæjar.

„Það voru alls konar hlutir að fjúka: gervihnattadiskar, skilti hjá fyrirtækjum, gámar, stillansar, þakplötur og fleira," segir Ólöf Snæhólm Baldursdóttir, upplýsingafulltrúi Landsbjargar. „Við vorum að fá tilfelli þar sem fólk var ekkert að hafa fyrir því að festa muni sína betur fyrir óveðrið, fólk virðist ekki trúa að þetta komi fyrir það. Sem betur fer slasaðist enginn í óveðrinu."

Hún segir fyrstu björgunarsveitirnar hafa verið kallaðar út klukkan þrjú í fyrrinótt, en fyrstu útköllin hafi borist milli sex og sjö í gærmorgun. Vakt var í samhæfingarstöðinni í Skógarhlíð frá klukkan þrjú í fyrrinótt og fram á kvöld í gær vegna veðursins.

Stormurinn kom til vegna djúprar og víðáttumikillar lægðar sem kom yfir landið frá Grænlandshafi, að sögn Þorsteins V. Jónssonar, veðurfræðings á Veðurstofu Íslands. Hann segir von á stormi á morgun, en ekki sé víst að hann verði jafn hvass og í dag. „Það fer allt eftir því hvernig lægðin hreyfir sig," segir hann.

Vindinn tók að lægja á höfuðborgarsvæðinu eftir hádegi í gær, en þó var nokkuð hvasst fram á kvöld. Hvassviðri var einnig á Vesturlandi og Vestfjörðum fram eftir kvöldi.

salvar@frettabladid.is

## TUGMILLJÓNA TJÓN EFTIR VATNSLEKA

„Vatnið fossaði bara yfir parkett, afgreiðsluborð og tölvur hjá okkur," segir Þórarinn Ævarsson, framkvæmdastjóri IKEA. Mikið af vatni hafði safnast fyrir á þaki verslunarinnar í Kauptúni með þeim afleiðingum að niðurfallslögn gaf sig og vatn flæddi inn í verslunarrými á annarri hæð.

Verslunin var opin þegar leiðslan sprakk en fáir viðskiptavinir á ferð vegna veðursins. Henni var lokað þangað til tókst að koma vatninu út um hálf þrjú. „Við kölluðum strax til slökkvilið og smiði og fengum starfsfólk okkar til að hjálpa til," segir Þórarinn. „Þetta var stórmál en margar hendur vinna létt verk. Það er of snemmt að segja nákvæmlega hversu mikill skaðinn er, en tjónið er tugir milljóna."

## FÓRUM ÚR EINU VERKEFNI Í ANNAÐ

„Ég mætti klukkan sjö í morgun þegar veðrið var sem verst, og þá fórum við beint í að sinna útköllum," segir Hálfdán Ágústsson, björgunarsveitarmaður hjá Hjálparsveit Skáta í Reykjavík. Hann var nýkominn af vakt þegar Fréttablaðið ræddi við hann um klukkan fimm í gær. „Við vorum aðallega að koma í veg fyrir að hlutir eins og þakplötur, kerrur, trampólín og gervihnattadiskar fykju. Svo þegar við lukum verkefni fórum við bara í það næsta."

Hann segist hafa verið blautur meira og minna allan daginn, en honum hafi samt ekki orðið kalt í hasarnum. „Maður er líka vel búinn og með allar græjur. Við vorum rennblaut frá klukkan átta um morguninn fram að hádegi, en svo lagaðist þetta þegar tók að lægja."

Hann bætir við að hjálparsveitinni hafi reglulega borist símtöl yfir daginn þar sem fólk spurði hvernig það ætti að greiða fyrir aðstoðina. „Við tökum ekki við neinni borgun, en bendum fólki á flugeldasöluna sem er okkar aðalfjáröflun."

HÁLFDÁN ÁGÚSTSSON BJÖRGUNARSVEITARMAÐUR

FRAMHALD Á NÆSTU SÍÐU

GJAFAVÖRUR FRÁ iittala FYRIR JÓLIN

# DIMMT ÚTI, BJART INNI

Ekkert heimili má verða saltlaust:
Gefðu gjafabréf frá Saltfélaginu.

Á kaffihúsinu sem **Te & kaffi** starfrækir í Saltfélaginu er ilmandi kaffi á boðstólum alla daga.
**Jólatími:** 15. des. **11-18** / 16 des. **12-18** / 17. - 22. des. **10-22** / 23. des. **10-23**

ENNEMM / SÍA / NM31316

designSmykker™
by bræmer denmark

Fáanlegt í setti
Franch Michelsen
ÚRSMÍÐAMEISTARI
LAUGAVEGI 15 • SÍMI 511 1900
WWW.SVISS.IS

# AFTAKAVEÐUR GENGUR YFIR LANDIÐ

**VEIÐIHORNIÐ** Björgunarsveitarmenn taka niður auglýsingaskilti Veiðihornsins við Síðumúla, sem farið var að losna vegna veðursins. Sveitin var greinilega ekki búin réttu tækjunum því Veiðihornið útvegaði skrúfjárnið sem notað var til að losa skiltið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**FEST Í ROKINU** Stálplötur og festingar við styttuna á horni Eiríksgötu og Snorrabrautar í Reykjavík losnuðu í rokinu, og þurftu björgunarsveitarmenn að festa þær aftur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**STÖÐUVATN** Verkamenn Hjáverks bisa við að koma vatnsdælu í gang við Egilshöll í Grafarvogi. Mikið vatn safnaðist fyrir í skurði upp við húsið með þeim afleiðingum að vatn lak inn í líkamsræktarsal og geymslurými. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Tjáðu þig!

Viltu sýn'eikkað?
Ný útlit · Myndaalbúm · Símablogg
BlogCentral.is
Stærsta bloggsamfélagið á Íslandi

HÆTTA!
Já, útsalan er að hætta!
Nú eru síðustu forvöð að gera reyfarakaup í Ódýra byggingamarkaðnum því síðasti dagur útsölunnar er í dag.
Parket
Flísar
Verkfæri
Málning
O.fl.
Enn meiri verðlækkun!
Ódýri byggingamarkaðurinn, Bæjarhrauni 8, Hafnarfirði

Hvað er að frétta?

Með púlsinn á markaðnum alla daga_
www.visir.is
VÍSIR
Fyrstur með fréttirnar!

**Hér á Flateyri verða „Grundarendaveður“.**

**Þá springa skemmur og trillurnar hendast upp úr höfninni. Það er alltaf pirrandi.**

JÓNSSON & LE'MACKS • JL.is • SÍA

**Höfuðborgarsvæðið:** Smáralind, Kringlan, Bankastræti 5, Faxafen 12, Miðhraun 11 Garðabæ. **Akureyri:** Glerárgata 32. **Keflavík:** Leifsstöð **og söluaðilar um land allt.**

**www.66north.is**

**Klæddu þig vel**

66° NORÐUR

# 50%

## afsláttur af völdum jólavörum

**Jólaseríur / jólakúlur / jólaskraut o.fl.**

# JÓLIN ERU Í BYKO

## Opið í BYKO Breidd & Kauptúni til kl. 20:00 til jóla

**Frá og með fimmtudeginum 20. desember er opið til kl. 22:00**

BOSCH

Vnr. 65744610

**Brauðrist** Verð áður: 3.995 **2.990**

BOSCH brauðrist.

TILVALIN JÓLAGJÖF

**9.995**

PHILIPS

Vnr. 65332300

**Kaffivél**

PHILIPS Senseo Onpack XXL kaffivél, 1450W, 1-2 bollar í einu. Auka XXL vatnstankur fylgir. Fæst í BYKO Breidd, Kauptúni, Akureyri og Selfossi.

**Þar sem fagmennirnir versla er þér óhætt!**

REMINGTON

# 20% afsláttur

af öllum REMINGTON vörum

REMINGTON

Verð áður: 4.990

Vnr. 65761951

**Sléttujárn** 2.990

REMINGTON CS5002 sléttujárn, úr keramiki.

BOSCH

Verð áður: 9.990

Vnr. 65742820

**Ryksuga** 7.990

BOSCH ryksuga, rauð, 1800W.

**150.000 inneign í Nóatúni**

NÓATÚN

Vnr. 49838906

**Rafhlöðuskrúfvél**

Rafhlöðuskrúfvél, 3,6V, lithium rafhlaða. Skrúfbitasett fylgir.




Vnr. 88012397

**Kubbar**

LEGO CREATOR kubbar, byggingarsett, 3 bílar í kassa. Fyrir 7-12 ára.



Vnr. 68870121

**Verkfærasett** 4.990 Verð áður: 7.540

LUX verkfærasett, 90 stk.

**ÚRVAL AF JÓLAGJÖFUM Í BYKO**

Allir sem versla í BYKO geta tekið þátt í jólaleik BYKO með því að fylla út þátttökuseðil.

Dregið verður 19. desember.

Vnr. 41100142

**Matarstell**

Matarstell með skrautmynstri, 6 manna, 39 stk.

# Jólastemming

## Í DAG LAUGARDAG

**BYKO Akureyri.** Boðið upp á vöfflur kl.14-17.

**BYKO Kauptúni.** Boðið upp á piparkökur. Hurðaskellir og Kertasníkir spila á gítar, syngja og sprella kl.13.

**BYKO Breidd.** Boðið upp á vöfflur kl. 13-15. Kynning á Remington hársnyrtivörum kl.14-17. Hurðaskellir og Kertasníkir spila á gítar, syngja og sprella kl.12.

## Á MORGUN SUNNUDAG

**BYKO Akureyri.** Boðið upp á vöfflur kl.14-16.

**BYKO Kauptúni.** Boðið upp á piparkökur. Hurðaskellir og Kertasníkir spila á gítar, syngja og sprella kl.14

**BYKO Breidd.** Boðið upp á vöfflur kl. 13-15. Kynning á Remington hársnyrtivörum kl. 13-16. Hurðaskellir og Kertasníkir spila á gítar, syngja og sprella kl.13.

BYKO

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
6.466 **+0,88%**

**Fjöldi viðskipta:** 320
**Velta:** 12.267 milljónir

MESTA HÆKKUN

| | |
|---|---|
| ALFESCA | +1,18% |
| EIK BANKI | +0,96% |
| ATLANTIC AIRWAYS | +0,59% |

MESTA LÆKKUN

| | |
|---|---|
| ATLANTIC PETROLEUM | -3,1% |
| FÖROYA BANKI | -2,73% |
| SPRON | -2,54% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 10,04 -0,40% ... Bakkavör 58,60 -1,68% ... Eimskipafélagið 36,50 -0,14% ... Exista 22,45 -1,97% ... FL Group 15,10 -2,27% ... Glitnir 22,35 -1,97% ... Icelandair 26,15 -2,24% ... Kaupþing 886,00 -0,34% ... Landsbankinn 36,85 -0,41% ... Straumur-Burðarás 15,25 -0,33% ... Össur 98,70 -0,30% ... Teymi 5,98 +0,00%

**viðskipti**
Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Litlar líkur á vaxtalækkun

**Verðbólga eykst í Bandaríkjunum, mælist 4,2 prósent á ársgrundvelli.**

Vísitala neysluverðs hækkaði um 0,8 prósent í Bandaríkjunum í síðasta mánuði. Þetta er 0,2 prósentustigum meira en markaðsaðilar höfðu spáð og jafngildir því að verðbólga mælist 4,2 prósent síðastliðna tólf mánuði, samkvæmt útreikningum bandarísku hagstofunnar.

Verðbólga hefur ekki mælst meiri vestanhafs í heil tvö ár auk þess sem vísitalan hefur ekki stokkið jafn hratt upp á milli mánaða síðan í september árið 2005 eftir að fellibylurinn Katrína reið yfir suðurströnd Bandaríkjanna.


BEN BERNANKE

Fjárfestar og aðrir markaðsaðilar þrýstu mjög á vaxtalækkun úr ranni seðlabanka Bandaríkjanna í sumar þegar kreppa fór um skóinn hjá bönkum og fjármálafyrirtækjum vegna afskrifta á fasteignaútlánum.

Ben Bernanke seðlabankastjóri þrjóskaðist við á þeim forsendum að einblína ætti á að halda verðbólgu niðri fremur en að bæta hag þeirra sem höfðu stundað áhættusamar fjárfestingar. Verðbólgutölurnar nú benda til að litlar líkur séu á frekari lækkun vaxta vestanhafs á næstu misserum, að sögn fréttastofu Associated Press. **- jab**

# Atlantic Airways tekur loks flugið

Gengi bréfa í færeyska flugfélaginu Atlantic Airways hækkaði um 0,59 prósent í Kauphöll Íslands í gær. Þetta er jafnframt annar dagurinn sem hluthafar sjá hækkun á gengi félagsins síðan viðskipti hófust með bréfin í Kauphöll Íslands á mánudag. Gengið er nú 2,1 prósenti undir upphafsgengi.

Gengi færeyska bankans Föroya banka lækkaði á sama tíma um 2,73 prósent, annan daginn í röð sem dregur úr markaðsverðmæti bankans. Þá lækkaði færeyska olíuleitarfélagið Atlantic Petroleum mest í Kauphöllinni í gær, um 3,1 prósent. **- jab**

# Verulega hægir á fasteignasölu

„Kaupsamningar í þessari viku voru aðeins 142 talsins og hefur ekki verið skrifað undir færri kaupsamninga í einni viku frá því í lok janúar," segir í Vegvísi Landsbanka Íslands um þróunina á fasteignamarkaði.

Um leið kemur fram að þó nokkrar sveiflur séu í fjölda frágenginna kaupsamninga. Þess vegna segir greiningardeild Landsbankans að gagnlegt kunni að vera að skoða fjögurra vikna hlaupandi meðaltal samninga, en sú stærð sé komin undir meðaltal síðustu þriggja ára í fyrsta sinn síðan í febrúar. „Veltan í vikunni nam 5,1 milljarði króna en hún hefur ekki verið svo lág í tæpa fjóra mánuði," segir í Vegvísi, sem telur tölurnar gefa vísbendingu um „að mögulega sé loks farið að hægja á fasteignamarkaði". Birt verður á fimmtudag vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu. **- óká**

# Forstjóraskipti um miðjan næsta mánuð

**Björgólfur Jóhannsson segist láta af störfum sem formaður Landssambands íslenskra útvegsmanna.**

Forstjóraskipti verða hjá Icelandair Group 15. næsta mánaðar að því er fram kemur í tilkynningu félagsins til Kauphallar. Líkt og greint hafði verið frá tekur Björgólfur Jóhannsson, fráfarandi forstjóri Icelandic Group, við starfinu af Jóni Karli Ólafssyni. Samkvæmt samkomulagi Jóns Karls og Icelandair lætur hann af störfum frá og með sama tíma.

Gunnlaugur M. Sigmundsson, formaður stjórnar Icelandair Group, segir umskiptin koma í kjölfar skipulagsbreytinga sem ákveðið var í haust að ráðast í. Hann þakkar Jóni Karli, sem stýrt hafi Icelandair Group og Icelandair í gegnum miklar umbreytingar á liðnum árum, góð störf. Núna segir hann hins vegar hafa verið rétta tímann til að láta leiðir

BJÖRGÓLFUR JÓHANNSSON

JÓN KARL ÓLAFSSON

skilja, enda hafi áherslur breyst með nýjum eigendum og stjórn félagsins.

Björgólfur kveðst hlakka til að koma til starfa í jafnöflugu fyrirtæki og Icelandair Group er. Hann segist fullur af hugmyndum, en telur um leið ráðlegt að setja sig betur inn í rekstur félagsins áður en hann úttalar sig um þær. Þá segir hann ljóst að ekki verði ráðinn forstjóri yfir dótturfélagið Icelandair fyrsta kastið. „Fyrst ætla ég að komast vel inn í hlutina," segir hann og telur Icelandair mikilvægasta hlekkinn í grúppunni.

Ekki hefur enn verið ráðinn maður í stað Björgólfs hjá Icelandic Group, en þar segist Björgólfur feginn að hafa ráðrúm til að koma vel á veg verkefnum sem hafin séu til að bæta gang rekstursins. Hann segir hins vegar ljóst að hann muni í framhaldinu láta af starfi framkvæmdastjóra LÍÚ.

Jón Karl Ólafsson, fráfarandi forstjóri, segist fara stoltur frá borði enda skili hann góðu búi. Félagið, þar sem hann hefur starfað í aldarfjórðung, hefur vaxtið hratt undir hans stjórn síðustu ár og tekið miklum breytingum. „En núna einbeitir maður sér bara að því að halda jól," segir hann og telur ekki útilokað að hann leyfi sér líka að taka nokkra hringi á golfvellinum. „Ég kvíði engu um framtíðina," segir hann.

Í tilkynningu Icelandic Group til Kauphallar um breytingarnar segir Magnús Þorsteinsson stjórnarformaður Björgólf hafa leitt umfangsmikið og erfitt umbreytingastarf hjá félaginu, þar sem ýmislegt hafi gengið vel og annað sé í farvegi. Hann kveðst hafa á því skilning að Björgólfur vilji reyna fyrir sér á öðrum vettvangi og óskar honum velfarnaðar.


**Fallegar skrifstofur í hjarta borgarinnar**

Húsnæði framkvæmdasviðs Reykjavíkurborgar á horni Borgartúns og Skúlatúns er laust til leigu. Hér er frábært tækifæri til að tryggja sér fallegt skrifstofuhúsnæði í sögufægu húsi á besta stað í borginni.

Húsið er alls um 3.250 m² en dæmigerð hæð um 585 m². Rýmin geta verið af breytilegri stærð eftir þörfum leigutaka. Skilaástand leigðra rýma er samkomulagsatriði. Skipulag hússins býður upp á að afhenda leigurými sem lokaðar skrifstofur eða opin rými.

Húsnæðið er til afhendingar í apríl 2008 eða eftir nánara samkomulagi.

Frekari upplýsingar veitir
**Arngrímur Blöndahl**
**í síma 595 4400 / 822 4401**
**eða netfanginu arngrimur@eykt.is**

EYKT
ÞEKKINGARFYRIRTÆKI Í BYGGINGARIÐNAÐI

Eykt ehf. / Lynghálsi 4 / 110 Reykjavík
Sími: 595 4400 / Fax: 595 4499
Netfang: eykt@eykt.is / www.eykt.is


# Opera hnýtir í Microsoft

JÓN TETZCHNER

Norska hugbúnaðarfyrirtækið Opera Software hefur lagt fram málshöfðun til framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins á hendur bandarískra hugbúnaðarrisanum Microsoft.

Jón S. von Tetzchner, hinn íslenski forstjóri og stofnandi Opera Software, ásetur Microsoft fyrir að misnota sér markaðsráðandi stöðu sína og aðskilja ekki vafra sinn, Internet Explorer, frá Windows-stýrikerfinu. Þetta hátterni hindri eðlilega samkeppni á vaframarkaðnum. „Við unum okkur ekki fyrr en neytendur búa við sanngjarnt val á vöfrum," segir hann. **- jab**

# Hætt við sölu fyrirtækja IG

Icelandic Group og Finnbogi A. Baldvinsson hafa komist að samkomulagi um að afturkalla viljayfirlýsingu um sölu á 81 prósents eignarhlut í Icelandic Holding Germany, móðurfélagi Pickenpack Hussmann & Hahn GmbH í Þýskalandi og Pickenpack Gelmer SAS í Frakkland, til Finnboga.

Í tilkynningu sem send var Kauphöll Íslands í gær kemur fram að ástæðuna fyrir afturkölluninni megi fyrst og fremst rekja til skilyrða á alþjóðlegum fjármálamálamörkuðum, sem verið hafi sérlega óhagstæð frá því að skrifað var undir viljayfirlýsinguna.

Björgólfur Jóhannsson, fráfarandi forstjóri Icelandic Group, segir Finnboga starfa áfram hjá Icelandic Group og einbeiti sér nú að því að ná viðsnúningi í rekstri fyrirtækjanna, sér í lagi Pickenpack, sem hafi átt í nokkrum erfiðleikum. **- óká**

# Heimilispryði

## Fækkaðu snúrunum og njóttu fullkomnunar í hljóði og mynd

- Vandað 40” 100Hz Sony LCD sjónvarp í fullri háskerpu af D gerð. (1920x1080)
- Kröftugt Bose 3.2.1 GSX heimabíókerfi.
- 2 hátalarar og bassi í stað 6 hátalara í hefðbundnum kerfum.
- DVD spilari og útvarp.
- Innbyggður harður diskur sem geymir tónlistarsafnið þitt.
- Borðstandar fyrir sjónvarp og hátalara.
- Ein Bose fjarstýring fyrir stjórnun á sjónvarpi, afruglara og hljómtæki.
- Akstur heim að dyrum.
- Fagleg uppsetning og tenging á búnaði.
- Forritun fjarstýringar fyrir sjónvarp, afruglara og hljómtæki.
- Kennsla á búnað.
- Einstök upplifun.

**Heildarverð 469.000,-**

**RÁÐGJÖF**
Söluráðgjafar veita þér ráðgjöf um hentugustu lausnina



**UPPSETNING**
Tæknimenn setja upp allan búnað og stilla í samráði við þig



**KENNSLA**
Sérfræðingar veita kennslu og leiðbeina þér um helstu stillingar



**UPPLIFUN**
Njóttu fullkomnunar í hljóði og mynd

sense er hluti af Nýherja NÝHERJI

BOSE SONY

sense

HLÍÐASMÁRA 3 - 201 KÓPAVOGUR - SÍMI 585 3800 - www.sense.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Björgunarsveitir í eldlínunni og tækifæri okkar hinna:

# Allsherjar útkall um allt land

JÓN KALDAL SKRIFAR

Klukkan þrjú í fyrrinótt var Samhæfingarmiðstöð Almannavarna í Skógarhlíð virkjuð til að samræma störf lögreglu, slökkviliðs og björgunarsveita. Þegar leið að morgni var búið að kalla út allar björgunarsveitir höfuðborgarsvæðisins.

Þetta var þriðja stóra útkall vikunnar vegna aftakaveðurs. Þriðju nóttina í vikunni stóðu sjálfboðaliðar í björgunarsveitum landsins í stórræðum við hliðina á atvinnumönnunum í lögreglunni og slökkviliðinu. Flugvélar voru bundar niður á Reykjavíkurflugvelli, krossviðarplötur negldar fyrir brotna glugga í heimahúsum og skriðið upp á þök í miðju veðravítinu til að festa niður flaktandi bárujárnsplötur. Á Vestfjörðum fóru björgunarsveitarmenn í þreifandi byl upp á Steingrímsfjarðarheiði til hjálpar fólki sem sat fast í bílum sínum.

Svona er hægt að halda lengi áfram. Í hverjum landshluta voru unnin álíka hetjuverk í vikunni. Björgunarsveitarfólk um allt land hefur enn einu sinni sýnt að starf þess er algjörlega ómetanlegt fyrir samfélagið hér á hjara veraldar.

Nú vill svo til að fram undan er lykiltími í starfi björgunarsveita landsins. Þrátt fyrir að starfi þeirra sé fyrst og fremst haldið uppi með ótrúlega óeigingjörnu og fórnfúsu sjálfboðaliðastarfi þurfa björgunarsveitirnar líka beinharða peninga til ýmissa tækjakaupa. Þetta er ekki ódýr útgerð.

Flugeldasala fyrir áramót er mikilvægur tekjupóstur í fjáröfluninni. Ýmis félög og samtök hafa undanfarin ár teygt sig inn á þann markað og þar með þrengt að svigrúmi björgunarsveitanna til að útvega sér rekstrarfé. Meðal keppinauta björgunarsveitanna eru íþróttafélögin. Þar er líka á ferðinni gott málefni og að sjálfsögðu er ekkert við það að athuga þótt einhverjir vilji styðja sitt félag. Um leið má þó stinga upp á að viðkomandi deili viðskiptum sínum og láti björgunarsveitirnar líka njóta yfirvofandi skotgleði.

Slysavarnafélagið Landsbjörg er landssamtök björgunarsveita og slysavarnadeilda. Innan félagsins starfa um átján þúsund manns í björgunarsveitum, slysavarnadeildum og unglingadeildum. Allt það fólk á inni hjá okkur hinum að við leggjum okkar af mörkum til þess að það hafi til umráða besta mögulega búnað við aðstæður sem geta verið lífshættulegar þegar verst lætur.

Við Íslendingar búum á mörkum hins byggilega heims. Náttúruöflin eiga það til að hnykla vöðvana með meiri krafti hér en víða annars staðar. Háskinn getur komið upp úr jörðinni, ofan úr fjalli, af hafi eða himnum. Við þær aðstæður er gott að geta treyst á samtakamátt fjöldans sem starfar undir merkjum Landsbjargar.

Ef veðurspárnar ganga eftir mun fólk úr þeim hópi verða næst í eldlínunni strax á morgun þegar spáð er að fjórða óveðurslægðin á einni viku gangi yfir landið.

Allsherjar útkall okkar hinna er á flugeldasölustaði björgunarsveitanna fyrir áramót.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson ABSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Öðruvísi Frelsi

Frumvarp um breytingar á þingsköpum var samþykkt á þingi í gær en því er ætlað að koma í veg fyrir málþóf. Frumvarpið naut stuðnings allra flokka nema Vinstri grænna, sem telja vegið að málfrelsi þingmanna og til þess gert að veikja stjórnarandstöðuna enn frekar. Þingmenn utan Vinstri grænna hafa þó ekki alltaf talið málþóf óæskilegt og ólýðræðislegt eins og nú. Þar á meðal er Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra, sem kaus með frumvarpinu. Það er sem sagt komið annað hljóð í strokkinn nú en árið 2004, þegar Björgvin steig í pontu og las langan kafla úr bókinni Frelsið eftir John Stuart Mill.

### Heima og heiman

Samtökin Heimili og skóli hafa beint þeim tilmælum til fræðsluyfirvalda að þau sendi skýr skilaboð til foreldra um að senda ekki börnin í skóla þegar ofsaveður geisar eins og í gær. Þannig sé komið í veg fyrir að börnin komi að lokuðum dyrum eða séu send heim skömmu eftir að hafa komið í skólann. Reyndar sendi lögreglan slík tilmæli sem menn frá Almannavörnum brýndu síðan fyrir fólki. Mikið agalega var stjórnsýslan miklu skilvirkari þegar mamma var látin um þessa ákvörðun.

### Stólaskipti

Enn ein breytingahrinan reið yfir hjá ritstjórnum Birtings í gær. Jón Trausti Reynisson hættir sem ritstjóri Ísafoldar en verður meðritstjóri Reynis Traustasonar, föður síns, á DV. Jón Trausti fyllir þar skarð Sigurjóns M. Egilssonar sem tekur við ritstjórn Mannlífs, ásamt dóttur sinni, Hjördísi Rut. Þórarinn Þórarinsson hættir þar af leiðandi sem ritstjóri Mannlífs en tekur við stjórnartaumunum á dv.is sem varð ritstjóralaust fyrr í vikunni þegar Guðmundur Magnússon hætti. Ástandið er óneitanlega farið að minna á stólaleikinn sígilda sem er ómissandi í öllum barnaafmælum.

bergsteinn@frettabladid.is
jse@frettabladid.is

# Kristsmenn í pólitík

SVERRIR JAKOBSSON

Í DAG | Stjórnmál

Íöðrum Norðurlöndum hafa lengi verið starfandi kristilegir flokkar. Þeir hafa yfirleitt skilgreint sig á miðju stjórnmálanna, starfað með hægriflokkum og barist fyrir því að viðhalda vægi kristinnar trúar í samfélaginu.

Stærsti og langlífasti flokkurinn af þessu tagi er í Noregi. Hann var stofnaður 1933 og hefur lengi verið veldi í miðjupólitíkinni þar. Upphaf flokksins má rekja til mótmæla vegna sýningar á bandarísku leikriti í Osló, en kristnir menn litu svo á að guðlastað væri í leikritinu. Flokkurinn fór vaxandi eftir 2. heimsstyrjöldina og komst til áhrifa í norskum stjórnmálum með samvinnu við aðra borgaraflokka. Formaður hans var lengi Kjell Magne Bondevik sem var forsætisráðherra 1997-2000 og 2001-2005. Í seinustu þingkosningum fékk flokkurinn 6,8% og 11 þingmenn á stórþinginu, en hafði áður 22 þingmenn.

Kristilegi flokkurinn í Finnlandi var stofnaður 1958. Upphaflega var stefna hans nánast sú sama og norska systurflokksins. Flokkurinn komst fyrst inn á þing 1970 og hefur fylgi flokksins upp frá því verið á milli 2,5% og 5,3%. Í seinustu þingkosningum fékk flokkurinn 4,9% atkvæða og 7 þingmenn á ríkisdeginum.

Kristilegi flokkurinn í Svíþjóð komst fyrst inn í ríkisdaginn 1985, en var stofnaður 1964. Hann var upphaflega mótmælahreyfing vegna þess að innrætingu kristilegra gilda var hætt í sænska skólakerfinu. Einnig barðist flokkurinn gegn kynfræðslu í skólum. Alf Svensson var formaður flokksins í ríflega 30 ár en núna er Göran Hägglund leiðtogi hans. Flokkurinn sækir mikið fylgi til Smálanda þar sem vægi óháðra kirkjusafnaða er mikið. Í seinustu þingkosningum fékk flokkurinn 6,6% atkvæða og 24 þingmenn á ríkisdeginum.

Kristilegi flokkurinn í Danmörku er minnstur. Hann var stofnaður 1970 og átti þingmenn á danska þjóðþinginu 1972-1994 og 1998-2005. Meðal upprunalegra stefnumála flokksins var aukið landamæraeftirlit með hippum, en síðar færðist hann inn á miðju danskra stjórnmála. Fylgi flokksins hefur verið mest á vesturströnd Jótlands og á Borgundarhólmi. Flokkurinn átti aðild að ríkisstjórn 1982-1988 og 1993-1994. Í seinustu kosningu til danska þjóðþingsins fékk flokkurinn 0,9% og engan þingmann kjörinn.

### Dreifbýlisflokkar

Allir kristilegu flokkarnir á Norðurlöndum eiga það sameiginlegt að þeir sækja fylgi sitt einkum til dreifbýlli svæða og höfða til kjósendahóps sem áður studdi við bakið á litlum eða meðalstórum miðflokkum. Vægi þeirra fór vaxandi á 10. áratugnum þegar þeir voru allir í ríkisstjórn en hefur farið dalandi að undanförnu. Flokkar af þessu tagi hafa aldrei átt aðild að vinstristjórn enda þótt þeir reyni oft að höfða til velferðarsinnaðra kjósenda. Á Evrópuþinginu hafa þeir starfað með þingmannasamtökum hægriflokka.

Nánast allir þessir flokkar eiga uppruna sinn í mótmælahreyfingum gegn minnkandi vægi kristinna gilda og viðhorfa í samfélaginu. Kristilegi flokkurinn í Svíþjóð var beinlínis stofnaður vegna afnáms kristinfræðikennslu í skólum sem flokksmenn töldu til marks um guðlausa efnishyggju ríkisstjórnar sósíaldemókrata. Þessir flokkar eru því sannkallaðir íhaldsflokkar, jafnvel mun frekar en nýfrjálshyggjuflokkarnir sem oft kenna sig við íhaldsstefnu.

### Gegn umburðarlyndi

Núna er orðinn til sambærilegur kristilegur flokkur á Íslandi. Hann heitir Framsóknarflokkurinn. Formaður flokksins, Guðni Ágústsson, endurskilgreindi flokkinn í Kastljósviðtali þar sem hann gagnrýndi menntamálaráðherra fyrir að úthýsa kristnum gildum úr skólakerfinu í nafni trúfrelsis. Framsóknarmenn skilgreina varðstöðu um trúfrelsið sem „umburðarlyndisfasisma“ og gildir þá einu hvort þeir eru sjálfir þjóðkirkjumenn eða ekki.

Þessi nýja stefna Framsóknarflokksins þarf samt ekki að koma á óvart. Á undanförnum misserum hafa forystumenn flokksins verið iðnir að biðla til kristinna íhaldsmanna og verið tíðir gestir á hvers konar vakningasamkomum trúarsafnaða. Rætur Framsóknarflokksins í dreifbýlinu komu skýrt fram í seinustu alþingiskosningum þar sem flokkurinn kom einungis einum manni á þing á gervöllu höfuðborgarsvæðinu. Framsóknarmönnum hefur gengið illa að fóta sig í stjórnarandstöðu enda orðnir næstum samvaxnir við Sjálfstæðisflokkinn eftir langt stjórnarsamstarf. Núna á að efla sérstöðuna og það skal gert með því að draga upp biblíuna.

Framsóknarmenn treysta á að íslenskir sveitamenn séu jafn íhaldssamir og sveitamenn á öðrum Norðurlöndum og að samstarf við sértrúarsöfnuði á höfuðborgarsvæðinu muni efla veiklaða grasrót flokksins. Um hvorttveggja má efast. Enn minni líkur eru þó á því að þetta kristilega hægrisnú muni höfða til þess hóps hefðbundinna framsóknarkjósenda sem yfirgaf flokkinn í þúsundatali í seinustu alþingiskosningum. Sókn Framsóknarflokksins á ný mið mun ef til vill ekki skila þeim afla sem forystumenn hans ætlast til.

# *Bréf til frjálslyndra menntamanna*

UMRÆÐAN

Trúmál

GUÐMUNDUR INGI MARKÚSSON

Þegar Guðni Ágústsson tók sína kristilegu jóðsótt á miðvikudag rann upp fyrir mér ljós. Í allri umræðu um tengsl kirkju og skólastarfs hafa frjálslyndir menntamenn vart sést. Illugi Jökulsson hefur aðeins bært á sér og Guðmundur Andri Thorsson hæglátlega talað um að íslenskt samfélag sé veraldlegt, en þess utan hafa gagnrýnendur afskipta kirkju af skóla setið einir undir holskeflu rangsnúinna upphrópana af vörum varðhunda hefðarinnar.

Meira að segja í hinu smáa Danaveldi eru frjálslyndir menntamenn sem rennur blóðið til skyldunnar þegar málefni samfélagsins ber á góma. Á Íslandi er þessu ekki að dreifa. Kannski eru frjálslyndir menntamenn einhverskonar huldukyn sem hvorki heyrist né sést.

Þetta er augljóst af viðbrögðum „kristilegra talsmanna“. Þessir „verðir samfélagsins“ virðast ófærir um málefnalega umræðu og kjósa frekar að gera strámenn úr „andstæðingum“ sínum og brenna á kesti eigin tilbúnings. Þannig þurfa foreldrar og aðrir sem komið hafa fram með hóflega gagnrýni að sitja undir rangfærslum um þeir vilji þurrka út kristni, leggja niður þjóðsönginn, rekja upp fánann og jafnvel að samfélaginu stafi ógn af málflutningi þeirra. Þjóðin er jú kristin (er hún einstaklingur?) og skoðanasystkini undirritaðs í besta falli afvegaleiddir Íslendingar.

Hvar eru frjálslyndu menntamennirnir? Hvar eru McEwan, Dawkins og Rushdie þessa lands? Ef þeir eru fleiri en tveir, af hverju heyrist ekki í þeim?

Svarið felst kannski í öðrum sannleika um Ísland. Við erum jú aðeins á stærð við höfuðstað Jótlands. Íslenskt samfélag er ef til vill of lítið til þess að „faglegt“ samfélag þrífist. Samfélag þar sem hægt er að taka ákvarðanir án þess að kunningjatengsl flækist fyrir, samfélag þar sem jaðarhljómsveitir þekkja ekki alla áhangendur sína, samfélag þar sem fólk fer ekki hjá sér við opinskáa umræðu, samfélag þar sem frjálslyndir menntamenn eru fleiri en tveir.

*Höfundur er trúarbragðafræðingur.*

# Office 1 Superstore

## Jólabækurnar á dúndur góðu verði

TILBOÐ 4.965.- 30,000 years of Art

TILBOÐ 5.965.- Modern Landscape

TILBOÐ 1.465.- It's not how good you are

TILBOÐ 3.745.- Marks of Excellence

NÝTT PARTY&CO

TILBOÐ 4.965.- The 20th Century Art Book

TILBOÐ 4.645.- 10 X 10

TILBOÐ 4.645.- Silver Spoon

TILBOÐ 2.645.- 500 Self portraits

TILBOÐ 4.590.-

TILBOÐ 4.390.-

NÝTT MONOPOLY á íslensku

TILBOÐ 4.495.-

## Myndavélar verð frá 12.900.-

## Prentar á CD og DVD diska

TILBOÐ 9.900.-

**Viðskiptavinir sem versla fyrir 7500kr eða meir fá Machintosh dós í kaupbæti***

***á meðan birgðir endast**

### Jólaopnunartímar verslana Office 1*

| | |
|---|---|
| 14. des. Föstudagur | 09:00-20:00 |
| 15. des. Laugardagur | 10:00-20:00 |
| 16. des. Sunnudagur | 12:00-20:00 |
| 17. des. Mánudagur | 09:00-20:00 |
| 18. des. Þriðjudagur | 09:00-20:00 |
| 19. des. Miðvikudagur | 09:00-20:00 |
| 20. des. Fimmtudagur | 09:00-22:00 |
| 21. des. Föstudagur | 09:00-22:00 |
| 22. des. Laugardagur | 10:00-22:00 |
| 23. des. Sunnudagur | 10:00-23:00 |
| 24. des. Mánudagur | 09:00-13:00 |

*nema í Smáralind - opið samkvæmt opnunartímum Smáralindar

**Office 1...um land allt!**

Tilboðin gilda frá 14. til og með 18. desember 2007, eða á meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um myndbrengl og prentvillur.

# GLÆSILEGT SJÓNVARP – FÁEIN TÆKI EFTIR Á ÞESSU EINSTAKA TILBOÐSVERÐI

## 42" LCD sjónvarp
**SHARP LC42WD1E**

- HD Ready - 1366x768 punkta upplausn
- Skerpa: 1200:1 (3000:1 Dynamic), frábær dýpt og litaskerpa
- Svartími: 6ms
- Sjónsvið: 176°/176°
- DVB-T stafrænn sjónvarpsmóttakari og C.I. rauf fyrir afruglarakort
- Clear Flat hljóðkerfi, góður og krafmikill hljómur
- TruD myndvinnsla - eykur skerpu, mýkir línur og hreyfingar
- Tengingar - 2 x HDMI, 2 x SCART, VGA (D-sub), Component, AV/S-Video

Listaverð kr. 219.900,-

*Tilboðsverð kr. 189.900,-*

HD ready

## SANGEAN

**SANGEAN-WR-2**

FM/AM útvarp
Innbyggt loftnet – tengi fyrir aukaloftnet
Aux inngangur
Tengi fyrir heyrnartól
Faánlegt Silfur eða svart
Aðskilin bassa & diskant stilling
Fjarstýring

*Verð kr. 22.500,-*

# FRÁBÆR, NETT OG VÖNDUÐ MYNDAVÉL

## OLYMPUS

**OLYMPUS FE-280**

- 8 milljón pixlar
- 3 x aðráttarlinsa (38-190mm)
- 15 handhægar tökustillingar

*Verð kr. 22.900,-*

## Pioneer

## NÝ OLYMPUS

**VATNSHELD+HÖGGÞÉTT**

### Taktu myndir í kafi

*Vatnsheld niður á 3 metra og höggheld*

- 7.1 milljón pixlar
- 3x aðráttarlinsa (38–114 mm)
- Stór 6,4 cm (2,5") LCD skjár
- Videoupptaka með hljóði

*OLYMPUS mju790*
*Verð : 29.900,-*

## NÝTT MAGNAÐ HEIMABÍÓ >TILBOÐ!

### JAMO HÁTALARAR OG BASSABOX
**Jamo A402 hátalarasett**

- 5 hátalarar og bassabox
- 2-Way lokaðir
- 60W long-term / 90W short-term

Bassabox (A4SUB): Innbyggður magnari
- Lokaður · 200W rated

### PIONEER DVD SPILARI
**Pioneer DV300**

- Fáanlegur svartur eða silfraður
- Fjölkerfa DVD spilari með DivX
- Progressive scan - flöktfrí mynd
- Spilar DVD, VCD, SVCD, CD-R/RW og DVD-R/RW diska
- Spilar MP3 og WMA tónlist
- Sýnir JPEG myndir, MPEG

### PIONEER MAGNARI
**Pioneer VSX-417**

- Fáanlegur svartur eða silfraður
- 5 x 110 RMS @ 8 ohm
- Styður Dolby Digital, DTS, Pro Logic II og WMA9Pro
- Einföld uppsetning með Quick Set-Up
- FM/AM útvarp með RDS

**TILBOÐSVERÐ – Samtals kr. 88.900,-**

ORMSSON LÁGMÚLA 8 SÍMI 530 2800
ORMSSON SÍÐUMÚLA 9 SÍMI 530 2800
ORMSSON SMÁRALIND SÍMI 530 2900
ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535
ORMSSON MODEL-AKRANESI SÍMI 431 3333
ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751
ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000
ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515
ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038
ORMSSON VÍK-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900
ORMSSON VÍK-REYÐARFIRÐI SÍMI 474 1477
ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160

# HÁTÍÐ ER Í BAE

## AEG

Expresso kaffivél
sem bjargar deginum!
Frábær vél –
enda frá AEG.
*Verð kr. 89.900,-*

Solis OF SWITZERLAND

Nýr og flottur
1200w blandari
frá svissnesku
snillingunum
í SOLIS.
*Verð kr. 19.900,-*

Solis OF SWITZERLAND

Vinsæl og
glæsileg
kaffivél frá
SOLIS.
*Verð kr. 69.900,-*

TEFAL

Frábær
töfrasproti
frá TEFAL.
Getur allt!
*Verð kr. 2.990,-*

TEFAL

Djúpsteikingarpottur
vandaður og traustur.
*Verð kr. 8.990,-*

TEFAL

Dásamlegar,
nýbakaðar
vöfflur – með
hjálp TEFAL.
*Verð kr. 4.490,-*

KYNNIÐ
YKKUR
ÚRVALIÐ!

# LANGVARANDI ÁNÆGJA

ZWILLING

Færustu
matreiðslumeistarar
um allan heim velja
ZWILLING hnífa
- og ekki að
ástæðulausu.

*Úrvals hnífar - vönduð matargerð.*

ZWILLING

ZWILLING
Barnahnífapör
*Verð kr. 2.790,- settið*

Framsýni og metnaður síðan 1922
85 ÁRA
ORMSSON
1922-2007

***12** ORMSSON VERSLANIR
OG UMBOÐSMENN
UM LAND ALLT*

SAMSUNG

NÝ TÆKNI

SILVER NANO

TILBOÐ:
219.900 kr.

SAMSUNG- RS21DGUS
Burstað stál
Tvöfalt kælikerfi
Kælir: 346 l - Frystir: 186 l
Orkunotkun: 520 kwst /ári

AEG

**AEG**
KÆLISKÁPAR
Í ÚRVALI

AEG

**AEG**
OFN, HELLUBORÐ
OG HÁFUR
*– og hátíðarmaturinn
slær í gegn!*

ORMSSON

ALLTAF GLÆSILEG OG HAGNÝT GJAFAVARA

## Stofnfjárútboð SpKef

Sparisjóðurinn í Keflavík býður nú út nýtt stofnfé að nafnverði kr. 1.586.813.319. Farið er með útboðið skv. reglum um almennt útboð verðbréfa, en stofnfjáreigendur sem skráðir eru við upphaf útboðsins eiga forgangsrétt til áskriftar í samræmi við hlufallslega eign sína, sbr. lög um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og samþykktir sjóðsins.

Útboðstímabilið er 10.-17. desember 2007 og fellur áskrift í eindaga 31. desember 2007. Verð hverrar krónu nafnverðs í útboðinu er kr. 2,17419 og er heildarverðmæti útboðsins því kr. 3.450.033.650. Heildarnafnverð stofnfjár fyrir hækkunina er kr. 2.800.000.000 og verður eftir hækkunina kr. 4.386.813.319, að því gefnu að allt seljist.

Umsjónaraðili útboðsins er Sparisjóðurinn í Keflavík og má nálgast lýsingu og önnur gögn sem tengjast útboðinu á heimasíðu Sparisjóðsins, www.spkef.is, og í afgreiðslum hans frá og með 10. desember 2007.

Stjórn Sparisjóðsins í Keflavík

SpKef 100 1907-2007

Sparisjóðurinn í Keflavík | Tjarnargötu 12 | 230 Reykjanesbæ | Sími 421 6600 | spkef.is

Góður kisi
á gott skilið

- Kisu nammi (harðfisktöflur)
- Kisu bitafiskur
- Íslensk framleiðsla úr úrvals hráefni.

Fæst í Bónus

BÓNUS

PLEASE
PET NUTRITION

NATURAL 100% PRODUCT

MAÐUR VIKUNNAR

# Óþreytandi baráttukona

Mænuskaðastofnun Íslands tók til starfa á þriðjudag. Helstu markmið og tilgangur Mænuskaðastofnunarinnar er að afla fjár til að styðja brautryðjendur í leit sinni að lækningu á mænuskaða og að kosta tilraunaaðgerðir á mænusköðuðu fólki. Mænuskaðastofnun Íslands er stofnuð að tilstuðlan Auðar Guðjónsdóttur hjúkrunarfræðings og dóttur hennar, Hrafnhildar Thoroddsen, sem lamaðist eftir slys fyrir nærri tveimur áratugum. Allar götur síðan hefur Auður unnið þrotlaust að því að finna lækningu við mænuskaða.

Valkyrja, töffari og tilfinningavera eru orð sem koma upp þegar vinir og kunningjar Auðar eru beðnir að lýsa henni. Sjálf hefur hún sagst vera gædd þeirri náðargáfu „að nenna“, sem hefur nýst henni ótæpilega undanfarin ár. Hún er líka mikil baráttukona: eftir slysið ákváðu þær mæðgur að líta á þetta sem verkefni, tóku þá stefnu að gera gott úr sinni lífsreynslu og þroskast á henni. Leit þeirra að lækningu hefur leitt mæðgurnar um víða veröld og skilað miklum árangri. Harðfylgi er einn af höfuðkostum Auðar, hún vakti til dæmis athygli um miðjan tíunda áratuginn þegar hún barðist fyrir að fá – og fékk – kínverskan lækni fluttan hingað til lands til að gera aðgerð á dóttur hennar.

Auður hugsar stórt og brátt varð það að sérstöku áhugamáli hennar að fá þjóðir heims til að taka höndum saman svo lækning á mænuskaða verði að veruleika. Skömmu fyrir síðustu aldamót skrifaði hún Gro Harlem Brundtland, sem þá var forstjóri Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO), og bað hana að leggja sér lið í baráttunni. Af fádæma þrautseigju fékk Auður það í gegn að WHO gekk til liðs við málstaðinn árið 1999 og skapaði alþjóðlegan vettvang fyrir rannsóknir á mænuskaða. Í framhaldi af því var haldinn fundur hér á landi með 25 brautryðjendum á sviði meðferðar og lækninga á mænuskaða.

Öllu þessu kom Auður í verk meðfram því sem hún starfaði sem hjúkrunarfræðingur á skurðstofu Landspítalans.

Auður er skorinorð og vílar ekki fyrir sér að láta menn heyra það ef henni finnst ástæða til. Starf sitt vinnur hún þó fyrst og fremst á bakvið tjöldin, tranar sér ekki fram að óþörfu og er lítið gefin fyrir hégóma. Fálkaorðuna sem hún fékk árið 2002 sagði hún til dæmis ekki hafa svo mikla persónulega þýðingu en nýttist málstaðnum vel þar sem hún er í miklum samskiptum við Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina og þarf oft að sækja um fjármagn að utan. Þá getur komið sér vel að hafa verið sæmd orðu forsetans.

Fljótlega eftir aldamót reifaði Auður að það þyrfti að útbúa vandað kynningarmyndband um mænuskaða til að vekja athygli umheimsins. Eins og svo margt sem Auður kemur nálægt vatt „kynningarmyndbandið“ upp á sig og varð að heimildarmyndinni Hvert örstutt spor, þar sem saga Hrafnhildar var sögð. Myndin var sýnd hér á landi árið 2005 og hefur verið sýnd í að minnsta kosti tíu löndum síðan þá, verið þýdd á ensku og spænsku og til stóð að þýða hana á arabísku.

Frítími Auðar fer allur í leitina að lækningu við mænuskaða. Baráttan hefur ekki verið þrautalaus og meðal annars haft áhrif á heilsufar hennar. Auður er trúuð og leitar styrks í trúna og einnig til vinnufélaganna á Landspítalanum, sem hún hefur þekkt og unnið með árum saman. Lækningar á mænuskaða hafa tekið litlum framförum undanfarna hálfa öld en frá því Auður fór að beita sér fyrir málstaðnum hafa hjólin óneitanlega snúist hraðar. Með Mænuskaðastofnun Íslands hefur langþráður draumur Auðar ræst en þeir sem hana þekkja segja að þetta sé sjálfsagt aðeins upphafið að því sem koma skal. Enda hefur hún sagst ætla að hreyfa heiminn. Hún hafi bifað honum aðeins en þurfi að koma honum almennilega á hreyfingu.

### AUÐUR INGÓLFSDÓTTIR

### ÆVIÁGRIP

Auður Guðjónsdóttir fæddist 6. nóvember árið 1948 í Keflavík, þar sem hún ólst upp. Foreldrar hennar voru Guðjón Ingiber Jóhannsson bátaformaður og Stefanía Ólöf Pétursdóttir húsmóðir. Guðjón var innfæddur Keflvíkingur en Stefanía Ólöf frá Siglufirði. Auður vann um skeið á Sjúkrahúsinu í Keflavík en fluttist til Reykjavíkur til að læra hjúkrunarfræði, sérhæfði sig í skurðstofuhjúkrun og hefur starfað allan sinn feril á skurðstofu Landspítala Íslands. Auður á tvær dætur með Ólafi Einarssyni Thoroddsen, þær Ólöfu Jónínu, fædda 1969, og Hrafnhildi Guðfinnu, fædda 1973. Auður kynntist núverandi manni sínum, Bjarna Halldórssyni skipstjóra, árið 1979 og eiga þau saman dótturina Guðrúnu Dóru. Líf fjölskyldunnar tók stakkaskiptum árið 1989, þegar Hrafnhildur lenti í alvarlegu umferðarslysi og lamaðist fyrir neðan mitti. Strax eftir slysið einsetti Auður sér að hjálpa dóttur sinni að ná bata. Hún hefur unnið sleitulaust að því að afla stuðnings alþjóðastofnana, félaga mænuskaðaðra og vísindaheimsins til að fundnar verði leiðir til framfara í lækningum mænuskaðaðra.

### VANN SÉR TIL FRÆGÐAR

Átti frumkvæði að samstarfsfundi íslenskra heilbrigðisyfirvalda og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar hér á landi árið 2001 þar sem helstu sérfræðingar heims á sviði mænuskaða komu saman. Var kjörin kona ársins af tímaritinu Nýju lífi sama ár og var sæmd heiðursmerki hinnar íslensku fálkaorðu í ársbyrjun 2002.

### HVAÐ SEGIR HÚN?

„Ég hef hringt óteljandi símtöl og margir eru sjálfsagt búnir að fá nóg af mér og finnst ég óskaplega þreytandi. En við dóttir mín komum hingað til að gera þetta – og þar við situr.“
- Í Nýju lífi í árslok 2001.

### HVAÐ SEGJA AÐRIR?

„Auður er ótrúleg kona. Mænuskaðastofnun Íslands hefði ekki orðið að veruleika ef hennar nyti ekki við.“
Frú Vigdís Finnbogadóttir, verndari Mænuskaðasamtaka.

Auglýsingasími
512 50 50

– Mest lesið

# Gerðu hagstæð innkaup í Nettó

**1.073** kr/kg, áður 1.789 kr/kg
Gull hamborgarhryggur

**1.778** kr/kg, áður 2.735 kr/kg
Gull hangilæri, úrbeinað

**489** kr/kg, áður 699 kr/kg
Matfugls kjúklingalæri m/legg

**Merrild Senseo**
allar tegundir

**99** kr/stk áður 198 kr/stk
After Dinner Mints Ashley

**Jólaís** 2 ltr
Kjörís

Hönnun: H:N markaðssamskipti / SÍA  Umbrot: Vikurfréttir

## full búð af frábærum tilboðum

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 13.–16. desember eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn

Betra verð!
200-250sm
Normannsþinur
4990

HÚSASMIÐJAN

# Stærri jólatré betra verð

**OPIÐ í Skútuvogi til kl 22:00 fram til jóla**

2stk
Hýasinta
299

Jólastjarna
599
kr/stk

**Gott verð**
Normannsþinur

| | |
|---|---|
| 100-150sm | 2190 |
| 151-200sm | 3990 |
| 201-250sm | 4990 |

jólatrén gætu selst upp í ár

Leiðisgreinar
1790
Leiðiskross
1990
kr/stk

*Rafrænt gjafakort*

Þægileg og einföld gjöf!

# Harðir pakkar
## í Húsasmiðjunni

Frábært verð

3 rafhlöður fylgja

**Hleðsluborvél, Hitachi**
12V, 3 rafhlöður fylgja, 1.4Ah, ljós og taska fylgir
5247480

**12.999**

B&D stingsagir frá 3.999

**Stingsög, Black&Decker**
600W, myndræn stilling á framkasti
5245411

**7.999**

BLACK&DECKER

gott verð **3.999**

**Skrúfvél, Black&Decker**
3.6V, 10 bitar
5246002

ótrúlegt verð **2.999** verð áður 4.999

**Flíspeysa**
5860829-33

**Safapressa, Bomann**
300W, 3ja hraða, læsing með öryggistakka.
1840891

**4.999**

**Mínútugrill, Krups**
1840891

**7.599**

**Matarstell**
36stk. hnífapör fylgja, hvítt m. svörtu mynstri.
2000661

**2.999**
verð áður 4.429

**Brauðrist Russel Hobbs**
m/affrystingartakka og hitastilli. Falleg gæðavara.
1829206

**4.399**

gott verð **5.999** ~~9.349~~

**Örbylgjuofn, Bomann**
17 ltr. 700W
1840893

blómaval

# Gjaldmiðill hamingjunnar

Í Dagbók **Þráins Bertelssonar** er sagt frá kínverskum nálarstungum, hamingjugöngumanni í stjórnmálum, laufabrauðsgerð í Norska bakaríinu, hugsjónafólki í Hendinni, fréttum af andlegri vísitölu og metsölulistum.

## KÆRA DAGBÓK

**Þráinn Bertelsson skrifar**

**FÖSTUDAGUR, 7. DESEMBER.**

### Kínverskar nálastungur

Maður gengur að því sem sjálfsögðum hlut að vera við góða heilsu. Að minnsta kosti mundi mér aldrei detta í hug að telja til tíðinda og skrifa í dagbókina mína: „Var prýðilega heilsugóður í dag.“

Hins vegar minnir heilsan rækilega á sig þegar hún bilar. Síðan ég fékk svonefnda fjölvöðvagigt hef ég ekki verið nógu brattur. Hef ekki nóga orku. Lyfin sem ég tek fjarlægja sársaukann en þau taka líka frá mér alla orku og stundum líður mér eins og ég sé óvelkominn gestur í mínum eigin líkama. Lyf hafa því miður bæði verkanir og aukaverkanir og í mínu tilviki er lækningin eiginlega lítið betri en sjúkdómurinn.

Það er samt ekki tímabært að gefast upp og leggjast í kör. Úr því að vestræn læknavísindi duga ekki til að halda mér sæmilega uppréttum ákvað ég að athuga hvort læknislist Austurlanda gæti hresst upp á mig. Kínverjar hljóta að vera glúrnir í lækningum. Nógu eru þeir margir.

Og auðvitað er kínversk heilsugæslustöð í Reykjavík. Hún heitir Heilsudrekinn. Þangað fór ég í dag og rakti heilsufarssögu mína. Mér var vel tekið og boðið upp á að prófa nudd, nálastungur og orkuæfingar.

Mér líst vel á fólkið sem vinnur þarna. Það er glaðlegt og lítur út fyrir að vera við hestaheilsu svo að ég ákvað að slá til. Ég hef engu að tapa. Og árangurinn kemur í ljós á næstu vikum.

**LAUGARDAGUR, 8. DESEMBER.**

### Ljúfmenni

Í nótt lauk ég við að lesa ævisögu Guðna Ágústssonar sem Sigmundur Ernir færði í letur. Þetta er ljómandi skemmtileg lesning. Guðni stígur þarna fram sem nokkurs konar Pollíanna stjórnmálanna. Hann er ljúfmenni og drengur góður. Öll sagan er samfelld hamingjuganga og allir samferðamenn eru ótal kostum prýddir. Meira að segja Halldór Ásgrímsson verður að duggunar litlum skýhnoðra á annars skafheiðum hamingjuhimni og Davíð Oddsson séður með augum Guðna er mestan part skemmtilegur félagi sem þó á til að vera soldið vanstilltur.

Það er sagt að vald spilli, en það verð ég að segja að ráðherradómur árum saman virðist ekki hafa spillt Guðna nema síður sé og mikil gifta virðist fylgja honum.

Svo á eftir að koma í ljós hvort sú gifta dugir til að lífga við Framsóknarflokkinn sem sumir telja að hafi lagst banaleguna



meðan Guðni og félagar skemmtu sér sem best í ríkisstjórn með Sjálfstæðisflokknum.

Það verður spennandi að fylgjast með því hvort stríðsgæfa Guðna og ljúfmennska dugir til að endurreisa flokkinn á fornum gildum. Það er trúlega ekki hægt að fara með stjórnmálaflokk í kínverskar nálastungur.

**SUNNUDAGUR, 9. DESEMBER.**

### Laufabrauð að norðlenskum sið

Laufabrauðsgerð í Norska bakaríinu er mikið tilhlökkunarefni. Snemma á aðventunni kemur stórfjölskyldan saman og sker og steikir laufabrauð að hætti formæðra og forfeðra frú Sólveigar á Möðruvöllum í Hörgárdal. Svo er hangiketsveisla og jólaöl og uppstúf og heimasoðið rauðkál og alls konar kræsingar.

Ánægja mín varð þó heldur minni en ég hafði ráð fyrir gert. Þegar ég var rétt hálfnaður við að skera dýrðlegt mynstur í þriðju laufabrauðskökuna mína þyrmdi yfir mig og ég varð að leggjast í rúmið vegna magnleysis og vanlíðunar. Það var samt notalegt að finna ilminn af nýsteiktu laufabrauði upp á skörina þar sem ég lá í kröminni.

**ÞRIÐJUDAGUR, 11. DESEMBER.**

### Gjaldmiðill hamingjunnar

Það er ekki góð hugmynd hjá rithöfundi að leggjast í rúmið á aðventunni enda varð ég að staulast á fætur í gær til að standa við loforð um að lesa upp.

Í kvöld las ég upp hjá merkilegum félagsskap sem heitir Höndin.

Höndin er alhliða mannúðar- og mannræktarsamtök sem leitast við að vera vettvangur fólks til sjálfstyrkingar og samhjálpar. Félagar í Hendinni hafa það takmark að aðstoða og liðsinna fólki.

Það var notaleg tilfinning að vera staddur í stórum hópi fólks sem veit ekki aðra lífsfyllingu betri en þá að hjálpa öðru fólki og sinna þeim sem fáir hirða um að sinna. Án þess að fara í manngreinarálit og án þess að taka krónu fyrir hjálpina.

Flestir fjölmiðlar gefa út sérstaka viðskiptablálka og tíunda vandlega tap og gróða einstaklinga og fyrirtækja í kauphallarspilavítum. Allar þær upplýsingar eru sennilega bráðnauðsynlegar. Samt væri tilbreyting í því að fá annað slagið fréttir af fólki sem hefur meiri áhuga á að rækta garðinn sinn og hjálpa náunganum en að eignast hallir, sportbíla eða knattspyrnufélög. Íslenska krónan er örugglega ekki gjaldmiðill hamingjunnar og vafamál hvort dollar eða jafnvel evra séu

Það verður að viðurkennast að á fimmtudögum í aðventunni er andlegt ríkidæmi ekki beinlínis það fyrsta sem ég leiði hugann að þegar ég kem á fætur heldur fer ég að svipast um eftir bóksölulista Félagsvísindastofnunar og Morgunblaðsins. Sá listi er unninn af vísindalegri nákvæmi eftir upplýsingum um bóksölu víðsvegar á landinu, bæði í bókaverslunum og stórmörkuðum.

Það koma út áttahundruð bækur á þessu ári og í desember seljast fleiri bækur en í öllum hinum mánuðum ársins samanlagt. Þess vegna er talað um jólabókaflóð – og annaðhvort flýtur maður eða sekkur í því flóði.

Ég er sem betur fer á floti. „Englar dauðans“ eru í fimmta sæti yfir íslenskar skáldsögur! Frábært!

Ekki nóg með það heldur er bókin líka í í áttunda sæti í flokknum „innbundin skáldverk / ljóðabækur“ á listanum frá Eymundsson og Máli og menningu.

Ég er ánægður með þetta – en ég er soldið hissa á sjálfum mér að vera svona upptekinn af því að fylgjast með bóksölunni. Það sýnir vel hvað ég er ófullkominn.

**Óska eftir að kaupa enskt lingapon námskeið**

óska eftir að kaupa enskt lingpon námskeiða sem samanstendur af einni bók innbundini sem kilju. Kassettur eða geisladiska og neðanmáls við enska textan er íslenska þýðing.

Upplýsingar í síma 865 7013
Björgvin Ómar Ólafsson

Sparisjóður Vestfirðinga

**Stofnfjárútboð SPVF**

Sparisjóður Vestfirðinga býður nú út nýtt stofnfé að nafnverði kr. 788.028.846. Farið er með útboðið skv. reglum um almennt útboð verðbréfa, en stofnfjáreigendur sem skráðir eru við upphaf útboðsins eiga forgangsrétt til áskriftar í samræmi við hlutfallslega eign sína, sbr. lög um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og samþykktir sjóðsins.

Útboðstímabilið er 10. desember - 17. desember 2007 og fellur áskrift í eindaga 31. desember 2007. Verð hverrar krónu nafnverðs í útboðinu er kr. 1,051465 og er heildarverðmæti útboðsins því kr. 828.584.751. Heildarnafnverð stofnfjár fyrir hækkunina er kr. 1.365.179.392 og verður eftir hækkunina kr. 2.153.208.238, að því gefnu að allt seljist.

Umsjónaraðili útboðsins er Sparisjóðurinn í Keflavík og má nálgast lýsingu og önnur gögn sem tengjast útboðinu á heimasíðu Sparisjóðs Vestfirðinga www.spvf.is og í afgreiðslum hans frá og með 10. desember 2007.

**Sparisjóðsstjórn**

Ondvegi
HÚSGAGNAVERSLUN

# HÖFUM OPNAÐ STÆRRI OG GLÆSILEGRI VERSLUN AÐ SÍÐUMÚLA 30, 2. HÆÐ

KAKAN TUNGUSÓFI model: 625
Leður: Svart, hvítt: **249.800**
Leður: brúnt, rautt: **279.800**
Kollur: **39.900**
315x220 sm.

KAKAN TUNGUSÓFI model: 839
Leður: Svart og hvítt.
Verð **239.800**
305x138x89 sm. / Kollur 92x66x40 sm.

EICHHOLTZ BORÐLAMPI
Silfur og gler,
hæð m. skermi 73 sm.
Verð **34.800**

**NÝKOMIN SENDING**
af Le Dauphin
lömpunum
Nokkrar gerðir og stærðir

REGINA BORÐLAMPI
hæð m. skermi 86 sm.
Verð **29.500**
hæð m. skermi 64 sm.
Verð **24.900**

KAKAN TUNGUSÓFI model: 598
Leður: Svart og hvítt.
Verð **229.800**
270x220x95 sm.

EICHHOLTZ LUKT
Silfur, h:52 sm. b: 18.5 sm.
Verð **15.900**

EICHHOLTZ LUKT
Silfur, h:100 sm. b: 22.5 sm.
Verð **26.800**

Kakan tungusófi / model: 670
Leður: Svart og hvítt.
Verð **249.800**
300x195 sm.

Heimahúsið1207

**OPIÐ Í DAG, LAUGARDAG 11-18**
**OPIÐ Á MORGUN, SUNNUDAG 13-16**

HEIMA HÚSIÐ
mood heima Ondvegi BÚUM BETUR HÚSGAGNAVERSLUN

Síðumúla 30 • Sími 568 4242 • www.heimahusgogn.is • heima@heimahusgogn.is

**LEIKARINN DON JOHNSON ER 58 ÁRA**

*„Fólk í þessum bransa mun standa með þér í gegnum dóp og áfengi, skilnaði, geðveiki og hvað annað sem hendir þig; en um leið og þú gerir minnstu mistök eða verður óheppinn, þá vill það ekkert af þér vita.“*

***Don Johnson varð eftirsóttasta kvennagull heimsbyggðarinnar þegar hann sló í gegn í Miami Vice.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST** 15. DESEMBER 1888

## Glímufélagið Ármann stofnað

Þennan dag fyrir 119 árum var Glímufélagið Ármann stofnað, en það er elsta starfandi íþróttafélag á Íslandi.

Glíma er eina íþróttagreinin sem þróast hefur frá upphafi á Íslandi og varð þekkt strax á þjóðveldisöld. Talið er að landnámsmenn hafi flutt með sér hingað hin bragðasnauðu fangbrögð Norðurlanda og bragðafang Bretlandseyja, en á Íslandi runnu þessi fangbrögð saman í fjölbreytt fang með tökum í fót og fjölda bragða. Á liðnum öldum hefur glíma breyst í háþróaða íþrótt sem gerir miklar kröfur til iðkenda um tækni og snerpu, en glíma er einstök meðal fangbragða þar sem hún gerir miklar kröfur um drengskap og skal glímumaður leggja andstæðing sinn á glímubragði án þess að níða hann með átökum og þjösnaskap.

Fyrsti stórafreksmaður glímu var Jóhannes Jósefsson, kenndur við Hótel Borg, en hótelið reisti hann fyrir laun sín sem einn hæst launaði sirkusmaður í Bandaríkjunum. Glímufélagið Ármann efndi árlega til glímukeppni og jókst áhugi á glímu jafnt og þétt meðal landsmanna. Tilhögun keppninnar var breytt 1907 og við tók Skjaldarglíma Ármanns árið á eftir, en í henni hefur verið keppt allt fram á þennan dag. Ármannsskjöldurinn er úr silfri og á hann grafin táknmynd Ármanns undir Ármannsfelli, sem Glímufélagið Ármann heitir eftir. Skjöldurinn var smíðaður af Erlendi Magnússyni gullsmið.

## MERKISATBURÐIR

**1792** Fyrsta líftryggingin gefin út í Bandaríkjunum.
**1877** Thomas Edison fær einkaleyfi á grammófóninum.
**1953** Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri tekið í notkun.
**1964** Fjórum manneskjum skotið í fyrsta sinn út í geim.
**1965** Vindstormur í Bangladesh grandar 10.000 manns.
**1970** Sovéska geimfarið Venera 7 er fyrst til að lenda á Venusi.
**1982** Spánn opnar á ný landamæri sín við Gíbraltar.
**1985** Sylvester Stallone giftist hinni dönsku Brigitte Nielsen.
**1995** Klámtímaritið Playboy aftur leyft í sölu á Írlandi eftir þrjátíu og sex ára bann.

## AFMÆLI

**HERBERT GUÐMUNDSSON SÖNGVARI** er 54 ára í dag.

**KATLA MARGRÉT ÞORGEIRSDÓTTIR LEIKKONA** er 37 ára í dag.

**GÍSLI ÖRN GARÐARSSON LEIKARI OG LEIKSTJÓRI** er 34 ára í dag.

**BIRGIR ÞÓR BIELTVEDT KAUPSÝSLUMAÐUR Í DANMÖRKU** er 40 ára í dag.

†

*Okkar elskulega*

**Jónína Bjarna**

húsmóðurarkennari frá Héðinshöfða,

lést á dvalarheimilinu Hlíð, Akureyri, 6. desember.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey.
Sérstakar þakkir til starfsfólks á Hlíð fyrir góða umönnun.

**Aðstandendur.**

†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Þórunn Þórðardóttir,**

sjávarlíffræðingur, Ljósheimum 18 a Reykjavík,

lést á hjartadeild Landspítalans við Hringbraut, þriðjudaginn 11. desember. Jarðarförin fer fram frá Fossvogskirkju, mánudaginn 17. desember kl. 15.00.

**Katrín Didriksen**
**Einar Oddsson** **Xu Wen**
**Elín Þórunn Didriksen**
**Oddur Xu Einarsson**

## Brúðkaupsafmæli

Í dag 15. desember eiga hjónin

**Nína Erna Eiríksdóttir**

og

**Þorvaldur Ólafsson**

50 ára brúðkaupsafmæli.

Einnig varð Þorvaldur sjötugur í gær 14. desember. Þau dvelja erlendis með börnum, tengdabörnum og barnabörnum og vilja óska öllum vinum og vandamönnum árs og friðar.

JÓN ATLI JÓNASSON RITHÖFUNDUR OG LEIKRITASKÁLD: ÞRJÁTÍU OG FIMM ÁRA

# Kökur og kokteill í Köben

„Sem stendur er ég við æfingar með leikhópnum Mindgroup í Camp X samtímaleikhúsinu í Kaupmannahöfn svo ég stefni á að gera mér glaðan dag með leikurunum mínun og samstarfsfólki, „segir Jón Atli Jónasson, rithöfundur og leikritaskáld, sem segir ekki ólíklegt að Eurovision-búningar verði fyrir valinu í kvöld.

„Eurovision kemur mikið við sögu í verkinu sem nefnist Demo Crazy svo það er ekki fjarri lagi að bregða sér í búning í tilefni dagsins,“ segir Jón Atli sem hefur sent frá sér bæði bækur, kvikmyndahandrit, leikverk og unnið við þýðingar.

Hann hefur verið býsna athafnasamur síðastliðin ár og af helstu leikverkum hans má nefna Draugalest, Crowd Pleaser, Rambo 7, Mindcamp og Brim sem hann hlaut Grímuna, íslensku leiklistarverðlaunin, fyrir árið 2004.

Auk þess skrifaði Jón Atli handritið að bíómyndunum Strákarnir okkar, í leikstjórn Róberts Douglas og Blóðböndum í leikstjórn Árna Ólafs Ásgeirssonar og sendi frá sér ævisöguna Ballaðan um Bubba fyrir jólin í fyrra.

Þrátt fyrir að Jón Atli eigi afmæli rétt fyrir jólin hefur hann engar áhyggjur af færri gjöfum og man ekki til þess að þær áhyggjur hafi þjakað hann sem barn.

„Mér finnst bara hugguleg að eiga afmæli á þessum tíma og ég man ekki til þess að gjafirnar hafi orðið færri þrátt fyrir að dagurinn sé skömmu fyrir jól,“ segir Jón Atli, sem hélt líka upp á síðasta stórafmæli í erlendri borg.

„Ef ég man rétt var ég í að vinna einhvers staðar í leikhúsi í London á þrítugsafmælinu mínu,“ segir Jón Atli, sem hefur fyrir sið að hringa í annan góðan leikhúsmann sem er nákvæmlega ári yngri „Gísli Örn Garðarsson, hjá Vesturporti, góður vinur minn og samstarfsfélagi, á afmæli sama dag. Þess vegna höfum við það fyrir sið að heyrast alltaf þennan dag og taka stöðuna,“ segir Jón Atli og útilokar ekki að leiklistargenið hafi eitthvað með dagsetninguna að gera.

Aðspurður segist Jón Atli ekki vera búinn að búa til óskalista fyrir afmælisgjafir enda kýs hann frekar hluti sem ekki eru metnir til fjár.

„Mig langar í eitthvað húmanískt í afmælisgjöf. Eitthvað rökrétt mótsvar við markaðslýðræðinu, nokkur faðmlög og samverustundir með góðu fólki.“

**FAGNAR Í KÖBEN** Jón Atla Jónasson, rithöfund og leikritaskáld, langar mest í eitthvað húmanískt í afmælisgjöf, eitthvað rökrétt mótsvar við markaðslýðræðinu. MYND/TEITUR JÓNASSON

Upp á síðkastið hefur Jón Atli verið með annan fótinn í Kaupmannahöfn á meðan hann vinnur að Demo Crazy hjá Camp X leikhúsinu, en framundan eru ýmis spennandi verkefni á Íslandi.

„Ég var að leggja lokahönd á leikna fjögurra þátta sjónvarpsmynd sem heitir Útlendingarnir. Hún er að fara í framleiðslu núna og verður í leikstjórn Reynis Lyngdal. Síðan stefni ég á aðra sýningu með leikhópnum Mindgroup næst haust,“ segir Jón Atli sem býst fastlega við bæði kokteilum og kökum í Köben.

**rh@frettabladid.is**

†

*Systir okkar og frænka,*

**Elsa Ingvarsdóttir,**

Balaskarði,

lést á Heilbrigðisstofnuninni á Blönduósi þriðjudaginn 11. desember. Jarðarförin fer fram frá Höskuldarstaðakirkju mánudaginn 17. desember kl. 14.00.

**Fyrir hönd systkinabarna og annarra aðstandenda,**

**Björg Ingvarsdóttir**
**Geirlaug Ingvarsdóttir**
**Signý Gunnlaugsdóttir.**

†

*Ástkær móðir okkar og tengdamóðir,*

**Stefanía Stefánsdóttir**

áður til heimilis að Nýbýlavegi 86, Kópavogi,

er lést á Hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð að morgni laugardagsins 8. desember verður jarðsungin frá Digraneskirkju mánudaginn 17. desember kl.13.00.

**Dóra Skúladóttir**
**Bergþóra Skúladóttir**
**Magnús Skúlason**
**Jóhanna Skúladóttir**
**Sigríður Þyrí Skúladóttir**
**Árný Skúladóttir**
**Þorvarður Brynjólfsson**
**Sigurður Guðmundsson**
**Ingunn Jónsdóttir**
**Sigurður Pálsson**
**Úlfar Hróarsson**

# Mögnuð og heillandi örlagasaga

Sjálfstætt framhald metsölubókarinnar *Karitas án titils* eftir Kristínu Marju Baldursdóttur. Hér er á ferðinni stórbrotin og kröftug þroskasaga konu, í senn viðburðarík, fyndin og sorgleg, enda hefur höfundur slík tök á lesendum að líkja má við galdur.

„Vinsælasti rithöfundur þjóðarinnar ... Þetta er stórt og mjög metnaðarfullt verk ... saga um örlög konu og svo er þetta aldarspegill ... stórbrotin örlagasaga.“

**Egill Helgason / Kiljan**

„Óreiða á striga er stórskemmtileg kvennasaga, mögnuð samfélagslýsing og saga allra þvottakvenna heimsins.“

**Steinunn Inga Óttarsdóttir / Morgunblaðið**

„Mikil dramatík ... skilar sér beint í æð ... höfundur veltir fyrir sér áleitnum spurningum um kúgun kvenna ... meðvituð kvennasaga með öllu því sem fylgir.“

**Auður Aðalsteinsdóttir / Víðsjá / RÚV**

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

# Jólagjöfin þín

Gravity Zero: Stillanlegt heilsurúm
Stærð: 2x90x200
Jólatilboð: Kr. 525.000,-
Vaxtalaust 12 mán*. kr. 45.439

Hlífðardýnur og lök fylgja

Chiro Royal: Heilsurúm
Stærð: 160x200
Jólatilboð: Kr. 139.900,-
Vaxtalaust 12 mán*. kr. 12.218

Hlífðardýna og lak fylgja

Senseo: Svefnsófi m. 140 heilsudýnu
Áklæði: Mikið úrval
Jólatilboð: Kr. 179.900,-
Vaxtalaust 12 mán*. kr. 15.516

Papillon: Stillanlegt heilsurúm með gafli
Stærð: 2x90x200
Jólatilboð: Kr. 599.900,-
Vaxtalaust 12 mán*. kr. 51.663

www.betrabak.is

# Vaxtalaus jólatilboð

## Jólagjafirnar fást hjá okkur

TempraKon hitajöfnunarsæng
100% hreinn Síberíu-gæsadúnn
Jólatilboð: Kr. 24.900,-

Tempur heilsuinniskór
Ein vinsælasta jólagjöfin okkar
Jólatilboð: Kr. 7.700,-

Tempur heilsukoddar
Margar gerðir og stærðir
Jólatilboð: Frá kr. 7.990,-

Yes sængurverasett
Maco-satín - eitt það allra mýksta
Jólatilboð: Kr. 8.900,-



* Mánaðargreiðsla miðað við tilboðsverð á vaxtalausum raðgreiðslum í 12 mánuði með 3,5% lántökukostnaði.

Betra BAK

**Reykjavík**
Faxafeni 5
Sími 588 8477

**Ísafirði**
Skeiði 1
Sími 456 4566

**Akureyri**
Tryggvabraut 24
Sími 462 1410

www.betrabak.is
Opið virka daga frá kl. 10-19 • Laugardaga frá kl. 11-17
Sunnudag frá kl. 11-17

# Skemmtilegast akkúrat núna

Út er komin platan Einhvers staðar einhvern tímann... aftur, sem hefur að geyma nýjar upptökur af þekktustu lögum **Ellenar Kristjánsdóttur.** Ég hitti hana til að fræðast um ferilinn, nýju plötuna og muninn á ríkasta landi í heimi og því fátækasta.

## GÓÐAN DAGINN

**Dr. Gunni tekur viðtal**

ELLEN KRISTJÁNSDÓTTIR: „Mér finnst ég stundum vera eins og geimvera hérna í öllu þessu peningatali. Þetta er mjög undarlegt ástand."

> Mezzoforte-strákarnir voru alvöru stjörnur og okkur kærustunum var meira að segja stundum meinaður aðgangur að búningsherbergjunum. Við máttum ekki sjást af því þeir voru orðnir svo vinsælir.“

Flestir eru með grundvallarupplýsingar um Ellen á tæru – hún er litla systir KK, hún söng með Mannakorni, hún er gift Eyþóri Gunnarssyni og hún sló algjörlega í gegn með plötunni Sálmar fyrir tveimur árum. En mig langaði að vita meira. Til dæmis hvernig það kom til að hún fór að syngja opinberlega.

„Ég var stödd í djammsessjóni á Túngötu, þar sem Kristján bróðir var að spila með Magga Eiríks, Pálma Gunnars og fleirum," segir Ellen. „Mér var réttur míkrófónninn og ég bara byrjaði að syngja blús með þeim. Þetta varð til þess að einhver heyrði í mér og skömmu síðar var ég komin í hljómsveitina Tívolí. Þetta var 1976. Við vorum ballhljómsveit sem spilaði tökulög."

*Varstu þá búin að vera að hlusta mikið á tónlist?*

„Algjörlega. Síðan ég man eftir mér. Ég man að ég var ákveðin þegar ég var 13 ára að verða söngkona. Ég lærði á gítar hjá Gunnari Jónssyni en hafði ekki sungið neitt áður en þetta kom upp á."

*Hverjar voru fyrirmyndirnar?*

„Út af eldri bræðrum mínum var það JJ Cale og Grateful Dead. Maður heyrði mest í því í gegnum veggina, en Bítlarnir voru mitt uppáhalds. Mér fannst líka söngkonan Dana æðisleg, en hún var kannski ekki fyrirmynd, þannig. Svo fór ég til Ameríku árið 1977, bjó hjá systur minni og lærði söng. Þar kynntist ég Earth Wind & Fire og var heltekin af þannig tónlist. Það vissi enginn hvað þetta var hérna heima. Ég gekk aftur í Tívolí þegar ég kom heim. Þá var Eyþór genginn í bandið og Addi í Tónastöðinni og Frissi Karls. Mezzoforte-strákarnir kveiktu á Earth Wind & Fire-pakkanum, enda var sú tónlist á þeirra línu. En svona eftir á að hyggja þá hentaði þessi músík ekki mjög vel fyrir mig að syngja."

*Var það þarna sem þú kynntist manninum þínum?*

„Já, hann var þá 17 og ég 19. Mér fannst hann alltof ungur fyrir mig þá. En skömmu síðar vorum við líka saman í hljómsveitinni Ljósin í bænum og þar byrjuðum við að vera kærustupar."

### Stoppuð út á götu

Samstarf Ellenar og Mannakorns vakti fyrst verulega athygli á henni. Hún söng inn á meistaraverkið Brottför kl. 8 sem kom út 1979.

„Það var Jónas R Jónsson sem var að taka upp þessa plötu og hann hringdi í mig. Fékk mig til að syngja „Einhvers staðar einhvern tímann aftur" sem sló í gegn. Þá varð ég poppstjarna, eiginlega í fyrsta og eina skiptið. Fólk stoppaði mig úti á götu og það allt."

*Fannst þér það eftirsóknarvert hlutskipti?*

„Nei, og ég var líka strax þarna komin í gestahlutverk. Þegar ég hugsa til baka sé ég að ég hafði ekki nógu mikið sjálfstraust til að gera eitthvað upp á eigin spýtur. En ég var líka heppin að fá tækifæri með jafn góðum lagahöfundi og Maggi Eiríks er. Við spiluðum út um allt á böllum en ég hafði svo litla rödd að það heyrðist aldrei neitt í mér. Fólkið söng svo hátt með."

*Þetta er að gerast í kringum 1980 og kannski má segja að það séuð einhvers staðar á milli Bubba og Bjögga Halldórs hugmyndafræðilega séð?*

„Já, kannski má segja það. Ég datt út úr íslenska tónlistarlífinu þegar ég var í Ameríku og missti til dæmis alveg af Brunaliðinu og Lummunum. Ég man að ég heyrði „Ég er á leiðinni" í fyrsta skipti í rútunni frá flugstöðinni í bæinn. Ég var í diskóinu með Ljósunum í bænum en var dálítið hrifin af pönkinu líka. Fékkst meira að segja aðeins við þannig tónlist seinna þegar ég bjó í Englandi í kringum Mezzoforte-ævintýrið. Kannski ekki pönk, en það var svona það hráasta sem ég hef gert."

*Nú þetta eru fréttir! Hvaða hét þetta band?*

„Það hét nú aldrei neitt. Það var bara auglýst eftir söngkonu og ég sótti um því ég hafði ekkert að gera, þannig, þarna úti. Það varð ekkert úr þessu bandi, en við komum saman og æfðum frumsamið efni eftir strákana. Ég heyrði eitthvað af þessu efni um daginn og það var bara allt í lagi."

*Hvernig var að fylgjast með Mezzoforte-ævintýrinu úr aftursætinu?*

„Það var mjög athyglisvert, skrýtið og gaman. Þeir voru alvöru stjörnur og okkur kærustunum var meira að segja stundum meinaður aðgangur að búningsherbergjunum. Við máttum ekki sjást af því þeir voru orðnir svo vinsælir. Þetta var ferlega fyndið eftir á að hyggja, öskrandi stelpur og alls staðar fullt á öllum tónleikum. En þrátt fyrir velgengnina áttum við aldrei pening svo ég kom heim með elstu dóttir okkar sem þá var nýfædd og fór að syngja með Magga Kjartans á Hótel Sögu."

*Og síðan eru liðin mörg ár...*

„Já, og mér finnst þetta eiginlega skemmtilegasti tíminn minn í músikinni akkúrat núna."

### Fann ræturnar í Afríku

*Við spólum því hratt til nútímans og að nýju plötunni þar sem Ellen syngur þekktustu lögin sín í nýjum útsetningum. Hvaða pæling var í gangi þegar þú ákvaðst að gera þessa plötu?*

„Mér þykir vænt um þessi lög og var forvitin að heyra hvað ég gæti gert við þau sjálf. Ég hef oft verið spurð hvar fólk geti fengið þetta eða hitt lagið og ég benti því á að lagið væri með Mannakorni eða KK eða eitthvað, svo mér datt í hug að það væri sniðugt að setja öll vinsælustu lögin á einn stað. Fyrst ætlaði ég að gera læfplötu, en svo varð þessi nálgun ofan á. Nú er ég búin að þessu og hausinn á mér er kominn út í eitthvað allt annað. Það sem ég er aðallega að vinna í núna eru lög eftir mig. Við Eyþór höfum verið að vinna saman í þeim. Þetta eru þung lög, ekkert ofsalega hress. Draumur minn núna er að gera þessa plötu, frumsamin lög í fyrsta skipti. Svo langar mig líka til að gera aðra barnaplötu í stíl við Vísnabók heimsins. Það er svo mikið af fólki sem býr hérna frá öðrum löndum. Það var rosa gaman að gera þá plötu."

*Sú plata var gefin út af Rauða krossinum og þið hjónin hafið einmitt verið á þeirra vegum í Malaví, sem er eitt allra fátækasta land í heimi. Það hefur væntanlega verið gífurlega sterk upplifun?*

„Já, það er rétt. Mér fannst eins og ég hefði komið þarna áður. Ég fann fyrir rótum. Einhverju sem er ekki lengur hér. Við erum orðin svo rugluð. Það er skelfileg fátækt þarna og mismunun og sjúkdómar og alnæmi. Ég kveið því rosalega að fara þarna og sjá alla eymdina, hélt ég yrði grenjandi allan daginn. En þetta var allt öðruvísi en ég bjóst við. Maður kemur bara út og er í þessu umhverfi og þú hugsar ekkert lengur svona. Þetta er bara fólk eins og við, en bara í allt öðrum aðstæðum. Ég hef samt aldrei kynnst jafn mikilli gleði og hjá fólkinu þarna. Það var rosalega fríkað."

### Það lifir hver í sínum heimi

Fæ ég klisjulegt svar ef ég spyr þig hvernig þér líður eftir að þú komst heim?

„Já, örugglega. Við öll hérna erum með lúxusvandamál. En að fara þarna gaf mér von, er ég rosalega klisjuleg að segja svona?"

Nei nei, þetta er fínt...

„Ég get ekki almennilega útskýrt það. Sko, við erum náttúrlega alveg að missa okkur hérna. Mér finnst ég stundum vera eins og geimvera hérna í öllu þessu peningatali. Þetta er mjög undarlegt ástand. Mér finnst verra að búa á Íslandi eftir að ég fór til Malaví. Það er svo mikið af öllu hérna. Við erum svo mikið hver í sínu horni. Þótt það sé mikið af munaðarlausum börnum í Malaví þá eru þau ekki umkomulaus því hinar fjölskyldurnar taka þau að sér. Það eru því stórfjölskyldur alls staðar. Það eru allir saman, alltaf. Hérna var þetta svona einu sinni. Þegar ég var að alast upp var fólk alltaf að hittast, maður fór bara í kaffi til ömmu og afa eins og ekkert væri sjálfsagðara og í sveit á sumrin. Síðustu tíu árin hefur orðið rosaleg breyting hérna. Maður finnur það mest á krökkunum, allur þessi athyglisbrestur og vandamál. Það lifir hver í sínum heimi. Einstaklingshyggjan er orðin allt of mikil. Og það er líka svo mikið rugl í gangi. Ein stelpan mín vinnur á Hrafnistu og alveg elskar það að vinna með gamla fólkinu. Hún er ófrísk og langaði að kaupa íbúð. Hún fór í bankann til að kanna hvort hún fengi lán og þjónustufulltrúinn sagði bara við hana: Þetta eru nú bara hlægileg laun manneskja! Þú verður annað hvort að fá þér aukavinnu eða almennilega vinnu! Og svona er ástandið. Það snýst allt um ranga hluti, held ég."

Ellen gerir sitt til að halda í gamlar hefðir stórfjölskyldunnar. Hún og Eyþór eiga þrjár dætur á aldrinum 17-26 og einn son, tíu ára. Öll búa saman í íbúð í Hlíðunum og elsta dóttirin býr í kjallaranum með þrjú ung börn. Þrátt fyrir að hafa verið saman í 28 ár giftu Eyþór og Ellen sig ekki fyrr en í vetur. Af hverju svona seint?

„Já, ég er mikið spurð að þessu. Okkur vantaði held ég bara að halda gott partí og svo langaði okkur svo mikið aftur til Parísar. Við fórum í vor með strákinn okkur og það var svo gaman að okkur langaði bara aftur. Við hugsuðum: Kannski getum við gift okkur og farið í brúðkaupsferð. Við giftum okkur á föstudegi því það var flug á laugardagsmorgni. Ég féll alveg fyrir París. Það er eitthvað þarna."

## ➜ ELLEN KRISTJÁNSDÓTTIr... fyllir í eyðurnar

**Frábær dagur er sá sem...ég er ekki upptekin af sjálfri mér.**

**Ef ég ætti tímavél stillti ég hana á... næsta laugardag til að sjá Lottótölurnar.**

**Besti veitingastaður á Íslandi er tvímælalaust... Garðurinn á Klapparstíg.**

**Ef ég gæti bara skoðað eina heimasíðu á dag færi ég á... Google!**

**Það rokkaðasta sem ég hef gert á ævinni var að... stela 2 vínflöskum af grautfúlum karli sem vildi ekki borga Kombóinu að því að hann var ósáttur við ballprógrammið okkar. Er það rokk?**

**Ef ég yrði að fá mér tattú fengi ég mér... fjöður á öxlina.**

**Ég hef aldrei orðið eins hissa og þegar... gömul og sérvitur nágrannakona mín stóð allt í einu inn í svefnherberginu mínu snemma morguns og spurði hvort hún mætti taka mynd af fjölskyldunni.**

**Ef ég gæti farið nákvæmlega hvert sem er nákvæmlega núna færi ég til... Zomba Mountain Lodge hátt yfir afrísku hásléttunni í Malaví.**

ROLEX




OYSTER PERPETUAL
YACHT-MASTER

WWW.ROLEX.COM

*Franch Michelsen*
ÚRSMÍÐAMEISTARI
LAUGAVEGI 15 • SÍMI 511 1900
WWW.SVISS.IS

# Lífsgæði að fá ný brjóst

Þegar brjóst kvenna eru fjarlægð vegna brjóstakrabbameins hefur það líkamleg og sálræn áhrif á þær. *Eva Bjarnadóttir* ræddi við **Þórdísi Kjartansdóttur** lækni um brjóstamissi, brjóstauppbyggingar og ólíkan smekk á því hvað séu talin vera falleg brjóst. Flestar konur vilja ungpíuleg brjóst fái þær að velja.

Eftir tíu ára dvöl í Frakklandi fluttist Þórdís Kjartansdóttir ásamt fjölskyldu sinni til Íslands fyrir ári síðan. Þau hafa komið sér vel fyrir í Vesturbæ Reykjavíkur og þrátt fyrir að Þórdís hafi átt farsælan starfsferil í Strasbourg og segist sakna djassbandsins sem hún söng með er hún ánægð með að vera komin til Íslands.

Þórdís sérhæfði sig í lýtalækningum, brjóstaskurðlækningum og þar með talið brjóstauppbyggingum á konum sem fengið hafa brjóstakrabbamein. Hún segist sérstaklega ánægð með að hafa lært hjá tveimur kvenlæknum í Frakklandi. Hún hafi fylgst með þeim annast konurnar og lært margt af þeim. „Eins og gefur að skilja þekkja þær viðhorf konunnar af eigin reynslu. Þetta snýst um hluti eins og það að hafa brjóstin jafn há svo brjóstahaldarinn verði ekki skakkur og að staðsetja örin þannig að hægt sé að fela þau.“

„Að missa brjóst hefur áhrif á kvenlega ímynd margra kvenna þar sem brjóstin eru einkennandi fyrir hana,“ segir Þórdís og vísar til þess sem skjólstæðingar hennar hafa tjáð henni. „Þær þurfa stöðugt að huga að því hvernig þær klæða sig og það að hafa brjóst aðeins öðru megin getur til dæmis truflað konurnar þegar þær stunda íþróttir. Þær kvarta yfir því að börn stari á þær þegar þær hátta sig í sundlauginni og sumar konur treysta sér alls ekki til að fara í sund,“ segir Þórdís. Brjóstaleysið getur einnig skipt máli í samlífi para og þótt það sé algjör undantekning hefur það stundum áhrif á karlmanninn að sögn Þórdísar. Það að fá nýtt brjóst er að snúa baki við öllu þessu.

### Lífsgæðaaðgerð

Þórdís segir að fyrir konurnar sem leiti til hennar skipti það að sjálfsögðu miklu máli að fá nýtt brjóst. „En svo eru aðrar sem leiða þetta hjá sér og eru bara fegnar að vera lausar við sjúkdóminn,“ segir hún. „Þetta er lífsgæðaaðgerð, en ekki lífsnauðsynleg. Hugmyndin er að konurnar lifi eðlilegu lífi á ný, geti gleymt sjúkdómnum þegar þær horfa í spegil, farið í sund og stundað íþróttir. Aðgerðin hefur því ekki síður sálræn áhrif.“

Brjóst kvenna hafa ekki áhrif á aðra líkamsstarfsemi og eru því ekki lífsnauðsynleg. Líkamlegir kvillar geta þrátt fyrir það fylgt því að vera aðeins með eitt brjóst og valdið til dæmis bakverkjum ef brjóstið er stórt.

### Aðgerðin ræðst af sögunni

Hægt er að byggja brjóst upp um leið og sjúka brjóstið er tekið, sé æxlið þess eðlis. Mun algengara er þó að konur fari í síðbúna uppbyggingu.

„Ég safna upplýsingum sem skipta máli um konuna þegar valin er aðferð við að byggja upp brjóstið. Það skiptir til dæmis máli hvort hún eigi dætur, hvort krabbameinið gæti verið ættgengt og hvort ástæða sé til þess að leita að geninu sem veldur því. Vill hún þekkja genið til að vara dætur sína við, eða ekki? Ef kona er í yfirþyngd skiptir máli fyrir stærð brjóstsins hvort hún sé að létta sig. Þá er rétt að ljúka því til þess að brjóstin verði jafn stór,“ útskýrir Þórdís en einnig er mikilvægt að þekkja sögu brjóstakrabbameinsins og hvernig krabbameinsmeðferð konan hlaut.

„Ef hún hefur ekki farið í geislameðferð eru vefirnir mjúkir og hreyfanlegar og þá er hægt að byggja brjóstið upp með einfaldri silíkonfyllingu. Geislaður vefur hefur hins vegar tilhneigingu til þess að herpast utan um silíkonfyllinguna og ýta henni ofar á brjóstkassann,“

Nýja brjóstið kallast „brjóstabunga“ þar til komið hefur verið fyrir geirvörtu og vörtubaug í aðgerð sem framkvæmd er um fjórum mánuðum eftir fyrri aðgerðina.

### Vilja magann burt

„Þrátt fyrir miklar framfarir í framleiðslu silíkonfyllinga vilja sumar konur ekki heyra á það minnst,“ segir Þórdís en hún segir að í dag sé notað þétt gel sem helst á sínum stað þrátt fyrir að rof komi á himnuna sem umlykur það. „Ef fyllingin er skorin í tvennt má sjá að hún helst á sínum stað, ólíkt því sem áður var þegar silíkonið var á fljótandi formi,“ segir hún.

Hafi kona farið í geislameðferð eða kýs að nota ekki silíkonfyllingu er notast við vefi úr baki eða maga. „Margar konur vilja nota magann, því þær vilja minnka hann eftir til dæmis barneignir. En konur með stóran maga eru í meiri hættu um að aðgerðin gangi illa svo við þær konur segist ég laga magann seinna,“ segir Þórdís.

Algengara er að notast við bakvöðva, en þá er stærsti vöðvi baksins skorinn af í heilu lagi og notaður til þess að móta brjóstið. „Ég tek hluta af yfirliggjandi húð með og passa mig að láta örið vera þar sem brjóstahaldarinn liggur svo konurnar geta verið í bikiníi án þess að það sjáist. Oftast nota ég silíkon með. Ef kona er með lítið brjóst hinu megin og vill helst hafa það lufsulegt þá tek ég stærri flipa á bakinu með meiri húð og meiri fitu og móta það til,“ segir hún og útskýrir fyrir blaðamanni að með „lufsulegu“ brjóst eigi hún við sigið, náttúrulegt brjóst.

**Á SKURÐSTOFUNNI Í GLÆSIBÆ** Auk almennra fegrunaraðgerða byggir Þórdís upp brjóst kvenna sem fengið hafa brjóstakrabbamein og sinnir almennum brjóstaskurðlækningum á Landspítalanum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐ

### Ungpíubrjóst vinsælust

„Týpískt uppbyggt brjóst er svolítið ungpíulegt þegar ég nota silíkonfyllingu. Það er það sem við köllum anatómískt rétt, eða í réttum hlutföllum, en það er svo misjafnt hvernig konur upplifa sjálfar sig og hvað þeim þykir vera fín brjóst.“

Rannsókn sem Þórdís gerði á sjúklingum sínum í Frakklandi leiddi í ljós að munur er á viðhorfum kvenna og lýtalækna til uppbyggðra brjósta. Læknunum þótti náttúruleg „lufsubrjóst“ fallegust en konurnar voru oftar hrifnar af ungpíubrjóstum.

Lítill munur er á aldri kvenna eftir því hvernig brjóst þær óska sér og að mati Þórdísar velja eldri konur sér ekki síður ungleg, silíkonfyllt brjóst.

„Þegar ég var yngri hélt ég að konur hættu að vera skvísur þegar þær eltust, en það var algjör misskilningur. Þær konur sem til mín leita stendur ekki á sama um hvernig þær líta út.“

### Afköstin gætu verið meiri

Þórdís rekur eigin stofu í Glæsibæ og fæst þar við almennar fegrunaraðgerðir, en hún er einnig læknir á skurðsviði Landspítalans þar sem hún framkvæmir brjóstauppbyggingar og almennar brjóstaskurðaðgerðir.

Hún segir nokkurn mun vera á aðstöðunni á Íslandi og í Frakklandi. „Í Frakklandi var mun meira aðgerðapláss. Við skárum upp á hverjum degi, en hér er ég aftur á móti með aðgerðadag aðra hverja viku. Vandamálið er að hér samnýta margar greinar tiltölulega fáar skurðstofur,“ segir hún. Þórdís gagnrýnir einnig sumarlokanir á spítalanum. „Það er bæði vegna sumarleyfa og svo er alltaf verið að spara og spara. Starfsemin leggst svo til niður í þrjá mánuði á sumrin og biðlistarnir lengjast á meðan,“ segir Þórdís að lokum.

**EITT BRJÓST** Það getur verið hamlandi að vera með eitt brjóst.

**BRJÓSTABUNGA** Brjóstið er byggt upp með einfaldri silíkonfyllingu.

**NÝTT BRJÓST** Sköpuð er ný geirvarta og vörtubaugur.

## ➜ FINN HVERNIG SJÁLFSTRAUSTIÐ SNÝR TIL BAKA

Amma, af hverju ertu svona? Amma var veik og læknirinn þurfti að taka brjóstið, sagði amma. Amma, viltu segja honum að skila því aftur!

Þrátt fyrir ungan aldur skynjar barnabarn Jónínu Kolbrúnar Cortes hversu sárt það er að missa hluta af líkama sínum. Jónína greindist með brjóstakrabbamein fyrir sjö árum og í kjölfarið var hægra brjóstið fjarlægt.

„Eftir aðgerðina gekk ég í sérstökum brjóstahaldara. Ég var alltaf skökk í baki og bar mig ekki vel. Það var erfitt að finna föt, þrátt fyrir gervibrjóstið, því það sást alltaf glitta í það þegar ég beygði mig fram eða hálsmálið var flegið. En sjáðu núna hvað þetta er falleg bunga!,“ segir Jónína. Hún beygir sig fram og sýnir fullkomlega eðlilegan brjóstkassa þar sem glittir í tvær brjóstabungur. Fyrir þremur vikum var öðru megin aðeins flatur brjóstkassi og stórt, bólgið ör.

Síðastliðið sumar tók Jónína erfiða ákvörðun um að leggjast aftur undir hnífinn. Aðgerðin var löng því bakvöðvi Jónínu var skorinn burtu og notaður til þess að byggja nýtt brjóst og minnka þurfti heilbrigða brjóstið til þess að gæta samræmis.

„Á bringunni hafði verið hyldýpi og ég þurfti að klæðast fatnaði sem náði upp í háls. En áhrifin af því að vera aðeins með eitt brjóst voru líka líkamleg. Ég fann það vel eftir aðgerðina, þá var eins og það slaknaði á einhverjum togvírum, því ég gat hreyft axlirnar án þess að finna til. Ég hef aldrei verið eins góð af bólgunum og svitaköstin hafa minnkað mjög mikið. Árangurinn var því umfram það sem Þórdís hafði lofað mér. Mér líður eins og sjö ára martröð sé á enda,“ segir Jónína.

„Daginn eftir aðgerðina kom Þórdís til mín, dreif mig á fætur og tók umbúðirnar af. Ég bara átti ekki til orð. Þetta er ótrúlegt. Mér finnst eins og ég sé núna að hefja nýtt líf. Ég finn bara hvernig sjálfstraustið snýr hægt til baka. Ég hef horft upp á svo margar sorgarsögur og misst svo marga. Það hefur líka haft mikil áhrif á mig, en nú er ég hætt að hugsa þannig. Að fara í svona aðgerð er því bæði andlega og líkamlega gott.“

**JÓNÍNA KOLBRÚN CORTES**

SMÁRA BÍÓ · HÁSKÓLABÍÓ · ÁLFABAKKA SAMBÍÓIN · Borgarbíó Akureyri

FRÉTTABLAÐIÐ

Lesendur Fréttablaðsins fá bíómiðann á 1000 kr. og 700 kr. fyrir börn 12 ára og yngri gegn framvísun þessarar úrklippu í miðasölu viðkomandi kvikmyndahúss. Gildir meðan myndin er í sýningu.
Ath: Almennt miðaverð 1200 kr. fyrir fullorðna og 850 kr. fyrir börn 12 ára og yngri, eldri borgara og öryrkja.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Mest selda í Bónus með ... laugardag o...

**Coke-kippa** 6 fl x 2 ltr: + 1/2 kg. lakkrískonfekt í kaupbæti

KEA léttreyktur lambahryggur **1257 kr/kg.**
*Merkt verð 1795 kr.*

**KOFAREYKTA HANGIKJÖTIÐ FRÁ KJARNAFÆÐI**
Hangiframparturinn **1399 kr/kg.** *Merkt verð 1998 kr/kg.*
Hangilæri 1889 **kr/kg.** *Merkt verð 2699 kr/kg.*

Bónus konfekt 1 kg aðeins 998 kr.

Te&Kaffi: Jólak...
489 kr

Sanpellegrino sokkabuxur
20 & 40 Den. *298 kr/stk.*

**NORÐLENSKA FJALLA HANGIKJÖTIÐ**
Úrb. frampartur **1399 kr/kg.** *Merkt verð 1999 kr/kg*
Úrb. hangilæri **1914 kr/kg.** *Merkt verð 2735 kr/kg.*

BÓNUS BÝÐUR BETUR
AFGREIÐSLUTÍMI LAUGARDAGA: 10.00 TIL 18.00.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# a jólakjötið
# 30% afslætti
# og sunnudag

Rafræna Bónus gjafakortið er vinsælasta jólagjöfin í Bónus
Þú kaupir inneign á kortið að eigin vali !

Fæst aðeins á skrifstofu Bónus Skútuvogi 13
S.588 8699 e-mail:gjafakort@bonus.is

Jólaspilið í ár: *Party & Co* 3998 kr.

Ali hamborgarhryggur - með beini *1252 kr/kg*
Ali hamborgarhryggur - úrbeinaður *1623 kr/kg.*

Mackintosh 2,9 kg. *1989 kr.*

After eight 400g *298 kr pakkinn.*

Holta ferskar kjúklingabringur 35% afsláttur
**1689 kr/kg.** *Merkt verð 2599 kr/kg.*

Bónus bragðarefur 1 ltr. 259 kr dósin.

kaffi 400g

50% afsláttur
sælgætisbarnum
yrir jólasveina !

Íslandsnaut ungnautaborgarar 4 stk m/brauði
**489 kr pakkinn.** *Merkt verð 698 kr.*

BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI LAUGARDAGA: 10.00 TIL 18.00.

BÓNUS

**HENDIR LÍKA VENJULEGA FÓLKIÐ** Ég var ein af þessum konum sem ætlaði að hafa allt fullkomið. Vera fullkomin mamma, var í pólitík og mjög atorkusöm," segir Jenný Anna Baldursdóttir sem hefur náð í um 14 mánuði að halda sér frá sínum mesta skaðvaldi í lífinu – róandi lyfjum, svefnpillum og áfengi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Faldi mig í eldhúsinu

Hún er einn vinsælasti bloggari landsins og fær um 3.000 heimsóknir á dag á síðuna sína. Bloggarinn heitir **Jenný Anna Baldursdóttir** og segist undanfarna 14 mánuði hafa lifað hvern dag í gleði eftir að hafa farið í gegnum helvíti „eldhúsfyllerísins" eins og hún kallar það. *Júlía Margrét Alexandersdóttir* hitti konuna á bak við bloggið sem hún segist jafnframt nota sem hálfgerða heilun.

Jenný Anna segist ekki þola sjúkrasöguviðtöl – að segja öðrum sjúkrasögu sína sé eins og að þylja upp drauma síðustu nætur. Hins vegar finnist henni saga sín í baráttu við alkóhólismann þess virði að deila með öðrum, þeim til hjálpar enda sýna tölur það að vandamálið sem Jenný glímdi við er mun algengara en fólk gerir sér grein fyrir. Og mun betur falið – enda hefur fólk sem misnotar róandi lyf og áfengi innan veggja heimilisins heilt hús til að fela sig í. Jenný var eins og margar aðrar konur sem lifa í slíkum feluleik – móðir, eiginkona, vel til fara og til að fela sig fyrir umheiminum verstu dagana tók hún símann úr sambandi og opnaði ekki dyrnar.

### Ólst upp hjá fólki 19. aldar

Saga Jennýjar hefst þó ekki í fíkn og ekki segist Jenný ætla að láta hana enda í fíkn.

Jenný er fæddur Reykvíkingur og ólst upp í Vesturbænum – við Hringbraut. Hún er úr stórum systkinahópi, en þau voru átta systkinin og einhvern veginn æxluðust hlutirnir þannig að hún ólst upp hjá langömmu sinni og ógiftum syni hennar, en sú kona var fædd árið 1878. Langamman var því 74 ára þegar Jenný Anna fæddist og Jenný var hjá henni allt þar til langamman dó, 91 árs. „Foreldrar mínir og systkini voru þó alls ekki langt undan og ég var alltaf í góðu sambandi við þau."

### Fyrsta reynslan

Frá því að vera þægt og gott barn, sem varla sást eða heyrðist í, varð Jenný að uppreisnargjörnum unglingi. „Ég fór úr Melaskóla í Hagaskóla 13 ára gömul og við það að fara í skóla sem var að því er mér fannst – skóli fyrir fullorðna – fór ég eiginlega yfir á hina hliðina. Ég var ekki í neinu rugli þarna en þetta voru tímarnir sem unglingamenningin var að verða til. Við vorum ekki lengur bara börn og svo litlar kellingar – millistigið unglingar var orðið til – og eldri kynslóðin skildi hvorki upp né niður.

Eftir grunnskólapróf fékk Jenný leyfi til að fara með tveimur vinkonum sínum til Danmerkur og var henni, að því er fjölskyldan hélt, komið fyrir í öruggu skjóli, á heimili lögreglustjórans í Kaupmannahöfn þar sem hún átti að vera „stuepige". Þar var henni tekið með kostum og kynjum af fólki sem vildi allt fyrir hana gera. „Ég þakkaði fyrir mig með því að láta eins og vitleysingur. Ég var ekki nema 17 ára gömul, en ég komst þarna í fyrsta skipti í kynni við dóp – hörð efni eins og amfetamín og í tvo mánuði vissi fjölskyldan mín ekkert af mér. Nær dauða en lífi fann lögreglan mig og flutti á spítala, 42 kíló, bláa frá toppi til táar af næringarskorti og hálf vitfirrta. Það sem varð mér líklega til lífs er að góðhjartaður heilbrigðisstarfsmaður sá hvers konar barn ég var og ákvað að ég yrði vistuð á spítalanum þar til Gullfoss legði úr höfn til Íslands eftir nokkrar vikur."

### Fjölskyldan trúði því ekki að ég væri alki

Jenný segist þó hafa skutlað þessari lífsreynslu langt aftur í óminnið þegar heim kom en hins vegar hafi hún forðast áfengi lengi vel eftir þetta sumar og aldrei drukkið neitt að ráði næstu 20 árin. Hins vegar hefði þessi reynsla úr Kaupmannahöfn vel getað verið henni víti til varnaðar: Hún var greinilega fíkill. „Málið er að mín nánustu skyldmenni drukku ekki, ekki pabbi eða mamma og vandamálið var ekki þekkt. Enginn reiknaði því með því að ég gæti verið alki og ég var mjög lengi að sannfæra fjölskyldu mína um að ég væri það þegar ég loks horfðist í augu við vandamálið, þau trúðu mér einfaldlega ekki."

### Vorum venjuleg fjölskylda

Það sem við tók hjá Jenný eftir heimkomuna var börn og búskapur. „Ég átti elstu stelpuna mína 19 ára og skildi svo og hitti ég seinni barnsföður minn stuttu síðar. Við vorum held ég bara eins og hver önnur fjölskylda, saman eignuðumst við tvær stelpur til viðbótar, fæddar 1978 og 1980 og við vorum góðir foreldrar að því er ég sjálf held. Um tíma bjuggum við úti í Svíðþjóð, ég var þar í námi og ég vann alltaf mikið og kom víða við. Var um tíma læknaritari, vann hjá Samtökum um kvennaathvarf, var sænskukennari, fyrirlesari og listinn heldur áfram. Ég var ein af þessum konum sem ætlaði að hafa allt fullkomið. Vera fullkomin mamma, var í pólitík og mjög atorkusöm," segir Jenný en áfallið kom þegar hún og eiginmaður hennar skildu svo eftir 17 ára hjónaband.

### Hafði haft óbeit á óreglu

„Það er svo skrítið en þar til þá hafði ég haft ógeð á áfengi og óreglu. Áfengi hafði lengi verið misnotað í kringum mig og mér datt aldrei í hug hvar ég átti eftir að lenda. Álagið var mikið á þessum tíma og miklar breytinar, ég skildi, skipti um vinnu og fannst heimurinn vera að hrynja." Neyslan byrjaði þó þannig að Jenný tók varla eftir því. „Svona byrjar ekki þannig að maður vakni einn morguninn og byrjar að sturta í sig áfenginu. Ég var alveg í dragtinni og á hælum og fannst ég bara vera aðeins að skemmta mér, nema það að veisluhöldin drógust á langinn. Ég fór í meðferð 1995 en ég var hreinlega að því er ég tel ekki búin að drekka nóg til að fara í hana. Og eftir að hafa verið edrú í sjö mánuði byrjaði ég aftur. En ég var „on og off" edrú næstu tvö, þrjú árin og alls ekki komin út í að versta."

### Reiðarslag í lífi dóttur

Árið 1997 gifti Jenný sig eiginmanni sínum sem hún er gift í dag og á sama tíma var miðdóttir hennar ólétt. Þá kom annað reiðarslag. „Á þessum tíma var ég edrú, en drengurinn deyr þriggja mánaða úr vöggudauða. Ég upplifði mikinn vanmátt – að horfa á barnið mitt ganga í gegnum þennan hroðalega sársauka. Og ég hugsa að á þessum tíma hafi ég verið búin að tapa allri úrlausnarhæfni. Ég hafði lengi verið á flótta undan sjálfri mér og vandamálunum – frekar stungið hausnum í sandinn og þarna var eins og ég gæfist hálfpartinn upp og lengi vel eftir þetta fannst mér eins og ég hætti að finna nokkuð – og var orðin hálf ófær um að meðtaka tilfinningar – bæði góðar né slæmar."

### Róandi pillur og áfengi frá hádegi

Verstu árin tóku við og Jenný Anna segir að ef hægt sé að tala um dauðateygjur megi segja að tvö síðustu árin, áður en hún fór í meðferð, hafi hún verið „lifandi dauð". „Ég vaknaði af gömlum vana, deyfði mig með áfengi og misnotaði svefnpillur og róandi lyf. Ég laug að læknunum mínum og var orðin blekkingarmeistari af guðs náð. Ég skutlaði mér bara í sparifötin þegar ég þurfti að fara út úr húsi til að ná í meiri lyf. Labbaði ég framhjá lyfjaskápnum skutlaði ég einni pillu í mig og ég hélt ekkert bókhald yfir það hversu mikið ég tók. Ég drakk yfirleitt frá hádegi og maðurinn minn var að finna mig í allavega ástandi um íbúðina. Ég brást auðvitað öllum sem þykir vænt um mig, stelpunum mínum á ögurstundu, sem voru að fæða börn og byrja lífið en þetta er eitthvað sem ég sá aldrei fyrir."

### Skellur í Mallorca-ferð

Jenný segir í raun kraftaverk að hún hafi komist lífs frá þessum tíma. „Ég fékk skellinn þegar ég fór til Mallorca árið 2005 með manninum mínum og var lögð inn, fárveik. Brisið hafði fengið nóg og allt sumarfríið mátti ég dúsa inni á spítala og gat ómögulega drukkið, sama hversu mikið mig langaði." Ég kom heim en samt leið ár þar til ég fór í meðferð. Ég náði sjálf að hætta að drekka í ágúst 2006 og reyndi að trappa mig niður í pillunum en það er ekki eins manns verk að ætla að hætta í þeim og það var mér algerlega ofviða."

> Labbaði ég framhjá lyfjaskápnum skutlaði ég einni pillu í mig og ég hélt ekkert bókhald yfir það hversu mikið ég tók.

### Leynikleini versti óvinurinn

Jenný hefur í dag haldið sér á beinu brautinni í fjórtán mánuði og þar kemur bloggið inn í sem hún segir hafa hjálpað sér mikið. „Fyrir mér er bloggið heilandi og um leið er ég að baktryggja mig, hef fleiri til að fylgjast með mér. Ég hef verið mikið föst heima við síðasta árið út af heilsufarsástæðum, maðurinn minn vinnur mikið og ég hef ekki komist eins mikið á fundi og ég hefði viljað." Jenný fær mörg bréf á dag frá alls kyns fólki – bæði þakkarbréf – bréf frá fólki í svipuðum sporum og svo skammir! Einhverjum finnst að þetta eigi að vera leyndarmál. „Ég þoli ekki leyndarmál og allt leynidæmi hefur verið minn mesti skaðvaldur í lífinu. Hins vegar sé ég líka á bréfunum að það eru ótrúleg margar konur í sömu sporum og ég var í. Ég er ekki þess umkomin að hjálpa fólki nema benda því á hvert það getur leitað, til SÁÁ."

### Bók í smíðum

Sjá má að blogginu að Jenný Anna er vel ritfær og margir sem geta ekki hugsað sér að byrja daginn án þess að lesa litlar sögur hennar úr hversdagslífinu. Hún trúir blaðamanni fyrir því að hún sé að skrifa bók, hún hafi ætlað að gera það í mörg ár, en ekki getað það full og dópuð – „þótt ég hafi haldið það sjálf," segir hún og hlær. „Tíminn er búinn að vera frábær síðustu mánuði. Þegar maður er búinn að vera svo lengi svo langt inni í myrkrinu er maður svo þakklátur fyrir að geta tekist á við daginn – þótt það sé alltaf miserfitt og dagarnir eins misjafnir og þeir eru margir. Mest er ég þó þakklát fyrir að vera á lífi og geta haft það skemmtilegt."

## ➜ KONUM SEM MISNOTA RÓANDI LYF FER FJÖLGANDI

Valgerður Rúnarsdóttir, læknir hjá SÁÁ, segir að dagleg neysla á róandi lyfjum og áfengi sé fyrst og fremst vandamál eldri sjúklinganna og lyfjaneyslan er mun meiri hjá konum. „35 prósent

þeirra kvenna sem koma til okkar hafa verið að misnota róandi lyf og svefnlyf og konum í þessum hópi hefur fjölgað jafnt og þétt síðustu 10-20 árin." Hlutfall þeirra karlmanna sem tilheyra þessum hópi er mun minna eða um 20 prósent og það hlutfall hefur ekki breyst undanfarin ár. „Þetta vandamál er mjög erfitt að eiga við því ef fólk er að nota þessi lyf að staðaldri er þetta svo mikill vítahringur þar sem þetta eru lyf við kvíða. Og þegar þær ætla að reyna að minnka þetta fær fólk kvíðakast og svefntruflanir. Það er því mjög erfitt að ætla að komast út úr þessu, einn heima með sjálfum sér." Valgerður segir vandann oftast mjög vel falinn og konurnar átti sig jafnvel ekki sjálfar á því hvað þær hafi tekið mikið. „Afvötnunin tekur oft margar vikur. Flestir sem koma hingað á Vog eru hér kannski í tíu daga en fólk sem er í fráhvörfum frá svona lyfjum þarf stundum að dvelja í margar vikur meðan verið er að trappa það niður. Þannig að þetta getur tekið mjög á þolrifin hjá sjúklingunum og er erfitt. Svo þegar heim er komið tekur við næsta vandamál því það fer auðvitað ekki framhjá neinum þegar alkinn fellur vegna lyktar en þessi víma er lyktarlaust og mikill feluleikur í kringum hana. Þeir sem ná að sigrast á þessu þurfa því að gefa sér tíma og þá getur það gengið mjög vel."

# Fyrir veiðimanninn í fjölskyldunni þinni

**Beretta PacLite skotveiðigalli og ókeypis Garmin Etrex GPS tæki.**
Algjörlega vatnsheldur, þunnur Gore-Tex galli, frábær á rjúpu, hreindýr eða heiðagæsina. Garmin Etrex GPS tæki fylgir ókeypis.
**Fullt verð 61.800. Tilboð til jóla aðeins 39.900.**

**Rjúpnaveiðivesti.**
Nauðsynleg í rjúpnaveiðina. Margir vasar fyrir veiðina, GPS, GSM, veiðikortið, nestið og fleira.
**Fullt verð 7.990. Jólatilboð aðeins 6.490.-**

**Beretta skotveiðibakpoki með byssufestingu.** Góður poki í alla skotveiði. Stillanlegar mittis, brjóst og axlarólar. Góð og aðgengileg hólf. Vatnsheld veðurhlíf fylgir.
**Frábært verð. Aðeins 13.495.**

**Ameristep rúllubaggi.**
Vinsælasta felubirgið á markaðnum.
**Hvergi betra verð. Aðeins 16.880.**

**ProLogic skotveiðijakki.**
Vatnsheldur og hlýr jakki með útöndun. Áralöng góð reynsla á Íslandi.
**Verð aðeins 23.900**

**ProLogic Thermo skotveiðihanskar.**
Vatnsheldir og hlýir. **Verð aðeins 2.995.**
Einnig úr neopren. **Verð aðeins 2.295.**

**ProLogic skór.**
Vatnsheldir og hlýir skór með góðri útöndun. 3 gerðir. Bæjarins besta verð.
**Aðeins frá 9.995.**

**Vandað hreinsisett fyrir haglabyssur.**
Burstar, stöng, olía og fleira í góðum kassa.
**Verð aðeins 4.880.**

**Ron Thompson Aquasafe vöðlupakki.**
Góðar öndunarvöðlur og skór.
**Fullt verð 28.990. Jólatilboð aðeins 19.995**

**Simms Freestone vöðlupakki.**
Góðar öndunarvöðlur og skór.
**Fullt verð 32.800. Jólatilboð aðeins 25.900**

**Simms Freestone veiðijakki.**
Vatnsheldur með útöndun.
**Verð aðeins 19.900**

**Gerviandasett.**
12 stokkendur; sofandi, vakandi og kafandi. Góður bakpoki, bönd og blýsökkur fylgja.
**Frábært verð. Aðeins 8.995 fyrir allt þetta.**

**Nýtt – NRS flotveiðivesti.**
Sérhönnuð flotvesti fyrir veiðimenn. Örugg vesti í alla veiði.
**Verð aðeins 12.980.**

**Sage fluguveiðipakki. Fli og Launch** 4ra hluta stöng í hólk. Gott LA hjól og RIO flugulína. Lífstíðarábyrgð frá framleiðanda á stöng. Frábært verð á alvöru fluguveiðipakka.
**Aðeins frá 34.900.**

**Veiðiflugur Íslands.**
Biblía fluguhnýtarans. Bók sem allir áhugamenn um fluguveiði verða að eiga.
**Verð aðeins 3.995.**

**Ron Thompson vöðlutaska.**
Nauðsynleg taska fyrir alla veiðimenn sem eiga vöðlur. Vatnsheldur botn. Motta til að standa á þegar farið er í og úr.
**Verð aðeins 3.995.**

**Scierra Explorer veiðitaska.**
Afar vönduð og sterk veiðitaska undir allan veiðibúnaðinn. Vatnsheldur botn.
**Verð aðeins 6.995.**

**Ron Thompson veiðijakki.**
Vatnsheldur með útöndun.
**Fullt verð 12.900. Jólatilboð aðeins 9.995.**

**Lærðu að hnýta silungaflugur og Lærðu að hnýta laxaflugur.**
Fluguhnýtinganámskeið á íslensku á tveim DVD diskum. **Aðeins 2.995 hvor diskur.**




**Veniard Premium fluguhnýtingasett.**
Einhver vinsælustu fluguhnýtingasettin á markaðnum. Fluguhnýtingaverkfæri og troðfullur pakki af vönduðu hnýtingaefni. **Verð aðeins 10.900**

## Munið vinsælu gjafabréfin okkar

Veiðimaðurinn 1940

**Hafnarstræti 5 - Sími 551 6760**
**- Veidimadurinn.is -**

SPORTBÚÐIN

**Krókhálsi 5 - Sími 517 8050**
**- Sportbudin.is -**

VEIÐIHORNIÐ

**Síðumúla 8 - Sími 568 8410**
**- Veidihornid.is -**



1. EINBÝLISHÚS Í KÓPAVOGI EFTIR HALLDÓRU VÍFILSDÓTTUR ARKITEKT FAÍ

LJÓSMYNDIR GUNNAR SVERRISSON

2. EINBÝLISHÚS Í DALABYGGÐ HANNAÐ AF GLÁMU-KÍM.

# Byggingarlist hinnar nýju aldar

Komin er út bókin Íslensk einbýlishús/Modern Icelandic Houses en í henni er að finna ljósmyndir af íslenskum húsum sem voru byggð á árunum 2000-2006. *Anna Margrét Björnsson* heyrði í ritstjóra bókarinnar, **Elsu Ævarsdóttur**, um hvernig íslenskir arkitektar hanna fyrir íslenskar aðstæður.

Ný hús urðu fyrir valinu þar sem markmiðið var að endurspegla tíðarandann í íslenskum arkitektúr í upphafi nýrrar aldar. Að sama skapi er leitast við að varpa ljósi á þá möguleika sem eru fyrir hendi þegar ráðist er í húsbyggingu og að sýna með dæmum fram á að góð hönnun og góður undirbúningur eru grundvallaratriði þegar skapa á góð híbýli," segir Elsa Ævarsdóttir innanhúsarkitekt um bókina sem hún ritstýrði og gefur út í nafni Nennu sf. í samvinnu við hjónin Gunnar Sverrisson og Höllu Báru Gestsdóttur. Spurð hvort það hafi ekki verið erfitt að velja einungis hús byggð á síðustu sex árum svarar hún að viðfangsefnið sem slíkt hafi ekki verið erfitt. „Það var þó erfiðara að að finna ný hús sem voru fullfrágengin og eigendur jafnframt tilbúnir til að opna dyr að heimilum sínum. Í mörgum tilfellum lögðu arkitektar húsanna okkur lið en segja má að eigendur húsanna eigi það allir sammerkt að hafa í samvinnu við hönnuði og aðra fagmenn lagt mikinn metnað í húsin sín og séu með réttu stoltir af árangrinum." Elsa segir húsin eiga það sammerkt að áhersla hafi verið lögð á tengingu innra og ytra umhverfis. „Slíkra áhrifa gætir einnig erlendis um þessar mundir en bókin sýnir að íslenskir arkitektar hafa nálgast þessar óskir í samræmi við íslenskar aðstæður og skapað fjölbreytilegar lausnir sem gera íbúunum kleift að njóta útiveru og útsýnis í samræmi við náttúru og veðurfar. Húsin standa víða um land en langflest þó á höfuðborgarsvæðinu. Þar af eru flest í Garðabæ en af einhverjum ástæðum virðist sem fleiri arkitektar hafi fengið að spreyta sig þar en annars staðar. Niðurstaðan er sú að í Garðabæ má nú finna fjölmörg hús þar sem metnaður hefur verið lagður í hönnun og allan frágang." Elsa segir að öll húsin í bókinni hafi verið hönnuð með það í huga að standast tímans tönn. „Húsin eru síður en svo öll steypt í sama mót þótt áhrif tísku og tíðaranda séu til staðar. Arkitektúr snýst þó fyrst og fremst um að leysa verkefni á hagkvæman og fagurfræðilegan hátt í samræmi við óskir og aðstæður hverju sinni. Falli hús vel að umhverfi sínu er niðurstaðan yfirleitt sígild. Það væri óskandi að vönduð íslensk íbúðarhús fengju í framtíðinni að halda einkennum sínum og ekki sé stöðugt reynt að steypa eldri hús í nýtt mót í samkvæmt nýjustu tísku."

3. EINBÝLISHÚS Í KÓPAVOGI. HÖNNUÐUR ER BJÖRGVIN SNÆBJÖRNSSON ARKITEKT FAÍ

4. EINBÝLISHÚS Á AKUREYRI EFTIR FANNEYJU HAUKSDÓTTUR ARKITEKT FAÍ

5. Einbýlishús í Garðabæ eftir Albínu Thordarson arkitekt FAÍ

Jóla

# AFMÆLIS TILBOÐ

## OPIÐ ALLA HELGINA • GLÆSILEG TILBOÐ

3 DAGA AFMÆLIS TILBOÐ

**TREND VÍRUSVÖRN**

**2.990**

Trend Internet Security 2008

3 DAGA AFMÆLIS TILBOÐ

EINN SPINDILL Á MANN

**25DVD DISKAR**

**990**

Verbatim 16x DVD+R spindill

ADEINS 50 STK

acer 5315

**ACER FARTÖLVA**

**59.900**

ÓTRÚLEGT AFMÆLISTILBOÐ

**4BLS**

Nýr glæsilegur 4bls bæklingur stútfullur af frábærum afmælis tilboðum

3 DAGA AFMÆLIS TILBOÐ

**1GB MINNI**

**1.990**

1GB OCZ DDR2 667MHz vinnsluminni

OPIÐ ALLA HELGINA 10-19

3 DAGA AFMÆLIS TILBOÐ

**iP4500 PRENTARI**

**9.990**

MEST SELDI PRENTARI Á ÍSLANDI

3ja daga afmælistilboð gilda dagana 14-16 desember eða meðan birgðir endast

**OPNUNARTÍMAR**

Alla daga til Jóla
10:00 - 19:00
Aðfangadag
Lokað

# TÖLVUTEK

Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

# Gaman að stríða fólki

„Það eru allir að tala um hann,“ kallaði einhver upp þegar nafn rithöfundarins bar á góma á vinnustað einum. **Jón Kalman Stefánsson** hefur í ellefu ár gefið út skáldsögur sem allar hafa hlotið afburðadóma. Hann segir þó að þar til síðasta skáldsaga hans kom út, Sumarljós, og svo kemur nóttin, hafi það verið fremur þröngur hópur sem las bækurnar. Nú er hann einn umtalaðasti rithöfundur bæjarins enda þykir nýja bókin hans, Himnaríki og helvíti, hafa staðsett hann endanlega á stórrithöfunda-kortinu. *Júlía Margrét Alexandersdóttir* hitti rithöfundinn sem getur ekki lesið krimma og er með himinháa símreikninga.

Jón Kalman er ekki fyrirframgefin uppskrift að rithöfundi. Hann byrjaði seint að skrifa. Hann hefur unnið við alls kyns störf þar sem hann hafði ekki mínútu aflögu í lestur, svo sem í fiski, við skúringar og í sláturhúsi. Hann býr í Mosfellsbæ og hann stundar íþróttir – nema – hann þvertekur fyrir að gera eins og Skáldið gerði forðum daga – að fara í gönguferðir upp í Dal. Hann hefur litla þolinmæði í göngutúra, svona einn með sjálfum sér, og endar þess í stað alltaf á því að taka á sprett.

**SÖGURNAR NÁ FLUGI** „Mér finnst gaman að bulla og stríða fólki. Stundum er það tekið alvarlega og það verður bara að hafa það. Ég hef prófað að segja litlar sögur og eftir nokkra daga eða vikur eru þær farnar á flug og orðnar að staðreynd sem þýðir lítið fyrir mig að mótmæla,“ segir Jón Kalman Stefánsson.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### Bullið bráðnauðsynlegt

Jón Kalman segir í símann, áður en við hittumst, að hann sé fortíðarlaus maður. Blaðamaður tekur hann full alvarlega – sér fyrir sér að hann hafi afneitað einhverri svakalegri fortíð og lifi í núinu. Jón hlær þegar hann er svo inntur eftir þessu strax og fundum ber saman. „Mér finnst gaman að bulla og stríða fólki. Stundum er það tekið alvarlega og það verður bara að hafa það. Ég hef prófað að segja litlar sögur og eftir nokkra daga eða vikur eru þær farnar á flug og orðnar að staðreynd sem þýðir lítið fyrir mig að mótmæla.“ Og skáldskapurinn – er bullið nauðsynlegt þar? „Ja, bull, hvað er bull, en stundum þarf maður að „ljúga“ til að orða sannleikann. En yfirleitt er það um einn fimmti sem stendur eftir af því sem maður hefur skrifað. Himnaríki og helvíti var líklega um það bil 500 síður í handriti, en er svo útgefin um 200. Og í því liggur kannski mesta vinnan, eða sú sem slítur mest; Að samræma textann, stytta hann og draga saman. En bækurnar mínar eru fullar af alls kyns útúrdúrum og afleggjurum, og þannig hugsa ég; ég ætla kannski að útskýra eitthvað smáatriði í hálfri setningu en áður en ég veit af er ég búinn að skrifa tíu blaðsíður.“

### Sjálfsmorði afstýrt í sundi

Aftur að fortíðinni sem Jón gengst nú við að eiga. Hann fæddist árið 1963 og fyrstu tólf ár ævi sinnar ólst hann upp í Safamýrinni í Reykjavík en var þó öll sumur, frá sex ára aldri, í sveit, fyrst norður á Ströndum, síðan vestur í Dölum. Faðir hans er múrari en móðir hans lést þegar hann var ungur að aldri, ekki nema um sex ára. Önnur stór breyting í lífi Jóns varð svo þegar hann var tólf ára en þá flutti fjölskyldan frá Reykjavík til Keflavíkur. „Mér til mikillar skelfingar. Og það var í fyrsta sinn þá sem ég reyndi að nota mátt orðsins. Ég var í sveitinni þegar þessi ákvörðun um búferlaflutninga var tekin og skrifaði löng bréf heim til að reyna afstýra þessari vitleysu. Ég hafði engan áhuga á að flytja til Keflavíkur, þar bjuggu bara villingar. Auðvitað höfðu bréf mín engin áhrif og þegar ég sá hvað verða vildi ákvað ég að fremja sjálfsmorð í hylnum sem er í ánni rétt neðan við bæinn. Hafði hugsað mér að binda utan um mig góðan stein og hoppa ofan í, „goodbye cruel world“, eitthvað í þá veru. En sama kvöldið og ég ætlaði að láta til skara skríða ákvað heimilisfólkið að fara í sund í sundlaug sem var í nálægum eyðidal, eins og við gerðum stundum eftir erfiðan en góðan dag. Við settumst upp í Land Roverinn og fórum af stað. Á leiðinni skýrði útvarpið frá láti Elvis Presley, og síðan voru spiluð lög með honum, tvö eða þrjú minnir mig, og ég hugsaði með mér að fyrst það væri til svona falleg tónlist og svona mögnuð söngrödd, þá væri kannski ástæða til að hinkra aðeins við í þessari veröld. Þetta var í fyrsta sinn sem harmurinn bjargaði lífi mínu. Nokkrum mánuðum síðar flutti ég til Keflavíkur, sem reyndist bæði hræðilegur og indæll staður.“

### Breyttist í einfara

Í Keflavík var meiri vinnu að fá og þar gat fjölskyldan flutt í einbýlishús úr blokkaríbúð. Einnig átti stjúpmóðir hans og faðir fjölskyldu þar svo það mælti allt með því. Jón segir að sem barn hafi hann verið félagslyndur í Reykjavík en einfari í Keflavík. Hvernig fór hann að umbreytast í einfara við búferlaflutningana? „Ég tók þá ákvörðun þegar ég fluttist þangað að ég myndi ekki blanda geði við marga. Og það gekk svona fyrstu fimm til sex árin. Auðvitað var það bara vegna þess að ég var ósáttur við að flytja, en Keflavík er svo sem eins og Reykjavík; slatti af húsum og í þeim býr fólk, sumt af því gott, annað ekki. Sumir vilja meina að Keflavík sé hreinlega ljótur staður, ég er ekki sammála því en veit að það er mjög auðvelt að halda því fram. Ég er reyndar alltaf á leiðinni að skrifa sögu um Keflavík, þetta er furðulega heillandi staður, eiginlega goðsagnakenndur. Kannski er það herinn og áhrif hans, eða hraunið og hinn eilífi vindur. En auðvitað ber ég taugar til staðarins enda var ég búsettur þar í samfellt 10 ár.“

### Lögreglumaður á rangri hillu

Jón segir að hann hafi dreymt um vinnu þar sem hann þyrfti ekki að gera neitt og hefði þannig tíma til lesturs. Eitt sinn datt hann niður á slíkt starf og gerðist lögreglumaður á Keflavíkurflugvelli. Vinur hans hafði sagt honum af starfinu, löngum næturvöktum þar sem ekkert væri að gera nema lesa. „Ég hafði bara kynnst líkamlegri vinnu og hann sagði að þetta væri frábært tækifæri fyrir mig til að nýta í lestur. Það var að vísu rétt, ég gat lesið en að öðru leyti átti starfið ekki við mig og þegar ég var kominn í búninginn fann ég að ég var ekki á réttri hillu.“ Eftir þrjú ár á vinnumarkaðinum fór Jón aftur í skóla og byrjaði í Fjölbrautaskóla Suðurnesja á nítjánda ári. „Ég ætlaði ekkert aftur í skóla, man reyndar ekki alveg hvað ég ætlaði að gera, en það snerist um að bjarga heiminum eða eitthvað í þeim dúr. Ég vissi bara ekki alveg hvernig. Eftir stúdentsprófið ætlaði ég svo að verða stjörnufræðingur en endaði í bókmenntafræði.“

Jón kláraði aldrei bókmenntafræðina. Hann segist þrisvar hafa byrjað í kúrsinum Heimspekileg forspjallsvísindi en alltaf gefist upp. „Ég var svo ósáttur við að fá áfangann ekki metinn. Þetta var slitróttur námsferill hjá mér, hætti til dæmis um tíma þegar ég gaf út mína fyrstu ljóðabók, fór þá að vinna í saltfiski til að geta borgað fyrir prentunina, og á endanum gufaði námið bara upp þó að ég hafi meira að segja verið

## ➜ UPPHAF BÓKAR

Þetta er á þeim árum þegar við vorum örugglega enn á lífi. Marsmánuður og veröldin hvít af snjó, þó ekki alvhít, hér verður aldrei alhvítt, sama hvernig snjónum kyngir niður, jafnvel þótt himinn og haf frjósi saman og kuldinn nái langleiðina inn að hjartanu þar sem draumarnir búa, þá sigrar hvíti liturinn aldrei. Klettabletin í fjöllunum rífa hann jafnóðum af sér og skaga kolsvört út í hvítan heim. Þau skaga svört yfir stráknum og Bárði þar sem þeir fjarlægjast Plássið, upphaf okkar og endi, miðju heimsins. Og miðja heimsin er hláleg og stolt. Þeir ganga greitt, ungir fætur, eldur sem brennu, en þeir eru líka í kapphlaupi við myrkrið, sem er kannski við hæfi því líf mannsins er stöðugt kapphlaup við myrkur veraldar, svikin, grimmdina, hugleysið, kapphlaup sem oft virðist svo vonlaust en við hlaupum samt og á meðan lifir vonin.

# MAX DVD dúndur

Nýtt æði!

1.789 kr.

2.489 kr.

Úrval HD-DVD og Blu-Ray diska!

1.789 kr.

Verð pr. stk.

## JólaVERÐ

„Jólaseríur“ við allra hæfi!




9.989 kr.

2.989 kr. 2.989 kr. 2.989 kr. 4.489 kr.

1.889 kr.

MEÐ ÍSLENSKUM TEXTA

9.989 kr.

3.989 kr. 3.989 kr. 4.489 kr. 1.789 kr.

1.789 kr.

**OPIÐ TIL KL. 22:00 í kvöld og alla daga til jóla!**

**Opnunartími**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Mánudaga | kl. 11-22 | Fimmtudaga | kl. 11-22 |
| Þriðjudaga | kl. 11-22 | Föstudaga | kl. 11-22 |
| Miðvikudaga | kl. 11-22 | Laugardaga | kl. 11-22 |
| | | Sunnudaga | kl. 12-22 |

MAX / Kauptúni 1 Garðabæ og Holtagörðum - Sími 412 2200
www.max.is

Beint á móti IKEA
Við hliðina á BÓNUS

MAX RAFTÆKI

1.889 kr.

1.889 kr.

1.289 kr.

1.589 kr.

1.589 kr.

1.989 kr.




3.489 kr.

1.589 kr.

3.489 kr.

3.489 kr.

3.489 kr.

3.489 kr.

3.489 kr.

3.489 kr.

1.689 kr.

1.689 kr.

3.989 kr.




3.989 kr.

4.489 kr.

1.689 kr.

1.689 kr.

1.289 kr.

1.289 kr.

1.289 kr.

1.790 kr.

1.589 kr.

6.989 kr.

1.789 kr.

1.589 kr.

1.989 kr.

1.790 kr.

1.589 kr.

1.989 kr.

Stál BOX 2 DVD

1.989 kr.

1.589 kr.

1.789 kr.




1.589 kr.

1.789 kr.

MAX RAFTÆKI

**OPIÐ TIL KL. 22:00 alla daga til jóla**

*Tilboðin gilda til 17. 12. eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.*

CHEVROLET

CHEVROLET GÆÐI - FRÁBÆRT VERÐ

Áberandi glæsilegur

7 manna sportjeppi sem tekið er eftir...

- MEIRA RÝMI
- MEIRI KRAFTUR
- MEIRI BÚNAÐUR

Chevrolet Captiva
Frá GM - Stærsta bílaframleiðanda í heimi.

- Tölvustýrð miðstöð og loftkæling
- ESP - Stöðugleikastýring (aftengjanleg)
- Hraðastillir (Cruise control) Stjórnað í stýri
- Bakkskynjari
- 18" Álfelgur
- Aksturstölva
- ARP - Veltivörn
- TOD - Sjálfvirk drifstýring
- DCS - Eykur öryggi niður brekkur
- Tölvustýrð spólvörn
- LRS - Heldur hæð við hleðslu
- Og margt fleira....

Bílabúð Benna
TANGARHÖFÐA 8-12
110 REYKJAVÍK
SÍMI 590 2000
www.benni.is

Áberandi glæsilegur
Chevrolet Captiva er sportjeppi sem tekið er eftir. Billinn er hannaður til að mæta kröfum evrópskra ökumanna og útkoman er áberandi glæsilegur bíll. Kraftmikil túrbó dísilvél með 5 þrepa sjálfskiptingu. Þú getur valið um 5 eða 7 manna bíl og því fer vel um alla fjölskylduna. Chevrolet er á Tangarhöfðanum og við tökum vel á móti þér.

Akureyri - Bílasalan Ós, Njarðarnesi 1, sími 462 1430
Egilsstaðir - Bílasala Austurlands, Fagradalsbraut 21, sími 471 3005
Borgarnes - Bílasala Vesturlands, Sólbakka 2, sími 437 2100
Reykjanesbær - Bílahöllin hjá Sissa, Brekkustíg 38, sími 420 3300

CHEVROLET
STERKUR FRÁ GRUNNI

Haraldur Leví hress í hlæjandi bíl. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Hlegið í umferðinni

***Sumir bílar fá vegfarendur til að brosa og jafnvel hlæja. Til dæmis sá með skrásetningarmerkið HEHEHE. Eigandinn Haraldur Leví Gunnarsson var tekinn á beinið.***

„Ég ákvað þetta einhvern tíma á fylleríi og náði því ekkert úr hausnum á mér. Þetta er svona „Family guy"-húmor. Hláturinn, skilurðu HEHEHE. Þetta er ofboðslega klikkuð pæling," segir Haraldur hlæjandi þegar hann er ónáðaður við vinnu sína í Skífunni í Smáralind og spurður út í bílnúmerið. Hann kveðst hafa skellt því á bílinn einhvern tíma í sumar. Skyldi það ekki hafa kostað skildinginn? „Það kostaði 30.000 kall sem ég setti á Visa en er búinn að borga núna."

Spurður hvort hann hafi gert þetta til að fá aðra til að brosa í umferðinni svarar hann. „Ég gerði þetta aðallega fyrir sjálfan mig. Mér fannst þetta bara svo fyndið en merkið vekur óneitanlega athygli." Þá er hann inntur eftir eiginleikum bílsins. „Þetta er DAIHATSU CHARADE, árgerð 1993 en frekar lítið keyrður miðað við aldur. Auðvitað drusla – enda á þetta númer bara heima á druslu. Ef ég fengi mér nýjan bíl er ég ekki viss um að ég setti plötuna á hann."

Þegar Haraldi er bent á að HEHEHE gæti kannski hífta upp söluverðið á þeim gamla svarar hann. „Kannski. Ég held samt ég mundi aldrei tíma því. Frekar mundi ég geyma merkið uppi í skáp."

*gun@frettabladid.is*


*Mini hafrafitness*

Jói Fel

Nú er Jói Fel byrjaður að undirbúa jólin. Leggjum mikinn metnað í að vera með ferskt og gómsætt bakkelsi á boðstólnum fyrir viðskiptavini okkar.

BAKARÍ
Holtagarðar & Smáralind & Kringlunni

Verð kr. 3.490,- m/vsk

Jólabók golfarans!

eftir Arnar Má Ólafsson og Úlfar Jónsson

*Fæst í helstu bókabúðum og víðar!*

heimur
Borgartúni 23 · 105 Reykjavík · Sími: 512 7575 · www.heimur.is

**Jólakúlan 2007** eftir Ólöfu Erlu Bjarnadóttur er komin á markaðinn. Mynstrið á kúlunni minnir á fyrsta brumið eða gróðursprota sem gægjast upp úr snjónum að vori. Þessi kúla er sú fimmta í röðinni en kúlurnar eiga að verða sjö.

## Gómsætar kókosflögur

JÓLASMÁKÖKUR SEM GOTT ER AÐ EIGA ÞEGAR GESTI BER AÐ GARÐI.

**Kókosflögur**
**400 g smjör**
**300 g flórsykur**
**2 egg**
**400 g rúsínur hakkaðar**
**400 g hveiti**
**1 tsk. hjartarsalt**
**400 g kókosmjöl**

Öllu blandað saman og deigið hnoðað, rúllað upp í pylsur og sett í frysti. Síðan eru þær teknar út og skornar í þunnar sneiðar sem raðaðar eru á plötu og bakaðar í 8-10 mínútur við 200 gráður.

# Mikil vinna við hvert tré

***Ásgeir Sandholt í Sandholt bakaríi er konditormeistari og sérhæfir sig í konfektgerð. Hann býður upp á námskeið í konfektgerð og fyrir jólin kennir hann fólki að búa til konfektjólatré, sem hafa notið mikilla vinsælda undanfarin ár.***

Konfektjólatrén er hægt að fá með mismunandi útliti. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR

„Við höfum bæði verið með konfektjólatré í sölu hjá okkur í bakaríinu síðastliðin þrjú ár og boðið fólki upp á námskeið í að búa þau til," segir Ásgeir og bætir því við að heilmikil vinna liggi að baki hverju tré. „Við kennum tíu til tólf manna hópum í einu að gera þessi tré í bakaríinu og mjög gjarnan eru það vinnustaðir sem koma á námskeiðin."

Ásgeir segir konfektjólatrén hafa verið alveg ótrúlega vinsæl og í raun vinsælli með hverju árinu. „Trén eru ýmist keypt sem skraut fyrir heimili eða gjafir og hafa verið vinsæll staðgengill rauðvínsins þegar mætt er færandi hendi í veislur eða matarboð."

Spurður hvort mikil vinnutörn sé í bakaríinu fyrir jólin segir Ásgeir: „Það er mjög mikil törn og þá sérstaklega í konfektinu. Við framleiðum nánast eingöngu konfekt allan nóvembermánuð."

Ásgeir leggur mikla áherslu á að konfektið sé framleitt úr besta hráefni sem fæst í Evrópu og tekur sem dæmi að í vanillukaramellum séu notaðar vanillustangir en ekki bragðefni. „Svo erum við eingöngu með súkkulaði sem er Fair Trade en það þýðir að við erum örugg um að fólkið sem tínir kakóbaunirnar fái launin sín og að engin barnaþrælkun eigi sér stað við framleiðsluna," segir Ásgeir og bendir á að þannig geti hann rakið súkkulaðið alla leið á akurinn. „Ég vil heldur gera þetta svona og borga þá meira fyrir vöruna heldur en að fara á heimsmarkað og kaupa ódýrasta súkkulaðið sem ég fæ," segir hann.

Konfektið er þó ekki það eina sem framleitt er í Sandholt bakaríi fyrir jólin heldur eru eftirréttirnir mjög vinsælir. „Svo erum við náttúrlega með smákökur enda er sífellt minna um að fólk baki þær sjálft. Það hafa allir nóg annað að gera en að vera heima að baka," segir Ásgeir.

*sigridurh@frettabladid.is*

Allt skrautið í garðinum er heimagert. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Glaðlegur garður

***Garðurinn að Hrauntungu 1 í Kópavogi heilsar vegfarendum glaðlega á aðventunni.***

Flestir sem fara um Hrauntunguna í Kópavogi um jólaleytið veita athygli garðinum á númer eitt. Þar eru hinar ýmsu tréfígúrur ljósum skreyttar sem gleðja augað. Allar eru þær unnar af íbúum hússins sem stendur á lóðinni, þeim Erlingi Ólafssyni og Helgu Ísleifsdóttur. Hann smíðar og hún málar. „Við dundum við þetta okkur til gamans þegar við megum vera að," segir Erlingur.

„Róm var ekki byggð á einum degi," er gamalt spakmæli og það á líka við um skreytingarnar að Hrauntungu 1. Þær hafa orðið til á allmörgum árum, ein og ein hefur verið að bætast við og aðrar að taka breytingum. Svo er uppröðunin heldur ekki alltaf sú sama. „Við gerum þetta eins og andinn blæs okkur í brjóst hverju sinni," segir Erlingur kankvís. *- gun*

Myndarlegur torfbær sem nýtur sín vel í garðinum allt árið.







## Kartafla í skóinn

ÞÓ AÐ ÞAÐ BORGI SIG FYRIR BÖRN AÐ VERA ÞÆG OG GÓÐ Á ÞESSUM ÁRSTÍMA ER BEST AÐ AÐ LÍTA Á BJÖRTU HLIÐARNAR EF ÞAÐ TEKST EKKI ALLTAF.

Kartafla í skóinn þarf nefnilega alls ekki að vera svo slæm. Hún er holl og góð og hana er hægt að brúna í sykri á pönnu og borða svo með bestu lyst. - rt

# Áhrif frá stríðsárunum

***Barnafatatískan er yfirleitt fjölbreytt og leikandi og hefur svo sem ekki orðið þar nein breyting á. Þó má alltaf greina einhverja strauma og stefnur.***

Fyrir jólin fyllast barnafataverslanir af krúttlegum kjólum og dúllulegum drengjafötum. Um þessar mundir má greina áhrif frá stríðsárunum í hönnun barnafata og breski skólabúningurinn er stundum hafður til hliðsjónar. Í stúlknafötum er ávallt mikið af glæsilegum kjólum sem eru bæði rómantískir og fjörlegir.

Skokkarnir eru þó einnig afar vinsælir fyrir jólin og oft má sjá gráan lit sem hefur kannski ekki verið mikið í stúlknaklæðnaði undanfarin ár. Fjólublái liturinn er líka vinsæll í barnatískunni líkt og hjá fullorðnum. Litlu herramennirnir verða margir hverjir klæddir í skyrtu, ullarvesti og buxur úr sléttu flaueli fyrir jólin en slíkar flíkur sjást víða. Enn gætir þar áhrifa frá skólabúningunum og eru gráir og brúnir tónar áberandi. Það má því greina vissa fortíðarþrá í barnatískunni þó hún sé nú líka eins og börnin, fordómalaus og skemmtileg. - hs

Litlir labbakútar njóta sín vel í þessum fallegu fötum frá Monsoon Accessorize. Skyrtan er með fjólubláu verkfæramynstri og kostar 1.899 krónur. Röndótta ullarvestið kostar 2.499 kr. og buxurnar sem eru úr brúnu sléttflaueli kosta 2.999 kr.

Þetta fallega stúlknadress minnir á stríðsárin og breska skólabúninga. Það fæst í versluninni Iana á Laugavegi en sú búð selur ítölsk barnaföt. Dúnmjúkur rúllukragabolurinn er með semelíusteinahjarta í hálsmálinu og kostar 1.850 kr. Skokkurinn er á 6.550 með handsaumuðu skrauti og peysan er á 3.290 kr. Sokkabuxurnar eru með upphleyptu mynstri og silfurþræði og kosta 1.390 kr.

Þessi fjólublái pallíettukjóll minnir á þriðja áratuginn og er hinn glæsilegasti ballkjóll fyrir ungar dömur. Hann fæst í Monsoon Accessorize og kostar 7.599 kr.

Allir strákar verða sannkallaðir herramenn í þessu dressi sem fæst í Versluninni Iana. Skyrtan er á 2.550 kr. og vestið sem er úr angóruull með mjúkum þráðum úr kínverskri kasmírull er á 4.250 kr. Blátt bindið kórónar herramannsútlitið. Buxurnar eru úr gráu sléttflaueli og eru með stillanlegum buxnastreng. Pær kosta 4.550 kr.

Þessi drengjaföt eru frá Catimini og fást í Hnokkum og hnátum. Peysan er úr 55% ull og 45% bómull og kostar 7.190 kr. Skyrtan er mjúk og þægileg og er á 6.590 kr. og buxurnar eru úr bómull og kosta 8.390 kr.

Fjörlegt og doppótt stúlkudress frá Mini A Ture Copenhagen sem minnir á Línu langsokk. Fötin fást í Hnokkum og hnátum á Skólavörðustíg. Skyrtan er á 6.590 kr., pilsið á 6.590 kr. og sokkabuxur á 1.990 kr.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK




Á Laugaveginum fást
Armani úr og skartgripir hjá

Franch Michelsen
ÚRSMÍÐAMEISTARI
LAUGAVEGI 15 • SÍMI 511 1900
WWW.SVISS.IS

GILBERT
ÚRSMIÐUR
Laugavegi 62 - sími: 551-4100

Gefðu elskunni þinni
flotta jólagjöf

Vandað tölvustýrt hleðslutæki fyrir hjólið ykkar. Hjólið er alltaf klárt og fullhlaðið. Hleður og afhleður rafgeyminn til skiptis. Passar fyrir allar tegundir hjóla. Ekki láta geyminn falla og eyðileggjast í vetur.

Frábær jólagjöf á frábæru verði
aðeins kr. 7.900

BERNHARD
Vatnagörðum 24 - 26 • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

**Loðfeldir** eru klassískir sér í lagi um jólin. Fína og fræga fólkið klæðist þeim og hún Dorrit blessunin er ófeimin við að vefja loðfeldi um axlirnar líkt og J-Lo sem við sjáum hér.

# Drama, rokk og rómantík

***Rómantík, pallíettur og perlur, vel sniðnir kjólar og fylgihlutir eru einkennandi fyrir tískuna í dag.***

„Úrvalið hefur aukist svo síðustu ár og hérna niðri í bæ eru komnar margar sérverslanir þar sem er hægt að fá fallega hönnun. Ekki endilega frá stærstu tískuhúsunum heldur frá alls konar hönnuðum allstaðar að úr heiminum og fólk er farið að læra á þessa íslensku hönnuði," segir Sara Oddsdóttir hjá Rokki og rósum sem lýsir tískunni í dag sem sparilegri.

„Það eru pallíettur og fjaðrir og net og dálítill glamúr og dramatík í leiðinni. Ég held að áhrifin séu sótt frá 1700 og 1800 þegar smáatriðin skiptu rosalega miklu máli og fötin voru vel sniðin, fellingar og pífur og litlir saumar gerðu flíkina að einhverju meira. Kvenleikinn er farinn að skipta máli og nú eru mikið þessi stóru pils sem eru tekin saman í mittið, rómantísk og glamúrös", segir Sara og bætir við að smáatriðin séu eins í hárskrautinu sem sé mikið í tísku núna.

„Hárskrautið var að koma inn núna með haustinu bæði spangir og spennur, en það er ekki lengur bara venjuleg spöng heldur eru komnar á hana fjaðrir, litlar perlur, pallíettur og slaufur og smáatriðin eru orðin að aðalatriði."

Mikið úrval er af hárskarti bæði í Rokki og rósum og í Spútnik og stutt er milli verslananna á Laugaveginum en sömu eigendur eru að þeim. „Spútnik er meira svona stuðbúlla og hefur verið lengi með notaðan fatnað og er svo með meira út í öfgakenndari stuðföt meðan í Rokki og rósum fæst meiri klassík og sparilegri kjólar, kannski fyrir eldri hóp viðskiptavina." útskýrir Sara. „Við erum með rosalega mikið af kjólum í þessum stíl eins og gömlum ullarkjólum, rosalega fallegum, þar sem þessi kvenleiki skilar sér einmitt og svarti liturinn er allsráðandi," segir Sara. Henni finnst fólk almennt vera meðvitaðra um heildarútlitið þegar það klæðir sig og meðvitaðra um sjálft sig. „Fólk er farið að þora meiru. Heildarútlitið skiptir meira máli og stelpur eru ekki lengur að fara í fínan kjól og svo bara einhverja kápu yfir og svo skólatöskuna með. Þær vilja fara niður í bæ á þorláksmessu í fallegri kápu með fallegt veski og fallega hanska." *heida@frettabladid.is*

Fallegir fjaðrakambar í hárið. Svart, rautt og jarðlitir einkenna tískuna í vetur.

Svarti liturinn er allsráðandi í vetur og á það líka við um fylgihluti og hárskraut.

Fylgihlutirnir í dag minna um margt á gamla glamúr-tíma og spurning hvort nýr tími glamúrs og glits er nú runninn upp.

Sara Oddsdóttir rokkar í rósum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Tískuföt fyrir fasmiklar konur
Stærðir 36-44
StreetOne Uldahl
20% afsláttur út desember
YSJA
Grensásvegi 22 - 108 Reykjavík - Sími 553 4000 - Gsm 869 4131

NÝJAR VÖRUR
Jakkar
Stuttkápur
Úlpur
Pelsar
Húfur
Topphúsið
Mörkinni 6, Sími 588-5518
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 10-16

Jaguar úrin fást hjá úrsmiðum

Selena
Síðumúla 3 • Reykjavík • s. 553 7355
Hæðasmára 4 • Kópavogi • s. 555 7355
Allt í jólapakkann hennar, innst sem yst

**Ökuljósin** þurfa að vera í lagi nú þegar skammdegið er í hámarki. Þetta er mikið öryggisatriði og kemur í veg fyrir slys.

## Alvöru bílaleikur

SKEMMTILEGT GETUR VERIÐ AÐ LÁTA DRAUMA BARNÆSKUNNAR RÆTAST Á FULLORÐINSÁRUM

Trukkar og vörubílar hafa í hugum sumra einhvern ljóma frá bernskuárunum þegar farið var í bílaleik. Þeir sem enn hafa áhuga á stórum ökutækjum geta hæglega tekið meiraprófog þar með aukið atvinnumöguleika sína umtalsvert.

*-hs*

# Svöl mótorhjólamamma

***Anna Málfríður Jónsdóttir fékk sér mótorhjól fyrir nokkrum árum, en uppátækið vakti ekki furðu dætranna sem voru vanar því að móðirin umgengist húðflúraða og skeggjaða Snigla.***

Anna Málfríður á mótorhjólinu síðasta sumar með Jón Ólaf Jónsson, systurson sinn, sem fékk að sitja aftan á fyrir myndatökuna. MYND/HERDÍS JÓNSDÓTTIR

Anna Málfríður Jónsdóttir tæknifræðingur er stoltur eigandi mótorhjóls af gerðinni Suzuki GS 450 L frá árinu 1986. Síðasta sumar þeysti hún á því um þjóðvegi landsins og segir ekki koma að sök þótt krafturinn sé lítill, hjólið sé lipurt og létt í notkun og frelsistilfinningin mikil. Í vetur þegar hálka og kuldi létu á sér kræla fór það hins vegar beint í bílskúrinn, þar sem Anna ætlar að dytta að því þar til í vor.

„Nú bíður maður bara eftir vorinu en þá erum við mótorhjólaeigendur eins og kálfar sem sleppt er úr fjósi," útskýrir Anna, sem segist annars hafa lítið fyrir viðhaldinu yfir veturinn. Það sé helst að hún smyrji hjólið, setji rafgeyminn í hleðslu og passi að það fari vel um það í frostfríum skúrnum.

Þótt mótorhjólið sé yfir tuttugu ára gamalt hefur Anna ekki átt það lengi, en verið því lengur viðloðandi félagskap mótorhjólaeigenda. „Vinkona mín kynnti mig fyrir Sniglunum og ég féll algjörlega fyrir þeim og svo fyrir íþróttinni. Ég hef verið í ýmsu félagsstarfi í gegnum tíðina. Þetta er það eina þar sem allir fá tækifæri til að vera þeir sjálfir. Enginn er dæmdur, nema kannski þeir sem þykjast vera einhverjir aðrir heldur en þeir eru í raun. Þetta og samstaða fólksins heillaði mig langmest."

Anna á tvær dætur sem hún segir hafa verið jákvæðar þegar móðirin tók upp á því að bruna um bæinn á mótorhjóli, enda hafi þær verið viðbúnar því eftir að hún gekk til liðs við Sniglana. „Þær sögðu vinum sínum að mamma ætti svolítið skrítna vini, skeggjaða og húðflúraða. Núna finnst þeim þetta venjulegt fólk þannig að veruleiki þeirra þróaðist í þessa átt. Þegar þær voru yngri fannst þeim ég reyndar vera svöl mamma og hrósuðu happi yfir því að ég væri ekki dæmigerð kerling."

En hvernig skyldi Anna halda út í heilan vetur þegar hún kemst ekki á bak? „Maður fer bara reglulega út að bóna og klappa hjólinu," segir hún og hlær. „Svo er félagsskapurinn duglegur við að hittast yfir veturinn og skemmta sér. Ég les líka mótorhjólablöð og hugleiði hvort mig vanti einhverja varahluti. Sumir nota veturinn til að smíða sér hjól. Svo er bara eins og verið sé að skjóta úr teygjubyssu á vorin, en þá er maður líka orðinn ansi óþolinmóður." *-rve*

GEFÐU ÖRUGGA JÓLAGJÖF - GEFÐU CTi®

CTi® hnéspelkan veitir hámarksöryggi og vörn. Spelkan hentar m.a. fyrir vélsleðafólk, skíðafólk og mótorkrossara.

Nánari upplýsingar: www.ossur.is/cti

Sölustaðir:

Össur hf. Orkuhúsið Suðurlandsbraut 34 Sími: 515 1300

Mótormax Kletthálsi 13 Sími: 563 4400

Ellingsen Fiskislóð 1 Sími: 580 8500

Kiefer Sutherland

# Vilja banna Sutherland

***Kanadískur þrýstihópur pressar á Ford að segja upp samningum við ökuníðinginn Kiefer Sutherland.***

Þrýstihópurinn Mothers Against Drunk Driving (MADD) hefur farið fram á að bandaríska stórleikaranum Kiefer Sutherland verði ekki leyft að auglýsa Ford-bifreiðar eftir að hafa fengið fangelsisdóm vegna ölvunaraksturs.

Kiefer situr nú af sér 48 daga dóm í fangelsi í Kaliforníu, eftir að hafa gefið sig fram við lögreglu í Los Angeles, en hann fékk refsidóm eftir að hafa verið stöðvaður ölvaður undir stýri í september.

Nú vill MADD stöðva sjónvarpsauglýsingar þar sem Sutherland ljær Ford-bílaverksmiðjunum rödd sína; til þess að hann læri af mistökum sínum.„Ford hefur nú frábært tækifæri til að senda herra Sutherland heiðarleg og kröftug skilaboð," segir Andrew Murie, framkvæmdastjóri MADD í Kanada. „Það er ekki hægt að afsaka það þegar menn koma sér í svona aðstæður og síst af öllu þegar þeir hafa vel efni á leigubíl eða að vera með einkabílstjóra."

Í fréttatilkynningu frá Ford segir: „Á meðan Ford er með samning við Kiefer Sutherland, verður sá samningur virtur. Sutherland situr nú inni fyrir glæp sinn og við gleðjumst yfir því að hann sæki þar fræðslu og meðferð við sínum áfengisvanda." *- þlg*

# hús&heimili

LAUGARDAGUR 15. DESEMBER 2007

FRÉTTABLAÐIÐ

**INNLIT**

## Litið inn til nýju þulanna á RÚV

**HEIMILIÐ**

## Hringur á jólaborði

**ARKITEKT**

## Richard Rogers, hagnýtur og nýmóðins


Nýkomið mikið úrval af sófasettum í leðri og áklæði

Sígild húsgögn

Sófsett 3+1+1 - Þykkt nautaleður
Litir: Ljóst og brúnt - Verð kr. 289.000.-
**Tilboðverð kr. 239.000.-**

Kommóða/náttborð
m/3 skúffum úr hnotu
Breidd:52cm/Dýpt:32cm/Hæð:79cm
**Verð kr. 11.900.-**

Kommóða
m/5 skúffum
úr hnotu
Breidd:78 cm
Dýpt:38 cm
Hæð:90 cm
**Verð kr. 24.900.-**

Afar vandaðir stólar
með dralon plussi
**Verð kr. 19.900.-**

Valhúsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
**Sími 581-2275 ■ 568-5375**
Opið virka daga kl. 10-18 / Laugardaga 11-16
**Sunnudaga kl. 13-16**

HEIMILISHALD
MARTA MARÍA JÓNASDÓTTIR

# Tímaþjófur á aðventunni

Á þessum árstíma tilheyrir að gera fínt og jólalegt í kringum sig. Það er samt alltaf þannig að það sem einum finnst jólalegt og hátíðlegt finnst öðrum halló og svo koma tískusveiflur inn í jólaskreytingarnar eins og allt annað. Ég hitti blómasala um daginn sem sagði mér að hann hefði sjaldan lifað eins mikið góðæri og þegar pastellitaða jólaskrautið þótti það alsvalasta í bænum. Hann hefði bara ekki haft undan að fara til Hollands að kaupa inn meira því allar konur með löglegt tískuvit hefðu ekki getað hugsað sér að halda jól án pastellitaðra jólasveina. Ég brosti þegar ég heyrði söguna því auðvitað eru líka magnaðar tískusveiflur í jólaskrauti og jólahaldi. Það þýðir þó alls ekki að hlaupa á eftir þessum sveiflum og það er mun farsælla að fylgja hjartanu en að kópera jól nágrannans. Það skiptir líka máli að jólaskrautið sé í anda heimilissins svo það líti ekki út eins og grýla og jólasveinarnir hafi gert eignarnám heima hjá þér. Jólaskrautið á nefnilega að vera til að fegra heimilið, ekki íþyngja því. Það er líka ágætis regla að finna sér sinn jólalit svo skrautið passi allt saman. Þegar ég var nýflutt að heiman keypti ég dýrasta jólakrans á Íslandi. Hann þætti kannski ekki dýr á núvirði enda hverfur verðskynið svolítið eftir því sem eyðslan eykst. En á þessum tíma var þetta „statement“ og með því að kaupa kransinn fór ég yfir minn verðþröskuld. Þótt kransakaupin hafi kostað heimagerðar jólagjafir á alla línuna sem ekki máttu kosta meira en 500 kall þá eru þetta ein bestu kaup sem ég hef gert. Hlutur flokkast ekki sem dýr ef hann er notaður nógu oft. Síðan hefur kransinn verið eitt helsta jólaskrautið og hafa aðrar skreytingar verið gerðar í anda jólakransins.

Þótt kransakaupin hafi kostað heimagerðar jólagjafir á alla línuna þá eru þetta ein bestu kaup sem ég hef gert. Hlutur flokkast ekki sem dýr ef hann er notaður nógu oft.

Þegar ég kom labbandi inn í IKEA í haust fékk ég hland fyrir hjartað því jólaþema verslunarinnar var akkúrat í mínum anda, fjólublátt og aftur fjólublátt. Ég fyllti kerruna af kúlum og hugsaði mér gott til glóðarinnar. Heima hjá mér yrði sko byrjað að skreyta sem fyrst. En svo gerðist eitthvað, get ekki alveg útskýrt það, en tímaþjófurinn heltók líf mitt og í dag, 15. desember er ástkæri rándýri aðventukransinn ennþá í geymslunni. Það er þó ekki bara tímaskortur sem gerir það að verkum heldur hef ég ekki lagt í að grafa eftir honum í geymslunni sem er að verða eins og auglýsingin með fótanuddtækinu. Ég bind þó vonir við daginn, ég hlýt að hafa það af og ekki væri verra að ná að taka upp úr IKEA-pokanum og vona að kúlurnar séu ekki allar brotnar eftir mánaðarvist í skottinu á bílnum. Ég veit að tímaþjófurinn býr ekki bara á mínu heimili, hann fer víða. Það sem skiptir þó almestu máli er að tapa ekki gleðinni og reyna frekar að hafa gaman heldur en að pirra sig á öllu sem er ekki eins og maður vill hafa það.

● **Forsíðumynd:** Anton Brink tók þessa mynd á heimili Sigurlaugar Jónsdóttur þulu. **Útgáfufélag:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, s. 512 5000 **Ritstjórar:** Sólveig Gísladóttir solveig@frettabladid.is og Emilía Örlygsdóttir emilia@frettabladid.is. **Auglýsingar:** Ámundi Ámundason s. 517 5724 **Útlitshönnuður:** Kristín Agnarsdóttir kristina@frettabladid.is.

Ólafur segir sófana góðu hafa þolað ýmislegt frá því þeir voru keyptir á áttunda áratugnum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Leggur sig eftir vindáttinni

● Ólafur Þórðarson tónlistarmaður á tvo mæta sófa sem eru í miklu uppáhaldi. Sófarnir hafa fylgt honum lengi og þurft að þola ýmislegt á þeim tíma.

Oftar en ekki bindast menn og sófar sterkum böndum og hjá Ólafi Þórðarsyni tónlistarmanni er sú raunin. Hann á tvo mæta sófa sem fylgt hafa honum og fjölskyldu hans lengi.

„Sófana keyptum við á áttunda áratugnum frá Desedan sem er ítölsk verslun en það voru upphafsmenn Casa á Íslandi, Lúðvík og Sigrún, sem fluttu þá inn að okkar ósk. Þeir eru úr brúnu, þykku nautsleðri og hafa þolað ýmislegt í gegnum árin,“ útskýrir Ólafur, sem heldur mikið upp á sófana. „Þeir eru æðislegir að öllu leyti. Svo er þeim þannig upp stillt að hægt er að leggja sig hvort sem er í austur eða vestur og má því í raun hvíla sig eftir vindáttinni,“ segir Ólafur kíminn.

Ólafur gaf nýverið út geisladisk með félögum sínum í Söngkvöldafélaginu South River Band. „Við erum sex saman frændurnir og gefum alltaf diskana út til styrktar góðum málefnum og þess vegna ber ekki mikið á þeim,“ segir Ólafur en diskurinn, sem heitir Allar stúlkurnar, hefur hlotið mjög góða dóma. „Þetta er fjórði diskurinn okkar og er þetta eins konar þjóðlaga-heimstónlist. Við erum með órafmögnuð tréhljóðfæri eins og mandólín, harmonikku, fiðlu, banjó, gítara og kontrabassa og skemmtum okkur vel við að leika tónlistina.“ Diskurinn er til styrktar MS-félaginu en áður hafa þeir félagar styrkt Ljósið, sem er styrktarfélag krabbameinssjúkra, samtök fyrir einhverfa og klúbbinn Geysi sem er athvarf fyrir fólk með geðraskanir. „Fimm hundruð krónur af hverjum diski fara til styrktar málefninu,“ segir Ólafur en diskinn má nálgast á www.tonsprotinn.is.

Söngkvöldafélagið verður með tónleika í Kolaportinu í dag klukkan tvö og mun síðan spila á Grand rokk um kvöldið klukkan tíu. - hs

## hönnun

**BRASILÍSKT KERAMIK** Brasilíska keramiklistakonan Flavia del Pra hannaði þessa íðilfögru lampa. Flavia stundaði nám í London en starfar nú í heimalandi sínu Brasilíu nánar tiltekið í borginni Sao Paulo. Hún er oftar en ekki undir sterkum þjóðlegum áhrifum og leggur áherslu á sterka liti og munstur í hönnun sinni. Hún hannar líflega og fjölbreytta hluti sem bæði geta verið listaverk en þjóna samt sem áður hagnýtum tilgangi.

Danfoss X-tra línan™

Danfoss

Ný lína af ofnhitastillum sem eru hannaðir fyrir handklæða- og sérhannaða ofna

Einstök hönnun samstæðar lausnir

Danfoss stjórnbúnaður fyrir hitakerfi fæst í öllum helstu lagnaverslunum landsins

# Sofðu vel um jólin

## Vaxtalaust jólatilboð, 6. mán.

JÓLATILBOÐ

**Hágæða hlífðardýnur, lök og konfektkassi fylgja öllum stillanlegum rúmum.**

Hjónarúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu.
Dæmi: 2x 80x200 cm kr. **219.900** stgr.

### Mest selda stillanlega rúmið frá S&H.

**Frábær reynsla á Íslandi frá árinu 1999.**

- Sterkir og hljóðlátir þýskir mótorar.
- Stýring er einföld og þægileg.
- Mýkra axlasvæði og stillanlegt mjóbakssvæði.
- Hægt að fá stillanlega fætur sem ráð hæð rúmsins.
- 5 ára ábyrgð.



Hjónarúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu.
Dæmi: 2x 80x200 cm kr. **369.900** stgr.

### Sá nýjasti og besti frá Leggett

**S-CAPE WALLHUGGER dregst að veggnum eins og nafnið bendir til. Þannig helst þú við hlið náttborðsins.**

- Upplýst þráðlaus fjarstýring með öllum stillingum.
- Uppáhalds stilliminni á fjarstýringu.
- Sér stilling fyrir höfuðlag.
- Afar hljóðlátir og sterkir þýskir lyftumótorar.
- 2 öflugir nuddmótororar með sjálfvirkum tímarofa.
- Einn allra sterkasti stálgrindarbotn sem framleiddur er í dag.
- Öll liðamót úr næloni.
- 12 ára ábyrgð á mótor og grind.




**Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150**
**Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00**

www.svefn.is

Leadenhall-byggingin við Leadenhall 122 í London hefur ekki verið reist ennþá. Turninn verður 225 metrar á hæð með 48 hæðum og þar með hæsta bygging í borginni. Vegna sérstakrar lögunar hefur bygging-in fengið gælunafnið ostaskerinn. Byggingin hófst í október á þessu ári og er áætlað að henni ljúki á fyrsta ársfjórðungi árið 2011.

Lloyd's byggingin í London er á One Lime-götu og var byggð á árunum 1978-1986. Glerlyft-urnar í húsinu voru þær fyrstu sinnar tegundar í Bretlandi. MYND/RICHARD BRYANT,ARCAID

Pompidou-safnið í París var byggt á árunum 1971-1977. Þar er til húsa risastórt bókasafn, Bibliothèque publique d'information, nýlista-safn Parísar og IRCAM, miðstöð hljóðrann-sókna. Húsið er nefnt eftir Georges Pompidou sem var forseti Frakka frá 1969 til 1974. Richard Rogers teiknaði húsið ásamt Renzo Piano og Sue Rogers. MYND/KATSUHISA KIDA

# Hagnýtur og nýmóðins

● Richard Rogers hlaut á þessu ári æðstu verðlaun arkitekta, Pritcher-verðlaunin. Glæsileg hús hans standa víða um heim og vekja athygli þeirra sem leið eiga um. Hann er þó síður en svo sestur í helgan stein og vinnur meðal annars að byggingu sem rísa mun á Ground Zero þar sem áður stóðu tvíburaturnar tveir.

Richard Rogers er breskur arkitet sem þekktur er fyrir móderníska og hagnýta hönnun. Hann fæddist í Flórens á Ítalíu árið 1933, gekk í arkitektaskóla í London og útskrifaðist sem arkitekt frá Yale School of Architecture árið 1962.

Í skólanum kynntist hann Norman Foster og þeir félagar stofnuðu arkitektafyrirtæki ásamt eiginkonum sínum þeim Sue Rogers og Wendy Cheesman. Þau gátu sér fljótt góðs orðstírs fyrir hátæknilega iðn-hönnun. Árið 1967 flosnaði upp úr samstarfinu og Rogers hóf störf með Renzo Piano. Ferillinn tókst sannarlega á flug þegar Rogers vann samkeppni um teikningu að Pompidou safninu í París árið 1971 ásamt Renzo Piano og Peter Rice.

Í hönnuninni var gert ráð fyrir að allar leiðslur og stigar lægju utan á byggingunni þannig að innra byrði hússins héldist ótruflað. Þetta fyrirkomulag hefur einkennt margar þeirra bygginga sem Rogers hefur hannað í gegnum tíðina.

Rogers var sæmdur aðalstign árið 1981 af Elísa-betu Bretadrottningu. Hann hefur hlotið mörg verð-laun en þau stærstu, og þeim sem fylgir hvað mest virðing, hlaut hann í ár, Pritzker-verðlaunin fyrir arkitektúr. Árið 1996 hlaut hann svo titilinn Barón af Riverside og situr hann meðal annars í lávarðadeild breska þingsins.

Árið 1976 stofnaði Rogers stofuna Richard Rogers Partnership sem í ár var breytt í Rogers Stirk Harbour + Partners. Fyrirtækið heldur úti skrifstofum í London, Barcelona, Madrid og Tókýó.

Þrátt fyrir að vera kominn á áttræðisaldur er Rogers hvergi nærri hættur. Nýjasta verkefni hans er hönnun á byggingu sem kallast Turn 3. Sú mun standa við Ground Zero í New York, þar sem áður stóðu tvíburaturnarnir. - sg

Richard Rogers hlaut Pritzker-verðlaunin í arkitektúr árið 2007.

# Gleðileg jól

Frábær tilboð fram að jólum

Bros 2007

sia
HOME FASHION

Komið við hjá okkur og upplifið jólin í hlýlegu og notalegu umhverfi

Sia Home Fashion
Laugavegur 86
101 Reykjavík
Sími 511 6606

Sia Home Fashion
Debenhams / Smáralind
201 Kópavogur

# Nýju þulurnar á RÚV

Þulurnar í Ríkissjónvarpinu hafa áunnið sér fastan sess í tilveru Íslendinga. Nýlega tóku til starfa fjórar nýjar þulur á RÚV og voru þær af því tilefni beðnar um að veita lesendum Fréttablaðsins örlitla innsýn í líf þeirra og heimili.

# Spilað, leikið og lært heima í stofunni

Sigurlaugu Jónsdóttur finnst best að vera í stofunni heima á veturna en svalirnar heilla frekar á góðum sumardegi.

„Við synir mínir, Alexander, sem er þrettán ára, og Kristófer, fimm og hálfs, höldum mikið til í stofunni. Við ýmist spilum, leikum eða horfum á sjónvarpið. Svo hjálpa ég þeim við lærdóminn. Þess vegna er stofan í einna mestu uppáhaldi hjá mér á þessum árstíma," segir Sigurlaug Jónsdóttir, þula á RÚV, sem hefur líka fyrir hefð að bjóða vinkonunum í saumaklúbbnum heim í stofu um þetta leyti í desember.

„Við hittumst og skiptumst á gjöfum, borðum gómsæta rétti sem við höfum búið til og klæðum okkur að sjálfsögðu upp af því tilefni. Erum ekki alveg í jogginggöllunum. Það er orðin hefð fyrir því að ég bjóði saumaklúbbnum til mín fyrir jólin þar sem ég verð oft vinnunnar vegna að halda þau aðeins fyrr," segir Sigurlaug, sem starfar líka sem flugfreyja hjá Icelandair og hefur lent í því að fljúga á aðfangadag. Hún kvartar ekki undan því að vinna þótt flestir séu í leyfi, þar sem henni finnst ákveðinn sjarmi fólginn í að fljúga með fólk í frí og til ástvina þess.

Svalirnar eru þó ekki síður í uppáhaldi hjá Sigurlaugu, en þá á sumrin þegar fjölskyldan getur setið úti og notið veðurblíðunnar. „Annars er Húsdýragarðurinn uppáhaldsstaðurinn minn í Reykjavík á sumrin, þegar maður kemst ekki í sveitina," segir Sigurlaug sem elskar að vera úti í náttúrunni. „Ég er eiginlega meira þar en heima hjá mér. Þar geta líka allir skemmt sér, við vinkonurnar talað í friði á meðan börnin leika sér."

Sigurlaug krefst þess síðan að fá að bæta svefnherberginu á lista yfir eftirlætisstaðina, en þar finnst henni gott að slappa af eftir erfiðan dag. „Ég hugsaði ekki mikið út í það áður en ég fór að fljúga, en nú kann ég afskaplega vel að meta það að vera heima og gera ekki neitt. Fátt er eins gott og að liggja uppi í rúmi með góða bók eða horfa á eitthvað í sjónvarpinu."

- rve

Sigurlaug býður gjarnan saumaklúbbnum heim um þetta leyti í desember.

Alls kyns jólaskraut prýðir íbúðina sem er í rómantískum stíl.

Jólin eru [illegible] sem [illegible] flugfreyjan jólin fyrr en flestir.

Sigurlaug kann vel við sig í svefnherberginu, þar sem hún slappar af eftir erfiðan dag með góða bók.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Sigríði líður vel heima í stofu, umkringd húsmunum frá vinum og vandamönnum.

Eldhúsið er í mestu eftirlæti hjá Sigríði sem ver þar löngum stundum.

Alls konar skemmtilega hluti er að finna á heimilinu, þar á meðal þessa skemmtilegu skeið með mynd af Vilhjálmi prins.

# Hver hlutur á sína sögu

Sigríði Halldórsdóttur líður best í eldhúsinu, en hún á heima í fallegri íbúð í miðbæ Reykjavíkur. Þar á eftir er stofan í miklu uppáhaldi hjá Sigríði.

Óhætt er að segja að Sigríður Halldórsdóttir sé atorkusöm ung kona. Hálfa vikuna stundar hún nám í heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði við Bifröst og þess á milli brunar hún í bæinn til að kynna dagskrárefni sjónvarpsins. Sigríður býr í fallegri og hlýlegri íbúð í miðbænum, þar sem henni líður best í eldhúsinu í góðum félagsskap.

„Ég ver rosalega miklum tíma í eldhúsinu, sjálfsagt vegna þess að mér líður svo vel þar án þess að geta kannski útskýrt það sérstaklega. Þar drekk ég kaffið mitt, vinn í tölvunni, elda matinn og annað sem gert er í eldhúsum yfirleitt. Mér finnst rosalega gaman að elda," viðurkennur Sigríður, sem komst upp á lagið með matseldina þegar hún flutti úr foreldrahúsum fyrir sex árum. Þá fór hún frá Hvolsvelli, þar sem hún er að mestu uppalin, í bæinn til að hefja nám við Kvennaskólann og líkar dvölin.

„Mér finnst æðislegt að búa hérna og gæti ekki hugsað mér að búa annars staðar í Reykjavík. Sjálfsagt er það líka vegna þess að ég hef ekki átt heima annars staðar í Reykjavík," segir Sigríður hlæjandi, sem hefur haft ýmislegt með sér frá heimahögunum, þar á meðal húsmuni frá vinum og vandamönnum sem hefur verið komið haganlega fyrir í stofunni.

„Mér finnst skemmtilegt að vera með hluti frá öðrum í stofunni, þar sem hver hlutur á sína sögu," útskýrir Sigríður og segir þennan hluta íbúðarinnar í mestu uppáhaldi hjá sér, næst á eftir eldhúsinu. Meðal annars vegna þess hversu persónulega þýðingu þessir hlutir hafa. Svo er oft mikill gestagangur í stofunni.

Þess vegna segir Sigríður að sér leiðist sjaldan þótt hún búi ein, nema kannski helst þegar lítið er um að vera. „Maður þarf bara að venjast því að búa einn, en þegar maður er kominn upp á lagið með það þá er það rosalega notalegt," segir hún og bætir við að auk þess séu kaffihús og iðandi mannlíf allt um kring. „Síðan er alltaf einhver að detta inn hjá mér, annað hvort vinir eða einhver úr fjölskyldunni."

-rve

reddot design award

Söluaðilar.:
Járn og Gler hf - Garðheimar - Húsasmiðjan - EGG - Búsáhöld, Kringlunni - Pottar og Prik, Akureyri
**www.weber.is**

# Samverustaðir fjölskyldunnar

● Anna Rún Frímannsdóttir heldur mikið upp á eldhúsið og stofuna heima þar sem fjölskyldan tekur sér góðan tíma til að njóta samverunnar.

Anna Rún Frímannsdóttir sjónvarpsþula telur fátt jafnast á við notalega stund í eldhúsinu með eiginmanninum Magnúsi Kristjánssyni tölvunarfræðingi og börnunum tveimur, Daníel Huga, sex ára, og Birtu Dís, sem verður þriggja ára seinna í mánuðinum.

„Það gerist náttúrulega svo margt í eldhúsinu, en við Magnús deilum þar yfirleitt með okkur verkum," heldur Anna Rún áfram. „Hann sér yfirleitt um fínni matinn á meðan ég elda sjálf hversdagsmatinn, eins og fisk, pasta og þess háttar. Með því móti alast krakkarnir upp við fullt jafnræði á heimilinu."

Þá finnst Önnu Rún ekki síður mikilvægt að fjölskyldan taki sér góðan tíma í að njóta samverunnar, sem er að hennar mati alltof sjaldgæft nú til dags. „Þegar ég var lítil var ekki horft á sjónvarp á matmálstíma, heldur farið yfir atburði dagsins í rólegheitunum, reynt að slaka á og njóta matarins, í staðinn fyrir að allir borðuðu í sínu horni," segir hún. „Þannig var það líka hjá manninum mínum þannig að hann er sama sinnis. Þess vegna reynum við að halda í þessa hefð."

## Nýju þulurnar á RÚV

Anna Rún er að eigin sögn mikil fjölskyldumanneskja og til marks um það finnst þeim hjónum fátt skemmtilegra en að bjóða ættingjum í mat eða kaffi og með því um helgar. „Við röðum þá yfirleitt stólum fyrir tíu til tólf manns í kringum borðstofuborðið til að skapa ósvikna fjölskyldustemningu, en við maðurinn minn erum bæði í góðum samskiptum við fólkið okkar," segir hún. „Svo eigum við til að bjóða í spilakvöld og þá kemur borðstofuborðið aftur að góðum notum. Ætli stofan sé bara ekki miðpunktur heimilisins. Það má kannski segja að hún og eldhúsið séu helstu samverustaðir fjölskyldunnar. Fyrir vikið taka þær öðrum hlutum íbúðarinnar fram, þótt hún sé auðvitað öll í uppáhaldi." - rve

Jólakökur og kertaljós ljá heimilinu notalega stemningu.

Eldhúsið er sá staður íbúðarinnar sem er í mestu uppáhaldi hjá fjölskyldunni, ef frá er talin stofan sem er oft þéttsetin af gestum.

Anna Rún í stofunni ásamt börnunum, Daníel Huga sex ára, og Birtu Dís, sem verður þriggja ára í mánuðinum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

GARMIN

jólagjöfin 2007

OPIÐ
Á LAUGARDÖGUM
FRÁ 10 - 16
Í DESEMBER

Rataðu í óbyggðum úthverfanna, styttu þér leið á ferðalögum erlendis, Garmin Nüvi línan vísar þér örugga leið á áfangastað. Vegleiðsögutæki í miklu úrvali frá kr. 16.900. ***GPS Íslandskort 3.5 fáanlegt: kr. 16.900.***

R. SIGMUNDSSON EHF. | KLETTAGÖRÐUM 25
104 REYKJAVÍK | SÍMI 520 0000 | GARMIN.IS

R. SIGMUNDSSON

01 · 10459

## hönnun

● **STÓLKOLLABEKKUR**

Stuhlhockerbank er bekkur, stóll og kollur sameinað í eitt. Hann er hannaður af Yvonne Fehling og Jennie Peiz og er til sýnis á Utrecht Manifest sýningunni í Hollandi sem haldin verður í febrúar á næsta ári.

Stuhlhockerbank er ótrúlega skemmtilegur á að líta, þar er líkt og hin ólíku form stóls, bekkjar og kolls hafi verið brædd saman. Úr verður sköpunarverk sem er bæði hagnýtt en kemur ávallt á óvart.

Fjórtán mismunandi gerðir eru til af Stuhlhockerbank (sem er, eins og þeir sem kunna þýsku sjá, orð sem brætt er saman úr þýsku orðunum: stóll, kollur og bekkur).

www.utrechtmanifest.nl
www.arpmuseum.org

# Jólin öll!

FK Hamborgarhryggur

998,kr./kg.

Kaupauki DVD mynd

Coca Cola 4x2 l

599,kr.

Mackintosh 1,64 kg. m/kaupauka

1.999,kr.

ÁÐUR 2.190,kr.

*Opið laugardag*

**10:00 - 18:00**

*Opið sunnudag*

**12:00 - 18:00**

Vinnur þú

*Jólin öll!* Í FJARÐARKAUPUM

ISS Jólaþrifin koma frá ISS
sem mun koma heim til vinningshafa & þrífa allt hátt & lágt.

BT Jólagjöfin er 32 tommu flatskjár frá BT.

Jólabakstur & jólamatur í
formi gjafabréfs upp á 35.000 króna úttekt í Fjarðarkaupum.

jólaskrautið kemur frá Fjarðarkaupum.

Jólaþrif + jólagjöf + jólamatur + jólaskraut = Jólin öll

Kaupauki myntumolar

Nóa konfekt nr. 12

2.598,kr.

**Gildir til sunnudagsins 16. desember**

Opnunartímar yfir Hátíðarnar

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 15.des. laugardagur | 10-18 | 20.des. fimmtudagur | 9 -19 | 25.-26. desember | Lokað | 31.des. Gamlársdagur | 9 - 13 |
| 16.des. sunnudagur | 12-18 | 21.des. föstudagur | 9 - 22 | 27.des. fimmtudagur | 13 -18.30 | 1.jan. 2008 | Lokað |
| 17.des. mánudagur | 9 -19 | 22.des. laugardagur | 9 - 22 | 28.des. föstudagur | 9 - 19 | 2.jan. | 14 - 18 |
| 18.des. þriðjudagur | 9 -19 | 23.des. Þorláksmessa | 9 - 22 | 29.des. laugardagur | 10 - 19 | | |
| 19.des. miðvikudagur | 9 -19 | 24.des. Aðfangadagur | 9 - 12:30 | 30.des. Sunnudagur | 10 - 19 | | |

FK FJARÐARKAUP

# Týndi vinkonunni heima

● Matthildur Magnúsdóttir býr með bestu vinkonum sínum og segir heimilishaldið almennt ganga vel þrátt fyrir einstaka mannshvarf.

Sjónvarpsþulan og laganeminn Matthildur Magnúsdóttir er nýflutt í bæinn í íbúð í Síðumúla ásamt æskuvinkonum sínum Bryndísi Gunnlaugsdóttur lögfræðingi og Rósu Dögg Þorsteinsdóttur innanhúsarkitekt. Óhætt er að segja að ekki væsi um þær vinkonur íbúðinni sem er reyndar svo rúmgóð að Matthildur lenti í því um daginn að týna þar annarri vinkonu sinni.

„Hún kom þó fljótt og til allrar hamingju aftur í leitirnar," segir Matthildur hlæjandi og bætir við að þrátt fyrir einstaka mannshvarf gangi heimilishaldið eins og í sögu. „Já, við vinkonurnar verjum oft kvöldunum saman í stofunni eftir daginn. Spilum, horfum saman á sjónvarpið eða njótum bara útsýnisins," segir hún, enda full ástæða til þar sem íbúðin er staðsett á fimmtu hæð með frábært útsýni yfir borgina. Því skal engan undra að Matthildi skuli líða einna best í stofunni.

Þetta er í fyrsta sinn sem Matthildur býr í Reykjavík, en hún hefur lengstan hluta ævinnar átt

## Nýju þulurnar á RÚV

heima í Grindavík þar sem hún er uppalin og til skamms tíma bjó hún í Hafnarfirði eftir að hafa flutt úr foreldrahúsum. Hún lætur almennt vel af borgarlífinu, enda varla annað hægt þegar maður á heima í eins flottri íbúð og við jafn skemmtilegar aðstæður og raun ber vitni.

En þótt oft sé glatt á hjalla á fimmtu hæðinni þarfnast allir sitt afdrep, þar sem þeir geta verið út af fyrir sig, og í tilviki Matthildar er það svefnherbergið sem er í mestu uppáhaldi á eftir stofunni.

„Svefnherbergið er kannski eini prívatstaðurinn í íbúðinni, þannig séð," útskýrir Matthildur og bætir við að henni finnist gott að liggja uppi í rúmi og horfa á sjónvarpið. Ég tek sjaldan upp á því að lesa enda á ég í fullu fangi með lærdóminn. Áhorfið er góð leið til að láta þreytuna líða úr sér eftir strembin dag." - rve

Matthildi finnst gott að vera út af fyrir sig í svefnherberginu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Vinkonurnar verja gjarnan kvöldunum saman heima í stofu.



Það er notaleg stemning heima hjá vinkonunum.

Gísli Pétur Hinriksson leikari segir það aldrei hafa hvarflað að sér að henda gamla bílnum frá afa þrátt fyrir að ýmislegt hafi fengið að fjúka um árin.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

GAMLI HLUTURINN

# Sérsmíði frá afa

Leikarinn Gísli Pétur Hinriksson á í fórum sínum gamlan hlut sem honum er annt um. Það er leikfangabíll sem afi hans, Gísli Guðmundsson, smíðaði fyrir hann þegar Gísli Pétur var lítill strákur.

„Afi gerði þrjá svona bíla fyrir okkur afastrákana en við vorum allir á svipuðum aldri," segir Gísli Pétur sem metur bílinn mikils í dag. „Eftir að ég komst á þann aldur að ég er sjálfur farinn að fikta við að laga ýmislegt, gera upp íbúðir og mála, þá sé ég að þetta hefur alls ekki verið neitt auðvelt. Bíllinn er úr járni og allur soðinn saman. Pallinn er hægt að taka upp og dekkin eru rennd úr tré, svo þetta hefur verið gríðarleg nákvæmnisvinna."

Gísli segir bílinn enn renna áfram þótt hann sé um 26 ára gamall. „Svo er bíllinn alveg gríðarlega sterkur þannig að ég get staðið ofan á honum án þess að nokkuð gerist," segir Gísli og bætir því við að afi hans hafi verið mikill verkmaður. „Hann var með rennibekk í kjallaranum hjá sér og bjó til marga hluti sem hafa gengið í erfðir innan fjölskyldunnar. Svo vann hann alltaf í vélsmiðjunni Kletti og var jafnan kallaður Gísli í Kletti en hann lést fyrir nokkrum árum," segir Gísli og bætir við: „Ég hef nú hent ýmsum hlutum í gegnum tíðina en það hefur aldrei hvarflað að mér að henda þessum bíl." - sig

iittala

iittala

normann

marimekko®

vipp

marimekko®

Fyrir þá
sem eiga allt
og
fyrir þá sem
vantar allt

epal

Framúrskarandi hönnun og fjölbreytt úrval hjá okkur í Skeifunni og í Leifsstöð

Epal hf. / Skeifunni 6 / Sími 568 7733 / epal@epal.is / www.epal.is

RISA STÓR
tónlistar & DVD markaður
Opið alla daga 12-18
Fellsmúla 28
(Við hliðina á Góða hirðinum)

Var: 1999 kr Nú: 1000 kr

Var: 1999 kr Nú: 1000 kr

Allt á hálfvirði fram að jólum !
Fyrstir koma, fyrstir fá

MÚSIK& MYNDIR
...og fjöldi annarra titla

ÍSLENSKT Á DVD - SKYLDUEIGN

TEKINN
Bestu hrekkirnir úr seríu 1 og seríu 2 Bubbi, Björgvin Halldórs, Höddi Magg, Ásgeir Kolbeins, Geir Ólafs ofl. Stútfullur diskur af frábærum hrekkjum.

NÆTUR-VAKTIN
allir 12 þættirnir á 2 diskum troðfullir af aukaefni; tilurð þáttanna / upptökur frá spunum, gerð næturvaktarinnar og yfirlestur (commentary) frá höfundum og aðalleikurum.
Eigum við að ræða það eitthvað?

FÓST-BRÆÐUR
Loksins á DVD! Tryggðu þér allar 5 seríurnar!

## hönnuður

● **ÞRÍVÍÐUR TEXTÍLL**
Jessica Preston er textílhönnuður sem sérhæfir sig í þrívíðri hönnun textíls til notkunar á heimilum, í tískufatnað, sem aukahluti og til auglýsinga. Hún býr til undurfallega hluti úr textíl og notar til þess hina japönsku origami-tækni sem oftast er notuð til að brjóta pappír í hin furðulegustu form.

Efnin sem Preston notar eru lituð og unnin í höndum.





## hönnun

● **TWIGGY** heitir þessi fallegi og fínlegi lampi. Hann er hannaður af Tomoko Azumi fyrir japanska fyrirtækið Maxray. Azumi er fæddur í Hiroshima en er nú með eigið hönnunarstúdíó í London.
www.tnadesignstudio.co.uk

Úrval af fallegum stígvélum

Skóverslunin iljaskinn Miðbæ · Háaleitisbraut 58-60 · Sími 553 2300

## FALLEG LJÓS

Fuglaljósið er fugl sem hægt er að smella á ljósaperur svo úr verður hin fallegasta ljósakróna. Hægt er að fá fuglana í silfri og gulli og hægt er að nálgast þá á vefsíðunni www.designtorget.se í Svíþjóð. Á sömu vefsíðu má finna ýmsa skemmtilega hönnun til að kaupa.

## ÞÆGINDI OG NOTAGILDI

Oftar en ekki freistast fólk til að borða kvöldmatinn fyrir framan sjónvarpið. Þá getur verið hentugt að eiga sófaborð sem breyta má á svipstundu í rétta hæð en oftast er sófaborðið of lágt til að vera þægilegt. Snillingarnir hjá BoConcept hafa fundið lausn á þessu með því að hanna borð þar sem hægt er að smella tveimur borðplötum upp í rétta hæð og undir plötunum er fínasta geymslurými. Borðið er úr viði og reyklitu gleri. Hér mætast flott hönnun og notagildi. - hs

# JÓLATILBOÐ

## Falleg borðstofuhúsgögn á frábæru verði!

Tilboð 1, eik, hlynur, (kirsuber)

| | |
|---|---|
| Borð og 6 stólar | 89.900 |
| Skenkur (keyptur með setti) | 26.900 |
| **Samtals** | **116.800** |

Verð áður 137.200

Sjónvarpsskápur
**17.600**

Tilboð 2, kirsuber

| | |
|---|---|
| Borð og 6 stólar | 79.900 |
| Skenkur (keyptur með setti) | 18.600 |
| **Samtals** | **98.500** |

Verð áður 130.000

Viiwa í hlyn **40.400**

Viiwa í hvítu **23.400**

Buffer í eik
Sjónvarpssk.
m/læsanlegum
glerhurðum
**9.900**
Verð áður 19.700

Viiwa í eik **82.300** fæst einnig í hvítu og hlyn

Omega kirsuber, hlynur, svarbrúnt
**48.700**

**Hirzlan**

Smiðsbúð 6 210 Garðabæ Sími 564 5040

**www.hirzlan.is**




**TICKET TO RIDE *EUROPE* & USA 1910**

**Jungle Speed!**
Meiriháttar möndlugjöf!

Spilavinir

*Spil og púsluspil fyrir alla fjölskylduna*

Langholtsvegur 126 · 104 Reykjavík · Sími 553 3450
spilavinir@spilavinir.is · www.spilavinir.is

**Opið um helgina frá 11 - 18.**

# Hringur á jólaborði

● Jólaboðin og veislurnar eru fram undan. Hver hefur sinn háttinn á, sumir með hlaðborð og aðrir sitja til borðs. Jólaskreytingar skipta þó ávallt máli og geta kertahringir verið hið besta skart á jólaborðið. Hér eru nokkrir hátíðlegir sem sóma sér vel bæði á jólum og öðrum árstíðum.

**1. Svartur og glansandi** servíettuhringur sem fer vel á hvítum tauservíettum og gera matarborðið einkar glæsilegt. Hringurinn kostar 1.900 krónur og servíettan 790 krónur stykkið. Fæst í Unika.

**2. Rauðar perlurnar** minna helst á falleg ber. Hringina má bæði nota sem sérvíettuhringi og kertahringi. Fást í blómabúðinni Dalíu á 690 krónur stykkið.

**3. Servíettuhringur** með perlumóður, minnir á gamla tíma. Fæst í Unika á 790 krónur.

**4. Rauð og jólaleg** tauservíetta úr versluninni Laura Ashley. Hver servíetta er fest saman með hring úr sama efni. 1.200 krónur.

**5. Fallega fjólublá** tauservíetta í anda aðventunnar. Fer vel á hvaða jólaborði sem er. Servíettan ásamt tauhringnum sem fylgir henni kostar 690 krónur í Lauru Ashley.

# Simplicity Reykjavík
## DEMANT SKARTGRIPIR



Hermann Jónsson
við Ingólfstorg
s. 551 3014

# MAX

# Landsins mesta úrval sjónvarpa

**Enox DVTV7615HD**
• 15" LCD sjónvarp með DivX DVD spilara • Upplausn: 1024x768 punktar • Progressive Scan • Skerpa: 500:1 og svartími: 16ms • Sjónsvið (H/V): 140/125° og birtustig: 350 cd/m2 • Fjölkerfa DivX DVD spilari • Spilar DVD, DVD+R/RW, DivX 3.x/4/5.x og XViD • Spilar CD, CD-R/RW og MP3 • 12V og 220V • 12w Nicam Stereo hljóðkerfi • Scart, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • VGA tengi • Textavarp ofl.

**Gerið verð-samanburð**

**MEÐ FJÖLKERFA DivX DVD SPILARA 12V OG 220V**

**Philips 37PFL5322**
• 37" LCD Pixel Plus HD breiðtjaldsjónvarp • Upplausn: 1366x768 punktar • Skerpa: 5.000:1 og svartími: 6ms • Progressive Scan • HD Ready • Ljósskynjari og Active Control • 2 x 30w Nicam Stereó hljóðkerfi með Dolby Virtual Surround • 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • Textavarp, svefnrofi ofl.

**United LTV20L42**
• 20" LCD sjónvarp • Upplausn: 640x480 punktar • Digital Comb Filter • 10w Nicam Stereó hljóðkerfi • 2 Scart (með RGB), Component, SVHS, CVBS • VGA tengi • Textavarp ofl.

**Panasonic TX32LE7F**
• 32" V-Real LCD breiðtjaldsjónvarp • Upplausn: 1366x768 punktar • HD Ready • V-Real tækni • Progressive Scan • Skerpa: 3.000:1 • Backlight Control • VIERA Link • 16w Nicam Stereó hljóðkerfi • 2 x Scart (með RGB), HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • Textavarp ofl.

**Panasonic TX32LX70F**
• 32" V-Real 2 LCD Breiðtjaldsjónvarp • • Upplausn: 1366x768 punktar • V-Real 2 Engine tækni • Sjónsvið (H/V): 178/178° með IPS Alpha skjá • 100Hz Motion Picture Pro • Sub-Pixel Control • HD Ready • Progressive Scan • Skerpa: 8.500:1 • Advanced 3D Colour management • VIERA Link • 20w Nicam Stereó með V-Audio Surround hljóðkerfi • 2 x Scart (með RGB), 2 x HDMI, Component, SVHS, CVBS, PC og heyrnartólstengi • textavarp ofl.

**Philips 32PFL7762D**
• 32" LCD Pixel Plus 2 HD breiðtjaldsjónvarp
• Upplausn: 1366x768 punktar • Skerpa: 7.500:1 • HD Ready • Digital Natural Motion og Progressive Scan • Active Control • Innbyggður DVB-T móttakari • 2 x 20w Nicam Stereó hljóðkerfi með Incredible Surround • 2 Scart (með RGB), 3 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
• Textavarp, svefnrofi ofl.

**V-REAL 2 ENGINE TÆKNI**
**- FRÁBÆR MYNDGÆÐI**

**Philips 42PFL5322**
• 42" LCD Pixel Plus HD Breiðtjaldsjónvarp • Upplausn: 1366x768 punktar • Skerpa: 5.000:1 • Progressive Scan • HD Ready • Ljósskynjari og Active Control - minnkar glampa • 2 x 10w Nicam Stereó hljóðkerfi með Dolby Virtual Surround • 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • Textavarp, svefnrofi ofl.

**PLASMA**

**Philips 50PFP5532D**
• 50" Plasma Pixel Plus HD breiðtjald • Upplausn: 1366x768 - skerpa: 15.000:1 • HD Ready • Progressive Scan • Active Control • 2 x 20w Nicam Stereó hljóðkerfi með Incredible Surround • 2 Scart 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • Textavarp, vekjari, svefnrofi ofl.

**PIXEL PLUS MYNDTÆKNI**
**- EYKUR LÍNUFJÖLDA OG SKERPU**

**OPIÐ TIL KL. 22:00 í kvöld og alla daga til jóla!**

**Opnunartími**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Mánudaga | kl. 11-22 | Fimmtudaga | kl. 11-22 |
| Þriðjudaga | kl. 11-22 | Föstudaga | kl. 11-22 |
| Miðvikudaga | kl. 11-22 | Laugardaga | kl. 11-22 |
| | | Sunnudaga | kl. 12-22 |

Fim

MAX / Kauptúni 1 Garðabæ og Holtagörðum - Sími 412 2200
www.max.is

**Beint á móti IKEA Við hliðina á BÓNUS**

MAX RAFTÆKI

# allt - sem þig vantar

[ ALLAR SMÁAUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is ]

**SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–17**

**SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**
**smaar@frettabladid.is / visir.is**

**AFGREIÐSLAN ER OPIN: VIRKA DAGA 8–17**

BÍLASALA REYKJAVÍKUR

Nýjir Suzuki Grand Vitara Luxury diesel á góðu verði. Eigum til nokkra nýja diesel bíla með öllum aukabúnaði til sýnis og sölu á Bílasölu Reykjavíkur S. 587 8888 & 860 1998.

**Bílasala Reykjavíkur**
**Bíldshöfða 10, 112 Rvk.**
**Sími: 587 8888**
**www.br.is**

Arnarbílar
www.arnarbilar.is

Toyota Avensis Terra árg. 9/'98, ek. 129 þ. km, Ssk. 1.8L, viper þjófavörn, góðar græjur. Mjög fallegur. Verð 690 þ. Tilboð 499 þ. Nánari uppl. á www.arnarbilar.is rn: 120428 S. 567 2700.

Ford Expedition Limided Black V8 5.4 300 hö árg. '07 nýja útlitið, ek. 11 þ. km, leður, DVD, 8 manna, krómfelgur, einn með öllu. V. 5.990 þ. Nánari uppl. á www.arnarbilar.is rn: 110539 S. 567 2700.

Toyota Yaris Sol árg. 3/'99, ek. 117 þ. km, 5 dyra, 1.0L, 5 gíra, Verð 490 þ. Nánari uppl. á www.arnarbilar.is rn: 110883 S. 567 2700.

Audi Q7 Quattro árg. '07 4.2 350 hö ek. 16 þ. km, leður, topplúga, 7 manna. Einn með öllu. Til sýnis í sal Arnarbíla. Verð 7.900 þ. Nánari uppl. á www.arnarbilar.is rn: 120424 S. 567 2700.

Toyota Corolla Sol Wagon árg. 5/'05, ek. 33 þ. km, ssk., Sumar- og Vetrardekk. Verð 1.590 þ. Áhv 1.460 þ. Nánari uppl. á www.arnarbilar.is rn: 140167 S. 567 2700.

**Arnarbílar ehf**
**Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík**
**Sími: 567 2700**
**www.arnarbilar.is**

VÉLAVER HF

**Notuð atvinnutæki**

Polaris RMK 600 144" árg. '07. Lítið notaður flottur sleði. Lán ca. 1120 þ. 20 á mán. Verð 1290 þ. Uppl. í s. 660 1334.

**Vélaver hf.**
**Lágmúla 7, 108 Reykjavík**
**Sími: 588 2600**

100 bílar bílasala

Lexus GS300 AWD árg. '06, ek. 6 þús. km. Einn hlaðinn aukabúnaði. Stgr. Tilboð 4990 þús. kr, Verð áður 5890 þús. kr. Glæsilegur bíll!!

**100 bílar ehf**
**Funahöfða 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.30 og laugardaga 12-16**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu

M- Bens C180 árg.'02. Ek. 58 þús. Silfurgrár, sérlega glæsilegur bíll, eins og nýr. Verð 2450 þús. Uppl. í s. 847 5000.

Nýr 2008 Toyota Highlander. Slær Landcruiser út með kraft, sparneytni og lægra innkaupsverði. 270 hö, 7,5L/100km. 2008 frá 4490þús. Einnig 2007 tilboðsbílar. Frá 3500þús. Nýjir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Frá 10% útborgun. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 5522000 www.islandus.com

Ski Doo mxz 800 mod, árg. '03, pípur, brúsagrind, hnakktaska, 32 mm neglt belti. Verð 690.000. Uppl. s. 897 4951.

Splúnkunýr 2008 Toyota Landcruiser 200 um 2 milljónum undir listaverði! Láttu okkur spara þér sporin og milljónirnar. Eitt símtal og þú færð betra tilboð í lúxusbíla hjá okkur t.d. í nýjan Porsche eða Mercedes Benz. Nýjir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Frá 10% útborgun. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 5522000 www.islandus.com

Yfirtaka + 350 þús. VW V8 Touareg '04, ek. 60 þ. Fallegur bíll. 50 þús. pr. mán. S. 858 6709.

Renault Master 17 sæta rúta árg.'01. með nýrri vél, kúpling ofl. í toppstandi. S. 898 5142.

**Touareg V8**

VW Touareg V8 4,2 Svartur árg. 2004 ek. 84 þ. Leður, xenon ljós, rafmagn í sætum, topplúga og.fl. Flottur bíll. Fæst á góðu verði. Uppl. í s. 659 4567.

BMW X3 2.5 árgerð 2005 ekinn 22 þ km sjálfskiptur leður samlitur kastarar 17" álfelgur spólvörn ný heilsársdekk verð 4.250.000 Tilboð 3.890.000- ath skipti uppl í síma 897-5270

M Benz Sprinter flokkabíll sk. '08 ek. 20.000 fínn bíll. Verð 1.690 þús. Sími 820 4340.

Vel með farinn Nissan Terrano II SE, TDI árg 99 ek.165.000 ssk, topplúga, álfelgur, dráttarkúla, 35" breyttur á nýlegum dekkjum. Verð 1.050.000. gsm 663 0876 (Theodór).

SUBARU LEGACY Glæsilegur bíll! Árg.09/07, svartur, sjálfsk, ekinn 3.000km. Verð útb.250þús+yfirtaka á láni. S:6916207

FORD ESCAPE LIMITED 3.0 4WD gott eintak vel með farin verð 2,800 uppls 8986283

Gríðarlegur Ford 150 til sölu. 800 þ. aukahlutapakki frá USA árg. 2/'06 ek. 28 þús. km. Á 33" dekkjum, breytur fyrir 35" Eigum við eitthvað að ræða það. S. 896 1692.

Landrover '98. Ek. 217 þús. Sk.'08. Verð 590 þús. Ný dekk. Uppl. í s. 866 7693.

Til sölu Suzuki Sidekick '96 Ek. 110 þ. bílinn er í góðu lagi, þarfnast lagfæringar á útliti, er á góðum dekkjum, upplagður í fjallaferðir. V. 170 þ. S. 567 2415 & 847 8803.

Til sölu Toyota Landcruiser GX diesel, árg. 12/'03 ssk. Topplúga, krókur, spoiler framan, fjarstart, þjónustubók, fallegur og góður bíll. Ásett v. 3790 þ. Selst á 3550 þ. S. 895 0817.

Grand Cherokee '96 6cil, 4L vél ssk. Tveir dekkjagangar á felgum Sk. '08 góður bíll, Verðtilboð. S. 893 0794.

Willis árg '78. Mótor 350, 700 skipting. 38" dekk. Loftpúðar framan og aftan. Þarfnast smá lokafrágangs. Verð 850 þús. Uppl. í s. 866 5400

Toyota Landcruiser. 35" breyttur. Árg 8/06. Ek. 33.000, samlitur, stór kastara grind. Virkilega flottur bíll. Ásett verð 5.390.000 Uppl. í s. 897 3141.

Diesel BMW 320d Touring 2005 árg. ek. 125 þús. áhv. 3190 þús. Fæst á yfirtöku, vantar jeppa og/eða smábíl. S. 898 0179.

Izusu Trooper árgerð 1999 ekinn 183 þús., breyttur 35", nýskoðaður og yfirfarin. Verð 1150 þús góður staðgreiðsluafsláttur. Uppl. í síma 846 0695.

Ford Focus '00 ek. 109 þ. Yfirtaka á láni 569 þús. S. 659 0625 & 565 0618.

VW Golf GTI 2005 250 hö ssk., 18" felgur, ek. 43 þ. Lán 2,3 m útborgun 550 þ. S. 663 0680.

Glæsilegur BMW 545i árg.'05 ek. 99 þ. km. 340 hö. Afborgun c.a. 80. Þ. Per mán. Upplýsingar gefur Júlíus s. 896 4146 eða Björn í s. 692 1065.

Toyota rav4 '06. Ssk. ek. 20 þús dráttarbeisli, fallegur bíll ákv. gott bílalán 1.500 þús. afb ca. 24 þús á mán. verð 2.790 þús. Uppl í síma 899 5442.

MMC Galant V6 '97, sk.'08. þarfn. smá lagfæ. Selst fyrir lítið. Uppl. 868 5090.

**Tilboð, tilboð!**

Silfurgrár Hyundai Santa Fe árg. 12/01, ek. 118 þús. V. 1590 þús. Tilboð 1190 þús. Uppl. í s. 862 6777.

KTM 450cc árg. '04 Toppstandi, nýtt tannhjól, keðja, plöst, háspennukefli og dekk, stimpill nýlegur, aukaplöst fylgja með. Lán getur fylgt. S. 897 5554.

VW Passat 1.8 árg. '00 Ssk. Ek. 105 þ. Tilboð 340 þ. S. 846 0969.

Toyota Yaris árg.'00, svartur, ssk. Ný sk. Ek. 159 þús. 70 þús. út + yfirtaka af láni 400 þús. Uppl. í s. 661 1604.

2 bílar til sölu. Musso '98, dísel. V. 350 þús. Benz '87, dísel. V. 120 þús. Báðir sk. '08. S. 693 0463.

Opel Corsa árg '98 Ek. 96 þ. V. 160 þ. S. 663 2544.

**Fínn frúarbíll**

Mitsubishi Carisma. árg.'98 Ssk. Ek. aðeins 109 þ. Fæst á 195 þús. stgr. Uppl. í s, 695 9543.

Mitsubishi Lancer árg. '98, ek. 130 þús., sk. '08. Vetrardekk og álfelgur, ssk. Mjög góður bíll. V. 220 þ. Tilboð! S. 616 2597.

Nissan Primera árg. '01, 5 gíra, 1.6 vél, ek. 112 þús. V. 350 þ. Eða tilboð. S. 616 2597.

**Toyota corolla XLI special series.**

Árg.'96. Mjög vel með farin. Rauð. Ssk. Glæ ný vetrardekk. V. 200 þ. S. 698 7154

## 0-250 þús.

Gott Verð! Toyota Rav4 4WD 2.0 bensín Árg. '97, sk. 08', ek. 244 þ. Góðu standi. Verð 250 þús. S. 840 6129.

ÓDÝRT! Daewoo Lanos '99 sjálfsk. 1600, ek. aðeins 79þ. 5 dyra geislasp. S:5880115 - 8925257

Jólatilboð 160þ. kr Fyrstur kemur fyrstur fær Alfa Romeo árg'99 Ný tímareim þarfnast smá lagfæringar sími 6904045

Til sölu Toyota Corolla 1.3 ssk árg.97 ekinn 133 þús km. Verð 250 þús. Uppl. í 897 9342

Til sölu VW Golf. skr. 7 '94, 1,4. Ný kúpling og bremsur. Verð 80 þ. Einnig Hyundai Accent skr. 12 '99, ek. 124 þ. Verð 150 þ. Skoða öll tilboð. s. 664 0368.

Opel Zafira 1.6 árg. '00 Þarfnast smá lagfæringar. Ek. 104 þ. V. 300 þ. S. 868 0401.

Ódýr, góður!! Legacy St 4x4, ssk, '96, ek. 188 þ. S+V dekk. Á felg. V. 185 þ. S. 823 8384.

Útsala!! Ford Ka '99, hvítur, ek. 100 þ. Nýsk. Góður bíll. V. 85 þ. S. 844 6609.

Toyota Hilux árg. '91, dísel. Sk. '08. 35" breyttur, gormar að aftan, er á 33". V. 180 þús. S. 699 2707.

## 250-499 þús.

VW Polo '99 ekinn 112 þ., 5 gíra, 1400cc. Ásett verð er 390 þ. áhvílandi er mjög gott vaxtalaust lán 320 þ. Fæst á yfirtöku s 691 6318.

Subaru Impreza Sedan Sport '98, 2 lítra. 17" álfelgur low profile, spoiler, dökkar rúður. Ekinn 105 þús., nýskoðaður. Verð 490.000 Sími 856 2708.

Til sölu Ford Explorer V6 4x4 ssk.'97 ekinn 103 þ.m. Verð 490 þ.Tilboð 350 þ. S. 868 6589.

Kia Sportage, árg. 1995, ek. 175 þ., upphækkaður. Ásett 350 þ. Uppl. í síma 692 5846.

## ÞJÓNUSTA

VW Passat 11/99 conf. ek 118þ 17" álf +vetrd á felgum ásett 750þ fæst á 490þ s. 8926338

MMC Galant árg. '98 ek. 140 þ. V. 330 þ. Góður stgr. afsláttur. Uppl. í s. 821 3854.

Til sölu Grand Cherooke árg. 1994, skoðaður og í góðu lagi. Verð 300 þ. Uppl. í s. 434 1502.

## 500-999 þús.

Yaris 2003. bsk. ek.114 þús. heilsársdekk. Verð 650 þús. stgr. S. 862 0582.

Plymouth Grand Voyager SE 4x4 '98 ek. 191 þús. Fjórhjóladrif, 7 manna. Bensín 3,8L, ssk, rafm.rúður & speglar, ABS, Cruise, armpúðar o.fl. Verð 690 þús. Myndir á http://internet.is/msm. Markús s. 898 0782.

Falleg Nissan Almera '01, 3 dyra, ek. 95 þús. Góðu standi. v. 570 þús. Öll tilboð skoðuð. S. 868 9786.

Til sölu Toyota Yaris árg. 2004 ek. 86 þús. Verð 800 þús. ákv. 630 þús. Uppl. í s. 663 2451.

Hyundai Getz '04, ek. 26 þ. bsk. Ný vetrard., filmur. V. 750 þ. S. 868 0401.

## 1-2 milljónir

Tæknibylting! Hybrid gefur aukinn kraft með minni eyðslu. Allt að 70% aukin sparneytni! HYBRID tvinnbílar frá Toyota, Ford, GMC, Lexus og Honda á islandus.com. Nýjir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Frá 10% útborgun. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 5522000 www.islandus.com

300 þús. + yfirtaka á láni. Hyundai Trajet 7 manna. Ekinn 40 þús. Beinskiptur bensínbíll. Uppl. í s. 860 7512.

**Fæst gegn yfirtöku!**

Til sölu Opel Vectra 2.2i Sk. 09/03 ek. 86 þús. ssk. fullt af aukahlutum 17" króm ofl. Áhv. 1.240.000. Afb. 22 þús. á mán. Uppl. í s. 896 5290.

Toyota Yaris Sol 1300 2005 ek 64.000km Listav 1.170.000 fæst á 150.000 + yfirtaka á 900.000 hagstæðu láni S:8208482

Yaris árg 2005 s.skipt ek.34þús verð 1.250þús stgr. v.dekk fylgja. s.8620582

VW bjalla BASICLINE 8VI nýskoðuð, nýsprautuð, nýjir bremsuborðar, ný heilsársdekk. Ekinn 61 þ. Verð 1.500.000 þ. S. 861 2953.

Opel Astra 1.8 m/álfelgum. Tilboð óskast. Árg.'05. Keyrður 35 þús. Bsk. 125 hestöfl. S.dekk á álfelgum og v.dekk á felgum. Verðviðmið 1550 þús. S. 557 4851 & 691 4851.

Corolla Verso árg. 2005. Frábær 7manna fjölskyldubíll. Ekinn 35000km. Þjónustub, reyklaus. dráttarkr. Uppl. í s. 660 9607.

Skoda Octavia skr 8/05 beinsk ek. 30 þ 1600 vél verð 1500 þ uppl.6961088 skarpi

HondaCRV 05. Ekinn 50þús. Beinsk./ dráttarkrókur. Verð yfirtaka 1960þús. Upplýs.6611371

Til sölu Scania Steypubíll í góðu lagi en ekki á númerum. Uppl. í síma 434 1502.

## 2 milljónir +

Mercedes Benz GL-450 árg.'07. Ek. 12.700 km. Stórglæsilegur! Leður/ öskugrátt. 7 manna. DVD, 2 skjáir. Loftpúðafjöðrun. Hiti í framsætum. Fjarlægðaskynjarar. 2 sóllúgur ofl. Bíll með frábærum aukabúnaði og kostar nýr rúmar 12 milj. Er í ábyrgð! Verð aðeins 8.900.000. FOSSHAMAR ehf. Sími 893 0200.

BMW X5 árg.'06. Ek. 19.500 km. Fallegur bíll! Hvítur / ljóst leður að innan. Sem nýr! Verð aðeins 5.900.000 FOSSHAMAR ehf. Sími 893 0200.

Nissan Terrano 2003, ekinn 90 þús., Diesel, sjálfsk.toppl.krókur,auka vetrardekk á felgum, Luxury útgáfa. lánsloforð 1778 þús. útborgun 422 þús. kr. uppl 8245810

M. Benz E 200 Kompressor, árg. 03/2007, Avantgarde. Ek. 11 þús. Listav. 6.050 þús. Tilboð 5. 350 þús. Yfirtaka á láni. Bíllinn er þjónustaður og í 2 ára verksmiðjuábyrgð hjá Ræsi. Uppl. í s. 847 9988.

Til sölu M.Bens E 280 CDI. Avantgarde Disel . árg.'07 Litur silfur ,ek. 30 þ. sjálfs. 7. gíra bíll með öllu.Verð 5.890 tilboð 5.350 þ. Fosshamar sími 820 1909 og 893 0200

Toyota Land Cruiser 100 Nýsk. 9/05 ek 63 þ. 5 manna Dísel, silfur, snertiskjár allar aðgerðir í stýri GPS ,glæsilegur bíll með öllu. Fosshamar sími 820 1909 og 893 0200

ENGIN ÚTBORGUN!!!! Kia Carens, árg '07. Ek. 11þ. 7 manna, ssk leður, lúga, dvd, kúla, filmur, sumar og vetrardekk, samlitaður svartur. rossa fallegur og góður bíll. Sími: 8480031.

Mercedes Bens ML500 árg. 2002, ek. 70 þús. Verð 3 millj. stgr. Ahv. 2,7 millj. Ath. bíll upp á tæpar 4 millj! Uppl. í s. 897 0934, Helgi.

Til sölu Dodge Ram 2500, 5,7 hemi 35"breyttur áhv.bílalán til í að taka Jet Ski upp í.uppl.í síma 893-8647.

Ford Freestyle 2005, ek. 7 þ. Ssk. 3 L vél, filmur. Verð 2.990 þ. S. 868 0401.

Toyota Land Cruiser 120GX. Árg.'03 disel, ssk. Verð aðeins 3.150 þ. Uppl. í s. 695 9543.

## Bílar óskast

Óska eftir ódýrum MMC Spacewagon árg. '97-'98. Eða ódýrum bíl 50-100 þ. Uppl. í s. 893 6736 & 554 4736.

## Jeppar

Toyota Land Cruiser 120 GX „03 ek. 106 þ.km 33" dekk m. krók v. 3.790.000 uppl í s: 6608848

Bílaframleiðendur verða að losa um lager fyrir áramót. Gerðu reyfarakaup á brunaútsölu ársins! Jeep Grand Cherokee, Ford Explorer, Dodge Durango. 2007/08 Jeppar frá 2500þús og pallbílar frá 1990þús. Nýjir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Frá 10% útborgun. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 5522000 www.islandus.com

LAND ROVER DEF ÁRG 2005. EKINN 65 Þ KM. ENGIN SKIPTI. LÁN FYLGIR. UPPL Í 8220022

Toyota Hilux X/C '06 ekinn 51 þús. 35" br, hlutföll, heitklæðnig á palli og krómgrind, prófílbeisli, dökkar rúður. Verð 3190. Lán áhv. Uppl í s. 863 3402.

Toyota 4Runner 38"dekk árg. '93 ek. 242 þ. topplúga, bensin, v6, beinskiftur. Verð 600 þ. Uppl. í s. 698 4945.

Til sölu Suzuki Grand Vitara árg. 2006, ekinn 14000 þ.km, ssk.,leður, cruse control, loftkæling, topplúga, 17" álfelgur ofl. Fæst gegn yfirtöku á láni. Uppl í síma 660 3694.

Til sölu Toyota Land Cruiser 100 VX árg. 08/2005. ek. aðeins 34 þ. 38" breyttur, tölvukubbur, topplúga, dráttarbeisli og m. fl. Lýtur út eins og nýr. Upp.l í s. 892 1200.

Til sölu Toyota Land Cruiser 90 GX árg. 2001. ek. 107 þ., ssk., 50 ára afmælisútgáfa, topplúga, dráttabeisli og m.fl. Uppl. í s. 892 1200.

Landcruiser 120 VX diesel, 11/05, ek. 33þ. 35" breyttur, sj.skiptur. loftpúðafjöðrun, ljóst leður, Xenon aðalljós, krókur, spoiler, gluggahlífar, Húddmerki, bluetooth, skottmotta. Eins og nýr. uppl. í s. 824 8027.

Toyota Land Cruiser 120GX. Árg.'03 disel, ssk. Verð aðeins 3.150 þ. Uppl. í s. 695 9543.

LandRover Discovery '98, 38" dekk. Ekinn 215Þ. Þarfnast lagfæringar. V. 750þ. Uppl 863-2289

Fartölva til sölu. X60 Thinkpad/1GB minni/T7200 snúningar/dokka m.geisladrifi. Uppl. í 8609797

## Pallbílar

Bílaframleiðendur verða að losa um lager fyrir áramót. Gerðu reyfarakaup á brunaútsölu ársins! 2007/08 Ford F150, Toyota Tacoma eða Dodge RAM frá 1990þús! Einnig stærri pallbílar og sendibílar benzín/dísel á útsölu. Nýjir/ Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Frá 10% útborgun. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 5522000 www.islandus.com

Ford Explorer sport track TILBOÐ Árg. 2001. Ek. 125 þ.km. 210HP Tilboð yfirtaka á láni Áhv. 1080þ. + 400þús peningum Afb. 33þ. SK 08. Mikki S:693-8400

Ford F-150 '04 ek. 100 þús. Bíll með öllu og meira til. 20" felgur, ný dekk ofl. Áhv. 2.200.000. Verð 2.990.000. ATH skipti. S. 897 7575.

Nissan DOUBLE CAB YD 2.5 Árg.2004 ekinn 46 þús. S. 892 0034 & bs234@simnet.is

## Vörubílar

Scania 94D 230D árg. '01, ekinn 160 þús. Með kassa 7 1/2 m. á lengd. Selst einnig á grind. Verð 3,5 milljónir + vsk, á grind 2,8 milljónir + vsk. Til sýnis á JR bílasölu. Uppl. í síma 898 9006. Gott verð.

## Fjórhjól

Catbrier 2x4 '07, 4 gírar áfram og einn bakkgír. Verð 250 þ. S. 698 0907.

Bombardier 800-Ónotað 2007-Verð 1270000 Honda 500-2005-Verð 660000 Polaris Hawke 350-2006-Verð 430000 Yamaha Wolverin 450-2006-Verð 640000 Kawasaki 750-2007-Verð 780000 Suzuki 700-2005-Verð 705000 Polaris Sportman-Ónotað 2007-Verð 980000 Yamaha YFZ450-2006-Verð 580000 Bombardier 650-2007-Verð 1130000 Upplýsingar í sima 6623100 og 6623400

Bombardi 800 Max. Aukahlutir. Ek. 200 km. Uppl. í s. 861 0401.

## Mótorhjól

HONDA CRF250R skráð des.2006. keyrt c.a. 20 tíma. VERÐ: 690 ÞÚS. Uppl. 825-7128

Suzuki GSR 600 árg. 2006 ek. 7 þ. galli og meir. Til sölu gott hjól á góðu verði. S. 821 7447.

## Vespur

Alvöru ítölsk Vespa til sölu. Piaggio Vespa Lx 150 árg. 2006. Verðtilboð. Sími 868 5355.

## Vélsleðar

Polaris Indi 600 xlt. Nýuppgerður, svartur, árg. '97. Með kerru. Tilboð óskast. Uppl. í s. 846 2608.

## Kerrur

Ný kerra 2,5m l. f. snjósleða, mótorkross eða annað. Skoða skipti á vespu. S. 849 6251 smagrofur.is

## Vinnuvélar

**Til sölu karni !**

Palfinger PK 54000 árg. 01, 30 m bómulengd, spil og jibb. Er í góðu standi. Laus til afhendinar mjög fljótlega. Uppl. í s. 860 1700 & 891 8888.

## Aukahlutir í bíla

BF Goodrich jeppadekk 35"/12,5/ R17ekinn 5000 km, negld og microskorinn, kosta ný 155 þús, Tilboð 95 þús. S:896-4466

## Varahlutir

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, Renault Kangoo. Viðgerðir. Einnig airbag. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

## TIL SÖLU

## BÍLAR TIL SÖLU

## Bátar

**AL Bátar frá noregi**
Ósökkvanlegir, stöðugir og öruggir, vatna og sjóbátar. Þrjár stærðir, nokkrar útfærslur. Bjóðum einnig uppá björgunarsveita útfærslu. Eigum líka miðjustýri í flesta gúmí og plastbáta. Sjá www.svansson.is Sími 697 4900

Óska eftir Volvo Penta vél 200 eða 230 hp. Uppl. í s. 866 7059.

## Hjólbarðar

Ný Milestone nagladekk á 4 gata stálfelgum til sölu, passa m.a. undir Hyundai Getz, Yaris, Opel Corsa o.fl. smábíla. Stærð 185/65/14. Selst á hálfvirði. Uppl. í s. 892 3737.

BMW felgur og sumardekk Pirelli 225/50 ZR 16 til sölu á 40.000. Mercedes-Benz felgur og heilsársdekk Alpina 225/55 R 17 til sölu á 80.000. Sími 663 5125.

Slitin 36" dekk til sölu, einnig sæmileg 35". Uppl. í síma 664 0368 & 691 3589.

# ÞJÓNUSTA

## Jólaskemmtanir

Erum með skemmtilegustu jólasveina landsins, sjáum um jólaskemmtanir frá a til ö. Hafðu samband í S. 692 6020 & 692 6010, gryla@jolasveinarnir.is

**Jólasveinaþjónusta**
Vantar þig jólasvein við komum í heimahús, jólaböll, húsfélög og aðrar samkomur. Margra ára reynsla. Uppl. í síma 820 7378.

## Hreingerningar

Hreingerningar ehf. S: 868 5599

## Ræstingar

## Garðyrkja

## Málarar

**Íslenskir málarar ehf. Öll málningarþjónusta. www.mala.is S. 517 7335. Löggildir málarameistarar.**

**Sandspörtlun og málun**
Mála stigahús, íbúðir eða blokkir. Uppl. í s. 893 5537 Arnar málarameistari.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

Tökum að okkur alla búslóðaflutninga og aðra flutninga. Góð þjónusta. Erum með besta verðið. Uppl. í síma 899 2536 & 825 0083.

Tökum að okkur alla búslóðaflutninga. Er með stóran bíl. Þægileg og góð þjónusta. Uppl. í s. 893 7224.

## Húsaviðhald

**Glerjun/gluggaviðgerðir! Móðuhreinsun glerja**
Sjáum um öll glerskipti, viðgerðir og breytingar utanhúss sem innan. Fyrir húseigendur og húsfélög. Tilboð þér að kostnaðarlausu. Fagþjónustan ehf, s. 860 1180.

**Húsaviðhald!**
Þak- og utanhússklæðningar og allt húsaviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði, nýsmíði á gluggum og ísetningu. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

**Pípulagnir**
Getum bætt við okkur verkefnum í pípulögnum. Upplýsingar í síma 663 5315 & 699 6069.

Tek að mér alla almenna viðhaldsvinnu. Þór Sími 6911567

**Parket og smíðar.is**
parketlagnir/stlípun, glerjun/gluggaskipti og allt húsaviðhald. Uppl. í s. 896 9819.

Smiður getur bætt við sig verkefnu. m parket, innrettingar osfrv. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 845 5805.

**Parketslípanir!**
Getum bætt við okkur ! Viltu gera gólfið eins og nýtt fyrir jólin? 50-100fm, 2-3 dagar, slípun og lökkun/olíuberun. S. 866 4759.

## Stífluþjónusta

## TIL SÖLU

## Spádómar

**Stína Lóa Spámiðill**
**Tarrot & draumráðningar. Leiðsögn um ástir, viðskipti og fjármál.**
**Sími 908 2008 & 462 2811**
**- Visa/MasterCard Opið til 02 alla daga. Geymið þessa auglýsingu.**

**Englaljós S. 908 5050 & 863 1987**
**Er spennandi tími framundan? Hvað viltu vita um framtíðina? Andleg leiðsögn, fyrirbænir, trúnaður. Er við alla daga frá 11-01.**
**Lára spámiðill. Visa/Euro.**

**Alspá**
**445 5000 & 823 8280**
Miðlun, draumar, ráðgjöf, heilun, fyrirbænir NLP. Símaspá, einkat. og m., fl. *Vísa Euro Masters. Opið 12-24. www.spamidlun.com*

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Nú færðu einkatíma hjá spákonunni Sirrý í s. 552 4244 & 823 6393

## Skemmtanir

Hljóðkerfi fyrir ræður, diskótek, jólasveininn og hljómsveitir. Góð verð og uppsetning. S. 866 6386. Hljodkerfi.is. fender57@simnet.is

## Rafvirkjun

**RafList**

**Löggildir rafverktakar**
**Getum bætt við okkur allri almennri raflagnavinnu, nýlagnir, vidhaldsvinna,**

**og fagleg raðgjöf.**
**Uppl. í s. 823 8860 & 861 9116.**

## Trésmíði

Getum bætt við okkur gipsveggjum og - loftum, ásamt annari trésmíðavinnu. S. 857 9000.

## Önnur þjónusta

www.floridahus.is. Hús til leigu í Orlando Florida. Umsjón eigna ofl. s. 499 0380

## TIL SÖLU

**CATERPILLAR 322C**
Árgerð 2005, ekinn 4.650 tíma.
Hraðtengi og skófla.
VERÐ 10.7 millj + vsk.

**CATERPILLAR M315C**
Árgerð 2005, ekinn 3500 tíma.
VA bóma með lið, hraðtengi og skófla.
VERÐ 9.9 millj. + vsk.

**KOMATSU PC 240LC**
Árgerð 2003, ekinn 5500 tíma.
Dýptarmælir, hraðtengi og skófla.
Vél í góðu ástani.
VERÐ 8.9 millj. + vsk.

**KOMATSU PC240**
Árgerð 2001, ekinn 10.600 tíma.
Hraðtengi og skófla.
VERÐ 5.2 millj. + vsk.

**KOMATSU PW 160**
Árgerð 2005, ekinn 3.050 tíma.
Engcon rotatilt og tvær skóflur.
Dýptarmælir, vel útbúin vél.
VERÐ 9.7 millj. + vsk.

**SCANIA 124 400**
Árgerð 2000, ekinn 180.000 km.
HIAB 195-5 árgerð 1998, dráttarstóll undir palli.
VERÐ 8.3 millj. + vsk.

**CATERPILLAR D5H LPG**
Árgerð 1996, ekinn 9800 tíma.
Vél í góðu ástandi og gott útlit.
VERÐ 5.7millj. + vsk.

**HEKLA**
Klettagörðum 8-10
www.hekla.is/velasvid

Sölumaður 825-5736

# KEYPT & SELT

## Til sölu

Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. Smásala. Vélaverkstæði JS. Vesturhrauni 3. Garðbæ. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502.

**ICEBIKE auglýsir**
**Opið á laugardögum í desember.**

**Jólagjöf hjólamannsins fæst hjá okkur.**

**Mikið úrval : Mótorhjól - Fjórhjól - Hlífðarfatnaður - Skór - Hjálmar - Hanskar Aukahlutir frá Kuryakyn.**

**Gjafakort Icebike.is**

**Iðavöllum 10 , sími 421 5452 230. Keflavík**

EG-Tónar. Úrval af harmonikum auk fylgihluta, frá kr.29.000. Akureyri S.462 7374 & 660 1648. Reykjavík S.568 3670 & 824 7610 Kennsla fyrir byrjendur.

Alchemy hinn duldi heimur http://www.123.is/natturulist

ICEBIKE auglýsir opið á laugardögum í desember Jólagjöf hjólamannsins fæst hjá okkur. Mikið úrval af Mótorhjól - Fjórhjól Hlífðarfatnaður Skór Hjálmar Hanskar Aukahlutir frá Kuryakyn Gjafakort Icebike.is Iðavöllum 10 230 Keflavík sími 421 5452

Ódýri jólamarkaðurinn Ánanaustum 1, gegnt gamla Ellingsen húsinu. Opið alla daga fram að jólum. 20% afsláttur til örorku og lífeyrisþega.

Uppstoppaðir hanar í ýmsum litum. Einnig fjaðrahamir í fluguhnýtingar, barmskraut o.fl. S. 899 4600.

Til sölu lager úr gjafaöruverslun. Gjafavara, föndurv, kort, innréttingar og fl. Hægt að skoða í Langarima 21 í dag. Tilboð óskast. Uppl. í síma 847 2464.

### Þvottavélar

Til sölu nokkrar yfirfarnar þvottavélar, ísskápar og eldavél. Tökum bilaðar upp í. Einnig varahlutir í þvottavélar. S. 847 5545 Opið um helgina.

### Lagertilboð

Rafmagn batterís bílar frá 4ra-9 ára kr. 12.995. Rafmagns batteríshjól frá 3ja-6 ára, kr. 8.995. Infrarexlampi á tilboði kr. 4990. Erum að taka niður pantanir núna á netlagerinn.is og einnig pantanir í s. 865 4015.

## Gefins

Rúmlega 1 árs svört og hvít, geld, blíð og yndisleg læða fæst gefins á gott heimili vegna fluttninga. Áhugasamir hafið samband í síma 696 4519.

### Óska eftir að fá Tv gefins

Var að byrja að búa og ef einhver er að endurnýja sjónvarpið sitt og vantar að losna við það gamla þá meigi þið endilega hafa samband í síma 696 4519.

## Óskast keypt

Óska eftir að kaupa notaðann i phone síma. Ágústa 8486680

Óska eftir gínum. Uppl. í s. 692 8159.

## Hljóðfæri

Mikið úrval af nýjum og notuðum harmonikkum á frábæru verði! www.4you.is Eddufelli 2 s. 564 2030

Vel með farið trommusett til sölu. Verð 15 þús. Uppl. í s. 861 0401 & 694 6668.

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn, Síðumúli 35. S. 552 7095.

## Tölvur

Til sölu Xbox 360 með 21 leik og DVD fjarstýringu. Aðeins 65000, upl. í 5574478.

## Vélar og verkfæri

Handlyftivagnar 2.500 Kg Hraðlyfta (QL). Verð 24.900 þús. PON ehf s. 552 0110.

JÓLAÚTSALA Á JÁRNAKLIPPUM 16mm á 50þús. og 22mm á 75þús. MÓT, Bildshöfða 16, S:544 4490

## Bækur

Til sölu alusink vegg og eða þakjárn stallað með stærri prófil litur dökkgrænt þetta járn hentar til að fara á lektur á þak vegna burðar sem það hefur magn 2000 fermetrar í lengdinni 960 cm, einnig þakull 15 cm með trefjapappa sem snýr niður ,gott verð ,nýtt og ónotað. Upplýsingar í síma 434 1502.

## Til bygginga

Ný mótaborð til sölu 1.545 kr./m2 m/vsk. Uppl. í s. 847 3798 Halldór og ulfurinn.is

Lítði notuð Hönne Bach handflekamót til sölu. Uppl. í s. 861 0401.

**HALOGEN LJÓSKASTARAR, mikið úrval.**
**KASTARAR Á GRIND MEÐ SNÚRU OG PERU, 150W KR:1,095,- 500W KR:1,370,- 1000W KR:2,299,-**
**VERKFÆRALAGERINN ehf. Skeifan 8. Sími 5886090. Fax 5885040. vl@simnet.is**

## Verslun



Vönduð, sérlega mjúk leðurstígvél, með skinnfóðri.Litir. Svart og brúntStærðir: 36 - 41Verð: 15.500.- Misty skór, Laugavegi 178, sími 551 2070

INNIGOSBRUNNAR & STEINLAMPAR! Bjóðum fjölbreytt úrval af innigosbrunnum, saltsteina og eðalsteinsvörur. Fallegar og róandi gjafir! Gosbrunnar ehf - Langholtsvegi 109, á bakvið - s: 517 4232/695 4220.

**Útsalan á fullu.**
Ótrúlegt úrval af fallegum fatnaði.~~Opið 10.18.00 laugard. 11:00-17:00~~Lokað sunnudaga ~~Friendtex, Faxafeni 10, Rvk S. 568 2870 www.friendtex.is~~

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í 27 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896-4662 www.lifsstill.is

### Viltu léttast hratt og örugglega?

www.diet.is – www.diet.is Margrét s. 699 1060.

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

LR-Henningskúrinn og þú kemst í jólakjólinn. Anna Snyrtifræðingur, S. 699 7379.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, olsiar@hotmail.com

## Nudd

Heilnudd. Uppl. í s. 857 1356.

Þarftu slökun? Heilrænt slökunarnudd er lausnin. Sirra s. 898 2022..

## Námskeið

Verð með námskeið í svæðameðferð á Akureyri í janúar. Kenni eftir nýju Íslensku korti. Sjúkraliðar Ég hef ákveðið að kenna líka meðferð til að hjálpa börnum sem pissa undir. Undraverður árangur Sem ég hef aðallega unnið við síðastliðin ár. Sigurður Guðleifsson svæðanuddkennari. Sími 895-8972 sigurdurg@simnet.is

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Einstök húsgögn til sölu, henta bæði úti og inni. Úthöggvin úr heilli trjárót. Einnig gömul húsgögn, fást ódýrt og gefins. Uppl. í s. 893 8886

Til sölu ódýrar hvítar hillur úr Ikeaæ. Uppl. í s. 824 0607.

## Barnavörur

Hvítt stelpurúm 90x200 til sölu, einnig barnarimlarúm með nýrri dýnu, hvort tveggja vel með farið. S. 699 4072

## Dýrahald

Opið virka daga frá kl. 11- 18 og laugardaga frá kl. 11-16.

Jólatilboð á Fuglabúrum 21.000.- , Snyrtiborðum 8500.- og Hundabælum 4,500 kr Erum með ódýrustu Gæludýravörurnar á Íslandi Skoðið á www.liba.is

2 Rottweiler tíkur til sölu undan Blandon Won Hoypps Köra og Óðinn Þór. Tilbúnar á gott heimili. Uppl. í s. 690 1903.

Jólagjöfin í ár...Bulldog hvolpar til sölu,tilbúnir til afhendingar.Ættbók frá Hrfí.uppl. 8699702 og á boli.is

**Hundagalleríið auglýsir**
**Smáhundar til sölu. Kíktu á heimsíðu okkar: www.dalsmynni.is**
**Sími 566 8417 og www.dalsmynni.is**

Ameríkskir Cocker Spaniel hvolpar til sölu. Tegundin hentar mjög vel sem heimilshundar, Kátir og miklar félagsverur. Nánari uppl gefur Karen í s.661 9876 og á www.draumora.com

**Rottweiler hvolpar til sölu.**
Hvolpar undan Aragorn vom Grossental og Blandons von Hoytts Nölu til sölu. Foreldrar mjaðma- og olnbogamyndaðir, sýndir hjá HRFÍ og hafa klárað skapgerðarmat. Hvolparnir eru tilbúnir til afhendingar og hafa klárað hvolpaskapgerðarmat. Aðeins góð heimili koma til greina. Áhugasamir geta haft samband í síma 615 5000.

## SKEMMTANIR

Til sölu hreinræktaðir langhunda hvolpar. Heilsufarsskoðaðir, örmerktir og með ættbók Íshundum. Tilbúnir til afhendingar. Uppl. í s. 863 0474. www.123.is/manaskin

Til sölu Loðnir Chihuahua hvolpar, fást á sanngjörnu verði, á gott heimili. Uppl. í s. 693 5657 Arndís.

Tveir 3 mán. húsvanir gulir Labradorhvolpar til sölu. Heilsufarssk. og tilbúnir til afhendingar. Verð 80.000, s.8679370. WWW.blog.central.is/labrador-.

Gefðu voffa hollt og gott í jólagjöf. Please Pet, 100% náttúrulegt hundanammi og hunda bitafiskur. Fæst í bónus. www.please.is

Gullfallegir loðnir hvítir Chihuahua hvolpar til sölu. Heilsufarskoðaðir og ættbókafærðir frá Íshundum. Uppl. í s. 690 8091.

Æðislegur 7 mánaða hvolpur fæst gefins v/ flutninga. Border Collie / Labrador. Vanur bæði börnum og köttum, mjög ljúfur og góður. Aðeins á góð heimili. Uppl. í s. 891 6866.

## TÓMSTUNDIR & FERÐIR

### Gisting

Ódýr gisting á höfuðborgasvæðinu. Uppl. í símum. 692 9308 & 557 9548.

### Hestamennska

Hnakkar, taumar, múlar, höfuðleður, ábreiður ofl. Hestavörur á frábæru verði. Tito.is - Súðavogi 6.

Nýlegur, mjög góður, íslenskur hnakkur. V. 60 þús. Uppl. í s. 862 8994.

## HÚSNÆÐI

### Húsnæði í boði

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

**Atvinnuhúsnæði í Hafnarfirði**
Til leigu 142 fm iðnaðarhús með mikilli lofthæð í Steinhellu 5 Hfj. Uppl. í s. 897 0934, Helgi.

**Laus strax!**
Flott 3ja herb. 114 fm íbúð í Fossvoginum. Leigist á 170 þús. á mán. Uppl. í s. 897 0934, Helgi.

**Til leigu á Arnarnesi**
Falleg og rúmgóð 3ja herb. neðri sérhæð. Íbúðin er 121,6 fm með innbyggðum bílskúr 18,3 fm, samtals 139,9 fm. Leigist á 190 þús. á mán. Uppl. í s. 897 0934, Helgi.

**Spánn**
Falleg, vel staðsett 4herb.íbúð við Torrevieja til leigu. Ca.113 fm, sundlaug í garði, solarium, stutt í þjónustu. Laust frá byrjun jan og fram á sumar. Uppl.693 7585 eða saio@internet.is.

Skammtl. 101 RVK. Fullb 4 herb. íbúð, leigist viku í senn. Uppbúin rúm f 5. Þvottavél og uppþv.vél á staðnum. V 20þús per dag. uppl. í s. 6912242 - LAUS UM JÓLIN

**Íbúð til leigu**
Til leigu mjög góð og rúmgóð 3ja herb. íbúð, ca 100 fm, á rólegum og góðum stað í Rvk. Íbúðin er fullbúin húsgögnum og öllum húsbúnaði. Allt til alls. Leiga 128 þús. pr. mán. jjjj@simnet.is

til leigu 3ja herb. 60 fm i rauðagerði, leigutími 3 mán. með eða án húsgagna. Verð 100 þús. Evert s. 846 2649.

4 herbergja íbúð í Dvergabakka, langtímaleiga kr. 130 þús.+ trygging. Laus strax. siggakri@hive.is eða s. 863 8099.

Til leigu 4ra herb. nýuppgerð íbúð í Kóngsbakka. Laus. Uppl. í síma 7703040.

### Húsnæði óskast

Ein reglusöm og reyklaus óskar eftir einstaklingsíbúð frá 1.feb. Skilvísum greiðslum heitið. Greiðslug. 50-60 þús. s:661-5686 Helen

Óska eftir að leigja 3-4 herb. íbúð á Höfuðborgarsvæðinu frá 1. janúar. Uppl. í s. 845 0772.

Kvk. á 30 aldri óskar eftir lítilli íbúð í 101 eða í 105, reglusöm, góð meðmæli. S. 869 5878 milli 14-18.

### Fasteignir

Til leigu 4 herb. íbúð að Öldugranda. Uppl í síma 8675460 eða hronn60@simnet.is

## ATVINNA

### Atvinnuhúsnæði

Um það bil 200 fm skrifstofu- og lager húsnæði til leigu á svæði 101. Einnig 160 fm lagerhúsnæði upp á höfða. Uppl. í s. 844 1011.

Ungt nýgift par vantar íbúð eða herb. m. aðg. að eldhúsi, helst í Hafnarfirði. Bæði reglusöm í góðri vinnu Uppl. síma 8923929 Helga

### Geymsluhúsnæði

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 20 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar ofl. Uppl. í s. 864 3176 & 895 3176.

Vetrargeymsla fyrir tjaldvagna, báta, fellihýsi o.þ.h. á höfuðborgarsvæðinu. Uppl síma 661 3131

Óska eftir bílskúr eða geymslu til kaups með góðri hurð og aðkomu ca. 30-50 fm í kringum 108 Rvk. Uppl. í s. 821 3400.

Ekki láta fellihýsið fjúka. Vegna mikillar eftirspurnar höfum við bætt við geymsluplássi fyrir fellihýsi/tjaldvagna. Nánari upplýsingar í síma 869-5336 og 822-3440.

### Atvinna í boði

**Grillhúsið Tryggvagötu**
Óskar eftir starfsfólki í sal, í kvöld og helgarvinnu. Uppl. á staðnum eða í s. 696 8397. Brynja.

starf.is
Nú er rétti tíminn til að breyta til.

**Hrói Höttur**
Hringbraut 119. Óskar eftir starfsfólki í sal,útkeyrslu og grill. Um er að ræða bæði dag, kvöld og helgarvinnu.
Upplýsingar í síma 844 6292, Eva, milli kl. 14 eða sendið umsókn á eva@hroi.is

**Veitingahúsið Nings**
Óskar eftir glaðlegu og bros-hýru starfsfólki í sal í kvöld- og helgarvinnu.
Upplýsingar í síma 822 8835 og einnig inn á www.nings.is

**Veitingahúsið Nings**
Óskar eftir glaðlegum og bros-hýrum bílstjórum í kvöld og helgarvinnu.
Upplýsingar í síma 822 8835 og einnig inn á www.nings.is

**Veitingahúsið Nings**
Óskar eftir að ráða starfsfólkí fullt starf, um er að ræða 15 vaktir í mánuði. Einnig vantar okkur starfskraft í dagvinnu frá kl. 10-17. Aukavinna í boði ef vill.
Upplýsingar í síma 822 8835 og einnig inn á www.nings.is

Oliudreifing

**MEIRAPRÓFS-BÍLSTJÓRAR AKUREYRI**
Olíudreifing ehf. óskar eftir að ráða bílstjóra í framtíðarstarf á Akureyri. Umsækjendur þurfa að hafa meirapróf. Starfið stendur báðum kynjum til boða
Allar nánari upplýsingar veitir: Jóhann Guðjónsson í síma 461 4070 tölvupóstfang akureyri@odr.is

Sótthreinsun og þrif ehf. Starfsmann með bílpróf vantar. Óskum eftir hraustum starfsmanni 17 ára eða eldri í vinnu við háþrýstiþvott og sótthreinsun. Þarf að hefja störf sem fyrst. Umsóknir og umsögn um reynslu berist til: sotthreinsun@sotthreinsun.is - www.sotthreinsun.is

Starfskraftur vantar í afgreiðslu um kvöld og helgar. Ekki yngri en 18 ára. Pizza King. S. 864 7318.

VEGAMÓT

**Vegamót**
Vegamót óskar eftir þjónustufólki í sal, einungis í fullt starf, reynsla æskileg en ekki nauðsynleg.
Upplýsingar á staðnum eða á vegamot@vegamot.is



SUBWAY

**Vantar þig vinnu með skóla?**
Subway óskar eftir jákvæðu og duglegu fólki með mikla þjónustulund. Um er að ræða vaktavinnu um kvöld og helgar. Möguleiki á að byrja strax fyrir jól eða milli jóla og nýárs. Breytilegar vaktir í boði sem henta vel með skóla.
Hægt er að sækja um á subway.is. Nánari upplýsingar veitir starfsmannastjóri í síma 530-7004. Aldurstakmark er 16 ár.

SUBWAY

**Ert þú næturmanneskja?**
Subway óskar eftir jákvæðu og duglegu fólki með mikla þjónustulund. Um er að ræða fullt starf í næturvinnu, unnið 7 nætur og 7 nætur frí. Góð laun í boði fyrir réttan aðila.
Hægt er að sækja um á subway.is. Nánari upplýsingar veitir starfsmannastjóri í síma: 530-7004

Kvöld-og helgarþjónusta.Starfsmenn vantar á stuttar vaktir um kvöld og helgar við félagslega heimaþjónustu hjá Félagsmiðstöðinni Aflagranda 40.Vinnutími 18-22 aðra hverja viku. Nánari upplýsingar gefur Helga Eyjólfsdóttir sími 4112700.

**Grillhúsið Tryggvagötu**
Óskar eftir aðstoðarmanni í eldhús í kvöld og helgarvinnu. Unnið er á vöktum. Uppl. á staðnum og í s. 659 0646, Nonni.

Rafeindavirki eða snjall ísetningamaður. Nesradíó ehf, Síðumúla 19 vill ráða rafeindavirkja eða mann vanan ísetningum í bíla. Allar nánari upplýsingar veitir Guðmundur Ragnarsson í síma 5811118 eða á nesradio@simnet.is.

Heimilishjálp óskast til að annast þvotta, tiltekt, létt þrif o.fl. í 103 Rvík. Barnagæsla kemur til greina en á heimilinu eru þrjú lítil börn. Leitum að skipulögðum og duglegum einstaklingi. Vinnutími getur verið sveigjanlegur. Uppl. í s. 863 7161 & 821 0019.

### Atvinna óskast

**Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?**
Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.
Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000.

24 ára kk óskar eftir 100% lager/útkeyrslustarfi á höfuðborgarsvæðinu. Er með öll vinnuvéla og meiraprófsréttindi. Arnar s. 694 2341.

Starfsfolk fra Lettlandi: smidir, verkamenn, bilstjorar, raestingafolk o.fl. S.8457158

## TILKYNNINGAR

### Tapað - Fundið

Hver fann þessa mynd í Rammagerðinni '73-'74? Það átti að senda hana til mín í USA. Fundarlaun. S. 553 4050 á kvöldin.

### Tilkynningar

Kærleikssetrið

**Heilunarguðsjónusta**
Sunnudaginn 16. des. kl. 17.00 verður hin árlega heilunarguðsþjónusta haldin í Fríkirkjunni í Reykjavík í samstarfi Fríkirkjunnar, Sálarrannsóknarfélags Íslands og Kærleikssetur. Þessi heilunar, kærleiks og friðarstund er öllum opin.
Nánari uppl. í síma 567 5088 og www.kaerleikssetrid.is.

**In search for my father!!**
I am a dutch citizen in search for my father, I suppose he never knew about my existence. He met my dutch mother Maria/Marijke in 1964 in (Göteborg?), Sweden, where he was studying fish farming/processing. His name is Einar, supposedly Einar Einarsson. I was born in 1965. I just wish to meet him at least once. I don't have any financial interests or of that kind at all. Please contact me if you know something: wijnekus36@zonnet.nl

## TIL SÖLU

Viltu láta dekra við þig í austurlensku umhverfi þar sem óspillt náttúran er á næsta leiti?
Þá er þetta rétti tíminn!

Laugardaginn 1. desember var opnuð glæsileg snyrtistofa á Hótel Loftleiðum, Dong Fang Salon.
Í boði eru snyrtimeðferðir og nudd.

Erum með glæsileg og spennandi opnunartilboð sem gilda til 15. desember:

Gel á táneglur, verð 4.900 kr.
Dag og kvöldförðun, verð 3.500 kr.
Litun og plokkun, verð 2.900 kr.
Ásetning á neglur, verð 5.000 kr.
Lagfæring neglur, verð 3.500 kr.

Opnunartilboð á nuddstofu: Allar tegundir nudds með 10% afslætti til 15. des,

SNYRTISTOFAN
DONG FANG SALON
HÓTEL LOFTLEIÐIR

Verður opin mánud - föstud frá kl. 9.00 til 21.00 og á laugard frá kl. 10.00 til 18.00

Sími 444-4085 / 662-0485
massage@dongfang.is
www.dongfang.is

DONG FANG SALON
HÓTEL LOFTLEIÐIR

NUDDSTOFAN
DONG FANG SALON
HÓTEL LOFTLEIÐIR

Kínverskt fótanudd
Almennt heilsunudd

Sími 444-4085 / 662-0485
massage@dongfang.is
www.dongfang.is

IH ICELANDAIRHOTELS LOFTLEIÐIR



Hvað er að frétta?

Við tæklum sportið_

www.visir.is


## Vélavörður

Vísir hf óskar eftir Vélaverði sem getur leyst af sem Yfirvélstjóri á Sighvati GK 57 Sighvatur er línuveiðiskip með beitningarvél.

nánari upplýsingar eru gefnar á skrifstofu Vísis í síma 420-5700

ÁLFTANESSKÓLI

**„Þá var öldin önnur er Sveinbjörn stökk á stöng, þá var ei til Bessastaða leiðin löng"**

Óskum að ráða frá 1. janúar 2008 m.a. vegna forfalla:

- **Sérkennara/kennara** í íslensku á mið- og unglingastigi, 100% starf
- **Grunnskólakennara í umsjón á miðstigi,** 85-100% starf
- **Grunnskólakennara í heimilisfræði og listir,** 100% starf
- **Námsráðgjafa** í námsráðgjöf og námsaðlögun, 70-100% starf
- **Tónmennta-/tónlistarkennara** í forskóla tónlistar, 50% starf

---

- **Íþróttakennara** frá 1. mars 2008, 100% starf, (íþróttahúsið er við skólann)

---

- **Skólaliða grunnskóla,** tvö 85% störf, vinnutími kl. 08:00-15:00
- **Starfsmann í Frístund,** þrjú 50% störf, vinnutími kl. 13:00-17:00

---

Upplýsingar um störfin gefa skólastjóri og aðstoðarskólastjóri í símum 5404700, 8215007 og 8215009.
Netfang: sveinbjorn.njalsson@alftanesskoli.is og gudlaug.erla.gunnarsdottir@alftanesskoli.is

Umsóknir sendist Álftanesskóla, 225 Álftanesi.
Sjá einnig vefina www.alftanesskoli.is og www.alftanes.is

Skólastjóri

### TILKYNNINGAR

## Sigurður Einarsson

**sérfræðingur í lyflækningum og meltingarsjúkdómum**

opnar hinn 3. janúar 2008 stofu í Læknasetrinu, Þönglabakka 1, 109 Reykjavík.
Tímapantanir í síma 535 7700

### TILKYNNINGAR

FISKISTOFA

**Auglýsing vegna úthlutunar byggðakvóta á fiskveiðiárinu 2006/2007**

Fiskistofa auglýsir að nýju eftir umsóknum um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa fyrir

**Norðurþing**

Um úthlutunarreglur í ofangreindu byggðalagi vísast til reglugerðar nr. 439, 15. maí 2007, með síðari breytingum, auk sérstakra úthlutunarreglna í hlutaðeigandi byggðalagi sbr. auglýsingar nr. 1186/2007 sem byrt hefur verið í Stjórnartíðindum. Þessar reglur er einnig að finna á heimasíðu Fiskistofu, www.fiskistofa.is Umsóknum skal skilað til Fiskistofu á eyðublaði sem er að finna á heimasíðu stofnunarinnar. Umsóknarfrestur er til og með 31. desember 2007.

Fiskistofa, 14. desember 2007.

## Auglýsing um skipulag í Kópavogi.

**Gnitaheiði 4-6. Deiliskipulag.**

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga, auglýsist hér með tillaga að breyttu deiliskipulagi að Gnitaheiði 4-6. Vísað er í gildandi deiliskipulag fyrir Digraneshlíð, samþykkt í bæjarstjórn Kópavogs 8. júní 1990. Í breytingunni felst að sambýlishúsum á tveimur hæðum með einni íbúð á hvorri hæð er breytt í parhús þar sem inngangur er á efri hæð húsa. Byggingar fara að hluta til upp úr byggingarreit hæst um 1,2 metra. Byggingarreitir færast til suðurs og vesturs og stækka til suðurs því sem nemur ráðgerðum svölum og til vestur og austurs um 2 metra. Í stað valmaþaks er gert ráð fyrir flötum þökum. Byggingarreitur bílageymslu í norður hluta lóðar stækkar. Íbúðafjöldi er óbreyttur.

Tillögurnar verða til sýnis á Bæjarskipulagi Kópavogs, Fannborg 6, 2. hæð frá kl. 8:00 til 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8:00 til 14:00 frá 18. desember 2007 til 22. janúar 2008. Einnig má sjá tillögunar á heimasíðu bæjarins, www.kopavogur.is. Athugasemdir eða ábendingar skulu hafa borist skriflega Bæjarskipulagi eigi síðar en kl. 15:00 þriðjudaginn 5. febrúar 2008. Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkir tillögunni.

**Skipulagsstjóri Kópavogs.**

1.789 kr.

1.589 kr.

1.589 kr.

1.589 kr.

1.589 kr.

1.589 kr.




1.589 kr.

1.889 kr.

1.789 kr.

1.889 kr.

1.589 kr.

1.589 kr.

1.589 kr.

1.589 kr.

1.989 kr.

1.589 kr.

1.889 kr.

1.789 kr.

1.589 kr.

1.989 kr.

1.789 kr.

1.589 kr.

1.589 kr.

1.589 kr.

1.789 kr.

1.289 kr.

Já við erum að meina þetta!

NightRider safnið allt!
Yfir 20 DVD diskar

4.989 kr.

Fullt verð 19.989

2.989 kr.

2.989 kr.

2.989 kr.

2.989 kr.

2.989 kr.

1.589 kr.

2.989 kr.




1.589 kr.

1.789 kr.

1.589 kr.

**Opnunartími**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Mánudaga | kl. 11-22 | Fimmtudaga | kl. 11-22 |
| Þriðjudaga | kl. 11-22 | Föstudaga | kl. 11-22 |
| Miðvikudaga | kl. 11-22 | Laugardaga | kl. 11-22 |
| | | Sunnudaga | kl. 12-22 |

MAX / Kauptúni 1 Garðabæ og
Holtagörðum - Sími 412 2200
www.max.is

Beint á móti IKEA
Við hliðina á BÓNUS

MAX RAFTÆKI

**4.989 kr.**

Verð pr. seríu.

**9.989 kr.**

Lost Seríur 1-3 Boxset DVD

**3.989 kr.** Verð pr. seríu. **4.989 kr.**

# Dúndur Disney TILBOÐ

**1.289 kr.**

Verð pr. stk.




**4.989 kr.** Verð pr. seríu.




**4.989 kr.**

**4.989 kr.** Verð pr. seríu.

**4.989 kr.**

# Dúndur Seríu TILBOÐ

**2.989 kr.**

Verð pr. stk.

Friends 1-9

**4.989 kr.** Verð pr. seríu.

**3.989 kr.**

**2.989 kr.** **3.989 kr.**




**3.989 kr.**

Verð pr. seríu. **3.989 kr.**

MAX RAFTÆKI

**OPIÐ TIL KL. 22:00 alla daga til jóla**

*Tilboðin gilda til 17. 12. eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.*

byrjaður á ritgerðinni. Hún koðnaði svo niður hjá mér og varð að blaðagrein. En námið var skemmtilegt og margir eftirminnilegir kennarar.“

**Aldrei hægt að reikna viðbrögðin út**

Rithöfundinum finnst hann hafa byrjað seint að skrifa, en það var um tvítugt. Í fjölskyldunni eru skáld í móðurætt en Hannes Sigfússon var afabróðir hans. Þegar Jón gaf út fyrstu ljóðabókin sína hló hann að þeim hjá Máli og menningu sem vildu bara taka fimm bækur í einu í bókabúðina. Þegar hann kom seinna um daginn í verslunina var hann viss um að öll eintökin yrðu á bak og burt. Þau lágu hins vegar óhreyfð á búðarborðinu. „Ég var viss um að þau yrðu rifin út, alveg sannfærður um að eitthvað mikið myndi gerast með útkomu bókarinnar, hélt að heimurinn tæki kipp, hélt að ríkisstjórnin myndi segja af sér. Maður lærði það fljótlega að það er aldrei hægt að reikna út neitt,“ svarar hann aðspurður hvort hann hafi séð fyrir sér að fá svo góðar viðtökur við skáldsögu sinni nú.

**Vissi að hann yrði að skrifa um Ísafjörð**

Bókin, Himnaríki og helvíti, er saga sem á að gerast fyrir um 100 árum og dregur upp mynd af tilverunni á Vestfjörðum, lífi sem enginn okkar þekkir í dag en var daglegt brauð í þá daga. En af hverju að ráðast í sögu og aðstæður sem eru svo fjarri nútímamanninum? „Það virðist vera þannig að söguefnið velji mig í staðinn fyrir að ég velji það. Í fyrsta skipti sem ég kom til Ísafjarðar, steig út úr flugvélinni og horfði í kringum mig, lömdu fjöllin mig í hausinn og

> Ég hafði engan áhuga á að flytja til Keflavíkur, þar bjuggu bara villingar. Auðvitað höfðu bréf mín engin áhrif og þegar ég sá hvað verða vildi ákvað ég að fremja sjálfsmorð í hylnum sem er í ánni rétt neðan við bæinn.

spurðu: Hvar í helvítinu hefurðu eiginlega verið? Ég áttaði mig strax á því að ég yrði einhvern tímann að skrifa um þennan stað. Og um leið og ég lauk við Sumarljósin, vitjuðu vestfirsku fjöllin mín og sögðu, svolítið hranalega: Jæja? Og ég svaraði umsvifalaust; já, nú kem ég! Ég hugsaði mér söguna sem sögulega skáldsögu, það form er helvítis glíma, maður hefur séð margan höfundinn eiginlega týna sjálfum sér í því formi.“

**Glíman við sögulegu skáldsöguna**

Fyrri hluti bókarinnar er raunsönn lýsing á sjóferðum og þeirri veröld sem forfeður okkar lifðu og hrærðust í dag hvern og þykja lýsingar höfundar svo myndrænar að líkt er og hann hafi sjálfur ekki gert annað alla ævi en að róa út á sexæringi. „Ég las talsvert um þennan tíma og heillaðist eftir því sem ég las meira. Það var eitthvað í þessu sem höfðaði sterkt til mín, sambland af háska og hversdegi. Þarna voru örfáir menn á báti úti á opnu hafi og ekkert á milli þeirra og hafdjúpsins nema þunnt borð. Enginn var syndur og auðvitað enginn björgunarbúnaður. Mig langaði að færa þennan heim nær til okkar, sækja hann inn í gleymskuna, enda var þetta svo stór hluti af þjóðlífinu. Mikill fjöldi sjómanna, og kringum þá konurnar og öll börnin. Og slysin urðu auðvitað fjölmörg. Það eru kannski fleiri og sumpart fíngerðari þræðir í seinni hluta bókarinnar, þar eru persónur með sinn harm og sína gleði sem leituðu á mig. Hvaðan eru þær? Jú, þarna er til dæmis kona sem var til á Akureyri um 1860, hét Geirþrúður. Ég færði hana hins vegar til Ísafjarðar og nokkrum áratugum nær okkur í tíma. Staða konunnar var afar bág á sögutímanum og ég fann þegar ég skrifaði þennan hluta að mig langar að koma aðeins meira inn á þau mál síðar.“

**Kemst ekki í gegnum krimma**

Jón Kalman neitar því hins vegar að vera þannig höfundur sem hugsar áður en hann byrjar að skrifa: Nú ætla ég að taka á hinu eða þessu! Slíkt gerist einfaldlega þegar hann byrji að skrifa. Hann langi með skrifum sínum til að breyta heiminum – þótt hann geri það ekki veifandi vísifingri. „Ef ég næ að snerta lesandann, er ég kominn eitt hænuskref áleiðis.“

Lesendur bóka Kalmans segjast margir hverjir upplifa ákveðið tímaleysi og ró við lestur verka hans. Líkt og þegar þeir skelli sér út úr bænum án klukku og viti ekki hvaða vísir snýr upp né niður í nokkra daga og skeyta heldur engu um það. Jóni finnst gott að heyra það. Og viðurkennir að vera sjálfur tímalaus maður – gangi aldrei með klukku og týni þeim reyni hann það. „Ég er hins vegar ágætlega uppalinn og reyni að vera stundvís þegar ég þarf að mæta eitthvað.“

En eitthvað hlýtur hann að gera annað en að lesa og skrifa? „Við konan mín eigum tvö börn, og það er fjölskyldan og svo er ég eins og aðrir rithöfundar – með himinháan símareikning. Rithöfundar tala margir mikið í síma, það geta verið óralöng símtöl um skáldskapinn, um guði, um verð á mjólkurlítranum og um Guðna Ágústsson. Afþreyinguna sæki ég hins vegar í kvikmyndir, spennumyndir, krimma. Nei – ég les þá ekki, það er engin leið fyrir mig að komast í gegnum þá þótt ég hafi margoft reynt.“ Þannig að Jón Kalman hefur aldrei lesið Arnald Indriðason – eða hvað? „Nei, ég get það ekki þótt ég hafi ekkert á móti þeim. Krimminn er þannig í eðli sínu að þar er það framvindan sem gildir. Sagan krefst þess að hið óræða sé tekið úr textanum, sjálft ævintýrið og þá er ekkert eftir fyrir mig. Því miður.“

**Rithöfundahús sem Pétur Ármanns teiknar**

Þessa dagana er Jón Kalman að láta reisa vinnustofu úti í garði hjá sér sem Pétur Ármannsson teiknaði. Og flytur aðstöðu sína þangað rétt áður en jólahátíðin gengur í garð. Hvað er það sem rithöfundur þarf í slíku húsi? „Bækur. Fyrst og fremst. Þannig að þarna verða bókahillur, skrifborð, beddi og aðstaða til að spila tónlist. Og kannski viskípeli einhvers staðar.“ Og mega aðdáendur hans eiga vona á framhaldi Himnaríkis og helvítis eins og einhverjir frömuðirnir hafa staðhæft? „Já, ég frétti af því. Jafnvel að þetta væri fyrsta bindið af mörgum. Ég veit það nú ekki. En það verður framhald, ég er ekki alveg búinn. Að skrifa er ferðalag og maður veit aldrei hvar það endar. Þríleikurinn sem ég skrifaði fyrir nokkrum árum átti aðeins að verða ein bók en svo komu tvær í viðbót, og það er fínt. Ég er ánægðastur ef ég næ að koma sjálfum mér á óvart.“

# Glaðir krakkar í Grænuhlíð

Í leikskólanum Hamraborg við Grænuhlíð kannast krakkarnir vel við jólasveinana og þau sögðu *Ragnheiði Tryggvadóttur* fúslega frá Grýlu og Leppalúða.

Krakkarnir voru allir úti að hamast þegar blaðamann bar að garði en máttu þó vera að því að spjalla. „Veistu hvað Grýla borðar?“ spyr gallvaskur drengur í bláum útigalla og hefur sjálfur svarið á reiðum höndum: „Óþekka krakka, og Grýla er ennþá til.“ Einhver í hópnum fullyrðir að Grýla sé löngu dáin. „Nei, ég hef heyrt það hjá jólasveinunum á Akureyri, ég veit hún er ennþá lifandi og hún á heima á Íslandi.“ „Já, í Esjunni,“ bætir annar drengur við og segist einu sinni hafa fengið kartöflu í skóinn. Fleiri kannast við að hafa fengið kartöflu í skóinn og lítil stúlka í rauðri úlpu segir mér hvað hún gerði við kartöfluna: „Einu sinni fékk ég bara kartöflu í skóinn og ég borðaði hana.“

## Sunna Katrín

*Veistu hvað jólin eru?* Það er hátíð ljóssins.
*Veistu hver á afmæli þá?* Jesús.
*Bakarðu einhverjar kökur fyrir jólin?* Ég bakaði köku handa Stekkjarstaur.
*Hvað eru jólasveinarnir margir?* Þrettán.
*Þekkirðu Grýlu og Leppalúða?* Já, mamma og pabbi jólasveinanna.
*Þekkirðu Lepp, Skrepp og Leiðindaskjóðu?* Neeei.
*Færðu eitthvað gott að borða á jólunum?* Já, ég fæ alls konar.
*Fékkstu eitthvað gott í skóinn?* Já, ég fékk fínan geislaspilara fyrir kökurnar og vatnið handa jólasveininum.

## Baldur Máni

*Veistu hver á afmæli á jólunum?* Nei.
*Þekkirðu einhverja jólasveina?* Já, Askasleikir, Giljagaur, Stúfur.
*Áttu einhvern uppáhaldsjólasvein?* Já, Kertasníki.
*Veistu hver Leppur, Skreppur og Leiðindaskjóða eru?* Nei.
*Veistu hvort jólasveinarnir eiga systur?* Nei.
*Hvað færðu gott að borða á jólunum?* Ég fæ pitsu á jólunum.
*Ertu búinn að fá eitthvað gott í skóinn?* Já, ég er búinn að fá tvöfalt vasaljós sem þarf að hlaða.

## Elva Dögg

*Þekkirðu Grýlu og Leppalúða?* Já, nefnilega pabbi og mamma jólasveinanna.
*Heldurðu að jólasveinarnir eigi einhverjar systur?* Ha? Nei.
*Veistu af hverju við höldum jólin?* Bara af því það er kominn svo langur tími síðan jólin voru.
*Bakarðu einhverjar kökur fyrir jólin?* já.
*Hvernig kökur bakaðirðu?* Ég man það ekki.
*Færðu gott að borða á jólunum?* Ég veit það ekki.

## Halldór Ingi

*Veistu af hverju við höldum jól?* Nei.
*Þekkirðu Grýlu og Leppalúða?* Ég veit það ekki.
*Áttu kannski uppáhalds jólasvein?* Stekkjarstaur.
*Færðu eitthvað gott að borða á jólunum?* Já, já.
*Bakarðu einhverjar kökur fyrir jólin?* Nei.

## Ísabella Danía

*Kannast þú við jólaköttinn?* Jólakötturinn hann klórar.
*Veistu hver á afmæli á jólunum?* Jesú.
*Ertu búin að fá eitthvað gott í skóinn?* Já, eina mandarínu.
*Hefurðu kannski fengið kartöflu í skóinn?* Nei.
*Þekkirðu einhverja jólasveina?* Jaa... Stekkjarstaur, Giljagaur, Kjötkrók og engan meira.
*Veistu hvað þeir eru margir?* Þrettán.

## ➜ JÓLASVEINAVÍSUR EFTIR JÓHANNES ÚR KÖTLUM, FYRST BIRTAR 1932

Segja vil ég sögu
af sveinunum þeim,
sem brugðu sér hér forðum
á bæina heim.

Þeir uppi á fjöllum sáust,
- eins og margur veit, -
í langri halarófu
á leið niður í sveit.

Grýla var þeirra móðir
og gaf þeim tröllamjólk,
en pabbinn Leppalúði,
- það var leiðindafólk.

Þeir jólasveinar nefndust,
- um jólin birtust þeir.
Og einn og einn þeir komu,
en aldrei tveir og tveir.

Þeir voru þrettán
þessir heiðursmenn,
sem ekki vildu ónáða
allir í senn.

Að dyrunum þeir læddust
og drógu lokuna úr.
Og einna helst þeir leituðu
í eldhús og búr.

Lævísir á svipinn
þeir leyndust hér og þar,
til óknyttanna vísir,
ef enginn nærri var.

Og eins, þó einhver sæi,
var ekki hikað við
að hrekkja fólk og trufla
þess heimilisfrið.

Stekkjastaur kom fyrstur,
stinnur eins og tré.
Hann laumaðist í fjárhúsin
og lék á bóndans fé.

Hann vildi sjúga ærnar,
- þá var þeim ekki um sel,
því greyið hafði staurfætur,
- það gekk nú ekki vel.

Giljagaur var annar,
með gráa hausinn sinn.
- Hann skreið ofan úr gili
og skaust í fjósið inn.
Hann faldi sig í básunum
og froðunni stal,
meðan fjósakonan átti
við fjósamanninn tal.

Stúfur hét sá þriðji
stubburinn sá.
Hann krækti sér í pönnu,
þegar kostur var á.

Hann hljóp með hana í burtu
og hirti agnirnar,
sem brunnu stundum fastar
við barminn hér og þar.

Sá fjórði, Þvörusleikir,
var fjarskalega mjór.
Og ósköp varð hann glaður,
þegar eldabuskan fór.

Þá þaut hann eins og elding
og þvöruna greip,
og hélt með báðum höndum,
því hún var stundum sleip.

Skammdegismyrkrið hefur átt sinn þátt í að kynda undir draugasögum og þulum um tröll og vætti. Íslensku jólasveinarnir þrettán eru af tröllakyni, synir skessunnar Grýlu og tröllkarlsins Leppalúða og voru áður fyrr hin mestu fól og hrekkjalómar. Þeir fóru um sveitir rænandi matarbúr og hrekktu fólk og búfénað og voru ekki þekktir fyrir að sinna börnunum á annan hátt en hræða þau og hvekkja. Í jólasveinavísum Jóhannesar úr Kötlum sem komu út 1932 mátti lesa um þá sveina og til hvers þeir voru líklegastir en með árunum fóru þeir þó að mildast.

Sá fimmti, Pottaskefill,
var skrítið kuldastrá.
- Þegar börnin fengu
skófir
hann barði dyrnar á.

Þau ruku upp, til að gá að
hvort gestur væri á ferð.
Þá flýtti' ann sér að pottinum
og fékk sér góðan verð.

Sá sjötti, Askasleikir,
var alveg dæmalaus. -
Hann fram undan rúmunum
rak sinn ljóta haus.

Þegar fólkið setti askana
fyrir kött og hund,
hann slunginn var að ná þeim
og sleikja á ýmsa lund.

Sjöundi var Hurðaskellir,
- sá var nokkuð klúr,

ef fólkið vildi í rökkrinu
fá sér vænan dúr.
Hann var ekki sérlega
hnugginn yfir því,
þó harkalega marraði
hjörunum í.

Skyrjarmur, sá áttundi,
var skelfilegt naut.
Hann hlemminn o´n af sánum
með hnefanum braut.

Svo hámaði hann í sig
og yfir matnum gein,
uns stóð hann á blístri
og stundi og hrein.

Níundi var Bjúgnakrækir,
brögðóttur og snar.
Hann hentist upp í rjáfrin
og hnuplaði þar.

Á eldhúsbita sat hann
í sóti og reyk
og át þar hangið bjúga,
sem engan sveik.

Tíundi var Gluggagægir,
grályndur mann,
sem laumaðist á skjáinn
og leit inn um hann.
Ef eitthvað var þar inni
álitlegt að sjá,
hann oftast nær seinna
í það reyndi að ná.

Ellefti var Gáttaþefur,
- aldrei fékk sá kvef,
og hafði þó svo hálegt
og heljarstórt nef.
Hann ilm af laufabrauði
upp á heiðar fann,
og léttur, eins og reykur,
á lyktina rann.

Ketkrókur, sá tólfti,
kunni á ýmsu lag. -
Hann þrammaði í sveitina
á Þorláksmessudag.
Hann krækti sér í tutlu,
þegar kostur var á.
En stundum reyndist stuttur
stauturinn hans þá.

Þrettándi var Kertasníkir,
- þá var tíðin köld,
ef ekki kom hann síðastur
á aðfangadagskvöld.

Hann elti litlu börnin
sem brostu, glöð og fín,
og trítluðu um bæinn
með tólgarkertin sín.

Á sjálfa jólanóttina,
- sagan hermir frá, -
á strák sínum þeir sátu
og störðu ljósin á.

Svo tíndust þeir í burtu,
- það tók þá frost og snjór.
Á þrettándanum síðasti
sveinstaulinn fór.

Fyrir löngu á fjöllunum
er fennt í þeirra slóð.
- En minningarnar breytast
í myndir og ljóð.

JOE BOXER®

KRINGLUNNI OG SMÁRALIND

# Vinunum hefur heldur fækkað

Mikið hefur gengið á hjá hjónunum í Hvestu síðan hugmyndin kviknaði um að reisa þar olíuhreinsunarstöð þar í dalnum. Hjónin **Jón Bjarnason** og **Halla Hjartardóttir** sögðu *Jóni Sigurði Eyjólfssyni* frá öfundinni, skítkastinu og skítalyktinni sem sogin er úr kofa skyttunnar.

**HJÓNIN Í HVESTU** Þarna eru þau Jón og Halla á leið í fjárhúsin en í baksýn sést svæðið þar sem olíuhreinsunarstöðin mun líklega koma ef af verður. Mörgum þykir eftirsjá að sandströndinni sem ekki yrði þá fýsileg til útivistar. JÓN SIGURÐUR

Ég var svo sem ekki vinamargur í vor en mikið agalega hafði vinunum fækkað þegar hausta tók," segir Jón Bjarnason, bóndi á Fremri-Hvestu í Arnarfirði.

Dagarnir frá liðnu vori hafa líka verið tíðindamiklir í Hvestu. Forsvarsmenn fyrirtækisins Íslenskur hátækniiðnaður hafa hug á að koma upp olíuhreinsunarstöð við túnfótinn hjá þeim hjónum. Þau hafa lýst yfir vilja sínum til að selja eða leigja jörð til þessa og einhuga stuðningur ríkir um málið í bæjarstjórn Vesturbyggðar. En það eru mörg ljón í veginum og finnst þeim hjónum sem sum þeirra hafi glefsað vel til þeirra.

„Það halda allir að ég verði svo agalega ríkur af þessu og öfundin heldur fyrir þeim vöku," segir Jón þungur á brún. „Ég sé mig ekki fyrir mér á stuttbuxum á seglskútu í Karíbahafinu, það er ekki það sem fyrir mér vakir. En það er nú einu sinni þannig að öfundsýki manna er illviðráðanlegri en sjálf kynhvötin. Það er tiltölulega auðvelt að fullnægja kynhvötinni, menn ná sér bara í dömu og þá er það komið. Öfundinni verður hins vegar aldrei fullnægt."

### Reyndu að bera á hann fé

Þau hjón vilja ekkert um það segja hverjir skipa þennan fjandflokk.

„Þeir eru þó ekki að hella úr skálum reiðinnar beint fram í mig en þeim mun meira hefur borið á skítkasti. Ég hef hins vegar engan áhuga á að taka þátt í því þó ég sé búinn að fá vænan skammt af skít í bakið. Ekki nóg með það heldur hefur verið borið á mig fé til að snúa hug mínum í þessu máli og það ekki bara einu sinni. En ég er ekkert að reyna að ná mér í skotsilfur og koma mér svo á braut. Ég hef komið ár minni vel fyrir borð og er í nokkuð góðum málum. En það er hins vegar ekkert gaman að búa í steindauðri sveit, ég er maður framkvæmda og vil hafa eitthvað „aksjón," ekki bara að grafa upp dauða menn," segir hann ákveðinn en eins og kunnugt er fundust kuml í sumar í Hringsdal sem er næsti dalur við Hvestu.

### Tekur ekki skipunum frá Týsgötu

Meðal þeirra sem gengið hafa fram fyrir skjöldu í andstöðunni við fyrirhugaða olíuhreinsunarstöð eru nokkrir Reykvíkingar sem eiga sumarbústaði í grenndinni. Jón er ekki hress með framgöngu þeirra í þessu máli „Ég er alltaf til í að heyra sjónarmið manna en það pirrar mig þegar græna gengið heldur að það geti komið úr 101 og stjórnað því hvernig við stöndum að uppbyggingunni hér í Hvestu. Það myndi nú einhverjum bregða í brún ef ég kæmi suður að teikna upp miðbæinn fyrir hvítflibbana þar. Svo eru þetta orðin trúarbrögð fyrir þessu liði svo það ekkert hægt að rökræða."

Halla hefur sitthvað til þessara mála að leggja. „Auðvitað verðum við að virða sjónarmið þeirra en þó ættu sjónarmið heimamanna að vega þyngra en áhyggjur þeirra sem segja að olíuhreinsunarstöðin spilli fyrir þeim útsýninu á leiðinni í sumarbústaðinn. Ef hún risi myndu þeir ekki einu sinni sjá hana frá bústaðnum svo það er nú ekki eins og þetta sé við útihurðina hjá þeim."

### Fara hvergi ef af framkvæmdum verður

Halla var þó lítt hrifin af hugmyndinni fyrst þegar hringt var frá Fjórðungssambandinu og þeim tjáð að menn vildu mæla og skoða í Hvestu með það fyrir augum að reisa þar olíuhreinsunarstöð. „Mér þótti þetta hrein firra í fyrstu og ég viðurkenni það alveg að það yrði mikill sjónarsviptir af því ef stöðin stæði hér fyrir þegar maður horfir út dalinn á Baulhúsaskriður. En svo hugsa ég líka út í fólkið hér á svæðinu, það eru flestir sammála um það að ef þetta kemur ekki þá er byggðin hér búin enda blasir ekki byrlega við; þjónustan er orðin afar lítil og félagslífið eiginlega ekki neitt. Það fækkar óðum í skólanum á Bíldudal og svona er smátt og smátt að fjara undan samfélaginu."

Fyrstu viðbrögð Jóns voru einnig blendin. „En ég var fljótur að átti mig á því að þetta er ekki eins og í gömlum vestra þegar gumsið vall upp úr borholunni. Ég segi ekki að þetta verði glæsilegar byggingar en þó ekki svo ljótar heldur. Þær verða mun fallegri en græna gúmmúlaðið á Grundartanga þó mér detti ekki í hug að fetta fingur út í það og mér finnst að „101 liðið" ætti heldur ekki að ráða uppbyggingunni í Hvestu. Enda sýnist mér þeir vilja bara hafa sunnanverða Vestfirði eins og eitthvert ævintýraland, þeir eru til dæmis voðalega spenntir fyrir skrímslasafninu á Bíldudal og einhverju svona en það er bara ekki nóg til að halda svæðinu í byggð, það þarf eitthvað stærra og meira að koma til. Og þegar hingað verða komin einhver störf þá lifnar yfir mannlífinu og þar sem menn koma saman þar myndast menningin."

> Ekki nóg með það heldur hefur verið borið á mig fé til að snúa hug mínum í þessu máli og það ekki bara einu sinni. En ég er ekkert að reyna að ná mér í skotsilfur og koma mér svo á braut..

Hann segir ennfremur að það hafi ekki verið efst á óskalistanum að stöðin kæmi í Hvestu en það sé hins vegar mikilvægt að hún verði á sunnanverðum Vestfjörðum.

Þau segjast ekki myndu fara ef af framkvæmdum yrði í dalnum. „Maður færi ekki að yfirgefa loks þegar fjörið byrjaði," segir Jón.

### Skítalyktin sogin heim á hlað

En líf hjónanna í Hvestu snýst um meira en umræður um olíuhreinsistöð. Í hlíðinni fyrir ofan bæinn hefur Jón til dæmis byggt lítinn en loftræstan kofa. „Þarna ligg ég oft með haglabyssuna og bíð eftir tófunni," segir hann og bendir á kofann. „Hún er svo lyktnæm að ef vindurinn stendur á hana finnur hún lyktina af mér." Jón sá við þessu með því að leggja rör í litla skúrinn frá mótor sem er í skúr á hlaðinu og sýgur loftið úr skúrnum þar sem minkaskytta liggur. „Þetta er ágætt að láta dæluna sjúga af mér skítalyktina hingað heim svo að konan mín sakni mín ekki meðan ég ligg inni í skúr," segir Jón og hlær við.

Árið 2003 reisti Jón stíflu í Hvestuá og virkjun sem framleiðir að meðaltali 900 kílóvattstundir á klukkutíma. Rafmagnið er selt inn á kerfi Orkubús Vestfjarða. Þau eru einnig með um 250 ær svo það er nóg um að vera.

Þegar þau hjón hafa sagt blaðamanni eitt og annað af lífinu í Hvestu verður Jóni litið á klukkuna. „En eigum við ekki að hætta þessu og fara að smala," segir hann og leggur kaffibollann á eldhúsborðið. Blaðamaður skilur fyrr en skellur í tönnum að lífið í sveitinni verður að hafa sinn gang hvað sem stórhuga framtíðaráformum líður.

**Á LEIÐ Í REYKKOFANN** „Það þarf að gefa dauða fénu líka," segir Jón meðan hann fer með hey í reykkofann til að kveikja upp í. Hann reykir kjöt fyrir vini og vandamenn en sennilega verða hangilærin færri en undanfarin ár þar sem þynnst hefur í vinaflokknum.

**OLÍUHREINSUNARSTÖÐ Í LEUNA** Þessi stöð í Leuna í Þýskalandi er álík þeirri sem fyrirhugað er að reisa í Hvestu. Þessi er þó heldur fyrirferðarmeiri.

# ego dekor

*Við óskum landsmönnum öllum gleðilegra jóla og þökkum viðskiptin á liðnu ári*

Pink Dream tungusófi
Stærð: 360X150XTungubr:152
Fáanlegur í tweed áklæði
Hægt að taka áklæði af og hreinsa
Verð: 198.000,-

Paris leðurstóll
Fáanlegur í svörtu, hvítu og brúnu leðri.
Verð 17.500,-

Zen leðurstóll
Verð: 16.500,-
Einnig fáanlegur í svörtu og brúnu leðri

VIP leðurstóll
Fáanlegur í svörtu, brúnu og hvítu leðri
Verð: 15.800,-

Havana leðursófasett
Fáanlegt í svörtu og brúnu leðri
3+1+1
Verð áður: 253.000,-
-25%
Tilboðsverð: 189.750,-

3+2
Verð áður: 238.000,-
-25%
Tilboðsverð: 178.500,-

**JÓLATILBOÐ**

Palma leðurtungusófi
Fáanlegur í svörtu og brúnu leðri
Stærð: 250x175
Verð áður: 195.000,-
-20%
Tilboðsverð: 156.000,-

Opið: mán-fös 10:00-18:00 - lau 10:00-18:00 - sun 13:00-18:00 - Bæjarlind 12 - S: 544 4420 - www.egodekor.is

hönnun: www.origami-art.net

NÚNA
30%
AFSLÁTTUR AF PROVENCE

MIKIÐ ÚRVAL **PROVENCE**
**eldföst mót og framreiðsluföt, postulín. Nú með 30% afslætti.**

# OPIÐ TIL KL.

## FRÁBÆRT ÚRVAL AF JÓLA-

**CULT QUATRO kertastjaki , án kerta**
kr. **2.590** (áður kr. 3.790)

**DIXIE kertaglas með skrauti**
kr. **990** (áður kr. 1.490)

**KERTASTJAKI stjarna 2.980**
(verð áður kr. 4.980)

**KERTASTJAKI hjarta 2.980**
(verð áður kr. 5.980)

**CULT SNJÓHÚS með jólasveini**
kr. **1.490** (áður kr. 2.190)

**BODUM CHAMBORD kaffikanna 8 bolla.**
kr. **2.990** (áður kr. 4.480)

**BODUM COLUMBIA**
**kaffikanna, 12 bolla, stál.**
**4.990**
**(áður kr. 9.980)**

**ZONE kaffisett, m/4 bollum.**
kr. **2.490** (áður kr. 3.980)

HÚSGAGNAHÖLLIN

ZONE súpuskál 10.5 cm
kr. 170 (áður kr.290)

ZONE cabaret diskar á svörtum bakka
kr. 2.390 (áður kr. 3.490)

ZONE matardiskar 26 x26
kr. 1.180 (áður kr. 1.780)

# 22:00

& GJAFAVÖRU

MINNUM Á VSK LAUSA DAGA AF HÚSGÖGNUM UM HELGINA

CLARA
ljósakróna glær
kr. 12.980
(verð áður kr. 19.980)

ALFREDO
borðlampi,
svartur eða hvítur
kr. 3.980
(áður kr. 6.980)

HANDKLÆÐI 50 x100 cm
kr. 690 (áður kr. 990)
Þvottastykki 3 í pakka 30 x30 cm
kr. 290 (áður kr. 490)

JÓLATRÉSFÓTUR frá Bodum
kr. 5.990 (áður kr. 11.980)

**RAUÐIR LAKKSKÓR** Frá versluninni KronKron.

**STJÖRNUM PRÝDDIR** Gylltir pallíettuskór frá Ilse Jacobsen.

**JÓLATÍSKAN**

# *Kreppan kallar á pallíettur*

Hvernig er best að klæða sig yfir jólahátíðarnar? *Marta María Jónasdóttir* og *Bergþóra Magnúsdóttir* skoðuðu jólatískuna í sögulegu samhengi og komust að því að pallíettur, gimsteinar og loðfeldir benda til þess að pyngjan sé að léttast.

Eins og frægt er orðið er tískan spegill samtímans og endurspeglar oft á tíðum ríkjandi efnahagsástand.

Þegar mikil velmegun á sér stað í samfélaginu virðast fataframleiðendur leggja upp úr einföldum fatnaði og stíl en þegar hart er í ári tekur viðhafnarmikill fatnaður öll völd. Þannig hefur þetta verið síðustu áratugi og það er engin breyting þar á.

Í heimskreppunni miklu 1929 þegar hlutabréfamarkaðurinn hrundi í Bandaríkjunum tók glamúrinn öll völd með loðfeldum, skarti og skrautlegum og efnismiklum kjólum. Þegar efnahagslífið varð stöðugra og fólk fór að hafa það betra varð fatnaðurinn einfaldari.

Leikurinn endurtók sig fyrir seinni heimsstyrjöldina og á áttunda áratugnum þegar diskóið var sem heitast. Fólk dansaði frá sér allan kvíða út af peningamálum í glitrandi glansgöllum með glossaðar varir. Nú þegar efnahagslífið nötrar og yfirvofandi kreppa hangir yfir virðist glamúrnum engin takmörk sett, því tískan fyrir jólin er óvenju íburðarmikil og er innblásin af öllu því sem glitrar og glóir. Máltækið „less is more“ víkur fyrir „more is better“ því eins og staðan er núna jafnast ekkert á við pallíettur. Þá er ekki

FRAMHALD Á NÆSTU OPNU

**RAUTT OG SVART** Ofurskvísulegir hælaskór frá Soniu Rykiel. Fást í KronKron.

**SKÓVERSLUNIN KRON** Það veit enginn hvar hann dansar næstu jól en í góðum partískóm er víst að það verður nóg um gleðina.



**DISKÓSKÓR** Hver myndi ekki vilja eiga strigaskó úr pallíettum. Þessir eru frá Ilse Jacobsen á Garðatorgi.

**KAREN MILLEN** Hnésíður kokkteilkjóll og keipur úr kanínuskinni. Dress sem er hægt að nota á marga vegu. Kjólinn er flottur einn og sér, auk þess sem hægt er að setja yfir hann sparilega golftreyju eða stakan jakka. Keipurinn gengur sömuleiðis við hvað sem er, hann glæðir gamlar yfirhafnir nýju lífi og er nauðsynlegur yfir flegna kjóla og toppa.

**TOPSHOP** Glæsilegur palíettukjóll, gengur í jólafjölskylduboðin og á börunum því það virðist fylgja aðventunni að staupa sig til að fara ekki yfir um og þá er betra að vera í réttu fötunum.

# Ertu í húsgagnaleit?

**Italsofa**
Leðursófasett 3+1+1
**Verð kr. 290.000.-**

Stækkanlegt borð f.20 manns

Tvíbreiðir svefnsófar m/rúmfatageysmlu
Margir litir
**Verð kr. 54.900.-**

**Italsofa** Vandaður leður hornsófiHornsófi
**Verð kr. 250.000.-**

## Nýkomið mikið úrval af sófasettum í leðri og áklæði

*Corinne*
Vandað leðursófasett 3+1+1 með nautaleðri
Litir: Brúnt, koníaksbrúnt og ljóst
Verð kr. 239.000.- Einnig í Micro-áklæði verð kr. 219.000.

Vandaður og þægilegur hornsófi með 2 skemlum
Verð m/leðri verð kr. 333.000.-

*Slökunarstólar*
í miklu úrvali

Vandaður slökunarstóll með skemli og sterku áklæði eða leðri - Margir litir

**Tilboðsverð m/ákl.**
**kr. 39.000.-**
**Tilboðsverð m/leðri**
**kr. 59.000.-**

**Tilboðsverð aðeins kr.**
**59.500.-**
Vandaður slökunarstóll með leðuráklæði og skemli

Litir: Beige, brúnt, svart, rauðbrúnt

## Opið sunnudag kl.13-16

**www.valhusgogn.is**
Röltu um verslunina okkar í rólegheitum á netinu
með nýja 360° sýningarkerfinu okkar
Þetta verður þú að prófa!

**Val húsgögn**
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
**Sími 581-2275 ■ 568-5375**
**Opið** virka daga kl.10-18 / **Laugard. kl.11-16**

**KVK** Ævintýraleg skikkja frá versluninni KVK, ómissandi þegar farið er milli jólaboðanna í slyddu og snjó.

**Í ANDA NÍUNDA ÁRATUGARINS** Þessi pallíettuskreytti jakki hefði alveg getað verið hluti af jólatískunni 1989, en hann er splunkunýr og fæst í Ilse Jacobsen.

**PALLÍETTUVESTI** Getur farið vel við svartan kjól eða eitthvað álíka einfalt og elegant. Hann fæst hjá Ilse Jacobsen.

**SVARTUR OG SEIÐANDI** Stuttur pallíettukjóll gerir heilmikið fyrir útlitið. Hann er flottur yfir buxur en líka við leggings. Hann fæst í Sautján í Kringlunni.

## JÓLATÍSKAN

verið að tala um látlausan topp heldur, kjóla, buxur, húfur, hanska og töskur. Pallíettur má nota með pallíettum. Ofan á allt bætast síðar stórar hálsfestar, risavaxnir eyrnalokkar, hárspangir, spandexgammósíur og pinnahælar.

Jólatískan skiptist þó svolítið í tvennt, annars vegar er mikið um víða fallega kjóla en hins vegar eru aðsniðinn fatnaður gjaldgengur á meðan glæsileikinn er í fyrirrúmi. Fyrir þá sem ætla sér að hafa það ofsagott um jólin með tilheyrandi ofáti ætti fyrri kosturinn að henta betur enda hefur það aldrei talist mjög sjarmerandi að vera útbelgdur í allt of þröngum sparifötum og vera jafn áberandi og jólatréð á Austurvelli.

Fyrir þær sem vilja vera glimmerlegar um jólin og meika ekki að fara alla leið í pallíettukjól með öllu tilheyrandi er arfasmart að klæðast látlausum kjól og poppa hann upp með pallíettutrefli, glitrandi skóm eða veglegri perlufesti úr svörtum steinum.

Litaspjald jólatískunnar er svart með örlitlu gull- og silfurívafi, þar ber líka á fjólublárri og svo er rautt alltaf ógurlega jólalegt. Þeim sparsömu ætti að nægja að draga fram svarta kjólinn, kaupa sér flottar glitrandi sokkabuxur og vona svo heitt og innilega að draumaprinsinn gefi nógu stóra demanta til að fá alvöru glamúr inn í tilveruna í svartasta skammdeginu.

„... trúlega besta matreiðslubók sem út hefur komið í áraraðir.“

*Guðrún Þóra Hjaltadóttir næringarráðgjafi / Velvakandi*

„... þetta er eitthvað sem margir hafa beðið eftir ... aðgengileg ... grunnbók með mjög einföldum og skýrum leiðbeiningum ... algjört hjálpartæki.“ *Guðrún Gunnarsdóttir / Morgunútvarp Rásar 2*

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

H:N markaðssamskipti / SÍA



# Tímíanlambahryggur og steinseljuhjúpað fillet

## ásamt heitfengnum fíkjum, grænmetispönnu og dijonkaramellusósu

**Fyrir 6 manns**

1,2 - 1,5 kg lambahryggur
4 bökunarkartöflur
4 epli (ekki rauð)
2 sellerístilkar
½ lítri rjómi
50 g valhnetur, saxaðar
2 skarlottulaukar, fínsaxaðir
1 steinseljubúnt, saxað
6 fíkjur, ferskar
4 rauðrófur, afhýddar
1 tímíanbúnt
3 msk hunang
2 msk dijon sinnep
2 glös hvítvín
lambakraftur
kanill og sykur

Hryggurinn sagaður eftir endilöngu og úr verður 1/2 hryggur, fillet og lundir.

Skrælið kartöflur og epli, skerið í teninga ásamt sellerístilkum. Forsjóðið kartöflur í 3-5 mín. Fínsaxið skarlottulaukinn. Hitið pönnu, léttsteikið epli og kartöflur. Bætið við selleríi og lauk, gætið þess að gylla ekki. Bætið við 1/4 léttþeyttum rjóma, stráið smá kanil og sykri yfir og að síðustu steinselju og valhnetum.
Rauðrófur bakaðar heilar í u.þ.b. 30 mín. Skerið fíkjurnar í kross og bakið í 10 mín. við 160°.

**Lambahryggur**
Ristið rákir í hrygginn þversum og kryddið með salti og pipar. Skerið langsum meðfram hryggjarbeininu og stráið tímían í raufina. Steikið í ofni við 160° í u.þ.b. 30 mín. Skerið að beini og skiptið í sex hluta. Berið fram liggjandi á hryggjarbeininu.

**Lambafillet**
Fillet skorin af hryggnum og velt upp úr steinselju. Heilsteikið upp úr olíu og smjöri til helminga við vægan hita. Gætið þess að ekki komi steikingarlitur á kjötið svo litur steinselju haldi sér.

**Lambalundir**
Lundir skornar frá og framreiddar í forrétt eða sem lystauki - carpaccio eða grafnar.

**Sósa**
Sjóðið hunang niður þannig að það verði að karamellu. Hellið hvítvíni í og sjóðið niður um 2/3. Þeytið dijonsinnep út í, bætið við lambakrafti og 1/4 af rjómanum.


*Lambakjöt*

Friðgeir Ingi
Yfirkokkur á Hótel Holti

AFHJÚPAR HEIMATROMPIÐ

LAMBAKJOT.IS

ÞAÐ HELDUR

VERÐ

VIÐ ERUM MI

ÓDÝRARI EN



ÁFRAM!

STRÍÐ!

KLU, MIKLU
TOYS"R"US!

JUST 4 KIDS

OPIÐ FRÁ 11-22 ALLA DAGA FRAM AÐ JÓLUM!

# Af pappasöfnurum og speglaháhýsum

Sex ár eru liðin frá efnahagshruninu í Argentínu sem olli því að jafnvel virðulegar millistéttarfjölskyldur í landinu misstu allt sitt. Mikil framfaraskref hafa verið stigin í samfélaginu á síðustu árum, jafnvel þó að sum sár muni seint gróa. *Sigurður Ólafsson* var á ferðinni í í Buenos Aires fyrir skemmstu og upplifði uppbygginguna í borginni í aðdraganda forsetakosninga.

Þegar ferðalangar lenda á alþjóðaflugvellinum í Buenos Aires þessa dagana er fyrsta viðkynning þeirra af Argentínu tímabundnir gangar og veggspjöld þar sem beðist er afsökunar, á mörgum tungumálum, á því umróti sem breytingarframkvæmdir við flugvöllinn hafa í för með sér nú um stundir. Handan þiljanna sem mynda bráðabirgðagangana berast vélsagarhljóð, hamarshögg og leiftur af logsuðubjarma. Tónninn er þannig strax gefinn við lendingu: Í Argentínu stendur yfir uppbygging.

Sjálfsagt er mörgum enn í fersku minni efnahagshrunið sem átti sér stað í Argentínu veturinn 2001-2002. Smám saman hafði sigið á ógæfuhliðina árin þar á undan en hrunið kom þó hinum almenna borgara í opna skjöldu. Ringulreið skapaðist og um tíma virtist hálfgert stjórnleysi ríkja í landi sem fram að því hafði verið litið á sem eitt af efnahagsveldum Suður-Ameríku. Það veldi stóð nú á brauðfótum og virðulegar millistéttarfjölskyldur þurftu allt í einu að takast á við þann bitra veruleika að allar eignir þeirra fuðruðu upp á svo til einni nóttu. Fólk sem vanara var því að þurfa ekki að hafa áhyggjur af meiri lífsspursmálum en að borga af frístundaiðju barna sinna eða nýja borðstofusettinu þurfti nú að horfast í augu við þann efa á hverjum morgni hvort börn þess myndu ganga mett til náða að kvöldi.

Argentína hefur síðan ekki ratað á jafn afgerandi hátt á forsíður heimspressunnar. Líklegast er ein ástæðan sú að gamla máltækið um að engar fréttir séu góðar fréttir eigi enn og aftur við. Uppbyggingin hefur nefnilega gengið alveg sæmilega eftir atvikum. Við yfirheyrum Amparo Bernabé, sjálfstætt starfandi ljósmyndara í Buenos Aires og gestgjafa okkar, um þetta á leiðinni frá flugvellinum. „Það hefur margt gerst síðan“, segir hún. „En margir gáfust samt upp, fluttu til útlanda og koma varla aftur.“ Hún ræðir einnig um þann fjölda sem enn er fastur í sinni fátæktargildru. Kreppan er hins vegar mestöll að baki og viðreisnin er í fullum gangi.

### Stjórnmálamönnum ekki treyst

Þegar við komum heim til Amparo hittum við Pato, broshýran og geðþekkan sambýlismann hennar. Pato starfar sem sölumaður á útibúi bandarísks hugbúnaðarrisa í Buenos Aires. Híbýli Amparo og Pato eru rúmgóð og fallega innréttuð og bera þess merki að parið var í hópi þeirra sem náðu sér á strik. Pato segir frá því í gráglettni að það fylgi því einfaldlega að vera Argentínubúi að horfa upp á allt sparifé sitt fuðra upp á fimm ára fresti, líkt og hann upplifði sjálfur kreppuveturinn 2001-2002. Hjónaleysin áttu hins vegar því láni að fagna að eiga góða að og með þeirra hjálp gátu þau skömmu síðar í raun fært sér ástandið í nyt og þar með endurheimt sína stöðu með því að kaupa sínar núverandi vistarverur á tíma þegar húsnæðisverð var í algjöru lágmarki.

Við höldum áfram spjallinu um atburði síðustu ára í Argentínu. Þau segja að fólk treysti stjórnmálamönnum ekki lengur. Þeir séu svo óskammfeilnir í ósannindum sínum að þjóðin viti almennt ekki hvort flissa eigi yfir öllu saman eða bregðast bálreið við. „Sjáðu til dæmis þetta!“ Pato dregur upp tvo heimsendingarmatseðla frá pizzastaðnum á horninu, annan síðan í fyrra og hinn síðan í

**STÓRBORG** Í Argentínu búa um fjörutíu milljónir manns, þar af um þriðjungur í höfuðborginni Buenos Aires. Í borginni má finna menningarstrauma frá öllum heimshornum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

**FORSETAHJÓNIN** Nestor Kirchner var forseti Argentínu þar til fyrir nokkrum vikum, er eiginkona hans, Cristina Fernandez de Kirchner, tók við keflinu eftir yfirburðasigur í kosningunum.

ár. „Ríkisstjórnin reynir að halda því fram að verðbólgan hér sé ekki nema örfá prósent en bíddu nú við.“ Pato opnar báða matseðlana og sýnir okkur hvernig pizza sem kostaði 22 pesóa í fyrra kostar nú 37 pesóa. „Eru þetta örfá prósent?“ spyr Pato okkur í retórískum tón.

### Valdabrugg í hjónaherberginu

Daginn eftir keyrum við fram á kosningaspjöld á hverju götuhorni. Á flestum þeirra er mynd af uppstrílaðri, brosandi konu. Forsetakosningar nálgast óðum þessa októberdaga sem við dveljumst í argentínsku höfuðborginni. Þegar ég spyr hvort þessi ætli að bjóða sig fram á móti Nestor Kirchner, sitjandi forseta Argentínu, hlæja gestgjafarnir við og segja að það sé nú ekki aldeilis svo. Raunar sé ekkert fjarri lagi. Þarna sé nefnilega komin engin önnur en Cristina Fernandez de Kirchner, forsetafrúin sjálf, sem nú ætli sér að taka við kyndlinum af eiginmanni sínum.

Um stund þykir okkur gestunum þetta stórmerkilegt en síðan fer maður ósjálfrátt að leiða hugann til annarra landa þar sem svipað valdabrugg í hjónaherberginu virðist vera að breytast í einn af sérstakari þáttum í pólitískum tíðaranda allrasíðustu missera. Áður var það fyrst og fremst í einræðisríkjum og fornum konungsríkjum sem makar tóku hvor við af öðrum en að undanförnu virðist sama hefð stinga sér upp hér og þar í vestrænum lýðræðisríkjum. Nýlokið er valdatafli meðal franskra vinstrimanna þar sem Ségolène Royal þrætti um völdin innan síns flokks við eiginmann sinn og í uppsiglingu eru forsetakosningar í Bandaríkjunum þar sem fyrrverandi forsetafrú ætlar að koma Clinton-fjölskyldunni aftur til valda. Mér verður hugsað til Íslands horfandi úr aftursætinu á þessa veggspjaldarunu alla við akbrautir Buenos Aires: Ætli Inga Jóna sé að plotta eitthvað? Eða Dorrit?

### Lítil spenna

Gestgjafarnir láta sér hins vegar fátt um finnast. Á þeim er að skilja að kosningarnar séu álíka spennandi og landsleikur Argentínu og Íslands í fótbolta væri. Úrslitin eru í raun ráðin fyrirfram þar sem munurinn á forsetafrúnni Cristinu og öðrum frambjóðendum rokkar frá því að vera tuttugu til þrjátíu prósent í könnunum. Þar fyrir utan líst þeim ekkert á Cristinu. Spillingaröflunum verði bara haldið áfram við völd, verðbólgan haldi áfram og síðan sé illt til þess að hugsa hversu mikinn keim af valdagræðgi þessi ráðahagur forsetahjónanna beri. Vandamálið sé bara að hinir frambjóðendurnir séu jafnvel enn verri og því fari sem fari. Úrslitin fyrirsjáanlegu komu líka á daginn örfáum vikum síðar þegar Cristina Fernandez vann stórsigur og varð fyrsti kvenkyns þjóðkjörni forsetinn í Argentínu.

### Andstæður á hverju horni

Buenos Aires er borg gríðarlegra andstæðna. Í sömu ökuferð keyrum við í gegnum ríkmannleg hverfi sem minna einna helst á Manhattan með viðeigandi speglaháhýsum og merkjum alþjóðlegra viðskiptavelda. Þá er okkur hins vegar bent á að líta niður fyrir okkur á hraðbrautinni. Þar verður manni bylt við því að þar blasa við heilu hverfin af hrörlegum skúrum, jafnvel upp á tvær, þrjár hæðir, opið skólp sem rennur á slóða milli húsanna og þvottur á snúrum sem sjálfsagt gæti þornað við betri skilyrði en þarna beint ofan í púströrum hraðbrautarinnar. Ég bölva því að hafa ekki komið myndavélinni fyrir ofar í töskunni til þess að fanga myndhverfingu þessara hrópandi andstæðna: bísperrt háhýsin sem á einhvern hátt taka á sig hrokafulla mynd í bakgrunni hreysanna sem fremst á myndinni standa.

Þegar við förum út að borða nokkrum kvöldum síðar í Palermohverfinu, einu helsta tískuhverfi ungra Buenos Aires-búa og ferðamanna, eins og okkar, verðum við aftur vör við þessar andstæður. Um leið og við veltum fyrir okkur því nánast ófyrirleitna lúxusvandamáli hvort við eigum að fá okkur sushi eða eitthvað indverskt ökum við fram á hvern vagninn á fætur öðrum, drekkhlaðinn af pappa. Vagnarnir eru dregnir áfram af svokölluðum „cartoneros“, fólki sem ekki hefur önnur úrræði en að draga fram lífið á því að safna pappa, málmi og öllu öðru sem til fellur af götum stórborgarinnar og fara svo með til endurvinnslu og hljóta örlitla hýru fyrir. Í kreppunni stórfjölgaði í hópi þessa fólks. Þrátt fyrir bætt efnahagsástand að undanförnu hefur samkeppnin um pappakassa og brotajárn á gangstéttum Buenos Aires lítið minnkað enda er það gömul saga og ný að allra fátækustu stéttirnar njóta síðastar ávaxta uppgangs, rétt eins og þrengingar í þjóðfélögum bitna einatt fyrst á þeim.

Í þessu endurspeglast þær andstæður sem sífellt virðast skerpast milli þeirra sem lifa mannsæmandi lífi og þeirra sem út undan verða í fátæktarhverfum stórborga. Þar enduróma sömu áhyggjurnar, hvort sem talað er við fólk í Buenos Aires eða öðrum suður-amerískum borgum: eiturlyfjavandinn verður erfiðari viðfangs, glæpaklíkur herðast og vígbúast og félagsleg einangrun ýkist.

Þrátt fyrir þetta binda auðvitað allir vonir við að uppgangurinn allur verði til þess að nýi forsetinn ákveði að loks séu til peningar til þess að kippa þessum verst settu hópi þjóðfélagsins með inn í betri tíma. Framtíðin virðist nefnilega blasa við í Argentínu. Athafnaþráin og sköpunarkrafturinn er alltumlykjandi þessa dagana í höfuðborginni, hvort sem litið er til hönnunarbúðanna sem efnaðir bandarískir og evrópskir túristar flykkjast í eða byggingarkrananna sem á mettíma reisa heilu hverfin af nýtískulegum húsum úr gleri og stáli.

En bjartsýnin er þó eftir sem áður blönduð hæfilegum skammti af tortryggni. Argentínumenn vita nefnilega manna best að allt er í heiminum hverfult. Cristina Fernandez, hinn nýkjörni forseti, á því verðugt verkefni fyrir höndum að gulltryggja það áfram að sparifé hjá Amparo og Pato og öllum hinum íbúum Argentínu gufi ekki upp enn einu sinni og að fátækustu íbúar landsins geti byggt lífsbjörg sína á öðru en því að bítast um pappakassa og ryðdalla á götum Buenos Aires.

## ➜ UM ARGENTÍNU

**Stærð:** 2.766.890 ferkílómetrar. Næststærsta land Suður-Ameríku og það áttunda stærsta á heimsvísu.

**Tungumál:** Spænska

**Gjaldmiðill:** Argentínskur pesói.

**Höfuðborg:** Buenos Aires

Argentína öðlaðist sjálfstæði frá Spáni hinn 25. maí árið 1810. Buenos Aires er fjölmennasta borg landsins með rúmlega tólf milljónir íbúa. Engin önnur borg í Suður-Ameríku þykir minna meir á stórborgir Evrópu, bæði í byggingarstíl og borgarmenningu. Borgin er suðupottur allra þeirra menningarstrauma sem innflytjendur hvaðanæva að úr heiminum hafa borið þangað með sér í aldanna rás.

Þrátt fyrir viðreisn síðustu ára eftir kreppuna veturinn 2001-2002 eru 26,9 prósent íbúa Buenos Aires samt sem áður enn undir fátæktarmörkum. Hlutfallið hefur þó snarlækkað á undanförnum árum en 2003 var það 48 prósent (tölur frá Heimsbankanum).

**HEIMILISLAUS** Töluvert er um útigangsmenn í Buenos Aires og má gjarnan rekja upphaf ógæfu þeirra til efnahagshrunsins árið 2001. 26,9 prósent íbúa eru enn undir fátæktarmörkum.

NÚ Á 2 STÖÐUM

# RAFVÖRU MARKAÐURINN

## Jólagjafir fyrir handlagna

**Fellsmúla** - Reykjavík
**Njarðarbraut** - Reykjanesbæ

4963
VERKFÆRASETT 125 HLUTIR

4963
VERKFÆRASETT 100 HLUTIR

9.999
PROFI TOPPLYKLASETT 94 HLUTIR

2481
VERKFÆRASETT 11 HLUTIR

1990
TOPPLYKLASETT 20 HLUTIR

2941
TOPPLYKLASETT 52 HLUTIR

2990
TOPPLYKLASETT 52 HLUTIR

1285
TOPPLYKLASETT 40 HLUTIR

660
TOPPLYKLASETT 17 HLUTIR

TILBOÐ!
3990
HLEÐSLUBORVÉL 18V + 51 VERKFÆRI

1/2”
3753
TOPPLYKLASETT

1/4”
1721
TOPPLYKLASET

1390
MULTI SKRÚFJÁRN 41 HLUTUR

1255
SKRÚFUBOX 870stk

299
SKRÚFUBOX 250stk

12 STK
1945
FRÆSITANNASETT

15 STK
3950
FRÆSITANNASETT

MEÐ BORUM OG BITUM
995
HLEÐSLUBORVÉL 12V Í TÖSKU

40 HLUTIR
1295
HLEÐSLUSKRÚFJÁRN Í TÖSKU

799
BORASETT

690
BORASETT

12 STK
799
SKRÚFJÁRNASETT

7 STK
399
SKRÚFJÁRNASETT

2990
940
TORX SKRÚFJÁRNASETT


12 STK

8 STK
899
1299
SKRÚFJÁRNASETT
SKRÚFJÁRNASETT

26 HLUTIR
699

34 HLUTIR
1219
SKRÚFJÁRNASETT M/ FYLGIHLUTUM

**RAFVÖRU MARKAÐURINN**

VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888
NJARÐARBRAUT 11A - REYKJANESBÆ - SÍMI: 585 2888

**OPIÐ ALLA DAGA**
Mán. til fös. kl. 9 - 18
Laugard. kl. 10 - 17
Sunnud. kl. 12 - 16

# Vonbrigðin með hamingjuna

Til eru þúsundir bóka um hamingjuna en þegar á hólminn er komið virðist vera sama hversu margar sjálfshjálparbækur við höfum lesið – í raun vitum við ekkert hvað það er sem myndi gera okkur hamingjusöm. Í jólabókaflóðinu er að finna bókina Hnotið um hamingjuna sem reynir ekki að segja okkur hvernig við eigum að verða hamingjusöm heldur leiðir í ljós af hverju okkur skjátlast svo oft í hamingjuleitinni. ***Júlía Margrét Alexandersdóttir*** tók saman nokkur eftirminnileg dæmi úr bókinni.

Fólk telur meiri líkur á að það hreppi stóra vinninginn í lottóinu ef það velur tölurnar sjálft og vænlegra til sigurs að kasta teningunum sjálft. Það veðjar hærri upphæðum á hlutkesti sem hefur ekki verið varpað en á tening sem hefur verið kastað en á eftir að gá hvaða tala kom upp. Þá er fólk reiðubúið til að leggja meira undir ef það fær að giska sjálft á hvaða tala kom upp á teningnum frekar en að einhver annar geri það.“

Allt frá barndómi litast hegðun okkar af tilhneigingunni til að stjórna. Áður en fyrstu bleiunni er vafið utan um rassinn á okkur finnum við fyrir þörf til að sjúga, sofa, kúka og láta eitthvað gerast. Við látum það síðastnefnda sitja á hakanum þangað til við áttum okkur á að við höfum fingur. Þegar það gerist má heimurinn passa sig. Smábörn skríkja af gleði þegar þau rústa kubbastæðu, ýta bolta til hliðar eða kremja rjómabollu á enni sér. Hvers vegna? Vegna þess að þau gerðu það, sú er ástæðan.“

Í rannsókn einni var sjálfboðaliðum sagt að þeir hefðu unnið ókeypis máltíð á frönsku veitingahúsi. Þeir voru síðan spurðir hvenær þeir vildu þiggja boðið: Núna? Í kvöld? Á morgun? Þótt ljóst væri að dýrindis krásir væru í boði kusu flestir sjálfboðaliðanna samt sem áður að fresta máltíðinni, helst þar til í vikunni á eftir. Hvers vegna að slá því á frest? Því þannig gátu þátttakendurnir ekki aðeins varið nokkrum stundum í að sötra ostrur og dreypa á dýru hvítvíni heldur líka varið heilli viku í að hlakka til þess. Að draga upplifunina á langinn er góð leið til að fá sem mest úr henni. Sumt er jafnvel betra að ímynda sér en að upplifa. Flestir hafa til dæmis sofið hjá einhverjum sem þeir girntust lengi eða borðað syndsamlega óhollan en girnilegan eftirrétt og komist að sanni um að tilhugsunin var betri en raunveruleikinn.“

Rannsóknir sýna að ef fólk á auðvelt með að gera sér ákveðinn atburð í hugarlund, ofmetur það líkurnar á að hann rætist. Okkur er svo tamt að leiða hugann að hinu góða frekar en hinu slæma og við ofmetum líkurnar á því að eitthvað gott eigi eftir að henda okkur. Við erum þar af leiðandi óhóflega bjartsýn þegar við horfum til framtíðar.

Fórnarlömbum jarðskjálfta er kippt niður á jörðina um stundarsakir og gera sér þá grein fyrir að þau eru jafn líkleg og aðrir til að farast í náttúruhamförum. Nokkrum vikum síðar hefur staðlaus bjartsýni náð yfirhöndinni aftur, jafnvel hjá þeim sem hafa nærri týnt lífinu í jarðskjálfta. Áföll eru jafnvel líkleg til að festa bjartsýnina fastar í sessi frekar en að draga úr henni.“

„Rannsóknir benda til að þeir sem finnast þeir ekki lengur hafa stjórn á eigin lífi upplifa sig sem hjálparvana og fyllast depurð, vonleysi og þunglyndi. Það getur jafnvel dregið fólk til dauða. Í rannsókn einni voru íbúum á hjúkrunarheimili fyrir aldraða gefnar pottaplöntur. Helmingi íbúanna var sagt að þeir ættu að annast plönturnar og vökva þær sjálfir. Hinum var sagt að starfsfólkið myndi hugsa um plönturnar. Hálfu ári síðar höfðu tæp þrjátíu prósent í seinni hópnum geispað golunni en aðeins fimmtán prósent í þeim fyrri.“

„Til lengri tíma litið virðist fólk af báðum kynjum og á öllum aldri frekar sjá eftir því sem það gerði ekki en því sem það gerði, sem skýrir hvers vegna það er algengt að fólk sjái eftir að hafa ekki farið í háskóla, að hafa ekki stokkið á gróðavænlegt viðskiptatækifæri eða að hafa ekki varið nógu miklum tíma með fjölskyldu og vinum. [...]Ef gjörðir manns leiða til þess að maður giftist axarmorðingja getur maður þó huggað sig við að maður lærði þó af reynslunni („að safna öxum er óheilbrigt áhugamál“). En hafni maður bónorði frá einhverjum sem verður síðar kvikmyndastjarna getum maður ekki huggað sig við það sem maður lærði af reynslunni því... ja, hún er ekki til staðar.“

**EKKI GÓÐ Í ÚTREIKNINGUM** Manninum skjátlast iðulega um það hvað það er sem mun gera hann hamingjusaman. Sem dæmi má nefna að flestir telja sig verða hamingjusamari flytji þeir til sólríkari landa þegar svo er iðulega ekki. Því hamingjan snýst jú um svo marga aðra þætti en hlýja golu.

Heilinn tekur milljón myndir og tekur upp milljónir hljóða og bætir við lykt, bragði, áferð, þrívídd og býr til úr því myndskeið og athugasemdakerfi sem er í stöðugri uppfærslu. Þetta gerir hann allan daginn, alla daga, ár eftir ár og vistar þessar ímyndir í gagnagrunn sem aldrei virðist fyllast. Á augabragði er jafnvel hægt að rifja upp atvik frá því í sjötta bekk þegar maður stríddi bekkjarfélaga fyrir að vera með spangir og hann hótaði að berja mann eftir skóla. Hvernig þjöppum við allri okkar reynslu saman þannig hún passi í geymsluhólfið á milli eyrnanna? Með því að gera eins og Harpo: við svindlum. Til að koma reynslunni fyrir í minninu skilur heilinn kjarnann frá hisminu og vistar samantekt („maturinn olli vonbrigðum“) og lykilorð („ólseig steik, korkbragð af víninu, hor í vatninu“). Til að geta rifjað atburðinn upp fyllir minnið í eyðurnar í stað þess að leika reynsluna aftur í fullri lengd. . Sviðsetningin gengur svo hratt og auðveldlega fyrir sig að við höldum að minningin hafi ávallt verið í kollinum.“

„Sumir eru í góðum tengslum við tilfinningalíf sitt og geta lýst öllum blæbrigðum þess í löngu og skáldlegu máli. Maka sínum til mikillar skapraunar hafa aðrir takmarkaðri orðaforða, sem samanstendur aðallega af gott, ekki svo gott og ég var búinn að segja þér það. Ef þessi fátæklega tjáning er ekki bundin við leiktímabilið í enska boltanum er mögulegt að viðkomandi þjáist af því sem kallað er alexithymia, sem útleggja mætti sem tilfinningastol en þýðir beinlínis: „skortur á orðum til að lýsa tilfinningum“. Séu þeir sem þjást af tilfinningastoli beðnir að lýsa tilfinningum sínum segja þeir yfirleitt: „Ég finn ekki fyrir neinu.“ Séu þeir spurðir hvernig þeim líður segja þeir: „Ég veit það ekki.“ Þennan kvilla er ekki hægt að laga með vasaorðabók eða námskeiði í tjáningu því þeir sem eru haldnir tilfinningastoli skortir ekki hefðbundinn orðaforða heldur skynja þeir ekki eigin tilfinningar. Þeir hafa tilfinningar en vita ekki af þeim.“



**NÝJASTA VIÐBÓTIN** Í þróunarsögu mannsheilans er ennisblaðið það nýjasta nýtt í hans aukabúnaði. Ennisblaðið leyfir okkur að hugsa um framtíðina og ef ennisblaðið skaddast er fólk statt í eilífu núi og getur til að mynda ekki sagt til um hvernig það sjái hamingjuríka framtíð fyrir sér.

„Blindir sjá ekki en að öðru leyti gera þeir flest það sama og aðrir – hlusta á tónlist, sitja fastir í umferðarteppu, slappa af í baði, borga gamlar skuldir, – og eru því jafn hamingjusamir og hver annar. Blindir geta ekki gert allt það sama og þeir sem sjá, sem geta aftur á móti ekki gert allt það sama og blindir. Tilvera blindra og sjáenda er því ekki nákvæmlega eins. En það er ljóst að líf blindra snýst um margt fleira en að sjá ekki.“

SpHún

## Stofnfjárútboð SpHún

Sparisjóður Húnaþings og Stranda býður nú út nýtt stofnfé að nafnverði kr. 723.653.846. Farið er með útboðið skv. reglum um almennt útboð verðbréfa, en stofnfjáreigendur sem skráðir eru við upphaf útboðsins eiga forgangsrétt til áskriftar í samræmi við hlutfallslega eign sína, sbr. lög um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og samþykktir sjóðsins.

Útboðstímabilið er 10. - 17. desember 2007 og fellur áskrift í eindaga 31. desember 2007. Verð hverrar krónu nafnverðs í útboðinu er kr. 1,051465 og er heildarverðmæti útboðsins því kr. 760.896.691. Heildarnafnverð stofnfjár fyrir hækkunina er kr. 1.249.810.647 og verður eftir hækkunina kr. 1.973.464.493, að því gefnu að allt seljist.

Umsjónaraðili útboðsins er Sparisjóðurinn í Keflavík og má nálgast lýsingu og önnur gögn sem tengjast útboðinu á heimasíðu Sparisjóðs Húnaþings og Stranda www.sphun.is og í afgreiðslum hans frá og með 10. desember 2007.

**Sparisjóðsstjórn**

# LOKSINS! LOKSINS!

## THE SECRET KVIKMYNDIN Á ÍSLENSKU




**Leyndarmálið breytir lífi þínu.**

**Það er ekkert leyndarmál að The Secret á íslensku er jólagjöfin í ár.**

DVD VIDEO

**Kvikmyndin sem fer eins og eldur í sinu um allan heim. Í fyrsta sinn fáanleg með íslensku tali og íslenskum texta á veglegum DVD diski.**

græna ljósið

**GRÆNA LJÓSIÐ OG SKÍFAN - GÓÐ SAMAN**

S·K·Í·F·A·N

Skífan Laugavegi 26 opið alla daga til 22 · Skífan Smáralind · Skífan Kringlunni · Skífan Leifsstöð · Póstkröfusími 591-5310 · www.skifan.is

STÓRKO

# EIN VÍÐTÆKA TILVIST MANN

**Bókin, sem er full af fróðleik, snertir á og eykur skilning okkar á því hver við**



**Bókin er 506 blaðsíður og prýdd aragrúa**

S T L E G T  V E R K

# ASTA UMFJÖLLUN UM SINS SEM SÉST HEFUR

öllu sem viðkemur manninum
erum.

Ævintýralegur leiðangur um öll svið mannlegrar tilveru, allt frá því hvernig líkami okkar starfar til þess hvernig við hugsum og framkvæmum. Bókin varpar ljósi á fjölbreytni mannlífsins og veitir sýn á ótrúlega fortíð okkar, heillandi nútíð og undraverða framtíð.

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is




Tilboðsverð
kr. 9.990
til áramóta

Verð frá
1. janúar:
kr. 12.980

stórfenglegra skýringarmynda og ljósmynda.

**LÍÐUR BEST Í LOPAPEYSU OG STÍGVÉLUM** Þrátt fyrir að ritstýra tískutímariti líður Heiðdísi Lilju Magnúsdóttur aldrei betur en í stígvélum, lopapeysu og gallabuxum.

# Væri til í að sofa minna

Tímaritið Nýtt líf á um þessar mundir 30 ára afmæli og síðastliðinn fimmtudag útnefndi blaðið konu ársins. Ritstjóri blaðsins, **Heiðdís Lilja Magnúsdóttir**, fylgir nú síðasta blaðinu sínu úr vör en hún er sjötti ritstjórinn í sögu blaðsins. Heiðdís Lilja hefur starfað hjá blaðinu í bráðum sjö ár og þar af ritstýrt því síðasta eina og hálfa árið. Nú er hins vegar kominn tími á nám og frí frá fjölmiðlaheiminum.

## ÞRIÐJA GRÁÐAN

**FULLT NAFN:** Heiðdís Lilja Magnúsdóttir

**FÆÐINGARÁR:** 1972

**Á HUNDAVAÐI:** Pokadýr, búðarkona, umsjónarmaður skólagarða, starfmaður upplýsingamiðstöðvar, píanókennari, undirleikari, blaðamaður, ritstjórnarfulltrúi og nú ritstjóri Nýs lífs. Skólagarðarnir gáfu mest af sér (allt grænmetið sko).

**Í hvernig fötum líður þér best?** Í lopapeysu, gallabuxum og stígvélum.

**Ég misskildi lengi textann í laginu...** ...Eitt lag enn. Textinn er: „þreytist enginn, þú skalt dansa, það sem eftir er“ en ég söng „engir strengir ... o.s.frv.“

**Hvaða frasa ofnotar þú?** Ég er mest í stöku hallærisorðunum: Kúl, þokkalega, magnað ... listinn er endalaus.

**Ég vildi óska þess að foreldrar mínir hefðu skírt mig...** ...er nú frekar ánægð með nafnið mitt en Jana finnst mér t.d. flott nafn. Amma mín hét Kristjana og var kölluð Jana.

**Hvernig heilsarðu?** Hæ!

**Hvaða sjö hluti leggurðu til fyrir gott laugardagskvöld?** Sushi, hvítvín, kertaljós, góða tónlist, jarðarber, suðusúkkulaði og Scrabble.

**Tómatsósa er best með...** ...frönskum.

**Hver var fyrsta færsla lífs þíns á eigið kreditkort?** Vá. Man ekki hvenær ég fékk mitt fyrsta. Örugglega þegar ég hef verið á leiðinni til útlanda í enskuskóla. Ætli ég hafi ekki keypt mér rauðan Ópal í flugstöðinni?

**Hverju tekurðu fyrst eftir í fari fólks?** Hvort það hefur góða nærveru. Forðast hrokagikki.

**Hvernig hljómar nýjasta sms-ið í símanum þínum?** Heil og sæl Heiðdís. Þú átt tíma á morgun kl. 13.00.

**Nýr jólasveinn bætist við í jólasveinafjölskylduna – hvað kallarðu hann?** Dráttaþefur? (Úff, hvað segir markaðsdeildin núna? ...)

**Ég er með óþol fyrir ...** ... döðlum, gráfíkjum, sveskjum og bláberjasultu. Finnst þetta vont á bragðið en fæ ekki útbrot.

**Ef þú gætir forritað sjálfa þig upp á nýtt – hvaða galla myndirðu henda út?** Ég þarf að sofa í sjö, átta tíma – væri til í að minnka þessa svefnþörf eitthvað.

**Hver er frægasti ættinginn þinn?** Ég og Stefán Máni rithöfundur erum systkinabörn. Ætli hann sé ekki frægastur, svona í nánustu fjölskyldunni alla vega.

**Hvað er það skemmtilegasta við starfið og það erfiðasta?** Það skemmtilegasta: Fjölbreytnin, allt fólkið sem maður kynnist og að fá nýtt blað í hendur. Það erfiðasta: Svo margar síður – svo lítill tími.

**Eftirlætistímarit?** Nýtt líf.

**Kringlan er ...** ... hrikalega þægileg þegar mann vantar fullt af dóti og hefur lítinn tíma. Þar eru líka nokkrar af mínum uppáhaldsbúðum.

**Hvað þarf gott tímarit að hafa?** Frábært starfsfólk, skýran fókus, karakter, trúverðugleika, metnað, dýpt, skemmtigildi og fullt, fullt af fallegu myndefni.

**Hugmynd að frumlegri og nýrri pitsu?** Pitsa með suðusúkkulaði, jarðarberjum og marengs.

**Eftirminnilegasta viðtal sem þú hefur skrifað?** Líklega fyrsta langa viðtalið sem ég tók. Það var við unga stúlku frá Sauðárkróki sem veiktist af undarlegum sjúkdómi um tvítugt og missti bæði mál og hreyfigetu um tíma.

**Og að lokum – draumaviðmælandinn og af hverju?** Bridget Jones. Held hún væri bara svo helv... hressandi félagsskapur.

juliam@frettabladid.is

## MÆLISTIKAN

### ■ Á uppleið

**Britney.** Búið að dissa hana svo mikið að það er orðið svalt að fíla hana. Nýja lagið er líka helv. sexí...

**Svartur matur.** Það heitasta á veitingastöðum í New York um þessar mundir. Svört gulrót, einhver?

**Kvefið.** Kemur sterkt inn, allir veikir. Nú vantar bara góð samsett lyf í íslensk apótek.

**Rándýrt smábarnadót.** Silfursnuð, bleyjur frá Armani og barnaskór frá Louboutin. Í alvörunni.

**Bílaþvottur.** Bílarnir verða að vera hreinir um jólin í stíl við húsið. Passaðu þig bara að brenna hann ekki.

### ■ Á niðurleið

**Saumaklúbbar,** Ótrúlega leiðinleg afsökun til að hittast fyrir konur sem eiga ekkert lengur sameiginlegt.

**Fólk sem hlustar ekki á veðurspá.** Liðið sem skilur grillið, stólana eða köttinn eftir úti í stormviðri.

**Stórir hringir í eyrum.** Kommon stelpur, þetta datt úr tísku árið 2003 og var aldrei flott hvort eð er.

**Jólahreingerning.** Algjör óþarfi að taka alla skápa og loftin í desember. Gerðu frekar það sem þú þarft að gera.

**Gróa á Leiti.** Er ekki allt í lagi að halda sér frá ljótum sögum um náungann, að minnsta kosti meðan jólin ganga yfir.

# BT

JÓLIN ERU AÐ KOMA

SONY

DSLRA100W
Sony Alpha D-SLR 2x kit linsur
Stafræn Reflex myndavél frá Sony
10 megapixlar
Alpha-mount notar Sony og A-mount Minolta linsur
APS-C CCD (myndflaga)
Hristivörn á myndflögu
Rykvörn á myndflögu hamlar ryki í myndum
Lokuhraði 1/4000 - 30sek
2,5" LCD skjár
18-70mm linsa og 75-300mm linsa fylgja

109.999

BT LÁN
Verð frá: 3.162
59 mánaða

## CANON 400D
## ÞÚ VELUR PAKKANN

PRENTARI Í KAUPBÆTI

2178B006
Canon Pixma MP520

Fylgir MEÐ ÖLLUM TILBOÐUM
14.999

CANONEOS400D1855
CANON EOS 400D + 18-55MM
18-55mm linsa

99.999

BT LÁN
Verð frá: 2.897
59 mánaða

CANON400DBUNDLE
CANON EOS 400D
2X KIT LINSUR
18-55mm, 70 - 200 mm og batterígrip

129.999

BT LÁN
Verð frá: 3.691
59 mánaða

CANON400D1785
CANON EOS 400D 17-85MM IS USM
17-85mm linsa og batterígrip

149.999

BT LÁN
Verð frá: 4.220
59 mánaða

118.999,-

Apple-Námskeið FYLGIR

MB061DK/B
APPLE MACBOOK MB061 B
Intel Core 2 DUO 2.0 GHz
1GB DDR2 667MHz
80GB Serial ATA Harður diskur
Intel GMAX3100 144MB skjástýring
Slot loading CD-RW og DVD-ROM

13,3" Glossy WideScreen skjár - Upplausn 1280 x 800
BlueTooth, GBLan, FireWire
Þráðlaust Net 802.11N 300Mbps
Innbyggð iSight vefmyndavél

Mac OS X "Leopard" og iLife 08

BT LÁN
Verð frá: 3.426
59 mánaða

158.999,-

Apple-Námskeið FYLGIR

MB063DK/B
APPLE MACBOOK MB063 B
Intel Core 2 DUO 2.2 GHz
1GB DDR2 667MHz
160GB Serial ATA Harður diskur
Intel GMAX3100 144MB skjástýring
Slot loading DVD skrifari

13,3" Glossy WideScreen skjár - Upplausn 1280 x 800
BlueTooth, GBLan, FireWire
Þráðlaust Net 802.11N 300Mbps
Innbyggð iSight vefmyndavél

Mac OS X "Leopard" og iLife 08

BT LÁN
Verð frá: 4.485
59 mánaða

**ALLAR VERSLANIR BT OPNAR TIL 22:00 ALLA DAGA TIL JÓLA**

## HLJÓÐFÆRI HUGANS

**Njörður P. Njarðvík skrifar um íslenskt mál**

**Breytileiki lífsins**

Breytileiki lífsins er sannleikurinn. Maðurinn er það augabragð sem hann lifir og breytist á. Í lífi mannsins er aðeins til eitt augabragð þessa skilyrðislausa sannleika sem stendur stöðugur í eitt skipti fyrir öll, - og það er dauðastundin, sú stund þegar maðurinn hættir að lifa og breytast. Og það er jafnvel vafasamt hvort þetta augabragð er til í raun og veru. *Halldór Laxness: Salka Valka.*

**Framleiða öryrkja?**

So. framleiða merkir skv. Íslenskri orðabók að „annast tilurð á einhverju (í stórum stíl til sölu); smíða, búa til (einnig í stórum stíl til sölu)“. Þannig eru framleiddar plastvörur, bílar, húsgögn o.s.frv. Maður sér þá fyrir sér verksmiðju eða séstaka aðstöðu til **fjöldaframleiðslu**. En á dögum hins uppivöðslusama stofnanamáls er þessi sögn höfð um allt önnur fyrirbæri. Mér brá nokkuð að heyra í hádegisfréttum Ríkisútvarpsins 28. nóv. rætt um að „framleiða 1200 öryrkja á ári“. Nema þjóðfélagið í heild sinni megi kallast slík öryrkjaverksmiðja? Hver á að kaupa framleiðsluna?

**Að fjarlægja sig frá gagnrýni –**

er svo annað dæmi um hraklegt stofnanamál. Þorsteinn Þorsteinsson bendir á eftirfarandi klausu hjá mbl.is 21. nóv.: „Í viðtali við Jyllandspóstinn segir John Dueholm yfirmaður SAS samsteypunnar að félagið fjarlægi sig frá þessari gagnrýni. „Við höfum orð yfirvalda fyrir því að flugöryggi SAS sé í lagi,“ sagði hann.“ Kannski er betra að hafa flugvél til að komast nógu langt frá slíkri gagnrýni.

**„Markaðurinn hefur byrjað sterkt**

í kauphöllinni í morgun“ segir svo í fréttum Vísis 26. nóv. Og er enn eitt dæmið um furðulegt stofnanamálsklúður. Markaðurinn er hér gerandi, en sannast að segja byrjar markaðurinn alls ekki á neinu. Og hvað merkir **að byrja sterkt**? Hvernig hugsar fólk sem skrifar svona?

**Hleypa upp borholum?**

„Tveimur borholum hleypt upp á Þeistareykjum“ segir í fyrirsögn á forsíðu Mogunblaðsins 30. nóv. So. **hleypa upp** merkir að koma e-u í uppnám sbr. að hleypa upp dómi (með ofbeldi), hleypa upp fundi (með óspektum). Ennfremur að hleypa upp suðunni (á fiskinum). En mynd sem fylgdi greinni sýndi sem betur fer þrjá menn „þegar opnað var fyrir borholu“. Mér létti nokkuð við að lesa það.

**Kannski eru skilaboðin sú –**

segir svo í grein um barnabók í Morgunblaðinu 24. nóv. Það verð ég að segja, að ég átti ekki vona á að sjá svo hörmulega málvillu í bókmenntagagnrýni. Og það verð ég ennfremur að segja, að þessi dæmi í pistli dagsins bera málfari íslensks fjölmiðlafólks ekki beinlínis fagurt vitni.

**Braghenda**

*Það er svona þetta líf og því ég segi:*
*Fótasár þó fari vegi*
*fagna skal ég hverjum degi.*

*Vilji menn senda mér braghendu eða góðfúslegar ábendingar: npn@vortex.is*

# GÓÐ VIKA / SLÆM VIKA

## Góð vika fyrir...

**... listunnendur**

Sigurður Gísli Pálmason kaupsýslumaður hefur keypt hlut í Gallerí i8 sem stjórnað hefur verði af mæðginunum Eddu Jónsdóttur og Berki Árnasyni. Er litið svo á að rekstur gallerísins sé fyrir vikið öruggur og stefnt verði að flutningum í betra húsnæði á næstunni. Innkoma Sigurðar Gísla þykir mikið fagnaðarefni fyrir unnendur myndlistar.

**... kokk á Bahamaeyjum**

Sabor, veitingastaður meistarakokksins Völundar Snæs Völundarsonar á Bahamaeyjum, var í nýlegri kosningu valinn sá besti á eyjunni Grand Bahama. Völundur sjálfur var auk þess valinn besti kokkurinn. Hann hefur þó engan tíma til að týna sér í gleðinni því hann vinnur nú hörðum höndum að því að opna annan veitingastað á eyjunni.

**... unga baráttukonu**

Freyja Haraldsdóttir var útnefnd Kona ársins af tímaritinu Nýju lífi. Það er góður endir á viðburðaríku ári hjá henni en Freyja hefur barist ötullega fyrir málefnum fatlaðra.

## Slæm vika fyrir...

**... konung Rokklands**

Ólafur Páll Gunnarsson, útvarpsmaður á Rás 2, liggur undir ámæli tónlistarmanna í hljómsveitinni Klaufum fyrir að vilja ekki greiða þeim laun fyrir beina útsendingu frá tónleikum þeirra á dögunum. Ólafur vill meina að þeir hafi fengið greitt með ókeypis auglýsingum fyrir tónleikana á stöðinni en Klaufar kannast ekki við samkomulag þess efnis. Þeir krefjast þess að fá greidd hefðbundin laun samkvæmt taxta í samningi RÚV og FÍH. Ólafur segir ekki til greina koma að borga en FÍH bakkar Klaufana upp og telja þeir réttinn sín megin.

**... kraftakarla á Hrauninu**

Fangelsisyfirvöld hafa ákveðið að fjarlægja þyngstu lóðin úr lyftingasalnum á Litla-Hrauni. Þau vilja stemma stigu við auknum áhuga á kraftlyftingum í fangelsinu. Í staðinn eigi fangar að huga að fjölbreyttari líkamsrækt. Grétar Sigurðarson, sem frægur varð úr líkfundarmálinu, mótmælti þessum aðgerðum í Fréttablaðinu og sagði kraftlyftingarnar hafa hjálpað sér að snúa við blaðinu meðan hann sat inni.

**... markakóng úr Kópavogi**

Frá því í sumar hefur verið deilt um hvort Magnús Páll Gunnarsson, fótboltamaður í Breiðabliki, hafi skorað mark gegn FH eða hvort markið hafi verið sjálfsmark. Markið umdeilda tryggði Magnúsi Páli bronsskóinn sem þriðji markahæsti maður Íslandsmótsins. Í bókinni Íslensk knattspyrna 2007 sem kom út í vikunni tekur Viðir Sigurðsson undir sjónarmið íþróttafréttamanna Fréttablaðsins sem hafa alltaf talið markið sjálfsmark. Magnús Páll virðist því eiga færri og færri bandamenn sem telja hann bronsskóins verðan.

## HELGARKROSSGÁTAN

**Leystu krossgátuna**
**Í vinning eru tveir miðar í bíó í Regnbogann, Borgarbíó eða Smárabíó?**

Þú sendir SMS skeytið JA LAUSN LAUSNARORÐIÐ á númerið 1900! Dæmi hvernig SMS gæti litið út ef svarið er Jón. Þá sendir þú SMS-ið JA LAUSN JON
Dregið úr réttum svörum n.k. fimmtudag kl. 12. - 99 kr. sms-ið



| | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| MP & BH 95 | BUNDIÐ | ALÞÝÐA | | TJÖRUPAPPI | JAFNVEL | ÖSKRA | SLÆMA | | | | | | | | | | |
| → | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| BOR | | | MEGIN | | | | | | | | | | | | | | |
| LÍTILMENNI / BRESTIR | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| | GÆSLAN | SAMAN-BURÐAR-TENGING | SKAKKI | ÓREIÐA | | | | | | TÖFRA / ÞRÁ | | | | | | | |
| VANDRÆÐI / HÖGG | | | | | 1 | ENDA-VEGGJA / GORTA | | | | | | RÍKI Í SV-ASÍU / HLJÓÐFÆRI | | | | | |
| ↳ | | | | FLÝTIR | | | | ÁTT / KUNNINGI | | | SÍGA / NAFNORÐ | | | | | | |
| | | PLANTA / GARÐI | | | | | HÆTTA / Í RÖÐ | | | | | 2 | VILJUGUR / MÁNAÐAR-RIT | | | | |
| TALA | | | | GLEÐJA / DALVERPI | | | 3 | | MONTA / GALSI | | | | | | | ÚTHLUTUN | |
| RÍKI | | | 5 | | VAGGA / LÉLEGT MÓLAG | | | | | | GRÍSKUR BÓKSTAFUR / ÞUNNUR VÖKVI | | | SKÓLI / FYRIR HÖND | | | |
| BARDAGI | | | ÞJÁLFA | | | | DREIFA / STYNJA | | | LJÓS / RUSL | | | | | | | FORMÓÐIR |
| Á KVIÐI | | | | | | TAPA / LANDSPILDA | | | | | | NABBI / FÆÐA | | | | | 4 |
| | | | | RÁ | | | | MÁLMUR / ÓNEFNDUR | | | | | | 950 / GOLF ÁHALD | | | |
| | | | | | | | | | | | MÁLUM | | | | | | |
| | | | | SKELIN | | | | | FRUMEFNI | | | | | | | | |

Lausn krossgátunnar er birt að viku liðinni á vefnum, www.this.is/krossgatur

PEPSI MAX KYNNIR:

# SKÍFAN LIVE

UM HELGINA




## Skífan Kringlunni í dag



**Kl. 14.00 Sprengjuhöllin**
Ein vinsælasta hljómsveit landsins leikur lög af nýútkominni plötu.

**Kl. 15.00 Afhending á GullSkífu**
fyrir 2.500 eða fleiri seld eintök í verslunum Skífunnar



**Kl. 16.00 Mugison**
Sýnir snilldartakta og skrúfar upp boogie-ið að vanda.

## Skífan Smáralind í dag



**Kl. 14.00 Mugison**
Sýnir snilldartakta og skrúfar upp boogie-ið að vanda.



**Kl. 16.00 Sprengjuhöllin**
Ein vinsælasta hljómsveit landsins leikur lög af nýútkominni plötu.

Allir gestir fá **Quality Street** konfekt og **Pepsi Max**.
Þú getur látið taka mynd af þér með tónlistarmönnunum og fengið myndina prentaða og áritaða.

***Lifandi tónlist og fjör í Skífunni alla helgina!***



***Pepsi Max og Skífan Live allar helgar fram að jólum***

S·K·Í·F·A·N

EN/EMM / SIA / NM31333

GEFUR ÞÚ BARNINU BÓK Í JÓLAGJÖF?

ER ROSALEGUR

Fyrsta bókin í frábærum bókaflokki um Skelmi Gottskálks og Valkyrju Kain.

Ævispennandi frá upphafi til enda.

Jólasveinarnir koma einn af öðrum til byggða síðustu dagana fyrir jól. Hver kemur fyrst? Hver rekur lestina? Í þessari bók er allt á sínum stað, líka Grýla, Leppalúði og jólakötturinn.

Yndisleg og gullfalleg jólabók.




Fyrsta bókin í nýjum flokki um Spiderwick-fólkið. Enn meira spennandi en fyrri bækurnar.

Heillandi ævintýri handa krökkum frá 9 ára aldri.

HEIMSBÓKMENNTIR HANDA BÖRNUM

Þessi sígildu verk Charles Dickens og Jules Verne í myndasöguformi. Frábærar bækur handa börnum frá 10 ára aldri.

SKRUDDA
Eyjarslóð 9 – 101 Reykjavík
s. 552 8866 – skrudda@skrudda.is
www.skrudda.is




## STUÐ MILLI STRÍÐA Ferðalög í breyttum heimi

**SUNNU DÍS MÁSDÓTTUR** FINNST ALVEG NÓGU ERFITT AÐ KLJÁST VIÐ DAGFARSPRÚÐA TOLLVERÐI

Það er að verða leiðinlegra og leiðinlegra að ferðast á milli landa. Miðað við hryllingssögurnar af ferðum til Bandaríkjanna sem hafa komið fram á síðustu dögum er ég farin að efast um að ég muni nokkurn tíma leggja leið mína þangað. Ég er að vísu kannski óþarfa ofsóknaróð, en ég vil bara aldrei þurfa að lenda í þeim vægast sagt óþægilegu aðstæðum sem tvær íslenskar konur hafa lýst í vikunni, enda ber ég ótæpilega og afar óttablandna virðingu fyrir öllu í einkennisbúningi. Önnur íslensk kona sem ég þekki vel hefur lent í klónum á öðrum vörðum í öðru landi. Hún hafði gert það af sér að vera fárveik í fluginu, var því hvít í framan, svitastorkin og skelfilega rauðeygð. Fyrir vikið var hún dregin afsíðis, spurð í þaula um eiturlyfjaneyslu og fékk að upplifa upplífgandi líkamsleit. Hún var á barmi taugaáfalls þegar henni var sleppt.

Þó að laganna verðir í Leifsstöð eða á heimavelli mínum, Kastrup, séu töluvert dagfarsprúðari finnst mér samt lítið gaman að vera þukluð og dregin afsíðis trekk í trekk. Í síðustu viku gerðist ég sek um það algjöra hugsunarleysi að mæta í málmi skreyttum bol í flug til Danmerkur. Ég kann íslenskum vörðum allra bestu þakkir fyrir að hafa ekki tosað mig út í horn og neytt mig til að afklæðast á staðnum. Ég fékk í staðinn að standa gleitt og brosa blítt á meðan mjúkhent kona gekk úr skugga um að ég bæri engin vopn innanklæða.

Á heimleið sást eitthvað grunsamlegt í handfarangrinum, penni líklega, og ég var því tekin afsíðis. Þar spurði skælbrosandi miðaldra maður mig út í hvað ég hefði meðferðis, hvað ég væri að lesa, hvernig ferðin hefði verið og sleppti mér svo. Hann var afar geðþekkur, en ég var samt með hjartslátt þegar ég trítlaði í burtu.

Ég veit vel að þessar aðgerðir kallast öryggisráðstafanir af góðum og gildum ástæðum. En ekki get ég sagt að þetta geri skreppitúrana skemmtilegri.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli

### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell

### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

# Wii er komin
## í allar verslanir
# Skífunnar

# iPod er kominn
## í allar verslanir Skífunnar.

Mesta úrvalið af iPod fylgihlutum
og yfir 30.000 titlar af tónlist.

# Wii og iPod
## á betra verði í Skífunni

S·K·Í·F·A·N

**Leiðrétting**

*Í Fréttablaðinu í gær stóð að fyrirlestur Terrys Gunnell um íslenska jólasiði færi fram í Þjóðminjasafninu í dag kl. 15. Hið rétta er að fyrirlesturinn fer fram kl. 13. Hlutaðeigandi eru beðnir velvirðingar á mistökunum.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Uppselt á Hnotubrjótinn

Jólatónleikar Sinfóníuhljómsveitarinnar njóta mikilla vinsælda og eru fastur liður í jólahaldi margra fjölskyldna. Að þessu sinni verða tvennir tónleikar sem fara fram í Háskólabíói í dag kl. 14 og kl. 17.

Á efnisskránni eru kaflar úr ballettinum Hnotubrjótnum eftir Tsjaíkovskí. Til liðs við hljómsveitina koma ungir dansarar úr Listdansskóla Íslands sem dansa við tónlistina.

Pjotr Tsjajkovskí fæddist í Rússlandi 1840 og dó 1893. Hann samdi margs konar tónlist, meðal annars sinfóníur og óperur, en frægastur er hann þó fyrir balletta sína. Hnotubrjóturinn var eitt síðasta verk Tsjaíkovskís, frumfluttur 1892. Ballettinn gerist á aðfangadagskvöld hjá Stahlbaum-fjölskyldunni. Systkinin Klara og Fritz taka spennt á móti gestunum, meðal annars Drosselmeyer frænda, sem þeim finnst frekar dularfullur náungi. Hann er leikfangasmiður og

**TSJAÍKOVSKÍ** Eitt ástsælasta tónskáld Rússa fyrr og síðar.

færir Fritz forláta trommu, en Klara fær brúðu sem er líka hnotubrjótur. Bróðir hennar verður afbrýðisamur og rífur dúkkuna af henni. Að endingu brotnar dúkkan í öllum hamaganginum, og Klara er gjörsamlega miður sín. Frændanum tekst þó að laga hana aftur, og seinna um kvöldið sofnar Klara undir stóra jólatrénu með hnotubrjótinn í fanginu. Á miðnætti vaknar Klara að nýju og þá fer dularfull atburðarás af stað.

Trúðurinn Barbara verður í Háskólabíói til þess að hjálpa börnunum inn í töfraheim tónlistarinnar á sinn einstæða hátt. Barbara er eins og kunnugt er sköpunarverk Halldóru Geirharðsdóttur leikkonu og er kynnir og sögumaður á Tónsprotanum, fjölskyldutónleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar, í vetur.

Á undan tónleikunum munu stúlkur úr skólakór Kársness syngja jólalög í anddyri Háskólabíós. Stjórnandi hljómsveitarinnar er Gary Berksson.- vþ

**> Ekki missa af...**

fiðluleikaranum Unu Sveinbjarnardóttur sem leikur fyrir gesti og gangandi á Kaffi Hljómalind, Laugavegi 21, í dag kl. 16. Tilefnið er útkoma fyrsta geisladisks Unu, en hann nefnist Fyrramál og kemur út á vegum Smekkleysu.

www.rainbow.is

Sjálfstætt lofthreinsi og rakatæki

Hreinsar loftið í gegnum vatn og gefur frá sér raka. Margar teg. ilmefna. Einnig lyktareyðir sem fjarlægir t.d. tóbakslykt og matarlykt.

Hrein þjónusta ehf
Dalbraut 3, 105 Rvk
567 7773 - Kvöld og helgar s. 897 2800

# Verðlaunahafinn frá Leipzig

**Kammersveitin heldur árlega jólatónleika sína í Áskirkju á morgun kl. 16, að þessu sinni undir yfirskriftinni Verðlaunahafinn frá Leipzig. Að þessu sinni verður áherslan á tónlist eftir meistarana G.F. Händel og J.S. Bach, sem báðir voru fæddir árið 1685.**

**ELFA RÚN KRISTINSDÓTTIR OG KAMMERSVEITIN** Koma fram á árlegum jólatónleikum á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Öll verkin á efnisskránni eru vel þekkt og vinsæl verk og má því segja að þetta sé nokkurs konar konfektmolaprógramm, sem verður að teljast vel við hæfi á þessum árstíma góðgætis.

Kammersveitin leikur þætti úr öllum Vatnasvítum Händels. Hljómsveitin telur yfir tuttugu manns við flutninginn og nýtur liðsinnis horn- og trompetleikara. Jafnframt flytur sveitin 3. Brandenborgarkonsertinn eftir J.S. Bach. Konsertinn verður fluttur eins og talið er að hafi verið gert á tímum tónskáldsins með því að þrjár fiðlur, þrjár víólur og þrjú selló leika hinar níu raddir verksins.

Hápunktur tónleikanna verður þó þegar Elfa Rún Kristinsdóttir fiðluleikari kemur fram. Hún vann til fyrstu verðlauna í Bach-keppninni í Leipzig sumarið 2006 og er því verðlaunahafinn sem yfirskrift tónleikanna vísar til. Hún leikur tvo konserta eftir J.S.Bach, í g-moll og d-moll. Þessir konsertar hafa þekkst eingöngu sem sembalkonsertar, en undanfarin ár hafa fræðimenn komist að því að þeir eru að öllum líkindum upphaflega samdir fyrir fiðlu.

„Konsertarnir sem ég leik eru fremur ólíkir. Annar er ákaflega lagrænn og fallegur en frekar stuttur. Hinn er lengri og mjög krefjandi. Ég hef heyrt þessa konserta leikna á fiðlu erlendis, en þetta verður í fyrsta skipti sem þeir verða fluttir í þeirri mynd hérlendis eftir því sem ég best veit," segir Elfa Rún um verkin sem hún leikur á morgun.

Elfa Rún lauk námi í febrúar síðastliðnum og fluttist þá til Berlínar þar sem hún starfar sem tónlistarmaður. „Ég er í lítilli tilraunakenndri kammersveit, Solisten-ensemble Kaleidoskop, sem er sérstaklega gaman að starfa með. Við gerum í því að blanda saman sígildri tónlist og nýrri og brjótum oft upp tónleikaformið. Við höfum haldið tónleika þar sem áhorfendur sátu í miðjum salnum á pappakössum, tónlistarmennirnir umkringdu þá og stjórnandinn stóð í miðjum áhorfendahópnum. Nú á döfinni eru hip-hop barokktónleikar þar sem leikið er á gömul og ný hljóðfæri og fram koma meðal annars breikdansarar. Svo starfa ég einnig með strengjakvartett, en við vinnum aðallega í törnum þar sem einn meðlimur er búsettur utan Berlínar."

Elfa Rún hefur því í meiru en nógu að snúast í Þýskalandi. Hún er þó alltaf með annan fótinn á Íslandi og leikur meðal annars á tónleikum með Víkingi Heiðari Ólafssyni í janúar á næsta ári og kemur fram með Sinfóníuhljómsveit Norðurlands í mars. vigdis@frettabladid.is

Tilnefnd til barnabóka-verðlauna vestnorræna ráðsins

„Þetta er frábær bók, reist á sagnahefð, útilegumanna-sögum og þjóðsögum."
Friðbjörg Ingimarsdóttir / Morgunblaðið

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is



**FRÍKIRKJUKÓRINN Í HAFNARFIRÐI** Syngur jólalög á tónleikum í dag.

## Hátíð sungin inn

Hátíð fer að höndum ein . . . er yfirskrift jólatónleika Fríkirkjukórsins í Hafnarfirði sem haldnir verða á morgun kl. 17 í Fríkirkjunni í Hafnarfirði. Á tónleikunum verður hátíðleg jólastemning með léttum og skemmtilegum jólalögum í bland við hátíðlega jólasálma. Hljómsveit spilar með kórnum og einnig munu einsöngvarar stíga á stokk. Þarna gefst tækifæri til að komast í jólaskap en kórinn hefur vakið athygli fyrir léttan og skemmtilegan, en jafnframt vandaðan tónlistarflutning á undanförnum árum. Miðar verða seldir við innganginn á 1.500 kr. - vþ

# BT

JÓLIN ERU AÐ KOMA

## TOSHIBA

PSAFGE-034012N5
TOSHIBA SATELLITE A210-184
AMD Athlon X2 TK-55
15.4" TFT WXGA TruBrite
- 1280 x 800 Upplausn
ATI Mobility X1200 319MB
1GB Vinnsluminni (1x1GB)
160GB Harður diskur
1.3MP netmyndavél og hljóðnemi
DVD skrifari Dual Layer
Innbyggt þráðlaust netkort
Lyklaborð í fullri stærð
Innbyggður 5 - 1 kortalesari
4xUSB2 / FireWire / TV out
Aðeins 2,72kg á þyngd
Windows Vista™ Premium
2ja ára alþjóðleg ábyrgð

20.000 KR VERÐLÆKKUN!!

15,4"

99.999

FYLGIR 17.999

1. GREIÐSLA 1. apríl 2008

BT LÁN
Verð frá: 2.897 59 mánaða

ÍSLANDSKORTIÐ KOMIÐ Í BT

Garmin Nuvi 250
21.999

EINFALT AÐ TAKA AFRIT

LACIE BLACK
301284E - LACIE 320GB BLACK
301285E - LACIE 500GB BLACK
301301E - LACIE 1TB BLACK
12.999 320GB
18.999 500GB
27.999 1TB

20.000 KR VERÐLÆKKUN!!

14"

250GB Harður diskur
Ati Radeon X2400
2GB Vinnsluminni
Intel Core 2 Duo
Bluetooth

156943-ACER
ACER ASPIRE AS4920-1A2G25
Intel Core 2 Duo T5250
ATI RADEON X2400 256MB
14" WXGA CRYSTALBRITE
2GB DDR2 vinnsluminni
250GB harður diskur
Innbyggð vefmyndavél
Kortalesari
DVD Skrifari
WiFi - Intel b/g/n
GB Lan tengi
BlueTooth innbyggt
FireWire tengi
Windows Vista
Home Premium

99.999
119.999
1. GREIÐSLA 1. apríl 2008
BT LÁN
Verð frá: 3.426 59 mánaða

SONY
DSCW80S
7,2 Megapixlar
BIONZ örgjörvi (ALPHA)
2,5" LCD skjár
Sjálfvirkt andlitsleitarkerfi
Super SteadyShot histivörn
24.999
FYLGIR 4.999
139113 Sandisk Memorystick Produo 1gb

10.000 KR VERÐLÆKKUN!

32"

Panasonic
TX-32LE7F
PANASONIC 32" LCD LE7
Myndstýring: VIERA
Upplausn: 1366x768 HD ready
Contrast Automatic tracking system
Video noise reduction
Borðstandur fylgir
3D Comb filter
Progressive Scan
Q-link og VIERA link
Contrast: 1:1200
Birta cd/m2: 550
Svartími: 8ms
HDMI tengi: 1

FRÍTT ADSL OG 60 SJÓNVARPSSTÖÐVAR AÐ VERÐMÆTI 23.000,-

89.999
99.999
1. GREIÐSLA 1. apríl 2008
BT LÁN
Verð frá: 2.897 59 mánaða

ENGAR SPÓLUR Ekkert vesen

Panasonic
PANASONIC CAMCORDER 30GB
SDR-H20EB-S
30GB Harður diskur 2.7 " breiðtjaldskjár
Mega O.I.S. (Optical Image Stabilizer)
Anti Shock Shield
Colour Night View
108TBC5
49.999
FYLGIR 4.999

**ALLAR VERSLANIR BT OPNAR TIL 22:00 ALLA DAGA TIL JÓLA**

GERÐUBERG
www.gerduberg.is

**Allt í plati!**
Sýning úr söguheimi Sigrúnar Eldjárn

**Þetta vilja börnin sjá!**
Myndskreytingar úr íslenskum barnabókum 2007

**Einn og átta...**
Sunna Emanúelsdóttir sýnir handgerða jólasveina, Grýlur og Leppalúða

**Málverkasýning Togga**
Þorgrímur Kristmundsson, alþýðulistamaður, sýnir landslagsmálverk

Sýningarnar standa til 13. janúar og eru opnar virka daga frá 11-17 og um helgar frá 13-16.

# Þjóðmál komin út

Vetrarhefti tímaritsins Þjóðmála er komið út. Meðal efnis er ritgerð eftir heimsþekktan hagfræðing, Geoffrey Wood, um kosti nýs gjaldmiðils fyrir Íslendinga. Bjarni Bragi Jónsson hagfræðingur vísar slíkum hugmyndum á bug í annarri ritgerð. Gísli Freyr Valdórsson birtir nýja rannsókn um hlutdrægni fréttastofu Útvarps. veturinn 2006–2007. Guðni Th. Jóhannesson rýnir í óbirtar dagbækur Gunnars Thoroddsen. Þá svarar Skúli Magnússon Kínafari ritdómi Morgunblaðsins um ævisögu Maós.

JAKOB F. ÁSGEIRSSON RITSTJÓRI ÞJÓÐMÁLA

Af öðru efni má nefna að Benedikt Jóhannesson skrifar um almannatryggingakerfið. Kristján Kristjánsson bregst til varnar Maríubréfi Einars Más Jónssonar, Björn Bjarnason rekur gang mála í Orkuveitu-hneykslinu og fleira efni er í heftinu. Í bókadómum skrifar Björn Bjarnason um Guðna af lífi og sál eftir Sigmund Erni Rúnarsson og Dag í Bagdad eftir Davíð Loga Sigurðsson og Ragnhildur Kolka fjallar um Íslamista og naívista eftir Karen Jespersen. Þjóðmál eru 96 bls. Ritstjóri er Jakob F. Ásgeirsson. Útgefandi er Bókafélagið Ugla.

# Spurningar um Davíð

Nú þegar út er komin stór ævisaga Davíðs Stefánssonar má spyrja hvers vegna hún er svona seint á ferðinni? Davíð Stefánsson var jú uppáhald þjóðarinnar allt frá því að Svartar fjaðrir komu út og til þess að dró úr sýningum á Gullna hliðinu, í nær þrjátíu ár var hann metsöluhöfundur, ljóðabækur, ein skáldsaga og eitt leikrit eftir hann skipa topp tíu listann í hverri grein skáldskapar á síðustu öld. Og enn syngja menn ljóð hans: lagboði Atla Heimis færði þjóðinni nýtt þjóðkvæði þegar Slá hörpu mína var tónsett. Raunar má leiða líkur að því að í bókum hans leynist miklu, miklu fleiri kvæði sem vert væri að tónsetja, þótt Megas, Páll Ísólfsson og Þórir Baldursson hafi fundið þar efni við sitt hæfi.

Ævisögur á borð við þá sem Friðrik G. Olgeirsson hefur skráð verða bara ritaðar einu sinni og verða þaðan í frá grundvallarrit. Friðrik gengur til verks af elju og nákvæmni um flesta hluti, hann er aftur ekki mjög hugdjarfur höfundur, lotning hans fyrir Davíð er full mikil, enda eimir enn eftir af hégómlegri lotningu um skáldið sem hefur skaðað það mikið. Sú ráðstöfun að skipa Davíð bókavörð á Akureyri í árslok 1924 vekur til dæmis engar spurningar: hver var það í stjórn Íhaldsmanna sem beitti sér fyrir því? Þá verður að kafa býsna djúpt í öll samskipti skáldsins til að greina hann í flokka lengi framan af þótt hann sé greinilega þjóðlegur íhaldsmaður og verði er á líður í hópi þeirra höfunda sem skipuðu sér í hóp skjólstæðinga Almenna bókafélagsins.

Nú getur Friðrik færst sér til málsvarnar að handrit hans hafi verið orðið fullstórt, en á eitt höfuðskáld okkar frá síðustu öld ekki skilið vandlega könnun? Hér er flestu haldið til haga af persónulegum háttum hans, þótt samband hans við Huldu Stefánsdóttur sé ekki umbúðalaust kallað ástarsamband sem blasir við lesanda: þau Davíð elta hvort annað um löndin þar til Hulda tekur þá afstöðu að ná sér í mann með eignir. Eins er samband hans við Gerd Grieg ekki að fullu greint. Samskipti hans við útgefendur fær sitt eðlilega pláss og er að fullu skýrt: með þeirri úttekt og nýlegri umfjöllun Hjálmars Sveinssonar á áhuga Ragnars í Smára kemur skýrt í ljós hvað ástand útgáfumála var í raun bágborið hér lengi.

Í öllu verkinu er vitnað til skáldskapar og er fróðlegt að lesa þann skáldskap allan. Hugmyndafræðileg stúdía á ljóðheimi skáldsins hefði mátt vera ítarlegri til að kynda undir áhuga manna. Þá er skoðun á leikverkum hans með augum samtíðarmanna alls ekki fullnægjandi til að skilja hvað hann hafði fram að færa í raun og veru: Gullna hliðið má með sanni kalla fyrsta íslenska leikritið sem nær almannahylli, fyrir tíma þess eru það einungis revíur Haraldar Á. og leikgerð Indriða og Emils á Manni og konu sem nær álíka aðsókn og má þá vísa til Fjalla-Eyvinds Jóhanns sem forgönguverks. Eftir það koma fleiri revíur, Íslandsklukka Lárusar Pálssonar og loks fyrstu verk Agnars Þórðarsonar og Múlabræðra – allt er þetta fyrir hið umtalaða upphaf íslenskrar leikritunar með Hart í bak Jökuls sem innanhússmenn í Iðnó hafa lamið inn í leiklistarsöguna sem eitthvert upphaf.

Bókin er ríkulega myndskreytt en því miður eru prentgæði slík að til skammar er bæði útgefanda og prentsmiðju: sú tíska sem komst á að taka ljósmyndir inn í meginmál í stað þess að leggja þær undir myndasíður skilar alla jafna lakari prentgæðum. Prentsmiðja á að taka vara á því við útgefanda og vitaskuld eiga hvorki prentsmiðja né forleggjari að bjóða upp á aðra eins vinnslu í myndum eins og er í þessari útgáfu. Sá hluti bókarinnar er ónýtur.

**BÓKMENNTIR**

**Snert hörpu mína**
Ævisaga Davíðs Stefánssonar frá Fagraskógi
Friðrik G. Olgeirsson

★★★

Grundvallarverk – en vekur margar spurningar sem enn er ósvarað.

En ævisagan er gagnleg: hún leysir ekki þá gátu í hverju töfrar manns og skálds voru fólgnir. Hún rétt tæpir á hvernig einangrun hans var smíðuð í smábænum Akureyri, hún kryfur ekki tilfinningalega og pólitíska afstöðu skáldsins, en hún verður þrátt fyrir það grundvallarrit okkar sem höfum áhuga á að Davíð Stefánssyni verði sýndur sá sómi sem kynslóð kaldastríðs og viðreisnar bjó honum. Sú hugsun hvarflar oft að manni í þessu verki: hvað hefði orðið um Davíð Stefánsson ef hann hefði fylgt Einari Olgeirssyni til Reykjavíkur og lent þar í fátækt og stéttarbaráttu?

**Páll Baldvin Baldvinsson**

# Guðfaðir kveðinn í kútinn

**BÓKMENNTIR**

**Drengmóður**
Garðar Baldvinsson

★★★

Fínn ásetningur en ekki þroskaður skáldskapur

Bernskuminning skáldsins. Sögur og leifturmyndir frá liðinni tíð. Uppvöxtur við erfiðar og óvenjulegar aðstæður; dreggjar samfélagsins, íslenskt gettó, utangarðsfólk í skjóllausu skýli, brostin fjölskyldubönd, bókstafstrú með refsivönd á lofti, djöfullinn, ómegð, áfengi, ástríðuglæpir, ofbeldi á heimili, ofbeldi gagnvart börnum, óeðli, ógn, vopn á lofti, guðfaðir fellur af stalli. Minningarnar hverfast um ömmu, afa, mömmu, höfund, bróður hans og feður þeirra. Í brennidepli eru tveir atburðir; „nótt hnífsins“ / „það ósegjanlega“ (hvörf bókarinnar) og brotthvarf bróðurins – í margræðri merkingu. Hressilegur kveðskapur þótt átökin við ljóðformið séu hvorki lýtalaus né nýstárleg – og myndbyggingin svolítið yfirgengileg á köflum.

Skáldið metur áhrif æskureynslunnar á ævidaginn, áhrif þagnarinnar ekki síst (sem skáldið nú rýfur) og gefur yrkisefninu víðari skírskotun með vísunum til heilagrar ritningar – sem eru nokkuð trúverðugar af því þær eiga sér eðlilega forsendu í minningunni (bókstafstrú fjölskyldunnar). Biblíumyndin af sambandi föður og sonar (sem er írónísk speglun); „faðir elskaði heim, gaf son sinn“ (60), amman sem alsjáandi guð í auga barns, syndafalls-samband þeirra bræðra (Kain/Abel), sonarfórnin, sálma- og bænastaglið í ljóðstílnum, beinar og óbeinar tilvísanir í kristileg kærleiksblóm; allt á þetta sér rót í uppeldinu og sprettur af því boðorði bernskudaganna að þurrka út mörkin milli veruleikans og bókarinnar helgu. Um leið færir skáldið (persónulegt) erindi sitt nær lesandanum og reynir að vekja upp samsvarandi erkitýpur í dulvitund hans. Ekki slæm tilraun þótt víða sé nokkur þverbrestur í ljóðasmíðinni – lokaljóðið drukknar til dæmis og sekkur í blálokin (103-105) í offlæði vísana og tilvitnana sem tvístra erindi þess og spilla heildarmynd bókarinnar. En fallegir ljóðrænir straumar á milli um; „andar um nætur um hálsmál innanhúðar“ (103).

Samhliða efnishvörfum bókarinnar – sem eiga sér stað í miðju ljóði á blaðsíðu 44 – verða samsvarandi stílhvörf og eru tök skáldsins á þeim hamskiptum í senn kennimark bókarinnar og helsta kúríósa; fyrir og eftir „hið ósegjanlega” (44-55). Fram að hvörfunum er stíllinn einfaldur og gagnsær, frásögnin auðskilin og barnsleg, efnið augljóst og skýrt. Frá og með hvörfunum er stíllinn

**BÓKMENNTIR** Garðar Baldvinsson ljóðskáld og bókmenntafræðingur.

hins vegar myrkur, myndmálið flókið (jafnvel þvælið), tjáningin hávær en kæfð, tákn (hnífur, spjót, auga, hraun, o.s.frv... ) og felumyndir leysa af hólmi einfalda augljósa birtingu: Efnið þolir ekki dagsljósið, „hið ósegjanlega“ samrýmist ekki berorði skáldsins, er leyndarmál sem þó er skáldinu sáluhjálp að þegja ekki yfir; mótsögn og áskorun sem skáldið (alsjáandi samviska) mætir með háværu táknmáli sem ætlað er allt í senn að grafa undan þögninni, létta henni og úthýsa og kjafta hana í hel – án þess að berhátta viðmiðið og eiga þá á hættu að „eftirlíkingin“ einangrist og tapi gildi sínu fyrir lesandann. Enn og aftur; fínn ásetningur en ekki þroskaður kveðskapur, þyrnóttur og eftir að reyta arfann, röddin leitandi, víða ansi sprök í lokahendingum ljóðanna og „myndin“ þá „hálfmáluð“ fyrir vikið. En einnig víða falleg lýrík, einlæg og sár; „blóðrák í minni ... hugrænt tár“ (64-65). Súrt og sætt.

**Sigurður Hróarsson**

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Geirmundur Valtýsson í kvöld
Fjölbreyttur sérréttaseðill og tilboðsmatseðill á leikhúskvöldum
KRINGLU KRÁIN

ÁST
Í samstarfi við Vesturport
SÖNGLEIKUR EFTIR GÍSLA ÖRN GARÐARSSON OG VÍKING KRISTJÁNSSON
7. og 8. des uppselt
30. des
Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is

Aðventan í Norræna húsinu
Öll fjölskyldan finnur eitthvað við sitt hæfi í notalegu umhverfi Norræna hússins.
Dagskrá helgina 15. og 16. desember
12.00 Jólahlaðborð
Girnilegt norrænt jólahlaðborð í Alvar A – matur og drykkur
12.34 Lifandi jóladagatal
Hvað er í glugganum í dag?
13.00 Barnadagskrá í bókasafninu
Laugardag 15. des.
Strengjaleikhúsið sýnir Litla trommuleikarann undir stjórn Messíönu Tómasdóttur.
Barnakór Neskirkju syngur jólalög.
Sunnudag 16. des.
Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson rithöfundur og söngvari flytur fjölbreytta dagskrá fyrir börnin.
12.00 – 17.00 Jólamarkaður
Hönnunar – og handverksmarkaður í sýningarsal í kjallara hússins.
Jólaglögg, eplaskífur og aðrar léttar veitingar seldar á staðnum.
Enginn aðgangseyrir er að dagskrá hússins.
Sjá nánar: www.nordice.is
Norræna húsið, Sturlugötu 5, 101 Reykjavík, sími 551 7030

# TIL HAMINGJU MEÐ GULLIÐ

S·K·Í·F·A·N

Yfir 2.500 eintök seld í Skífunni

S·K·Í·F·A·N

Yfir 2.500 eintök seld í Skífunni

# GULLSKÍFURNAR

## VERÐA AFHENTAR Í SKIFUNNI KRINGLUNNI KL 15:00 Í DAG

## > HANNAÐU EIGIN FÖT

Sniðug nýjung og enn sniðugri jólagjöf er í boði hjá versluninni Fígúru á Skólavörðustíg. Þar getur fólk látið þrykkja allt sem það lystir á leggings, boli, peysur og kjóla en búðin býður upp á vandaðar American Apparel vörur í öllum litum sem grunn. Upplagt fyrir alla sem vilja uppgötva eigin tískuhönnuð. Sjá www.myspace.com/figurastore

**stíll**

utlit@frettabladid.is

Dásamlega töff prjónaslá frá Kind. Fæst í Liborius, Laugavegi.

Hipp og kúl tösku vetrarins, sem er hönnuð af Hrafnhildi og fæst í Trilogiu, Laugavegi.

OKKUR LANGAR Í ...

Svartan og fallega sniðinn jakka frá Undercover, fæst í Liborius, Laugavegi.



## DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA

**Anna Margrét Björnsson**

# *Að finna heimilisgyðjuna í sjálfri sér*

Í öllu stressi jólanna er stundum furða að maður gefi sér tíma til þess að skreyta heima hjá sér, hvað þá að hitta vini og vandamenn. En einhvern veginn smellur þetta allt saman þessar tvær vikur fyrir jól: að vera á haus í vinnu, finna jólastemningu heima fyrir og hafa „sósíal“ dagatalið fullt. Ósjálfrátt verður heimilið hreinna og fegurra eftir að jólaskrautið er komið upp, því það er kominn ákveðinn hátíðleiki í híbýlin og ekki hægt að skemma stemninguna með óhreinum diskum og þvotti úti um allt. Allt í einu finnur maður tíma til þess að búa til alvöru kvöldmat og fylla heimilið af dýrðlegri matarangan í bland við greniilm og piparkökulykt. Töfrum líkast er vanalega tómur ísskápurinn að svigna undan ostum og kæfum og síldarkrukkum og auðvitað nokkrum kampavínsflöskum, svona til öryggis. Aldrei að vita hver droppar inn. Ég horfði á heimilisgyðjuna Nigellu Lawson með aðdáun um daginn í sjónvarpinu þegar hún var að búa til jólaveislu án mikillar fyrirhafnar. Húsið hennar var alsett seríum og dempuðum ljósum og hún sveif á milli fólks í flegnum svörtum kokkteilkjól með svínarif í annarri hendinni og kampavínsflösku í hinni og brosti blítt til gesta. Einhvern veginn getur maður ekki verið á joggingbuxum heima hjá sér í þessu myrkasta skammdegi í kringum öll kertaljósin. Þetta er tíminn til að draga fram kvenlegu pilsin, kasmírpeysur og kjóla og ganga einungis í háum hælum innandyra (ekki getur maður verið í þeim úti í slabbinu). Dansa svo með snitturnar inn í stofu í takt við notalegan jóladjass á meðan maður steikir nokkur akurhænsn í ofninum og dreypir á púrtvíni. Hljómar kannski eins og klisja úr gamalli bíómynd en hvað eru jólin nema falleg klisja hvort eð er? Hér eru nokkrir hlutir sem eru bráðnauðsynlegir fyrir allar heimilisgyðjur: 1. Ilmkerti með jólalykt. Bestu ilmirnir eru frá Anick Goutal og Crabtree&Evelyn. 2. Fjaðraskraut í hárið. Þetta er aldeilis tíminn til að vera eins og skrautfugl. 3. Silfraðir eða gylltir skór. Lífga upp á alla svarta kjóla og passa líka við jólaskrautið. 4. Ryksuga. Fyrir allar þessar greinálar sem vilja hrynja um öll gólf. 5. Sérríflaska. Þessi ömmulega áfengistegund yljar gestum um hátíðarnar.

**SPARIFÖTIN Í NONNABÚÐ** Hvít spariskyrta frá April 77, vesti frá Dead, sparijakkar frá Dead, smókingbuxur frá April 77.

FÍNASTA PÚSSIÐ

# Heiðarleg föt fyrir hátíðarnar

Fyrir haust og vetur 2007-8 sýndu hönnuðir í París ýmis tilbrigði við jakkaföt fyrir herra. Anne Demeulemeester og Christian Dior sóttu áhrif til byrjun tuttugustu aldar með rómantískum skyrtum við klassískan smóking, en tískuhús eins og Burberry, Gucci og Prada voru með fremur nútímaleg jakkaföt þar sem bindum og slaufum var alfarið sleppt. Jón Sæmundur Auðarsson, listamaður og tískuhönnuður, segir að jólafötin hjá Dead-búðinni á Laugavegi í vetur verði „Heiðarleg, vel gerð og duga fram yfir næstu jól. Fötin eru hönnuð með listamanninn og rokkarann í huga, eru rómantísk og sparileg en jafnframt þægileg.“ Dead er einnig með franska merkið April 77 en frá því má finna þrönga sparijakka og „smóking“ buxur. „Við erum líka með fallegar silkislaufur og bindi í anda 6. áratugarins frá April 77 og hin sívinsælu Dead-hauskúpubindi,“ útskýrir Jón, sem segist alltaf vera í sínu fínasta svarta pússi og með bindi á aðfangadagskvöld. Það er annars nóg að gerast í Dead-búðinni um jólin, jólaglögg í boði um helgar og næsta föstudag spilar hljómsveitin Naflakusk í tilefni nýútgefinnar plötu.

**- amb**

**GAMALDAGS OG SMART** Flauelsjakki í anda Oscar Wilde frá Christian Dior.

**EINFALT** Hvít smókingskyrta við háar buxur frá Christian Dior.

**TÖFF OG LISTAMANNALEGT** Jakki og skyrta frá Anne Demeulemeester.

náttkjóll 2.990

brjóstahaldari 2.490

silfurskór 1.990

naríur 599

gull naríur 1.490

náttkjóll 2.490

sloppur 3.990

TOPSHOP

KRINGLUNNI OG SMÁRALIND

# JÓLAGJAFIR VÉLHJÓLAMANNA- OG KVENNA.

**Í MOTORS** er úrval fatnaðar fyrir vélhjólafólk. **Loksins á Íslandi** vandaður vélhjólafatnaður á sama verði og á meginlandi Evrópu.
**Ef þú vilt virkilega splæsa** - þá eru handunnu vörurnar eitthvað fyrir þig; hjálmar, hlífðargleraugu eða skór, sérsmíðað og handunnið fyrir þig og þína.
**Besta jólagjöfin** fyrir vélhjólafólkið er svo auðvitað **gjafakort** í MOTORS.

**LOOKWEEL**

'74 LTD leðurjakki karla, **22.500,-**

**WESCO**

Handsaumuð mótorhjóla- göngu- og vinnustígvél

**LOOKWEEL**

Diablo leðurjakki kvenna, **23.500,-**

Luna leðurbuxur kvenna, **17.800,-**

**LEON JEANTET**

Handsmíðuð hlífðargleraugu frá Frakklandi

**LOOKWEEL HANSKAR**

Hanskar verð frá **2.500,-** til **8.900,-**

**DAVIDA**

Handsmíðaðir hjálmar frá Englandi

**SPEEDFLEX**

Textil buxur og jakkar frá LOOKWELL

Buxur karla/kvenna. Verð **17.700,-**

Jakki karla/kvenna. Verð **23.500,-**

**GJAFAKORT - FRÁBÆR HUGMYND**

Jólagjöf - ef þér þykir virkilega vænt um einhvern

MOTORS

Sérverslun vélhjólamannsins
Laugavegi 168, gengið inn frá Nóatúni ::: Sími 511 2121

## > HÁRPRÚÐIR PILTAR

Take That-söngvarinn Gary Barlow var valinn hárprúðasti tónlistarmaðurinn í könnun sem framkvæmd var á vegum hárvörufyrirtækisins Brylcreem. David Beckham þótti smekklegastur til hársins af íþróttamönnum og Jude Law skákaði öðrum hárprúðum leikurum.

fólk

folk@frettabladid.is

# Reese og Vince rífast stöðugt

Samstarf þeirra Reese Witherspoon og Vince Vaughn við tökur á myndinni Four Christmases gengur ekki sérlega vel. Þau fara með aðalhlutverkin í þessari rómantísku gamanmynd, en fréttir herma að tökum seinki ítrekað vegna endurtekinna rifrilda leikaranna um framkomu Vince Vaughn.

Witherspoon og Vaughn hafa víst mjög ólíkar hugmyndir um leiklistina, og þykir Óskarsverðlaunaleikkonunni ekki mikið til afslappaðra hugmynda Vaughn koma. „Vince kemur á tökustað á morgnana útlítandi eins og hann sé að koma beint af djamminu, á meðan Reese mætir snemma og er tilbúin í tökur," segir heimildamaður New York Daily News. „Svo reynir Reese að fá Vince til að æfa hverja senu og fara í gegnum línurnar, á meðan Vince reynir að sannfæra hana um að hann vilji leika sér með senuna og sjá hvernig hún þróast. Hún er einnar töku týpa með fullkomnunaráráttu og Vince vill prófa nokkrar mismunandi útgáfur. Stundum þegar hann stendur fyrir aftan hana lítur hann út eins og hann vilji helst drepa hana," segir heimildarmaðurinn.

Four Christmases fjallar um par sem reynir allt hvað það getur til að heimsækja foreldra sína fyrir jólin, en bæði foreldrapörin eru skilin. Frumsýning er áætluð í desember á næsta ári.

**ÓSÁTTUR** Vince Vaughn ku vera orðinn mjög pirraður á samstarfinu við Reese Witherspoon.

**MEÐ FULLKOMNUNARÁRÁTTU** Reese Witherspoon er „einnar töku týpa" að sögn heimildarmanns New York Daily News.

**BLÓMSTRA** Beckham-hjónin eru himinlifandi með lífið og tilveruna og nutu samvera við íturvaxnar stúlkur á strípiklúbbi.

# Beckham-hjónin á strípiklúbbi

**Tónleikaferðalag Kryddstúlknanna um heiminn virðist fara vel með samband David og Victoriu Beckham og segjast skötuhjúin njóta hverrar mínútu saman.**

Þau David og Victoria létu vel að hvort öðru á einum frægasta súlustað heims, Spearmint Rhino í Vegas, og nutu þess að drekka dýrt kampavín á meðan íturvaxnar stúlkur stigu exótískan dans fyrir framan þau. Stjörnuparið naut samveranna við fáklæddar stúlkur í þrjár klukkustundir áður en þau héldu upp á hótelherberrgi þar sem partíinu var haldið gangandi langt fram á nótt.

„Við höfum aldrei skemmt okkur eins vel," sagði Victoria Beckham við breska blaðið The Sun og var ekkert að fela dvöl sína á strípiklúbbi. „Við höfum ekki haft það svona skemmtilegt síðan að Brooklyn kom í heiminn," bætti hún við. Ekki er langt síðan að hjónaband Victoriu og David stóð á brauðfótum eftir meint ástarsamband knattspyrnumannsins við hina léttúðugu Rebeccu Loos. Victoria hefur sjálf lýst því yfir að hún hafi átt erfitt með að fyrirgefa þetta hliðarspor eiginmannsins en í Vegas virtist allt vera komið í samt lag og parið ljómaði af gleði og hamingju.

Mikið stuð virðist ríkja á tónleikaferðalaginu ef marka má The Sun og Beckham-hjónin eru fremst í flokki maraþonkvölda í drykkju og skemmtun. Í það minnsta þegar hljómsveitin lék fyrir dansi í Vegas. „Við drekkum á kvöldin og sofum á daginn, lifum eins og alvöru rokkstjörnur," segir Victoria en athygli hefur vakið að aðrir íþróttaleikvangar þar sem stúlkurnar hafa spilað fyrir hafa verið hálftómir. En í Vegas gekk allt fullkomlega upp. „Áhorfendurnir hér eru kræfir en þeir voru ánægðir með okkkur," segir Victoria.

Frá Bandaríkjunum heldur hljómsveitin til Bretlands og spilar þar meðal annars í gömlu heimaborg Davids, Manchester. Í stuttu spjalli við The Sun sagðist Beckham hlakka mikið til að koma heim. „Ég er búin að redda miðum fyrir gömlu félagana mína í United," sagði Beckham.

**PRESSA** - Mögnuð íslensk spennuþáttaröð
Hefst sunnudaginn 30. desember

**THE DA VINCI CODE**
Jóladagur

**JÓLASVEPPI**
Gerir biðina bærilegri - Aðfangadagur

**HARRY POTTER AND THE GOBLET OF FIRE**
Annar í jólum

**THE HOLIDAY**
Annar í jólum

**SHREK THE HALLS**
Glæný jólamynd með Shrek og félögum - Annar í jólum

**THE CHRONICLES OF NARNIA**
Nýársdagur

**LOGI Í BEINNI**
Sérstakur jólaþáttur - 21. desember

**CHARLIE AND THE CHOCOLATE FACTORY**
Jóladagur

**NANNY McPHEE**
29. desember

**HÁTÍÐARTÓNLEIKAR GARÐARS THORS CORTES**
Jóladagur

**ANNA OG SKAPSVEIFLURNAR**
Frá framleiðendum Litlu lirfunnar ljótu - Jóladagur

Til þín
Frá Stöð 2

# FRÁBÆR JÓLADAGSKRÁ Á STÖÐ 2

FRÁBÆRT BOÐGREIÐSLUTILBOÐ!
TVÆR STÖÐVAR AÐ EIGIN VALI Á AÐEINS 6.790 KR. Á MÁNUÐI Í DESEMBER OG JANÚAR.
Sýn Sýn2 Fjölvarp
MasterCard

skemmtilegri

**GLÆSILEGAR GJAFAÖSKJUR**
**FÁST Í VERSLUNUM VODAFONE, SÍMANS OG 10-11**

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE

# Klaufamálið afdrifaríkt fyrir Rás 2

„Stóra Klaufamálið gefur kærkomið tækifæri til að stíga niður fæti og segja hingað og ekki lengra. Ég hef óskað eftir fundi með útvarpsstjóra, þá verður málið lagt upp og reynt að finna ásættanlega lausn," segir Jakob Frímann Magnússon sem er bæði formaður Samtóns (rétthafar tónlistarinnar) og Félags tónskálda og textahöfunda.

Stóra Klaufamálið, sem gengur út á að Rás 2 neitar að greiða reikninga sem hljómsveitin Klaufar og aðstoðarmenn hafa sent inn vegna beinnar útsendingar frá tónleikum þeirra, mun draga dilk á eftir sér. Jakob segir að ástandið hafi lengi verið algerlega óviðunandi en fyrir því hafi skapast hefð að tónlistarmenn léku frítt í beinum útsendingum þrátt fyrir að samningar FÍH kveði á um annað. Hefur þessi hefð skapast ekki síst því hljómlistarmenn velkjast ekki í vafa um að Rás 2 hefur sinnt íslenskri tónlist best allra útvarpsstöðva. En býr við alvarlegt fjársvelti. Stóra Klaufamálið er kornið sem fyllti mælinn.

„Þar er þó ekki við starfsmenn Rásar 2 að sakast. Þetta er óviðunandi – þetta er ekki boðlegt. Ég get fullyrt af fenginni reynslu að ef Rás 2 ætti að borga fyrir allar sínar útsendingar þyrfti að tvöfalda framlagið til þeirra eða það yrðu engar útsendingar. Bubbi, Megas, Stuðmenn... allir þeir listamenn sem hafa komið fram á Rás 2 hafa sjaldnast fengið krónu fyrir nema í einhverskonar fyrirgreiðslu í tengslum við kynningar," segir Jakob.

Stóra Klaufamálið rekur Jakob aldarfjórðung aftur í tímann... „þegar ríkisútvarpinu var stýrt af menningarpáfum sem fyrirlitu nýgilda tónlist og svöruðu með semingi og miklum fyrirvörum áköfu kalli tímans og kröfu samfélagsins um útvarpsstöð við alþýðuskap. Hún stendur fyrir 82 prósent af spilun íslenskrar tónlistar Ríkisútvarpsins og færir því langstærstan hluta auglýsingatekna hljóðvarpins. En nýtur skammarlega lágra rekstrarframlaga eða sem nemur þriðjungi af því fé sem varið er til Rásar 1 til að mynda. Starfsmenn Rásar 2 hafa mátt þetta láta yfir sig ganga. Erfiðasta vinnuumhverfi ríkisumhverfisins. Óhreina barnið hans Andrésar Björnssonar blessuð sé minning hans," segir Jakob.

- jbg

**JAKOB FRÍMANN** Stóra Klaufamálið veltir þungu hlassi - allt of lengi hefur tíðkast að tónlistarmenn komi fram ókeypis á Rás 2.

# Frostrósir syngja um helgina

Frostrósir koma fram á þrennum jólatónleikum í Laugardalshöll í dag og á morgun. Á tónleikunum koma fram um tvö hundruð listamenn, með íslensku dívurnar í fararbroddi. Þær Margrét Eir, Hera Björk, Heiða Ólafs og Regína Ósk hefja þar upp raust sína fyrir áheyrendur, ásamt tenórunum þremur, þeim Jóhanni Friðgeiri, Kolbeini Ketils og Gunnari Guðbjörns. Þeim til halds og traust verður þrjátíu manna stórhljómsveit, Karlakórinn Fóstbræður, Skólakór Kársness, Íslenski gospelkórinn auk annarra góðra gesta.

Tónleikarnir í kvöld hefjast klukkan 20. Fyrri tónleikarnir á morgun hefjast klukkan 16, en þeir seinni klukkan 20 annað kvöld. Enn voru fáanlegir nokkrir miðar á fyrri tónleikana á sunnudag þegar þetta var skrifað, en uppselt var á hina tvo.

**FROSTRÓSIR UM HELGINA** Þrennir jólatónleikar fara fram í Laugardalshöll um helgina. Myndin er frá tónleikum Frostrósa í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

OPIÐ TIL 22:00
ALLA DAGA TIL JÓLA

# Vinsælar jólagjafir

**Ellen Kristjáns**
**Áritar:**
Smáralind kl. 18:00 á laugardaginn
Kringlu kl. 14:00 á laugardaginn
Kringlu kl. 18:00 á sunnudaginn

**Björk Þórhallsdóttir**
– Gullperlur
**Áritar og syngur:**
Holtagörðum kl. 14:00 á laugardaginn
Smáralind kl. 13:00 á sunnudaginn (áritar)

**Guðrún og Friðrik**
**Árita og syngja:**
Smáralind kl. 17:00 á laugardaginn
Kringlu kl. 18:00 á laugardaginn
Smáralind kl. 14:00 á sunnudaginn
Kringlu kl. 15:00 á sunnudaginn (árita)

**Páll Óskar**
– Allt fyrir ástina
**Áritar og syngur:**
Smáralind kl. 14:00 á laugardaginn
Holtagörðum kl. 16:00 á laugardaginn

**Magni**
**Áritar og syngur:**
Holtagarðar kl. 15:00 á laugardaginn
Kringlunni kl. 17:00 á laugardaginn

**Sigríður Beinteinsdóttir**
**Áritar og syngur:**
Kringlu kl. 13:00 á laugardaginn(áritar)
Smáralind kl. 15:00 á laugardaginn
Skeifu kl. 16:00 á laugardaginn(áritar)
Holtagörðum kl. 17:00 á laugardaginn

**Einar Ágúst**
– Það er ekkert víst að það klikki
**Áritar og spilar:**
Smáralind kl. 15:00 á sunnudaginn
Holtagörðum kl. 16:00 á sunnudaginn

**Raggi Bjarna**
– Gleðileg jól
**Áritar og syngur:**
Smáralind kl. 16:00 á laugardaginn

**Hafdís Huld**
– Englar í ullasokkum
**Áritar og syngur:**
Smáralind kl. 16:00 á sunnudaginn

**Birgitta** – Ein
**Áritar og syngur:**
Kringlu kl. 15:00 á laugardaginn (áritar)
Kringlu kl. 13:00 á sunnudaginn (áritar)
Holtagörðum kl. 14:00 á sunnudaginn

**Björgvin Halldórsson**
**Áritar:**
Holtagörðum kl. 15:00 á sunnudaginn
Kringlu kl. 16:00 á sunnudaginn
Smáralind kl. 17:00 á sunnudaginn

**NYLON** – Best af NYLON
**Árita og syngja:**
Holtagörðum kl. 18:00 á laugardaginn
Smáralind kl. 19:00 á sunnudaginn
Kringlu kl. 17:00 á sunnudaginn
Holtagörðum kl. 18:00 á sunnudaginn

**Vilhjálmur**
– Myndin af þér

**Dísella**
**Áritar:**
Smáralind kl. 13:00 á laugardaginn
Kringlu kl. 16:00 á laugardaginn
Kringlu kl. 14:00 á sunnudaginn
Smáralind kl. 18:00 á sunnudaginn

**Rúnar Júl**
– Jólaóður
**Áritar:**
Skeifunni kl. 15:00 á laugardaginn
Skeifunni kl. 15:00 á sunnudaginn

**Gosi**
**Árita:**
Holtagörðum kl. 17:00 á sunnudaginn

Gildir til 15-16. desember eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

Styttri opnunartími í Borgarnesi og Njarðvík.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# 2 milljónir punda fyrir Beedle

Bókin The Tales of Beedle the Bard, handskrifuð og myndskreytt af Harry Potter-höfundinum J. K. Rowling, var seld fyrir 2 milljónir punda á uppboði Sotheby's í London á fimmtudag. Það er andvirði um 250 milljóna íslenskra króna. Búist var við því að bókin færi á andvirði um 6 milljóna króna. Kaupandi var fyrirtækið Hazlitt, Gooden and Fox, sem sérhæfir sig í sölu listmuna.

Bókin er sú eina af sjö eintaka upplagi sem boðin var upp, en hinar bækurnar afhenti Rowling sex manneskjum sem stóðu Harry Potter hvað næst, að hennar sögn. Í bókinni er að finna ævintýri skáldsins Beedle, en á þau er

**YFIR SIG ÁNÆGÐ** J. K. Rowling, sem handskrifaði og myndskreytti bókina, var yfir sig ánægð með árangurinn. Ágóðinn rennur til góðgerðamála.

minnst í síðustu bókinni um Harry Potter sem kom út í sumar. „Að skrifa þessa bók hefur verið dásamleg leið til að kveðja heim sem ég hef elskað og lifað í síðastliðin 17 ár," sagði Rowling um bókina.

Ágóði af sölu bókarinnar átti að renna óskertur til góðgerðasamtaka Rowling, The Children's Voice. Samtökin berjast fyrir réttindum barna, sérstaklega í austurhluta Evrópu, þar sem mörg börn alast upp við óviðunandi aðstæður á stofnunum.

Höfundurinn fylgdist með uppboðinu frá heimili sínu í Edinborg og sagðist yfir sig ánægð með árangurinn. „Þetta mun gera mikið fyrir börn sem þurfa sárlega á hjálp að halda," sagði hún. „Það þýðir að jólin komu snemma hjá mér," sagði Rowling.

# Villi naglbítur hannar jólakort

**Vilhelm Anton Jónsson, einnig þekktur sem Villi naglbítur og listamaðurinn VilHelm, hefur nú hannað jólakort sem hann hyggst selja á aðventunni.**

Jólakort Villa prýða teikningar og textar eftir hann sjálfan en óhætt er að segja að þau séu ekki í þeim dúr sem fólk á að venjast. „Ég er búinn að vera að teikna mikið undanfarið og

**ÓHEFÐBUNDIN JÓLAKORT** Ragnar hjó af sér höndina og Skarphéðinn klofaði yfir þurfalinga á leið til vinnu.

ákvað að velja fjórar teikningar úr bunkanum og gera að jólakortum," segir Villi um tilurð jólakortanna.

Kortin koma í fjórum mismunandi útgáfum. Á einu þeirra segir: „Frekar en að hlusta á pólitískar skoðanir tengdaföður síns, ákvað Stefán að fara út og krossfesta sig" og annað sýnir Ragnar sem kaus heldur að höggva af sér höndina en að opna jólakortin með tengdafjölskyldunni. „Ég myndi aldrei gera þetta nema af því ég á bestu tengdafjölskyldu sem nokkur maður getur óskað sér," segir Villi og hlær þegar hann er spurður að því hvort hann hafi sótt í persónulegan reynslubrunn við gerð kortanna. „Þetta eru bara svona menn sem einhverjir gætu kannast við einhvers staðar. Svo er líka kort um Skarphéðin sem þarf alltaf að klofa yfir þurfalinga á leið til vinnu. Hver þekkir það ekki?"

Áhugasamir geta pantað kort

**INN Á NÝJAR BRAUTIR** Vilhelm Antoni Jónssyni er ýmislegt til lista lagt. Hann hefur nú hannað jólakort sem hann hyggst selja á aðventunni.

með því að senda tölvupóst á netfangið jolakort@gmail.com. Auk þess verða þau seld í völdum verslunum. „Búðir sem vilja selja mega endilega hafa samband við mig. Þetta er reyndar takmarkað upplag, ég prentaði bara 600 kort." Það er ýmislegt fram undan hjá Villa, til dæmis tónleikar á Græna hattinum á Akureyri hinn 22. desember. „Kortin verða líka til sölu þar ef þau verða ekki búin," segir hann. **sigrunosk@frettabladid.is**



# Með kött á sviðinu

**TIM TEN YEN** Breski tónlistarmaðurinn Tim Ten Yen þykir óvenjulegur í meira lagi.

Breski tónlistarmaðurinn Tim Ten Yen spilar á Organ 20. desember. Hann kemur fram einungis með hljómborð og reykvél og þykja tónleikar hans einkar skemmtilegir. Fyrst starir fólk í forundran á hann og veit ekki hvað skal halda, en þegar hann skilur hljómborðið eftir á „sjálfspilun“ og fer að dansa með hrífst salurinn með og allt verður vitlaust.

Fyrir utan hljómborðið og reykvélina fylgir honum hvert fótmál „Kötturinn ískyggilegi“ (The Sinister Cat) sem er eins konar tuskubrúða sem slær taktinn með skottinu. Kötturinn er einhvers konar annað sjálf Tims og oftar en ekki eru blaðaviðtöl tekin við köttinn og alvarleikinn látinn lönd og leið.

Fyrirtækið Two Little Dogs stendur fyrir tónleikunum. Tim hitaði einmitt upp á fyrsta Reykjavík Nights-kvöldi fyrirtæksins í London þar sem Trabant og Æla spiluðu. Aðgangseyrir á tónleikana er 1.000 krónur og sjá Hellvar og Sexy Jazz um upphitun. Miðasala er hafin á midi.is.

# Meiðsli hjá Kryddstúlkunum

Tónleikar Kryddpíanna í London á laugardag gætu orðið með öðru sniði en stefnt var að, eftir að barnakryddið Emma Bunton birtist í vikunni á hækjum. Hún ku hafa dottið á tónleikum Spice Girls í Las Vegas síðastliðinn þriðjudag, með þeim afleiðingum að hún sneri sig illa á ökkla. Það kemur sér sérstaklega illa sem stendur, því að í dag hefst sautján tónleika syrpa Kryddstúlknanna á heimavelli í Englandi.

Kryddstúlkurnar hafa þegar þurft að hætta við þáttöku í veruleikaþættinum Strictly Come Dancing á BBC. Þar ætluðu þær að koma fram áður en þær héldu á O2-leikvanginn, þar sem tónleikar þeirra eiga að fara fram í kvöld.

Í gær var enn óvíst hvort Bunton gæti komið fram á tónleikunum, en hún lofaði fyrr í vikunni að reyna að ná skjótum bata. Til þess hefur hún gripið til þess ráðs að fá inni hjá sjúkraþjálfara sjálfs Davids Beckham, sem eins og flestir vita er giftur Kryddstúlkunni Victoriu. „Þetta er mjög kjánalegt. Ég er hjá lækni Davids Beckham og vona að ég verði í lagi á laugardag [í dag]. Ég krosslegg fingurna,“ sagði Emma í vikunni.

Bunton lenti í svipuðum vandræðum á frægðartíma Kryddstúlknanna. Þá hlaust tognunin hins vegar af því að hún hrasaði um sjálfa sig í hinum gríðarlega þykkbotna skóm sem hún klæddist á þeim tíma, og sneri sig hressilega fyrir vikið.

**BUNTON HJÁ LÆKNI BECKHAMS** Emma Bunton er illa snúin á fæti, en hefur fengið aðstoð frá sjúkraþjálfara fótboltastjörnunnar Davids Beckham.

NORDICPHOTOS/GETTY

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Myndband **Michel Odelot** við lag **Bjarkar Guðmundsdóttur,** Earth Intruders, hefur verið valið eitt af fimmtíu bestu myndböndum ársins á heimasíðunni Pitchfork-media.com. Á meðal fleiri flytjenda sem eiga myndbönd á listanum eru Arcade Fire, Jay Z, Grissly Bear, Daft Punk og José Gonzales.

Leikarinn **Johnny Depp** vonast til að almenningur fái fljótlega leið á honum því hann vilji helst af öllu lifa rólegu lífi fjarri sviðsljósi fjölmiðla. „Ég vil ekki breytast í framleiðsluvöru. Ég vil vera fyrir utan allan iðnaðinn og langt í burtu frá honum. Það verður örugglega hægt einhvern daginn, kannski þegar ég verð gamall. Þá fær fólk leið á manni,“ sagði Depp.

Sex hljóðversplötur **Radiohead** auk tónleikaplötunnar I Might Be Wrong eru komnar út í einum kassa. Kassanum fylgir USB-minniskubbur sem hefur einnig að geyma allar plöturnar. Nýja platan, In Rainbows, fylgir ekki með í kaupunum þar sem hún var ekki gefin út hjá plötufyrirtækinu EMI/Parlophone.

Franch Michelsen
ÚRSMÍÐAMEISTARI
LAUGAVEGI 15 • SÍMI 511 1900
WWW.SVISS.IS

## > Birgir Leifur komst áfram

Birgir Leifur Hafþórsson, kylfingur úr GKG, komst í gegnum niðurskurðinn á Opna Suður-Afríku-mótinu í gærdag með fínni spilamennsku. Birgir Leifur lék annan hring sinn í mótinu í gær á 73. höggum eða einu höggi yfir pari Pearl Valley-vallarins og var því samanlagt á átta höggum yfir pari í 54.-58. sæti þegar keppni lauk í gær. Þeir kylfingar sem léku á níu höggum yfir pari og betur komust í gegnum niðurskurðinn. Birgir Leifur heldur áfram keppni í dag.

**sport**

sport@frettabla-

**ÖRN ARNARSON, SUNDMAÐUR ÚR SH:** GERÐI SÉR LÍTIÐ FYRIR OG ÞRÍBÆTTI NORÐURLANDAMET SITT Í GÆR

# *Ég bíð spenntur eftir 100 metra baksundinu*

Örn Arnarson, sundmaður úr SH, hefur farið mikinn þessa dagana á Evrópumótinu í 25 metra laug í Debrecen í Ungverjalandi. Í fyrradag sló Örn Íslandsmet sitt í 100 metra flugsundi og endaði í 13. sæti og í gær bætti hann um betur. Örn komst í undanúrslit í tveimur greinum um morguninn, annars vegar í 100 metra skriðsundi og svo hins vegar í 50 metra baksundi. Í baksundinu gerði hann sér lítið fyrir og bætti fjögurra ára gamalt met sitt frá því á EM í Dyflinni og synti á 24,30 sekúndum. Örn ákváð þá í framhaldinu að hætta keppni í skriðsund-inu og einbeita sér alfarið að undanúrslitunum í baksundinu.

„Ég og þjálfarinn minn vorum búnir að ákveða fyrir mótið að ég myndi einbeita mér sérstaklega að 50 metra og 100 metra baksundi, þannig að ég þurfti að forgangsraða þessu aðeins. Ég er búinn að vinna mig ágætlega út úr axlarmeiðslum sem gerðu það að verkum að ég gat ekki keppt í baksundinu, auk þess sem ég fékk bara leið á

baksundinu. Núna er ég hins vegar kominn aftur og hef bætt mig mikið tæknilega í baksundi," sagði Örn, sem bætti Norðurlandametið á nýjan leik í undanúrslitum þegar hann synti á 24,07 sekúndum og tryggði sig nokkuð örugglega í úrslitasundið. Í úrslitasundinu byrjaði Örn mjög vel og var með fremstu mönnum eftir snúninginn en missti svo dampinn örlítið og endaði í sjötta sæti, en bætti þó enn og aftur Norðurlandametið, í þriðja skiptið á sama deginum með tímanum 24,05 sekúndum.

„Ég er náttúrlega ánægður með árangurinn til þessa og er kominn í ágætis form. 50 metra baksundið er þannig að þér er fljótt refsað fyrir öll mistök og ég náði ekki að hitta nógu vel á snúninginn," sagði Örn, sem keppir í dag í undanrás-um í 100 metra baksundi.

„Ég bíð sérstaklega spenntur eftir því að keppa í 100 metra sundinu þar sem ég hef hingað til ekki náð að vera nógu fljótur í byrjun 100 metra sundsins, en ég sýndi ákveðin merki um að það væri að breytast í 50 metra sundinu. Þannig að við sjáum til hvernig þetta fer."

**VÍÐIR SIGURÐSSON** Stendur við vinnu-aðferðir sínar. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Kvörtun Breiðabliks:

## Víðir biðst ekki afsökunar

**FÓTBOLTI** Víðir Sigurðsson, blaðamaður og höfundur bókarinnar Íslensk knattspyrna, hefur svarað kvörtunarbréfi Breiðabliks þar sem Kópavogsfélagið krafðist þess að Víðir bæðist opinberlega afsökunar á því að hafa ekki skráð meint mark Blikans Magnúsar Páls Gunnarssonar gegn FH í bók sinni um knattspyrnusumarið 2007.

Í yfirlýsingu sinni vekur Víðir athygli á formála í bókinni þar sem hann ræðir um markið og ástæður þess af hverju hann neiti að skrá það í bók sína.

„Við þetta er því að bæta að umrætt mark var grandskoðað strax daginn eftir leikinn og þá þegar varð ljóst að ekki væri grundvöllur fyrir öðru en að skrá það sem sjálfsmark. Það fór ekkert á milli mála að varnarmaður FH sendi boltann í eigið mark eftir fyrirgjöf frá hægri. Ítrekaðar skoðanir eftir það hafa engu breytt þar um. Í ellefu ár hafa ofangreindar aðferðir verið notaðar til að lýsa öllum mörkum í deildinni af mestu mögulegu nákvæmni í bókunum Íslensk knattspyrna. Ef það stangast í einhverjum tilvikum á við hvernig þau eru skráð á leik-skýrslur, verður svo að vera. Það er útilokað að lýsa atvikum öðruvísi en þau ber fyrir sjónir og ítrasta möguleg skoðun leiðir í ljós. Það væru ekki fagleg vinnubrögð," segir Víðir enn fremur.

- hbg

N1 DEILD KARLA
Laugardagur 15. des.
KA heimilið kl. 15.00
Akureyri - ÍBV
Varmá kl. 16.00
Afturelding - Stjarnan

N1 DEILD KVENNA
Laugardagur 15. des.
Ásvellir kl. 14.00
Haukar - Akureyri
Framhús kl. 15.00
Fram - HK
Kaplakriki kl. 16:00
FH - Fylkir

# Coca Cola-skiltið tekið niður

**Eggert Magnússon er farinn frá West Ham eftir rúmt ár í starfi fyrir félagið. Umdeild leikmannakaup, háir samningar við leikmenn og umdeildir stjórnunarhættir eru talin hafa orðið Eggerti að falli. Hann ber þó ekki skarðan hlut frá borði en talið er að hann hafi grætt 250 milljónir króna á hlut sínum í félaginu.**

**FÓTBOLTI** Margra ára samstarfi Eggerts Magnússonar og Björgólfs Guðmundssonar knattspyrnumálum lauk á fimmtudag þegar Eggert yfirgaf West Ham og Björgólfur tók við sem stjórnarformaður félagsins. Heimildir Fréttablaðsins herma að ekki hafi þó orðið vinslit hjá Eggerti og Björgólfi í kjölfar aðskilnaðarins.

Björgólfur og Eggert keyptu West Ham hinn 21. nóvember 2006. Eggert var andlit þeirra félaga út á við en áberandi var hversu mikið Eggert talaði um að „hann" væri að kaupa félagið en ekki „þeir". Héldu margir að Eggert væri aðaleigandi West Ham en ekki Björgólfur.

### „Mitt félag og mitt barn"

„Þetta er mitt félag og mitt barn. Ég vildi kaupa þetta félag því mér fannst þetta vera rétti tíminn til þess að takast á við nýja áskorun," sagði Eggert í viðtali við BBC einum átta dögum eftir kaup þeirra félaga en Eggert átti aðeins fimm prósenta hlut í félaginu.

Eggert gerði lítið í því að leiðrétta þennan misskilning en hermt er að það hafi á stundum farið í taugarnar á Björgólfi. Hann leiðrétti misskilninginn á eftirminnilegan hátt í viðtali við The Observer þann 2. september síðastliðinn þegar hann kallaði Eggert Coca Cola-skilti.

Það var fyrsta viðtalið sem Björgólfur gaf í bresku blaði og óhætt að segja að hann hafi stigið úr skugga Eggerts á eftirminnilegan hátt. „Eggert er maðurinn í brúnni og stýrir öllu en við getum ekki eftirlátið honum alla athyglina. Ég er samt frekar hljóðlátur enda hef ég nóg að gera með önnur verkefni. Við Eggert förum samt yfir hlutina í símanum. Þið getið litið svo á að Eggert sé Coca Cola-skiltið," sagði Björgólfur við The Observer en það má segja að þetta viðtal hafi verið upphafið að falli Eggerts.

### Umdeildur stjórnunarstíll

Eggert hætti sem starfandi stjórnarformaður sextán dögum síðar og aðrir menn tóku við rekstrinum. Hann hvarf svo á braut á fimmtudag, eflaust fyrr en hann bjóst við.

Breska blaðið The Times sagði í gær að meðhöndlun Eggerts á máli Carlosar Tévez, sem endaði með því að Argentínumaðurinn fór til Manchester United, hefði ekki fallið í kramið hjá Björgólfi og stjórninni.

Einnig segir blaðið að stórir samningar Eggerts við misgóða leikmenn hafi ekki heldur styrkt stöðu hans en sumir þeirra eru taldir hafa í kringum sjötíu þúsund pund, eða tæpar níu milljónir króna, í vikulaun. Annað breskt blað, The Guardian, tekur undir að þessir risasamningar Eggerts hafi síður en svo styrkt stöðu hans hjá félaginu.

Heimildir Fréttablaðsins herma enn fremur að Eggert hafi ekki getað tekið þátt í aukningu hlutafjár hjá félaginu. Stjórnunarstíll hans var heldur ekki alveg stjórn og eiganda að skapi en Eggert þótti á köflum fljótfær og tók þar af leiðandi ákvarðanir án mikillar umhugsunar og án þess að ráðfæra sig við samstarfsmenn.

Þó svo að West Ham-ævintýri Eggerts sé lokið er hann bæði reynslunni og 250 milljón krónum ríkari að því er fram kemur í The Times. Blaðið segir að Eggert hafi greitt 500 milljónir króna fyrir fimm prósenta hlut sinn í félaginu á sínum tíma og að hann hafi hagnast um helming þess fjár við söluna.

**henry@frettabladid.is**

**ÆVINTÝRINU LOKIÐ** Eggert Magnússon var áberandi í enskum fjölmiðlum það ár sem hann var við stjórnvölinn hjá West Ham. The Times segir að Eggert hafi grætt 250 milljónir króna á fimm prósenta hlut sínum í félaginu. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Þrjátíu milljónir punda í leikmenn síðan í sumar:

## Umdeild leikmannakaup og stórir samningar

**FÓTBOLTI** Eitt af því sem talið er hafa orðið Eggerti Magnússyni að falli hjá West Ham var háir launasamningar sem hann gerði við leikmenn en Eggert þótti á tíðum fullrausnarlegur við samningaborðið. Bresk blöð greindu frá því í gær að margir þeirra manna sem hann hefði samið við væru með í kringum níu milljónir króna í vikulaun.

Eggert var þess utan mjög stórtækur á leikmannamarkaðnum en hann keypti leikmenn fyrir tæpar 30 milljónir punda frá því í sumar. Fyrst kom Scott Parker fyrir 7 milljónir, Julien Faubert kostaði 6,1 milljón, Craig Bellamy var keyptur á 7,5 milljónir og Freddie Ljungberg á 3. Síðastur kom svo Kieron Dyer en hann kostaði 6 milljónir punda.

Áður hafði Eggert keypt meðal annars Matthew Upson á 6 milljónir punda en sú upphæð gæti hækkað í 7,5 milljónir punda. Talið er að Eggert hafi greitt 1,5 milljónir punda fyrir Lucas Neill en athygli vakti að Eggert ákvað að borga honum 7,5 milljónir króna í laun á viku, samkvæmt BBC. Það var helmingi meira en Liverpool bauð Neill en félagið var á eftir honum á sama tíma.

-hbg


vodafone
Iceland Express
1011
vörður
FRÁBÆRT BOÐGREIÐSLUTILBOÐ!
TVÆR STÖÐVAR AÐ EIGIN VALI Á AÐEINS 6.790 KR. Á MÁNUÐI Í DESEMBER OG JANÚAR.
SÝN SÝN 2 Fjölvarp
MasterCard
512 5100 | SYN.IS | VERSLANIR VODAFONE
Á MORGUN KL. 13:10 HD
LIVERPOOL – MAN. UTD.
Á MORGUN KL. 15:40 HD
ARSENAL – CHELSEA
BOLTINN
YFIR 130 BEINAR ÚTSENDINGAR Í DESEMBER Á SÝN OG SÝN 2
TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT Í TÍMA!
Fly Emirates
Carlsberg
AIG
SAMSUNG mobile
sýn 2
enski boltinn

**EKKI NÓGU GÓÐIR** Leikmenn Benín í undankeppninni. NORDICPHOTOS/AFP

Benín með í Afríkukeppninni:

## Eru að safna leikmönnum

**FÓTBOLTI** Benín er ekki stórt nafn í afrískum fótbolta en fótboltalandslið þjóðarinnar er nú komið í annað skipti frá upphafi í úrslit Afríkukeppninnar sem fer fram í Gana í næsta mánuði.

Eitthvað hafa þó forsvarsmenn knattspyrnusambandsins í þessu litla landi í Vestur-Afríku áhyggjur af leikmannamálum því þeir hafa sett upp lista yfir leikmenn á heimasíðu sinni yfir leikmenn af benínskum uppruna sem þeir biðla til að spila í Afríkukeppninni.

Franskir unglingalandsliðsmenn og Senegalar sem spila í Frakklandi eru á þessum lista en þar eru margir leikmenn úr neðri deildunum í Frakklandi sem og nokkrir sem spila með áhugamannaliðum í Þýskalandi.

**- óój**

Þýska liðið Bayern München:

## Samdi við efnilegan Brassa

**FÓTBOLTI** Þýska stórliðið Bayern München hefur nælt í hinn átján ára Brasilíumann Breno en hér er á ferðinni efnilegasti varnarmaður Brasilíu.

Breno getur byrjað að spila strax eftir að vetrarfríinu lýkur en meðal félaga sem voru á eftir honum voru AC Milan, Juventus, Fiorentina og Real Madrid. Fyrrverandi leikmaður Bayern, Giovane Elber, uppgötvaði strákinn en hann njósnar fyrir Bayern í Suður-Ameríku.

„Hann er þegar í heimsklassa miðað við aldur og býr yfir miklum hæfileikum. Hann er sterkur í loftinu, hefur hraða og er yfirvegaður," segir Elber um Breno.

**- óój**

# Tek upptöku af leiknum með heim

**Monique Martin bætti stigametið í efstu deild kvenna um níu stig, skoraði 59 stigum meira en næsti maður í KR-liðinu og skaut Keflavíkurliðið af toppnum. Fyrirliðinn sá á henni í byrjun leiks að hún væri sjóðheit.**

**KÖRFUBOLTI** Monique Martin, bandarískur framherji hjá kvennaliði KR, varð á miðvikudagskvöldið fyrsta konan til þess að skora yfir 60 stig í einum og sama leiknum í efstu deild. Martin skoraði 65 stig í 90-81 sigri KR á Keflavík en KR fór á toppinn með sigrinum.

„Ég er mjög ánægð og líður mjög vel því við unnum mjög góðan sigur á Keflavík. Það skiptir litlu máli fyrir mig hversu mörg stig ég skora ef við vinnum leikinn. Þetta var góður leikur og við hugsuðum bara um að gera það sem við höfðum verið að gera á æfingunum fyrir leikinn. Ég vissi að ef við næðum að fylgja því myndum við vinna og það tókst," sagði Monique Martin um leikinn.

Martin hefur skorað 38,4 stig að meðaltali í 9 leikjum sínum í KR-búningnum en að auki hefur hún tekið 15,6 fráköst að meðaltali í leik. „Ég vil bara gera það sem þarf til þess að vinna leikinn, hvort sem það er að skora, taka fráköst eða spila góða vörn. Ég var bara í stuði í leiknum og hvað get ég í rauninni sagt. Keflavíkurliðið gaf mér hvað eftir annað opin skot og ég var bara að setja þau niður," segir Martin. Monique skoraði 21 stig úr þriggja stiga skotum í leiknum, 18 stiga hennar komu inni í teig og 16 eftir hraðaupphlaupum.

Martin var með 12 stig af vítalínunni en hún nýtti 92,3 prósent víta sinna og setti niður 23 af 37 skotum sínum sem gerir 62 prósent skotnýtingu.

Monique talaði um að ættingjar sínir í Bandaríkjunum hefðu ætlað að horfa á leikinn í gegnum KRTV á netinu en það klikkaði eitthvað hinum megin við Atlantshafið.

„Þau náðu ekki að horfa á leikinn en ætla að fá að taka upptöku af leiknum og sýna þeim um jólin," segir Martin, sem er bjartsýn á framhaldið.

„Við erum að standa okkur vel enda erum við að leggja mikið á okkur á æfingum. Þessar ströngu æfingar eru farnar að skila sér inni á vellinum. Ég tel okkur vera með nógu gott lið til þess að verða meistari en þá þurfum við að standa okkur jafnvel í leikjunum og á æfingum. Takist það munum við berjast um titilinn," segir Martin.

Monique bætti tæplega fimm ára met landa síns Denise Shelton um heil níu stig. Shelton skoraði 56 stig í 92-95 tapi Grindavíkur fyrir ÍS í framlengdum leik sem fram fór í Grindavík 29. janúar 2003. Ebony Dickinson átti metið í venjulegum leiktíma en hún skoraði 52 stig í 78-67 sigri KFÍ á Tindastól á Sauðárkóki 11. desember 1999.

**65 STIG Á 37 MÍNÚTUM** Monique Martin skoraði 65 stig á topplið Keflavíkur og kom KR á toppinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Ég sá það strax í fyrstu sóknunum í leiknum að hún væri sjóðandi heit. Það var um að gera fyrir okkur að nýta það. Hún er snögg að bruna upp völlinn og það er gaman að geta kastað boltanum fram á hana," sagði Hildur Sigurðardóttir, fyrirliði KR, sem átti 9 stoðsendingar í leiknum, þar af sex þeirra á Monique. Martin skoraði 17 fyrstu stig KR-liðsins í leiknum og var með 25 af 27 stigum liðsins 1. leikhluta. Hún átti síðan stoðsendinguna á bak við körfuna sem gaf hin tvö stigin.

Hildur segir Martin passa vel inn í KR-liðið sem hefur nú unnið öll lið deildarinnar í einni röð og níu af síðustu tíu leikjum.

„Hún er voða feimin að eðlisfari en er aðeins að komast betur og betur inn í hópinn. Í gær var hún rosalega hógvær og þótti nóg um alla athyglina sem hún fékk. Það hefur örugglega skipt máli að hún er að finna sig betur innan hópsins og þá líður henni betur inni á vellinum. Hún er líka búin að sjá það út hvað hún þarf að gera til þess að hjálpa liðinu því hún er rétta manneskjan í þennan hóp," segir Hildur.

**ooj@frettabladid.is**

**SEGIR HANA FEIMNA** Hildur Sigurðardóttir finnst gaman að spila með svo góðum leikmanni en segir hana vera rosalega hógværa. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### METIÐ Í HNOTSKURN

| | |
|---|---|
| Hvenær | DHL-Höllin í Frostaskjóli |
| Hvar | 12. desember 2007 |
| Mótherji | Keflavík |
| Spilatími | 37 mínútur og 38 sek. |
| Stig | 65 |
| Fráköst | 11 |
| Stolnir boltar | 3 |
| Skotnýting | 62% (37/23) |
| Vítanýting | 92% (13/12) |
| 3ja stiga nýting | 70% (10/7) |
| Stig í 1. leikhluta | 25 |
| Stig í 2. leikhluta | 9 |
| Stig í 3. leikhluta | 14 |
| Stig í 4. leikhluta | 17 |
| Stig í fyrri hálfleik | 34 |
| Stig í seinni hálfleik | 31 |
| Stig úr 2ja stiga skotum | 32 |
| Stig úr 3ja stiga skotum | 21 |
| Stig úr vítaskotum | 12 |
| Stig úr teig | 18 |
| Stig úr hraðaupphlaupum | 16 |
| Körfur eftir stoðsendingar | 13 |
| Körfur eftir einstaklingsframtak | 10 |

Saga allra Íþróttamanna ársins er komin út :

## Hetjurnar okkar saman í einni bók

**ÍÞRÓTTABÆKUR** Samtök Íþróttafréttamanna hafa gefið út bókina Hetjurnar okkar en samtökin standa sjálf að útgáfu og dreifingu bókarinnar.

Höfundurinn Hallgrímur Indriðason fékk hugmynd að bókinni fyrir meira en áratug en ekkert bókarforlaganna vildi gefa hana út. Það var ekki fyrr en samtökin sjálf fóru af stað með styrkjum frá Alþjóða Ólympíuhreyfingingunni, menntamálaráðuneytinu, ÍTR, Glitni, Kaupþingi og Landsbankanum að bókin komst alla leið í prentun. Stjórn samtakanna, með formanninn Þorsteinn Gunnarsson í fararbroddi, hefur lagt mikið á sig við að koma bókinni út fyrir þessi jól.

Í bókinni er rakin saga íþróttamanna ársins undanfarin fimmtíu ár, eða frá því Vilhjálmur Einarsson var fyrst kjörinn 1956 til ársins 2006 þegar Guðjón Valur Sigurðsson var kjörinn.

Einnig er stiklað á stóru í sögu Samtaka íþróttafréttamanna og ýmislegt forvitnilegt kemur fram í bókinni, meðal annars að eitt árið kom til umræðu að fella niður kjörið þar sem afrek ársins þóttu ekki nógu góð. Sem betur fer varð ekkert úr því enda er þetta val einn mesti heiður sem íslenskum íþróttamanni getur hlotnast.

**HÖFUNDURINN** Hallgrímur Indriðason, fréttamaður á RÚV, skrifaði bókina. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Bókin er 112 síður full af myndum og upplýsingum um þá 34 íþróttamenn sem hafa hlotið sæmdarheitið Íþróttamaður ársins. Þarna eru því í sömu bók allar helstu íþróttahetjur Íslendinga síðustu fimmtíu ár

**- óój**

**MESTU EFNIN** Nicklas Bendtner í baráttu við Theódór Elmar Bjarnason í landsleiknum á Parken. NORDICPHOTOS/AFP

Daninn Brian Laudrup:

## Líkir Bendtner við Elkjær

**FÓTBOLTI** Gamli danski landsliðsmaðurinn Brian Laudrup er ekki í vafa um að Nicklas Bendtner verði næsta stórstjarna danskrar knattspyrnu. Íslenska landsliðið fékk að kynnast Bendtner þegar að hann skoraði eitt mark og lagði upp hin tvö í 3-0 sigri Dana á Parken á dögunum

„Nicklas býr yfir miklum hæfileikum og er mikill markaskorari í Preben Elkjær-stíl. Hann hefur þegar sannað sig í Meistaradeildinni og með danska landsliðinu þrátt fyrir að vera aðeins nítján ára gamall," segir Laudrup í viðtali við BT.

„Bendtner er sá danski leikmaður í dag sem á mesta möguleika á að vera heimsklassa leikmaður," bætti Laudrup við en hinn ungi Dani er þegar búinn að skora fimm mörk fyrir danska landsliðið.

**- óój**

# FRÁBÆR TÓNLIST Í JÓLAPAKKANN!

2CD+DVD

Led Zeppelin
- Mothership

CD

Mika
- Life In Cartoon Motion

CD

Josh Groban
- Noel

CD

Bob Dylan
- Dylan




CD

Alicia Keys
As I Am

CD

Damien Rice
- Live from the Union Chapel

CD

High School Musical
- High School Musical

CD

High School Musical
- High School Musical 2

CD

Carola
- Jul I Betlehem II

CD

Boney M
- Christmas with Boney M

2CD

Eric Clapton
- Complete Clapton

CD

James Blunt
- All the Lost Souls

CD+DVD

Andrea Bocelli
- Vivere: Best Of

CD

Katie Melua
- Pictures




2CD

Eagles
- Long Road Out Of Eden

2CD

Pavarotti
- Pavarotti Forever

CD

Robert Plant & Alison Krauss - Raising Sand

CD

50 Cent
- Curtis

CD

Amy Winehouse
- Back To Black

CD

Whitney Houston
- The Ultimate Collection

DVD

Mika
- Live In Cartoon Motion

DVD

Nirvana
- Unplugged In New York

2DVD

Justin Timberlake
- Live From Madison Square Garden




2DVD

Incubus
- Look Alive

4DVD

Rolling Stones
- The Biggest Bang

2DVD

The Beatles
- Help

## TRYGGÐU ÞÉR EINTAK!

Skífan Laugavegi 26 opið alla daga til 22 · Skífan Smáralind · Skífan Kringlunni · Skífan Leifsstöð · Póstkröfusími 591-5310 · www.skifan.is

Fabio Capello var í gær ráðinn þjálfari Englendinga:

# Capello búinn að taka við Englandi

**FÓTBOLTI** Ítalinn Fabio Capello var í gær ráðinn nýr þjálfari enska landsliðsins. Ráðningin er búin að liggja í loftinu í talsvert langan tíma en enska knattspyrnusambandið staðfesti hana loks í gær.

Capello er ekki á flæðiskeri staddur peningalega á næstunni þar sem hann mun fá í kringum hálfan milljarð króna í laun á ári eftir skatta, en samningur hans við liðið gildir til ársins 2010.

Ráðning Capello hefur vakið reiði nokkurra enskra þjálfara, svo sem Paul Ince, Gareth Southgate og Steve Coppell, sem töldu óþarfa að ráða erlendan þjálfara í þessa eftirsóttu stöðu og í raun væri þetta móðgun við marga frambærilega enska þjálfara sem væru á lausu.

Það efast þó enginn um óumdeilanlegan árangur Capello, sem hefur unnið fjölda hvar sem hann hefur stjórnað, bæði á Ítalíu og Spáni. - óþ

**SIGURVEGARI** Fabio Capello hefur unnið fjölda deildartitla á ferli sínum sem stjóri AC Milan, Roma, Juventus og Real Madrid. NORDICPHOTOS/GETTY

**HARÐUR SLAGUR** Haukarnir höfðu betur gegn HK í hörkuleik sem fram fór í Digranesi í gærkvöld. Leikurinn var stórskemmtilegur á að horfa enda jafnræði mikið með liðunum en Haukarnir höfðu betur á lokasprettinum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Haukarnir flugu hátt í Digranesi

**Haukar unnu HK 26-30 í spennuþrungnum leik í N1-deild karla í Digranesi í gærkvöldi. Jafnræði var með liðunum í fyrri hálfleik en Haukarnir voru með sterkari taugar á lokakaflanum og eru nú komnir með góða forystu á toppi deildarinnar.**

**HANDBOLTI** Haukar unnu HK 26-30 í toppslag N1-deildar karla í Digranesi í gærkvöldi. Fyrir leikinn var búist við jöfnum og spennandi leik enda liðin í tveimur efstu sætum deildarinnar. Haukarnir sýndu mátt sinn á lokakaflanum og sigruðu örugglega.

Leikurinn fór fjörlega af stað og mikill hraði var á spilinu og nokkuð var því um ótímabær skot og tapaða bolta. En þegar leikmenn liðanna voru búnir að hlaupa af sér hornin og ná áttum var boðið upp á stórskemmtilegan handbolta. Sóknarleikurinn fékk að njóta sín í fyrri hálfleik og markverðir liðanna stóðu oft varnarlitlir á milli stanganna. Mikið jafnræði var á liðunum, en heimamenn í HK voru skrefinu á undan framan af leik. Gestirnir í Haukum fylgdu þó fast á eftir og náðu að jafna leikinn 8-8 þegar um stundarfjórðungur var liðinn af fyrri hálfleik. Í framhaldinu skiptust liðin svo á að skora, þangað til Haukar skoruðu tvö mörk og breyttu stöðunni í 11-13 og svo seinna í 12-14. HK átti hins vegar síðasta orðið í fyrri hálfleik þegar Ólafur Bjarki Ragnarsson skoraði af miklu harðfylgi á lokasekúndunum og minnkaði muninn í eitt mark, 13-14, og þannig var staðan þegar flautan gall. Ólafur var atkvæðamestur hjá HK í fyrri hálfleik með fjögur mörk, en hjá Haukum var Sigurbergur Sveinsson funheitur með sex mörk.

Í byrjun seinni hálfleiks var enn á ný mikið jafnræði með liðunum og spennustigið mjög hátt, sem gerði það að verkum að leikmenn kvörtuðu sáran yfir flestum dómum mannanna í svörtu. Eftir um tíu mínútur var staðan 18-19 fyrir Hauka, en þá datt botninn algjörlega úr leik HK-manna. Haukar gengu á lagið, skoruðu fjögur mörk í röð og breyttu stöðunni í 18-23 og Magnús Sigmundsson, markvörður Hauka, fór á kostum. HK gafst þó ekki upp og reyndi að klóra í bakkann eftir þessar slöku mínútur með mikilli baráttu. HK náði að minnka muninn niður í eitt mark með frábærri pressuvörn þegar um fimm mínútur voru eftir og allt ætlaði um koll að keyra í Digranesi. Lokamínúturnar voru gríðarlega spennandi. Haukarnir höfðu þetta þó í hendi sér og sigldu fram úr á lokakaflanum og unnu fjögurra marka mun, 26-30, þar sem enginn annar en Magnús markvörður skoraði lokamark leiksins.

omar@frettabladid.is

### HK-HAUKAR 26-30 (13-14)

**Mörk Hk (skot):** Ólafur Bjarki Ragnarsson 8 (13/1), Ragnar Hjaltested 5/1 (8/1), Tomas Etutis 4 (9), Augustas Strazdas (3 (5), Sergei Petraytis 2 (4), Gunnar Steinn Jónsson 2/1 (3/2), Árni Björn Þórarinsson 1 (3).
**Varin skot:** Egidijus Petkevicius 10/2 (24/4), Guðlaugur Tryggvi Karlsson 4 (6).
**Hraðaupphlaup:** 2 (Ragnar, Augustas).
**Fiskuð víti:** 4 (Tomas 2, Augustas, Árni).
**Utan vallar:** 10 mínútur.

**Mörk Hauka (skot):** Sigurbergur Sveinsson 6 (10), Halldór Ingólfsson 6/2 (12/3), Pétur Pálsson 3 (3), Kári Kristján Kristjánsson 3 (3), Gunnar Berg Viktorsson 3 (6), Freyr Brynjarsson 3 (7), Andri Stefan 2 (3), Jón Karl Björnsson 1 (2/1).
**Varin skot:** Magnús Sigmundsson 11 (30/1), Gísli Guðmundsson 1 (8/1).
**Hraðaupphlaup:** 4 (Gunnar, Sigurbergur, Freyr, Pétur).
**Fiskuð víti:** 4 (Kári 2, Gísli, Andri).
**Utan vallar:** 6 mínútur.

VERÐTRYGGING!!

# Wii verður alltaf ódýrust í ORMSSON

## JÓLAGJÖFIN Í ÁR!

FYRIR ALLA ALDURSHÓPA

Mest selda leikjatölva veraldar

Nintendo®

Wii™

NÝ UPPLIFUN

ORMSSON ER UMBOÐSAÐILI FYRIR NINTENDO Á ÍSLANDI

Nintendo®

*Bara gaman!*

NINTENDO DS Lite

Stórkostlegt leikjasafn – yfir 140 titlar

*Kemur í 4 litum:*
**HVÍT · SVÖRT**
**BLEIK · SILFUR**

Listaverð kr. 16.900,-
***Tilboðsverð kr. 14.900,-***

## Mergjað leikjaúrval!

KYNNIÐ YKKUR ÚRVALIÐ!

**ORMSSON**

ORMSSON SÍÐUMÚLA 9 SÍMI 530 2800
ORMSSON SMÁRALIND SÍMI 530 2900
ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535
ORMSSON MODEL-AKRANESI SÍMI 431 3333
ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751
ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000
ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515
ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038
ORMSSON VÍK-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900
ORMSSON VÍK-REYÐARFIRÐI SÍMI 474 1477
ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160

# dagskrá

## > America Ferrera

America Ferrera er þekktust fyrir hlutverk sitt sem hin glaðlynda Ugly Betty í samnefndum sjónvarpsþáttum. Frægt bros Americu er tryggt fyrir 620 milljónir króna. America leikur í kvikmyndinni The Sisterhood of the Travelling Pants sem Stöð 2 Bíó sýnir kl. 18:00 í kvöld.

## VIÐ TÆKIÐ SIGRÚN ÓSK KRISTJÁNSDÓTTIR HORFÐI Á NÁGRANNA

# *Tíu ára pása kom ekki að sök*

Þegar ég var ellefu ára fór ég til Danmerkur í mánuð yfir sumartímann. Það var varla að ég gæti glaðst yfir því að fá að fara til útlanda fyrr en ég var búin að fá systur hennar mömmu til að taka Nágranna upp fyrir mig á hverjum einasta virka degi kl. 17 meðan ég væri í burtu. Reyndar gerðist ég aldrei svo fræg að horfa á alla þættina sem höfðu svo samviskusamlega verið festir á myndbandsspólur enda voru vinkonur mínar búnar að skrifa mér ófá bréfin með nákvæmum upplýsingum um hver dó og hvernig, hver hélt framhjá hverjum og hverjir voru fluttir í og úr Ramsey-strætinu í Ástralíu þar sem þættirnir eiga sér stað.

Sambandi mínu við Nágranna lauk eftir að ég fór í framhaldsskóla enda pössuðu þeir ekki inn í stundaskrá þess tíma. Hins vegar er ég nýverið búin að endurnýja kynnin. Í stað þess að horfa á einn og einn þátt í miðri vinnuviku tek ég maraþon á sunnudögum en þá eru allir þættir vikunnar sýndir í beit. Kosturinn við Nágranna, líkt og aðrar sápuóperur, er að auðveldlega má missa úr eina, tvær eða jafnvel þrjár vikur án þess að það komi að sök. Hinn siðblindni Paul Robinson, æskuvinur minn, er meira að segja ennþá í fullu fjöri í þáttunum og hið sama má segja um Harold gamla sem er ennþá með sömu gleraugun og ístruna og sumarið 1991 þegar ég fór til Danmerkur. Þetta kann ég að meta.

Það eina sem hefur skyggt á vináttu mína og Nágranna er viðtal sem ég las við tvær ungar stelpur einhvern tímann. Þær höfðu farið til Ástralíu og heimsótt leikarana en það ku vera eitt það vinsælasta meðal túrista sem sækja álfuna heim. Þar hittu þær meðal annars manninn sem leikur fyrrgreindan Harold en hann leikur guðhræddan skáta og nýbakaðan afa fyrir þá sem ekki vita. Stelpurnar sögðu að þeim hefði brugðið við það að „Harold" væri „algjör perri" í raun og veru. Ég hef ekki getað litið Harold gamla sömu augum síðan.

## EKKI MISSA AF

**23.30 Tár sólarinnar** SJÓNVARPIÐ

**19.05 Elf** STÖÐ 2

**20.00 The Pink Panther** STÖÐ 2 BÍÓ

**20.00 Logi í beinni** SIRKUS

**20.00 Arcade Fire - Live in Paris** SKJÁR EINN

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** 08.01 Gurra grís 08.06 Lítil prinsessa 08.16 Halli og risaeðlufatan 08.28 Snillingarnir 08.53 Bitte nú! 09.15 Krakkamál 09.25 Skúli skelfir 09.37 Matta fóstra og ímynduðu vinirnir hennar 10.00 Latibær

**10.30 Kastljós**

**11.00 Kiljan**

**11.45 07/08 bíó leikhús**

**12.15 Aldamótabörn** (3:3)

**13.15 Æskuár Harrys Houdinis**

**14.45 Star Trek: Uppreisn**

**16.25 Hvað veistu?**

**16.55 Bronx brennur** (7:8)

**17.30 Táknmálsfréttir**

**17.40 Útsvar**

**18.45 Jóladagatal Sjónvarpsins - Jól á leið til jarðar**

**18.54 Lottó**

**19.00 Fréttir**

**19.35 Veður**

**19.45 Spaugstofan**

**20.15 Laugardagslögin**

**21.15 Hrúturinn Hreinn** (10:40)

**21.25 Laugardagslögin - úrslit**

**21.40 Hetjan frá Sjanghaí** (Shanghai Noon) Bandarísk hasarmynd frá 2000. Sagan gerist á 19. öld og segir frá Kínverja sem fer til villta vestursins. Meðal leikenda eru Jackie Chan, Owen Wilson og Lucy Liu.

**23.30 Tár sólarinnar** (Tears of The Sun) Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.

**01.30 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Diary of a Mad Black Woman**

**08.00 Just My Luck**

**10.00 the Sisterhood of the Traveling Pants**

**12.00 The Pink Panther**

**14.00 Diary of a Mad Black Woman**

**16.00 Just My Luck**

**18.00 the Sisterhood of the Traveling Pants**

**20.00 The Pink Panther**

**22.00 Ripley´s Game** Mynd sem fjallar um hinn sama slóttuga Ripley.

**00.00 Shallow Grave** (e)

**02.00 Chain Reaction** (e)

**04.00 Ripley´s Game**

## STÖÐ 2

**07.00 Hlaupin**

**07.10 Barney**

**07.35 Magic Schoolbus**

**08.00 Algjör Sveppi**

**08.15 Refurinn Pablo**

**08.55 Dora the Explorer** (72.96)

**09.20 Firehouse Tales**

**09.45 Kalli kanína og félagar**

**10.05 Jesús og Jósefína** (15.24) (e)

**10.25 Emil og grísinn**

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.25 The Bold and the Beautiful**

**14.20 Örlagadagurinn** (28.30)

**14.55 Side Order of Life** (9.13)

**15.45 Two and a Half Men** (17.24)

**16.10 Grey´s Anatomy** (7.22)

**16.55 Tekinn 2** (14.14)

**17.25 Sjáðu** Ásgeir Kolbeinsson fjallar um allt það nýjasta í bíóhúsum landsins.

**17.55 Næturvaktin** (13.13)

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**19.05 Fjölskyldubíó - Elf** Bráðfyndin jólamynd fyrir alla fjölskylduna. Will Ferrell leikur dreng sem elst upp hjá álfum jólasveinsins. Þegar hann fullorðnast rennur upp fyrir honum hinn skelfilegi sannleikur; að hann sé ekki álfur. Hann fer því aftur til mannheima og boða jólaboðskapinn.

**20.40 Snow Wonder** Rómantísk gamanmynd í anda Love Actually. Myndin gerist á jólanótt þegar undraverður snjóstormur blæs smáræðis kraftaverkum inn í líf fimm einstaklinga sem allir eiga það sameiginlegt að þurfa á ofurlítilli gæfu að halda. 2005.

**22.10 Bad Santa** Billy Bob Thornton fer á kostum í kolsvartri gamanmynd sem boðar allt annað en hinn rétta anda jólanna. Thornton leikur óskiptan aumingja, drykkfelldan náunga sem hefur allt á hornum sér. Sem er ekki gott fyrir einhvern sem leikur jólasvein. 2003.

**23.40 The Big Bounce** Stjörnum hlaðin gamanmynd með Charlie Sheen, Owen Wilson og Morgan Freeman sem fjallar um brimbrettakappa og smáglæpamann sem fer til Hawaii í leit að nýjum tækifærum.

**01.05 You Stupid Man**

**02.40 Rory O´Shea Was Here**

**04.25 Grey´s Anatomy** (7.22)

**05.10 Two and a Half Men** (17.24)

**05.35 Fréttir**

**06.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SÝN besta sætið

**09.00 Fréttaþáttur um FA Cup**

**09.30 Meistaradeild Evrópu - endursýning**

**11.10 Meistaradeild Evrópu - endursýning**

**12.50 Meistaradeildin**

**13.30 Dallas - New Orleans NBA körfuboltinn** Útsending frá leik Dallas og New Orleans í NBA körfuboltanum sem fór fram föstudaginn 14. nóvember.

**15.30 PGA Tour 2007** Sýnt frá Deutsche Bank mótinu sem fór fram í haust en á meðal kylfinga eru Tiger Woods og Phil Mickelson.

**17.25 NFL - Upphitun**

**17.50 Inside Sport** (Joey Barton / Ricky Hatton)

**18.20 Spænski boltinn - Upphitun**

**18.50 Espanyol Levante Spænski boltinn** Bein útsending frá spænska boltanum.

**20.50 Valencia - Barcelona Spænski boltinn** Bein útsending frá spænska boltanum

**22.50 Target World Challenge** Target World Challange mótið er haldið í Suður-Karólínu.

## SÝN 2

**09.35 Premier League World**

**10.05 PL Classic Matches**

**10.35 PL Classic Matches**

**11.05 1001 Goals**

**12.05 Enska úrvalsdeildin - Upphitun** Vikulegur þáttur þar sem hitað er upp fyrir leiki helgarinnar.

**12.35 West Brom - Charlton Coca-Cola Championship** (Enska 1. deildin) Bein útsending frá leik West Brom og Charlton í Championship deildinni.

**14.40 West Ham - Everton** Bein útsending frá leik West Ham og Everton í ensku úrvalsdeildinni.

**17.00 Fulham - Newcastle** Bein útsending.

**19.10 4 4 2** Þáttur sem er ekkert minna en bylting í umfjöllun um enska boltann.

**20.30 4 4 2**

**21.50 Man. City - Bolton** Útsending frá leik Man. City og Bolton í ensku úrvalsdeildinni sem fór fram fyrr í dag.

**23.30 4 4 2**

**00.50 4 4 2**

## SKJÁREINN

**11.15 Vörutorg**

**12.15 Dr. Phil** (e)

**14.30 Less Than Perfect** (e)

**15.00 According to Jim** (e)

**15.30 Ertu skarpari en skólakrakki?** (e)

**16.30 Survivor** (e)

**17.30 Giada´s Everyday Italian** (e)

**18.00 Game tíví** (e)

**18.30 7th Heaven** Bandarísk unglingasería sem hefur notið mikilla vinsælda í Bandaríkjunum undanfarinn áratug. Hún hóf göngu sína vestan hafs haustið 1996 og er enn að.

**19.15 How to Look Good Naked** (e)

**20.00 Arcade Fire - Live in Paris** Upptaka frá frábærum tónleikum með kanadísku hljómsveitinni Arcade Fire sem hefur slegið í gegn og þykir ein besta „indie" sveitin um þessar mundir. Tónleikarnir voru teknir upp í Olympia tónleikahöllinni í París fyrir skömmu.

**21.00 Friday Night Lights** (e)

**22.00 Heroes** (e)

**23.00 House** (e)

**00.00 Evita** Stórbrotin og dramatísk söngvamynd frá 1996 þar sem Madonna fer á kostum. Myndin er byggð á söngleik eftir Tim Rice og Andrew Lloyd Webber en leikstjóri myndarinnar er Alan Parker. Eva var fátæk stúlka sem reyndi fyrir sér sem leikkona og varð síðar eiginkona forseta Argentínu, Juan Peron. Hún var dýrkuð og dáð í heimalandinu og hún átti viðburðaríka en stutta ævi. Auk Madonnu leika Antonio Banderas, Jonathan Pryce og Jimmy Nail aðalhlutverkin.

**02.15 Law & Order: Criminal Intent** (e)

**03.05 Californication** (e)

**03.40 State of Mind** (e)

**04.30 C.S.I. Miami** (e)

**05.15 C.S.I. Miami** (e)

**06.00 Vörutorg**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4**. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 22.10
### Bad Santa

Billy Bob Thornton fer á kostum í kolsvartri gamanmynd sem boðar allt annað en hinn rétta anda jólanna. Thorton leikur óskiptan og ómerkilegan aumingja, drykkfelldan náunga sem hefur allt á hornum sér. Ásamt skapstyggum félaga sínum ákveður hann að verða sér út um jólasveinastarf í stórmarkaði, í þeim tilgangi einum að ræna hann. En auðvitað fer allt úrskeiðis vegna ölæðis þeirra og forheimsku. Aðalhlutverk leika John Ritter, Billy Bob Thornton, Bernie Mac og Lauren Graham.

### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
### Hetjan frá Sjanghæ
### Sjónvarpið kl. 21.40

Shanghai Noon er bandarísk hasarmynd frá 2000. Sagan gerist á 19. öld og segir frá Kínverja sem reynir að bjarga prinsessu úr klóm mannræningja. Prinsessan var numin á brott úr Forboðnu borginni og flutt nauðug til Bandaríkjanna. Kínverska hetjan eltir ræningjana en í villta vestrinu lendir hann í slagtogi við smábófa með mikilmennskubrjálæði. Tom Dey leikstýrir en með aðalhlutverk fara Jackie Chan, Owen Wilson og Lucy Liu.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Óskastundin
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Útúr nóttinni... og inní daginn
**09.03** Út um græna grundu
**10.15** Kvika
**11.00** Vikulokin
**12.00** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Krossgötur
**14.00** Til allra átta
**14.40** Tímakornið
**15.20** Bókaþing
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.08** Veðurfregnir
**16.10** Orð skulu standa
**17.00** Flakk
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.26** Hundur í útvarpssal
**18.52** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Heimur óperunnar
**20.00** Sagnaslóð
**20.40** Hvað er að heyra?
**21.30** Úr gullkistunni
**22.15** Á hljóðbergi: Cover Her Face / Hulið andlit - seinni hluti
**23.15** Villtir strengir og vangadans
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

## SIRKUS

**14.30 Hollyoaks** (76.260)
**16.35 Skífulistinn**
**17.35 Smallville** (22.22) (e)
**18.20 Talk Show With Spike Feresten** (15.22) (e)
**18.45 The George Lopez Show** (20.22) (e)
**19.10 The War at Home** (1.22) (e)
**19.35 The War at Home** (2.22) (e)
▶**20.00 Logi í beinni** Nýr spjallþáttur í umsjá Loga Bergmanns Eiðssonar. 2007.
**20.30 E-Ring** (20.22) Spennuþáttur úr smiðju Jerry Bruckheimers með Dennis Hopper og Benjamin Bratt í aðalhlutverkum.
**21.15 Tru Calling** (6.6) Dularfullir og spennandi þættir um unga konu sem hefur einstaka hæfileika. 2005.
**22.00 Home Alone 4** Gamanmynd fyrir alla fjölskylduna. Mamma og pabbi Kevins eru skilin og hann býr hjá mömmu sinni. Pabbi hans á ríka kærustu og þau búa á flottu óðalssetri. Aðalhlutverk. Mike Weinberg, French Stewart, Jason Beghe. 2002. Leyfð öllum aldurshópum.
**23.25 Footballer´s Wives - Extra Time** (3.18) Spússur fótboltastjarnanna eru mættar enn og aftur til leiks og viðhöldin einnig, ennþá svakalegri, ennþá svæsnari.
**23.50 Footballer´s Wives - Extra Time** (4.18)
**00.15 Mangó** (3.6) Sigurvegararnir í sjónvarpsþættinum Leitinni, þau Sara, Eiríkur og Hallur eru loksins mætt til leiks með sinn eigin sjónvarpsþátt.
**00.40 Þristurinn**
**01.15 Þristurinn**
**01.50 Þristurinn**
**03.00 Þristurinn**
**03.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## BBC PRIME

**11.30** The Weakest Link **12.15** The Weakest Link **13.00** What not to Wear **13.30** What not to Wear **14.00** Hell To Hotel **15.00** Born To Be Wild: Alistair McGowan Goes Wild **16.00** Monsters We Met **17.00** EastEnders **17.30** EastEnders **18.00** What not to Wear **19.00** What Not To Wear Dresses Up **20.00** Miracles Of Jesus **21.00** Are You Being Served? **21.30** Little Britain **22.00** Grumpy Old Men **22.30** The Mighty Boosh **23.00** EastEnders **23.30** EastEnders **0.00** Miracles Of Jesus **1.00** Little Britain **1.30** The Robinsons **2.00** Grumpy Old Men **2.30** The Mighty Boosh

## DR 1

**10.00** Børneblæksprutten **10.15** Tidens tegn **11.00** TV Avisen **11.10** Alt på ét bræt **12.00** Boogie Listen **13.00** Antiglobetrotter **13.35** Tryllefløjten **16.10** Før Søndagen **16.20** Held og Lotto **16.30** Jul i Svinget **17.00** Når gorillaen pakker kufferten **17.30** TV Avisen med Vejret **17.55** SportNyt **19.00** Olsenbanden over alle bjerge **20.35** Inspector Morse: Dødelig søvn

## NRK 1

**11.15** V-cup alpint: Utfor menn **12.30** V-cup skiskyting: Sprint 10 km menn **13.25** V-cup skiskyting: Sprint 7,5 km kvinner **14.25** V-cup kombinert: 10 km langrenn fellesstart **15.00** V-cup skøyter: 1000 m kvinner og menn **15.45** Sport i dag **16.00** V-cup kombinert: Hopp 1. omgang **16.20** V-cup kombinert: Hopp 2. omgang **16.40** Sport i dag **17.00** Barnas superjul **17.30** Gaven **18.00** Lørdagsrevyen **18.45** Lotto-trekning **18.55** Hvilket liv! **19.45** Hjertelig hilsen Hege og Kjersti **20.40** Med hjartet på rette staden **21.25** Fakta på lørdag: Siste reis med Andrea Doria **22.20** Kveldsnytt **22.35** Keno **22.40** Nattkino: Salmer fra kjøkkenet **0.10** Du skal høre mye ... mer

## SVT 1

**10.25** Mitt i naturen **10.55** Tre Kronor live: Channel One Cup **13.30** Andra Avenyn **14.00** Andra Avenyn **14.30** Andra Avenyn **15.00** En spricka i kristallen **16.00** På spåret **17.00** Bolibompa **17.05** Timon och Pumbaa **17.30** Julkalendern: En riktig jul **17.45** Evas superkoll **17.55** Bernard **18.00** Hej rymden! **18.30** Rapport **18.45** Sportnytt **19.00** Svensson, Svensson **19.30** Babben & co **20.30** Brottskod: Försvunnen **21.15** HippHipp: Itzhaks julevangelium **21.45** Out of Practice **22.10** Rapport **22.15** Dr Jekyll och Mr Hyde **0.05** Bullitt





„ÓTRÚLEGA BRILLJANT“

„Í þessu verki kemst maður eina ferðina enn að því hvað Halldór Laxness var **ótrúlega brilljant**. ... ákaflega upplýsandi ... **Mjög þarft rit.**“
– **Páll Baldvin Baldvinsson**, Kiljunni

Veröld

## PERSÓNAN

*Erla Ósk Arnardóttir Lilliendahl*

**Aldur:** 33 ára.
**Starf:** Sölu- og markaðsstjóri hjá Atson.
**Fjölskylda:** Í sambúð með Birgi Erni Birgissyni. Á tvö börn, Ísabellu níu ára og Óðin Örn, að verða tveggja ára.
**Foreldrar:** Örn Jóhannsson, vinnur á Landspítalanum, og Dagný Hulda Lilliendahl, starfsmaður á leikskóla.
**Búseta:** Reynimelur í vesturbæ Reykjavíkur.
**Stjörnumerki:** Steingeit.
**Frásögn** Erlu Óskar af ferð sinni til Bandaríkjanna vakti mikla athygli í vikunni. Henni var haldið fanginni þar í sólarhring.

# Íslenskur söngleikur vekur athygli í Kóreu

Um 250 eldri borgarar mættu í áheyrnarprufur fyrir suður-kóresku útgáfuna af Ást – söngleik Gísla Arnar Garðarssonar og Víkings Kristjánssonar sem sýndur var fyrir fullu húsi í Borgarleikhúsinu nýverið. Söngleikurinn gerist á elliheimili og skartaði meðal annars Theódór Júlíussyni, Ómari Ragnarssyni og Kristbjörgu Kjeld í aðalhlutverkum hér heima.

Leikritið var nýlega selt til Acom International í Suður-Kóreu sem ætlar að setja verkið upp í Seúl en reiknað er með að það verði frumsýnt í maí. Gísli Örn sagði við Fréttablaðið þegar verkið var selt að hann myndi fara út til Suður-Kóreu og vera leikstjóranum innan handar en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var Gísli vant við látinn við önnur verk og komst því ekki. Aðstandendur sýningarinnar binda miklar vonir við verkið og að eigin sögn mættu

**LÉTU LJÓS SITT SKÍNA** Suður-Kóreubúarnir Yoon og Young létu ljós sitt skína í áheyrnarprufum fyrir söngleikinn Ást í Seúl.

nokkrar suður-kóreskar sjónvarpsstjörnur og létu mikið að sér kveða. Áheyrnarprufurnar vöktu þó nokkra athygli í Asíulandinu og fengu töluverða umfjöllun í fjölmiðlum. Er gert ráð fyrir því að það verði mikill smellur enda kemur karaóki töluvert við sögu í sýningunni, en sú afþreying nýtur mikilla vinsælda í Austur-Asíu.

**- fgg**

**SKRÍTIÐ EN SKEMMTILEGT** Óneitanlega verður það gaman fyrir Gísla Örn og Víking Kristjánsson að sjá söngleik sinn settan upp á suður-kóresku.



**LÁRÉTT**
**2.** sæti **6.** í röð **8.** trjátegund **9.** þunnur vökvi **11.** bókstafur **12.** tónstigi **14.** sæti **16.** málmur **17.** stúlka **18.** mas **20.** þys **21.** fugl.

**LÓÐRÉTT**
**1.** elds **3.** tveir eins **4.** eyja í Miðjarðarhafi **5.** hallandi **7.** afturkippur **10.** fálm **13.** fugl **15.** löngun **16.** tunnu **19.** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** sess, **6.** áb, **8.** eik, **9.** lap, **11.** ká, **12.** skali, **14.** stóll, **16.** ál, **17.** mey, **18.** mal, **20.** ys, **21.** ugla.

**LÓÐRÉTT: 1.** bals, **3.** ee, **4.** sikiley, **5.** ská, **7.** bakslag, **10.** pat, **13.** lóm, **15.** lyst, **16.** ámu, **19.** ll.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Ungir rithöfundar reyna nú sem mest að kynna sig og bækur sínar fyrir jólin, með aukna sölu í huga. Til að mynda ferðast þeir **Valur Gunnarsson** og **Aron Pálmi Ágústsson** saman víða og verða í Eymundsson á Akureyri í kvöld. Eitt ungskáldanna hefur þó játað sig sigrað. **Óttar M. Norðfjörð** var orðinn svo þurr í hálsinum af öllum upplestrinum að hann varð að hætta að koma fram. **- hdm**

EIKI HAUKS: LEYNIGESTUR Á FROSTRÓSUM

# Eiki Hauks stofnar hljómsveit með Eurovision-stjörnu

Gítarleikari Eurovision-stjarnanna í Wig Wam, Trond Holter, hefur fengið Eirík Hauksson til að syngja með hljómsveit sinni Trond Holter Band. Sveitin kemur fram í fyrsta skipti í Hannestadgården þann 21. desember í norska bænum Halden. „Þetta verður svona prufugigg," segir Eiríkur þegar Fréttablaðið náði tali af honum. „Við höfum verið að semja nokkur lög en þetta verður svona blanda af nýjum lagasmíðum og svo tökulögum," útskýrir Eiríkur.

Fram kemur á vefsíðu hljómsveitarinnar að þeir hafi þegar tekið upp fjögur lög og Eiríkur bjóst við því að þetta ævintýri gæti allt eins endað á plötu. Í það minnsta er sveitin bókuð á aðra tónleika í Strommen. Á áðurnefndri heimasíðu segir Trond að væntanlegri hljómplötu hafi þegar verið gefið vinnuheitið Lucifers Chamber.

Eiríkur er reyndar rétt nýkominn heim eftir tveggja vikna tónleikaferðalag með Ken Hensley and Live Fire Band, en Hensley er hvað þekktastur fyrir störf sín með rokksveitinni Uriah Heep. Eiríkur fór úr einni stórborginni í Evrópu í aðra, frá Búdapest til

**SYNGUR MEÐ EUROVISION-STJÖRNU** Eiríkur Hauksson ætlar að halda jólin í Noregi enda að fara að spila með nýrri hljómsveit 21. desember.

**TROND Í STUÐI** Trond Holter er hér í góðu stuði með söngvara Wig Wam, Åge Sten Nilsen.

Berlín, með glæsilegri rútu hljómsveitarinnar en hann er nú kominn í frí frá þeirri sveit um stundarsakir. „Við höldum áfram eftir áramót og förum þá meðal annars til Svíþjóðar," segir Eiríkur, sem vonast til að tónleikahaldarar hér heima sýni sveitinni áhuga. „Það er allavega mikill áhugi fyrir því innan sveitarinnar og sérstaklega hjá Hensley að halda tónleika í Reykjavík enda hefur hann aldrei komið hingað," útskýrir söngvarinn.

Eiríkur söng sig enn og aftur inn í hug og hjörtu þjóðarinnar með Eurovision-laginu Valentine Lost fyrir ári en viðurkennir að hafa lítið sem ekkert fylgst með gangi mála í Laugardagslögunum, undankeppninni fyrir Eurovision þetta árið. „Ég sá einhver þrjú lög þegar ég var heima nýlega en ég man ekkert hvernig þau voru," útskýrir söngvarinn. Hann ætlar að halda jólin í Noregi eins og undanfarin ár en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins mun hann þó hafa stutta viðdvöl á Íslandi því hann verður sérstakur leynigestur á tónleikum Frostrósa í Laugardalshöll í kvöld. Rauðhærða rokkgoðið mun syngja jólarokkslagarann Bells Will Be Ringing sem hefur verið íslenskað sem Það eru jólin. **freyrgigja@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Áhugamenn um fjölmiðla rýna nú í skipulagsbreytingar hjá Birtingi sem boðaðar voru í gær. Þeir sem þykjast best þekkja til segja arkítektinn að baki breytinganna **Reyni Traustason** sem hefur fengið son sinn **Jón Trausta** sér við hlið sem ritstjóra DV. **Sigurjón M. Egilsson** er nú ritstjóri Mannlífs og virðist hafa orðið undir í skrifstofupólitíkinni þar sem trúnaður við **Hrein Loftsson** stjórnarformann ræður mestu. Sigurjón mun þó hafa sóst eftir Mannlífi og hið fallega á aðventu, það sem stendur uppúr, er að ættartengslin styrkjast enn í fjölmiðlageiranum. **Hjördís Rut Sigurjónsdóttir** fylgir Sigurjóni föður sínum á Mannlíf af DV og ef að líkum lætur **Janus Sigurjónsson** einnig.

**Ingvi Hrafn Jónsson** er kominn frá Flórída og byrjaður að rífa kjaft á ÍNN sjónvarpsstöðinni sem aldrei fyrr. Hann er búinn að salla inn dagskrárgerðarmönnum sem hann borgar 25 til 40 þúsund per þátt eftir atvikum. Má fastlega gera ráð fyrir því að stórstjarnan **Randver Þorláksson** sé þar við efri mörk launaskalans. En sumir fá þó ekki neitt. Kjörnum fulltrúum borgar Ingvi Hrafn ekki krónu enda þeir að ræða sín hjartans mál. Þeir sem eru í sjálfboðavinnu sem dagskrárgerðarmenn hjá Ingva eru því: **Kristinn H. Gunnarsson**, **Illugi Gunnarsson**, **Katrín Jakobsdóttir**, **Birkir Jón Jónsson**. Spurning er með varaþingmanninn **Mörð Árnason**.

**-jbg**



# Afþakkaði GAY-bílnúmer

Í vikunni birtist frétt í Skessuhorni þar sem fram kom að Ófeigur Gestsson, íbúi á Akranesi, hefði keypt sér nýjan bíl. Það væri kannski ekki í frásögur færandi nema fyrir þær sakir að bílnúmerið sem honum var úthlutað hefur vakið þónokkra kátínu meðal samferðamanna hans. Eins og flestum ætti að vera kunnugt um voru nýverið sett ný bílnúmer í umferð sem samanstanda af þremur bókstöfum og tveimur tölustöfum. Ófeigur fékk númerið GAY17.

„Ég var ekkert að spekúlera í þessu þegar ég keypti bílinn," segir Ófeigur. „Svo fór ég að spyrja hvaða númer yrði sett á hann – ekki af því ég ætti von á einhverju svona heldur bara til að hafa myndina fyllri. Þá hnaut ég um þetta."

Ófeigur segist hafa velt vöngum yfir því hvort hann ætti hreinlega að hætta við kaupin en dó ekki ráðalaus og ákvað að fá sér einkanúmer. „Mér hugnaðist númerið ekki enda hef ég aldrei verið svona smekkaður – hef verið spenntari fyrir stelpunum," segir Ófeigur og hlær. „Þetta var hins vegar orðið að gamanmáli hér á milli manna og ég ákvað að halda mig við bílinn og fá mér bara einkanúmerið OFFI sem er stytting á nafninu mínu. Mér hefur alltaf líkað vel við sjálfan mig og þar af leiðandi líkar mér nýja númerið vel."

**- sók**

**ÓFEIGUR GESTSSON** Var heldur ósáttur þegar hann fékk númerið GAY17 á nýjan bíl sinn. Hann segist alltaf hafa verið spenntari fyrir stelpum en strákum og fékk sér því einkanúmer í staðinn.
MYND/SKESSUHORN/MAGNÚS

# WORLD CLASS
# SKREFI NÆR ÞÉR

## Fjölskylduhátíð í dag við Lágafellslaug í Mosfellsbæ

World Class hefur opnað glæsilega heilsuræktarstöð við Lágafellslaug í Mosfellsbæ. Í tilefni af opnuninni gerum við okkur glaðan dag með íbúum Mosfellsbæjar í húsakynnum World Class frá **kl. 11.00 til 14.00 í dag, 15. desember**.

Boðið verður upp á léttar veitingar og skemmtun fyrir alla fjölskylduna. Auk þess býðst gestum að stíga skrefið með okkur, skoða stöðina og kynna sér þá þjónustu sem þar er í boði.

Dansstúdíó World Class

Fimleikadeild Afturelding

Skólahljómsveit Mosfellsbæjar

**Verið velkomin!**

Frítt í sund kl. 11-14

Frír prufutími í desember

Ölgerðin

## Um þjónustuna í World Class

- Heilsuræktarstöðin Toppform hefur flutt starfsemi sína í World Class við Lágafellslaug. Allir viðskiptavinir velkomnir.
- Dansstúdíó World Class - kennsla
- Opnir hóptímar og lokuð átaksnámskeið

World Class® Iceland

Sími 553 0000

Laugar - Spöngin - Hús Orkuveitunnar - Seltjarnarnes
Kópavogur - Hafnarfjörður - Mosfellsbær

www.worldclass.is

5%

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000



Sími: 552-1900 Vesturgata 6-8
Veitingahúsið Kínamúrinn
Veislubjónusta - Hlaðborð - Pinnaveisla - Sushi - Tilboð
Stór glæsilegur útsölumarkaður af Jólagjafavörum
11:30-18:30 þri.-sun.
Allar nánari upplýsingar á Greatwall.is

**BAKÞANKAR**
Guðmundar Steingrímssonar

## Ræður

Um daginn sat ég fyrirlestur uppi í háskóla sem fluttur var af Íslendingi á ensku. Hér var um hámenntaðan mann að ræða sem ég hafði áður haldið að væri skörungur í ræðustóli. Það er hins vegar skemmst frá því að segja að þótt maðurinn hafi unnið sigra í fræðum sínum reyndist hann vera óhemju niðurdreginn í pontu og tafsaði af miklu óöryggi ofan í hálsmálið, svo að ég mátti hafa mig allan við að greina merkingarbær hljóð í kapp við suðið í loftræstikerfinu.

**EINU** sinni fór ég líka spenntur á fyrirlestur einhvers frægasta heimspekings í heimi. Hann valsaði um með hárið út í loftið uppi á sviði og skrækti sem mest hann mátti í tvo klukkutíma af svo miklu sundurleysi, að ég sá undir eins á svipum gestanna að almennt var talið að hann hlyti að vera mikill snillingur. Ég fór út.

**AÐ** halda athygli fólks og vekja það til umhugsunar, svo ekki sé talað um að reka það til aðgerða með beittum hvatningarorðum, er list sem er ekki öllum gefin. Marga hef ég séð fara halloka í pontunni, sveitta á efri vör, með tilheyrandi handapati og tafsi, en þó verð ég að segja – og kem ég þá að tilefni þessara skrifa sem er umræða sem farið hefur fram undanfarnar vikur um breytingar á störfum Alþingis – að fáar ræður eru jafnleiðinlegar en margar þær lummur sem fluttar eru af litlum sem engum innblæstri af alþingismönnum, þegar þeim tekst hvað verst til í ræðuflutningi sínum bæði innan og utan þings.

**ÉG** hef beinlínis velt þessu fyrir mér. Ég hef setið fundi og haft af því dálítið gaman. Svo stígur allt í einu alþingismaður í pontu og hefur upp svo mikla og mónótónska langloku að ég get greint það undir eins á svip viðstaddra að þá langar helst til að segja manninum að fara heim til sín, eða fara heim til sín sjálft.

**ÞÓ** svo að á þessu séu magnaðar undantekningar eru dæmin þó það mörg að spyrja má um orsakir. Ég held að þær séu einfaldar: Starfshættir þingsins hafa alið á þeim misskilningi, að það sé kostur frekar en hitt, og jafnvel nauðsynlegt, að flytja langar og leiðinlegar ræður um helst ekki neitt. Þetta þarf að breytast, nema ef vera skyldi að fólk hafi af eintóna langrullum sadó/masókíska ánægju.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er laugardagurinn 15. desember, 349. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 11.15 | 13.23 | 15.30 |
| Akureyri | 11.30 | 13.07 | 14.45 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


# Eitthvað fyrir alla

**ALLEBY** baðsloppur
ýmsir litir **1.990,-**

**ISIG** skrautkúlur
4 stk. Ø10 cm ýmsir litir **395,-**

**2.890,-**

**IKEA STOCKHOLM** skál Ø42 cm ryðfrítt stál

**TIVOLI** kaffiaukahlutir
6 stk. ryðfrítt stál **1.290,-**
**POKAL** kanna H15 cm
50 cl hvít **195,-**

**MYLONIT** lampi
H31 cm ýmsir litir **695,-**

**ISIG** kerti m/7 kveikum
Ø26 H14 cm ýmsir litir **995,-/stk.**

**ISIG** skrautsett 62 stk. **995,-**

**ISIG** ilmkerti H9 cm
ýmsar tegundir **195,-/stk.**

**HULDA** púðaver + teppi
65x65/150x200 cm **1.690,-**

**IKEA365+** kaffisett
4 stk. hvítt/ryðfrítt stál **995,-**

**ISIG** skrautsett
48 stk. ýmsir litir **395,-**

**POLARVIDE** teppi
130x170 cm
ýmsir litir **495,-**

**IKEA365+** potta- og pönnusett
4 stk. ryðfrítt stál **5.990,-**

**Dagskrá helgarinnar**
**15. desember**
Jólasveinar mæta kl. 12-13
Andlitsmálun kl. 13-17
Unglingakór Hafnarfjarðar kl. 15-16
Álafosskórinn kl. 18-19
**16. desember**
Jólasveinar mæta kl. 13-14
Kór Kvennaskólans kl. 13-14
Andlitsmálun kl. 13-17
Álafosskórinn kl. 15:30-16:30

**Frábær jólagjöf!**
Við minnum á rafrænu gjafakortin okkar.

Hangikjöt
með kartöflum, uppstúf, rauðkáli og grænum baunum

690,-
IKEA FOOD

IKEA®
Lengri afgreiðslutími til jóla!
Opið frá 10-22
Sunnudaga 12-22
www.IKEA.is

© Inter IKEA Systems B.V. 2007